



**TIL VARNAR
VESTRÆNNI
MENNINGU**

**RÆÐUR SEX
RITHÖFUNDA
1950 – 1958**

„Bresti okkur Vestmenn viljann til sjálfsvarnar,
geta sögulokin ekki orðið nema á eina lund.“

— Gunnar Gunnarsson

**TIL VARNAR
VESTRÆNNI MENNINGU**

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

Konur í þrælakistum Stalíns (2015)

Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Greinar um kommúnisma (2015)

Bertrand Russell

Úr álögum (2015)

Jan Valtin (Richard Krebs)

Leyniræðan um Stalín (2016)

Níkíta Khrústsjov

Bóndinn, El campesino (2016)

Valentin Gonzalez

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum (2016)

Ants Oras

Eistland. Smáþjóð undir oki erlends valds (2016)

Andres Küng

Þjónusta, þrælkun, flótti (2016)

Aatami Kuortti

Ég kaus frelsið (2017)

Víktor Kravtsjenko

Nytsamur sakleysingi (2017)

Otto Larsen

Ráðstjórnarríkin: Godsögn og veruleiki (2017)

Arthur Koestler

Guðinn sem brást (2018)

Arthur Koestler og fleiri

Framtíð smáþjóðanna (2018)

Arnulf Øverland

Svartbók kommúnismans,

Stéphane Courtois og fleiri

Tómas Guðmundsson, Gunnar Gunnarsson,
Kristmann Guðmundsson, Guðmundur G. Hagalín,
Sigurður Einarsson í Holti
og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

TIL VARNAR
VESTRÆNNI MENNINGU
Ræður 1950–1958

með formála og skýringum eftir
Hannes H. Gissurarson



1. desember 2018

Þetta rit er gefið út í tilefni 100 ára fullveldis Íslands
1. desember 2018.

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, Atlas Network í Washington-borg og ACRE, Alliance of Conservatives and Reformists in Europe, í Brüssel um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims. Hún hlaut styrk úr Menningarsjóði Gunnarsstofnunar.

Fimm fyrstu ræðurnar í þessu safni birtust í *Morgunblaðinu*. Jóhann Már Helgason, þá stjórn málafræðinemi, tók þær saman og vann sem verkefni í stjórn málafræði undir leiðsögn Hannesar H. Gissurarsonar. Friðbjörn Orri Ketilsson skannaði inn síðustu ræðuna.

Ljósmynd á forsiðu er af Bjarna Benediktssyni að undirrita Atlantshafssáttmálann 4. apríl 1949. Thor Thors sendiherra stendur honum á hægri hönd. Úr gögnum Bjarna Benediktssonar í Borgarskjalasafni.

© 2018 Erfingjar höfunda.

Formáli og Skýringar © 2018 Hannes H. Gissurarson.

Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.
Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 9978-9935-497-34-5

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

Efnisyfirlit

Formáli · 7

Tómas Guðmundsson: Andlegt frelsi · 47

Gunnar Gunnarsson: Vestræn menning og kommúnismi · 57

Kristmann Guðmundsson: Áróðursbrögð kommúnista · 69

Guðmundur G. Hagalín: Ráðstjórnarvaldið á Íslandi · 77

Sigurður Einarsson í Holti: Játningar í austurvegi · 89

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi: Hismið og kjarninn · 105

Skýringar · 111

Nafnaskrá · 189

Já, víst er giftan gjöful þeirri þjóð,
er aldrei öðrum laut, samt hin er stærri,
sem glatað frelsi hefur endurheimt.
Og sá er mestur sögu vorrar hróður,
að Íslands forni andi og frelsisþrá
varð aldrei séreign einstaklings né stéttar.
Hún átti engu síður samastað
í stafkarls barmi en menntamannsins hjarta.
Og það var ættjörð, saga og móðurmál,
sem sá til þess, að þjóðin lifði af
og mætti aftur fagna sínu frelsi.

Hátíðarljóð eftir Tómas Guðmundsson, flutt á Þingvöllum
28. júlí 1974, á ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar.

Formáli

SUNNUDAGSMORGUNINN 1. DESEMBER 1918 var skýjað í Reykjavíkurbæ, snjólaust og kyrrt, hrím í hæstu fjöllum. Um klukkan hálf tók fólk að streyma úr öllum áttum að Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Beint fyrir framan húsið komu sér fyrir boðsgestir, ræðismenn erlendra ríkja, embættismenn og fleiri. Aðrir söfnuðust saman allt í kringum afgirta stjórnarráðsflötina, en á henni stóðu stytur af Kristjáni IX. Danakonungi að færa Íslendingum stjórnarskrá á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar 1874 og Jóni Sigurðssyni, leiðtoga sjálfstæðisbaráttunnar á níjtjándu öld. Stundarfjórðung í tólf hóf lúðrasveit að leika „Eldgamla Ísafold“, og allir tóku ofan. Að því loknu hélt Sigurður Eggerz ráðherra stutta ræðu: Nú gengu sambandslögin í gildi. Ísland var orðið fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Hugsjón Jóns Sigurðssonar var orðin að veruleika. Á hádegi, þegar Sigurður lauk ræðu sinni, sveif íslenski ríkisfáninn að hún á Stjórnarráðshúsinu. Í sömu mund birti til: sólin braust í gegnum skýin og skein skært á fánann. Frá dönsku varðskipi á ytri höfninni kvað við 21 skot, og skipherrann flutti kveðju Dana. Lúðrasveitin lék danska konungssönginn. Þessu næst ávarpaði forseti Samainaðs þings, Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti, samkomuna, og lúðrasveitin lék þjóðsöngva Danmerkur og Íslands. Gestir hrópuðu húrra fyrir konungi, Danmörku og hinu nýja ríki.

Þrátt fyrir þessi merku tímamót var mannfjöldinn við Stjórnarráðshúsið þögull og alvarlegur í bragði. Landið hafði nýlega minnt þjóðina óþyrmilega á sig. Árið hafði hafist á Frostavetrinum mikla, spænska veikin hafði geisað um haustið og Katla gosið, og sáu Reykvíkingar eldstrókana í fjarska. Fyrir þremur vikum hafði Norðurlálfuófriðnum mikla, eins og fyrri heimstyrjöldin var þá kölluð, lokið. Ísland var að vísu nú orðið eitt af Norðurlöndunum fimm, en fámennt og miklu fátækara en sambandslandið: Landsframleiðsla á mann var ekki nema helmingur af því, sem var í Danmörku. Næstu þrjátíu árin stóðu Íslendingar frammi fyrir verkefnum, sem fullvalda þjóðir þurfa að leysa. Eitt var að marka utanríkisstefnu og tryggja öryggi landsins. Við fullveldið hafði Ísland eins og Danmörk lýst yfir hlutleysi, en í reynd naut herlaust landið verndar hins öfluga breska flota. Þótt Bretar hefðu ekki áhuga á að leggja undir sig Ísland, vildu þeir ekki, að neitt annað stórveldi hefðu hér veruleg ítök, eins og sást í Norðurlálfuófriðnum mikla, þegar þeir stjórnðu öllum siglingum til og frá landinu, þótt það væri enn hjálenda Danmerkur, sem var hlutlaus í stríðinu.

Nú tóku íslensk stjórnarmál líka að snúast um alþjóðlegar stefnur frekar en af-

stöðuna til Danmerkur. Stjórnarfyriřkomulag hvíldi á stjórnařkránni, sem Kristján IX. hafði fært þjóðinni, en í henni var kveðið á um málfrelsi, atvinnufrelsi, friðhelgi eignarréttarins og skiptingu ríkisvalds í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald. Upp reis flokkur manna, sem vildi gerbylta þessu fyrirkomulagi, afnema atvinnufrelsi, þjóðnýta eignir fólks, sameina allt ríkisvald í hendi eins aðila og taka upp samband við Ráđstjórnarríkin, en þau höfðu verið stofnuð eftir byltingu bolsévika í Rússlandi 1917. Kommúnistar klufu Alþýðuflokkinn haustið 1930 og stofnuðu eigin flokk, sem gekk í Alþjóðasamband kommúnista, Komintern, en yfirlýst markmið þess var heimsbylting með góðu eða illu. Jóhannes úr Kötlum orti:

Sovét-Ísland,
óskalandið,
— hvenær kemur þú?

Skáldið leyndi því ekki, að fyrirhuguð bylting kommúnista yrði blóðug:

... En hvort sem þú vilt eða ekki,
kemur það nær og nær,
þetta, sem grætur blóði,
þangað til upp úr rauðum sporunum grær
líf, sem ljómar og hlær.

Frá upphafi fékk flokkur kommúnista ríflegan fjárstuðning frá Moskvu, enda deild í Komintern, og í krafti hans gáfu þeir út ýmsar bækur, blöð og tímarit og sendu fjölda manna í skoðunarferðir og jafnvel byltingarþjálfun til Rússlands.

Íslenskir kommúnistar nutu þess, að nokkrir kunnustu rithöfundar landsins gengu til liðs við þá, auk Jóhannesar úr Kötlum þeir Halldór Kiljan Laxness, Þórbergur Þórðarson og bókmenntaskýrandinn Kristinn E. Andrésson. Í *Rauðum pennum* árið 1935 skrifaði Kristinn, að nú yrðu rithöfundar og skáld að styðja byltinguna: „Utan við þá völdugu bókmenntahreyfingu, sem hafin er, getur ekkert skáld staðið, sem ætlar sér nokkra framtíð.“ Kommúnistar hófu líka sókn í verkalyðshreyfingunni, og árið 1938 tókst þeim aftur að kljúfa Alþýðuflokkinn. Kommúnistaflokkurinn var lagður niður og Sósíalístaflokkurinn stofnaður, en í honum réðu kommúnistar öllu, eins og kom í ljós, eftir að Stalín og Hitler gerðu griðasáttmála í ágúst 1939 og skiptu á milli sín Mið- og Austur-Evrópu. Vesturhluti Póllands féll í hlut Hitlers, en um leið og hann réðst á landið, sögðu Frakkar og Bretar honum stríð á hendur, þótt þessi ríki skökkuðu ekki leikinn. Þau treystu sér ekki heldur til að lýsa yfir stríði gegn Stalín, þegar hann réðst skömmu síðar inn í austurhluta Póllands og lagði undir sig. Eftir það réðst Stalín á Finnland, sem féll í hlut hans samkvæmt griðasáttmálanum. Þá hröktust úr Sósíalístaflokki þeir, sem fordæmdu þessar árásir og ekki vildu fara í einu og öllu eftir fyrirmælum

frá Moskvu. En eftir að Hitler rauf griðasáttmálann 1941 og réðst á Rússland, rofnaði einangrun sósíalista. Í tvennum þingkosningum 1942 hlaut flokkur þeirra fleiri atkvæði en Alþýðuflokkurinn ólíkt því, sem gerðist á öðrum Norðurlöndum, þar sem jafnaðarmenn voru víðast miklu fylgisælli en kommúnistar. Hæst komst hlutfall flokksins af atkvæðum í þingkosningunum 1946 og 1949, 19,5%, en eftir það minnkaði það verulega. Sósíalistar börðust hart, en árangurslaust, gegn þeirri utanríkisstefnu, sem mörkuð var í stríðinu og fyrst eftir það, þegar í ljós kom, að yfirlýsingar um hlutleysi stöðuðu lítt, ef hagsmunir stórvelda voru í húfi.

Bretar hernámu Ísland vorið 1940, en ári síðar gátu Íslendingar sem fullvalda þjóð samið við Bandaríkjamenn um hvernd. Með því hurfu þeir í reynd frá hlutleysisstefnunni, sem lýst hafði verið yfir 1918. Fyrir stríð hafði Íslendingum veist erfitt að selja aðalútflutningsvöru sína, fisk, en nú opnuðust markaðir í Bandaríkjunum og Bretlandi. Íslendingar hættu að vera hálfdrættingar á við Dani: Kjör þjóðarinnar urðu svipuð og annarra Norðurlandþjóða. Í stríðinu höfðu Íslendingar tekið í eigin hendur utanríkismál og landhelgisgæslu, sem Danir höfðu áður annast í umbodi þeirra. Konungssambandinu við Dani var slitit 1944 og lýðveldi stofnað, en hinni frjálslyndu stjórnarskrá frá 1874 lítt breytt, og höfðu sósíalistar þar ekki erindi sem erfiði. Eftir stríð vék Bandaríkjaher á brott, en brátt gerðu ráðamenn sér grein fyrir, að landið gat ekki verið varnarlaust. Íslendingar fengu ekki að taka þátt í viðræðum Norðurlandþjóða um varnarbandalag 1948, en eftir að þær fóru út um þúfur, gengu Danir, Norðmenn og Íslendingar í Atlantshafsbandalagið, sem stofnað var vorið 1949, og voru Bandaríki Norður-Ameríku helsti bakhjarlinn. Sósíalistar voru þó enn áhrifamiklir í menningarlífi landsins. Sem fyrr ráku þeir með tilstyrk Kremlverja hið öfluga bóka fyrirtæki Mál og menningu, sem stofnað hafði verið 1937, en þar voru í forsvari Kristinn E. Andrésson og bróðir hans Einar. Einnig gáfu þeir út áhrifamikil tímarit og blöð. Þeir vörðu öll verk rússnesku ráðstjórnarinnar dyggilega, árásirnar á Pólland og Finnland í upphafi stríðsins, hernám Eystrasaltsríkjanna, valdarán kommúnista í Mið- og Austur-Evrópu eftir stríð, nauðungarflutninga þjóðflokka, flokkshreinsanir og sýndar-réttarhöld. Þeir neituðu því, að í kommúnistaríkjunum væri alræði, þar sem reynt væri að móta mannssálir með linnulausum áróðri, en þeir teknir af lífi eða sendir í þrælkunarbúðir, sem ekki reyndust móttækilegir. Það var við þessar aðstæður, sem nokkrir virtustu og vinsælustu rithöfundar þjóðarinnar risu upp og andmæltu því, að ríkið, sem orðið hafði fullvalda einn vetrardaginn árið 1918, ætti að verða Sovét-Ísland.

TÓMAS GUÐMUNDSSON fæddist 6. janúar 1901 á Efri-Brú í Grímsnesi. Hann gekk í Menntaskólann í Reykjavík og minntist þaðan „sextán skálda í fjórða bekk“. Var eitt þeirra meðhöfundur hans að þessari bók, séra Sigurður Einarsson í Holti, en Guðmundur G. Hagalín var þá í fimmta bekk og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi í sjötta. Þeir skólabræðurnir stóðu við stjórnarráðsgirðinguna í Bankastræti 1. des-

ember 1918 og horfðu á, þegar hinn íslenski fáni hófst að hún í fyrsta skipti í fullvalda ríki. Lýsti Tómas því síðar:

Víst var þetta áhrifarík sjón, og man ég vel, að sumu roskennum fólki vöknandi um augu. Slíkt líður ekki úr minni, og enn finnst mér sem ég hafi þarna, í fyrsta og síðasta sinn á ævinni, staðið frammi fyrir þjóð, sem komin var um langan veg út úr nótt og dauða, hafði þolað ofurmannlegar raunir, en lifað af vegna þess, að hún hafði alla tíð varðveitt vonina um þennan dag í hjarta sínu.

Tómas varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1921. Eftir lagapróf frá Háskóla Íslands 1926 stundaði hann málflutning í þrjú ár, eins og hann lýsti í gamanljóði, en var síðan starfsmaður Hagstofu Íslands til 1943. Eftir það sinnti hann eingöngu skáldskap og ritstörfum.

Fyrsta ljóðabók Tómasar var *Við sundin blá* 1925, og var henni vel tekið. Liðu nú átta ár, og höfðu aðdáendur skáldsins nokkrar áhyggjur af því, að hann sinnti frekar ýmsum nautnum lífsins en skáldgyðjunni, enda læddi hann því út úr sér í stúdentahófi í Gamla bíói árið 1929, að ístöðuleysið væri sín sterkasta hlið. Þótti tíðindum sæta, að þá brosti Jón Þorláksson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, sem oftast var með alvörusvip. En í miðri heimskreppu, árið 1933, gaf Tómas út aðra ljóðabók, *Föggu veröld*, og varð hún þegar mjög vinsæl. „Þessi litla bók hefur farið sigurför um allt landið, og fólk hefur litið upp og spurt undrandi: Getur Reykjavík átt svona mikið af fegurð og nýjum yrkisefnum?“ skrifaði Sigurður Nordal, prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Hann og fleiri andans menn skorudu á bæjarstjórn Reykjavíkur að veita skáldinu styrk til að ferðast suður í lönd. Áskorunin vafðist fyrir einum bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins, Jóhönnu Egilsdóttur, sem spurði: „Hvernig er það með hann Tómas? Það sagði mér einhver, að hann drykki stundum.“ Þá svaraði flokksbróðir hennar, Stefán Jóhann Stefánsson, vinur og skólalabróðir Tómasar: „Nei, það er víst orðum aukið, en hins vegar hef ég heyrt því fleygt, að hann noti lítills háttar tóbak.“ Var þá málinu borgið, og skáldið fékk styrkinn móttakvæðalaust. Sjálfum þótti Tómasi vænst um, að Jón Þorláksson, sem nú var orðinn borgarstjóri og kunnur að fastheldni á almannafé, skyldi samþykkja styrkinn.

Tómas átti eftir að gefa út þrjár aðrar ljóðabækur, *Stjörnur vorsins* 1940, *Fljótið helga* 1950 og *Heim til þín, Ísland* 1977. Sem fyrr voru viðtökur afbragðsgóðar. Tómas var ritstjóri tímaritsins *Helgafells* 1942–1959, fyrstu árin ásamt Magnúsi Ásgeirssyni, skáldi og þýðanda. Hann var formaður Bandalags íslenskra listamanna 1943 og 1949 og formaður Frjálsrar menningar, félags til varnar andlegu frelsi listamanna, 1957–1961. Tómas samdi bókina *Myndir og minningar* um Ásgrím Jónsson listmálara 1956, auk þess sem vinur hans, Matthías Johannessen, skáld og ritstjóri *Morgunblaðsins*, skrifaði um hann viðtalsbók, *Svo kvæð Tómas*, sem kom

út 1960. Einnig þýddi Tómas margt, þar á meðal bók eftir Erik Rostbøll, *Þjóðbyltinguna í Ungverjalandi*, í þessari ritröð. Tómas hafði umsjón með útgáfu ýmissa rita og setti ásamt Sverri Kristjánssyni sagnfræðingi saman vinsæla sagnaþætti frá liðinni tíð í tíu bindum. Þótt hann héldi því lítt á lofti, gerði hann einnig marga dægurlagatexta og tók þátt í að semja nokkrar revíur, hláturleiki. Eitt fyrsta verk Sjónvarpisins, er það hóf göngu sína haustið 1966, var að sýna þátt um skáldskap Tómasar. Voru nokkur vinsælustu ljóð hans þar sungin og rætt við skáldið. Almenna bókafélagið gaf út ritsafn Tómasar í tíu bindum á átttræðisafmæli hans 1981. Einnig kom þá út greinasafn eftir nokkra vini skáldsins, *Afmæliskveðja til Tómasar Guðmundssonar*. Hann lést 14. nóvember 1983 og hafði þá átt við vanheilsu að stríða um nokkurt skeið. Hann var kvæntur Berthu Maríu Jensen, og áttu þau tvo syni, Tómas og Guðmund.

Þótt Tómas væri umfram allt fagurkeri og lífsnautnamaður, var hann síður en svo skoðanalaus, heldur frá upphafi húmanisti, mannúðarsinni. Strax og Hótel Borg tók til starfa árið 1930, varð hann þar fastagestur. Þetta ár var nokkrum Indverjum úthýst þaðan sökum litarháttar síns. Tómas mótmælti þessu harðlega við gestgjafann, Jóhannes Jósefsson glímukappa, sem samþykkti að bera bannið undir atkvæði fastagesta. Reyndust aðeins um 20 vera því hlyntir, en um 200 andvígir. Þetta mál varð ásamt suðurförinni kveikjan að ljóði Tómasar um unga stúlku frá Súdan:

Mér dvaldist við hennar dökku fegurð.
Samt dáðist ég enn meir að hinu,
hve hjörtum mannanna svípar saman
í Súdan og Grímsnesinu.

Naut annáluð orðsnilld Tómasar sín einmitt vel á samverustundum við góða vini á Hótel Borg, og var þá stundum haft vín um hönd. „Það má áfengið eiga, að það hefur aldrei gert neinum manni mein að fyrra bragði,“ varð honum eitt sinn að orði. Í annað skipti voru þeir Sigurður Einarsson að ganga Pósthússtrætið út af Hótel Borg og inn á Austurstræti, þegar vindhviða kom í fangið á þeim. „Já, nú þykir mér lognið vera farið að flýta sér,“ mælti þá Tómas.

Eftir árás Hitlers á Rússland sumarið 1941 átti Tómas um skeið samleið með sósíalístum, eins og kommúnistar nefndu sig nú. Þeir höfðu þó snemma skynjað, að skáldið var lítið efni í baráttumann fyrir málstað þeirra. Í framsöguræðu á stofnfundi Félags byltingarsinnaðra rithöfunda 1933 hafði Kristinn E. Andrésson sagt hneykslaður: „Tómas yrkir eins og engin kreppa sé till!“ Skólabróðir Tómasar í Menntaskólanum (eitt af skáldunum sextán í fjórða bekk) og góðkunningi, Halldór Kiljan Laxness, hafði birt lofsamlegan ritdóm um *Fögru veröld*, en hnýtt við at-hugasemd: „Fegurðin er sjálfstæð höfuðskepna, hún er takmark. Um hitt er barist, hvort margir eða fáir eigi að njóta fagurra hluta.“ Laxness hafði bætt við: „Þessi bók

heimtar að vera lesin af mörgum — í næði. En hún er ekki innlegg í baráttunni.“ Eflaust eru nokkrir drættir í mynd Laxness af aðalsöguhetjunni í *Heimsljósi*, Ólafi Kárasyni Ljósvíkingi, dýrkanda hinnar hreinu fegurðar, sóttir til skáldsins, þótt söguþráðurinn væri rakinn eftir ævi annars manns. Annar róttækur rithöfundur, Guðmundur Böðvarsson, gerði að vísu skopstælingar á kvæðum Tómasar, en flestir sósíalistar sýndu honum vinsemd án ákafa.

Þótt Tómas hefði ekki áhuga á stríðinu, hafði stríðið áhuga á honum, eins og hann lýsti í kvæðinu „Heimsókn“ frá 1942:

Frá gullnu víni, ljúfum perluleik
við ljóð og draum, frá rós, sem angar bleik,
þú hrekkur upp með andfælum og hlustar.
Og sjá! Það hefur hent, sem kveiðstu mest:
Hér hýsir þú í stofu þinni gest,
sem óvænt kom og köldum hrolli gustar.

Skáldið viðurkenndi, að í stríði við nasismann væri hlutleysi fráleitt:

Og vei þeim, sem ei virðir skáldskap þann,
sem veruleikinn yrkir kringum hann,
og stendur ógn af skáldsins tungutaki!
Því sjá! Hann fléttar einnig örlög þín
við örlög bræðra sinna í kvæði sín.
Þar búa allir undir sama þaki.

Niðurstaða Tómasar var ótvíræð og krafðist mikils:

Því meðan til er böll, sem bætt þú gast,
og barist var, á meðan hjá þú sast,
er ólán heimsins einnig þér að kenna.

Gætir í kvæðinu áhrifa norska skáldsins Arnulfs Øverlands, sem ort hafði frægt kvæði gegn nasismanum, „Þú mátt ekki sofa“.

Eftir stríð áttaði Tómas sig á því eins og Øverland, að frjálsum þjóðum stafaði hætta af kommúnismanum eins og áður af nasismanum. Stalín væri engu skárri en Hitler. Í kvæði, sem Tómas flutti á Árnesingamóti í júní 1948, segir:

Og ofbeldishneigðin, sem herjar á þjóðir og lönd,
fær hvergi dulist, hve títt sem hún litum skiptir.
— Í gær var hún máské brún þessi böðulshönd,
sem blóðug og rauð í dag sínu vopni lyftir.

Jóhannes úr Kötlum hafði fimmtán árum áður ort kvæðið „Brúnu höndina“ gegn nasisma. Í Þjóðhátíðarkvæði Tómasar 17. júní 1949 segir síðan:

En vit, að öll þín arfleifð, von og þrá
er áskorun frá minning, sögu og ljóðum,
að ganga af heilum hug til liðs við þá,
sem heiminn vilja byggja frjálsum þjóðum.

Skömmu áður hafði Ísland sem fyrr segir gengið í Atlantshafsbandalagið, varnarbandalag vestrænna þjóða.

Ræða Tómasar, sem hér er prentuð, átti sér þann aðdraganda, að á fullveldisfagnaði stúdenta 30. nóvember 1949 hafði skáldið flutt hugvekju um andlegt frelsi, sem það taldi nú víða sótt að. Engu væri líkara en sumir Íslendingar hæfu kvöldbænir sínar á orðunum: „Faðir vor, þú sem ert í Moskvu.“ Ráðstjórnarvinir kunnu lítt að meta þessi orð. Magnús Kjartansson, ritstjóri *Þjóðviljans*, skrifaði gramur í blað sitt, að „skáld borgarastéttarinnar“ hefði staðið frammi fyrir þjóð sinni „eins og þriðja flokks gamanleikari“. Í framhaldi af þessu fékk Stúdentafélag Reykjavíkur Tómas til að hafa framsögu á fundi um andlegt frelsi í Tjarnarbíói fimmtudagskvöldið 12. janúar 1950. Hinn frummælandinn var Þórbergur Þórðarson. Var umræðunum útvarpað sunnudaginn á eftir. Ræða Tómasar til varnar andlegu frelsi bar helstu höfundareinkenni hans: Hann kom hæversklega fram og þó af fullum þunga, mál hans var látlaust, en hnitmiðað. Á fundinum andmælti Þórbergur hins vegar Tómasi og kvað víðtækara andlegt frelsi í Ráðstjórnarríkjunum en á Vesturlöndum, enda yrðu menn þá fyrst frjálssir, þegar þeir hefðu losnað úr viðjum einstaklingsvitundar sinnar, samhygð komið í stað sérgæsku. Að framsöguerindum loknum tóku margir til máls. Meðal þeirra var Gylfi Þ. Gíslason prófessor, sem beindi nokkrum spurningum um stjórnarfarir í Ráðstjórnarríkjunum til Þórbergs, en hann kaus að svara engu. Geir Hallgrímsson lögfræðingur lagði út af skáldsögu Georges Orwells um alræðisríkið, *Nítján hundruð áttatíu og fjögur*, enda hafði ræða Tómasar snúist um hið nýja fyrirbæri, alræði, þá er reynt var að fjöttra sálina ekki síður en líkamann. Í fundarlok var samþykkt samhljóða tillaga frá Tómasi til stuðnings andlegu frelsi. Athygli vakti, að í ræðu sinni á fundinum taldi kunnur kommúnisti, Þorvaldur Þórarinsson lögfræðingur, fullt andlegt frelsi vera í Ráðstjórnarríkjunum, og kvaðst hann glaður vilja flytjast þangað austur, fengi hann til þess tækifæri. Næstu vikur söfnuðu sjálfboðaliðar fé handa honum til austurfarar, aðra leið. Talsvert fé safnaðist og hefði nægt til fararinnar, en Þorvaldur fékkst ekki til að þiggja það, og var það þá afhent Fegrunarfélagi Reykjavíkur.

Eftir að Tómas flutti ræðu sína um andlegt frelsi í janúar 1950, breyttist viðhorf sósíalista til hans. Í *Þjóðviljanum* var skammast yfir því þá um sumarið, að Tómas skyldi settur í heiðurslaunaflokk listamanna. Hann hefði ekki gefið út ljóðabók í heilan áratug, en „haldið tvær ræður á síðasta ári, sem voru prentaðar upp og

vegsamaðar bæði í Alþýðublaðinu og Morgunblaðinu. “Í desember það ár birtist *Fljótið helga* eftir Tómas. Skömmu síðar kom formaður Sósíalístaflokksins, Einar Olgeirsson, skólabróðir Tómasar og góðkuningi, eins og vindsveipur einn daginn að borði þingmanna flokksins í kaffistofu Alþingis, veifaði ljóðabókinni framan í félagi sína og sagði: „Ég skil ekkert í honum Tómasi!“ Kommúnistar fundu það ekki síst að Tómasi, að hann væri myndinn. Bókmenntagagnrýnandi *Þjóðviljans*, Bjarni Benediktsson frá Hofteigi, skrifaði: „Jóhannesi úr Kötlum hafa bæði fallið í skaut færri krónur og skemmri ferðalög en Tómasi Guðmundssyni, og þó er sá fyrrnefndi spámaður, þar sem hinn er sprellikar.“ *Þjóðviljinn* réðst einnig harkalega á Tómas, eftir að hann flutti ræðu á fundi haustið 1956 um þjóðaruppreisnina í Ungverjalandi. Skáldið þurfti þó ekki að hafa áhyggjur af slíkum árásum, því að það átti sér öflugan bakhjarl í ljóðelsku fólki um land allt. Tómas tók sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir þingkosningarnar haustið 1959 og árin 1963, 1967 og 1971. Hann var ástsælastur skálda, eftir að Davíð Stefánsson frá Fagraskógi leið, borgarskáld eftir útkomu *Fögru veraldar* og sannkallað þjóðskáld undir lokin, enda var hann fenginn til að semja og flytja hátíðarljóð á ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974, „Heim til þín, Ísland.“ Þegar Rit höfundasamband Íslands var stofnað sama árið, 1974, varð Tómas einn af fyrstu heiðursfélögum þess.

GUNNAR GUNNARSSON fæddist 18. maí 1889 á Valþjófsstað í Fljótsdal. Hann missti móður sína ungur og hélt til Danmerkur bláfátækur bóndasonur, en ráðinn í að verða rithöfundur og afla sér frægðar. Stundaði hann nám í Lýðháskólanum í Askov 1907–1909 og gaf út *Sögu Borgarættarinnar* á dönsku í fjórum bindum árin 1912–1914. Hann náði undraverðum tókum á sínu nýja máli og varð vinsæll rithöfundur í Danmörku og víðar, ekki síst í Þýskalandi. Sótti hann sér þó jafnan söguefni til Íslands: *Ströndin* kom út 1915, *Vargur í véum* 1916 og *Sælir eru einfaldir* 1920, en hún gerist á sjö dögum í Reykjavík, við eldgos og drepsótt, og er fyrirmyndin vitaskuld haustdagarnir 1918. Gætir í þessum sögum öllum sárra vonbrigða Gunnars sakir Norðurálfuófriðarins mikla 1914–1918. „Mér blæddi inn,“ sagði hann. Gerð var kvikmynd eftir *Sögu Borgarættarinnar* 1919, aðallega tekin á Íslandi. Fyrsta bindið af *Fjallkirkjunni*, sem er að nokkru leyti sjálfsævisaga Gunnars, kom út á dönsku 1923, en alls urðu þau fimm, og rak hið síðasta lestina 1928. Gunnar var reglusamur vinnuþjarkur, komst í góðar álnir og eignaðist höfðinglegt sveitasetur, Fredsholm, í Birkerød fyrir utan Kaupmannahöfn. *Svartfugl*, sem kom út á dönsku 1929, er um Sjöundármorðin svokölluðu í upphafi 19. aldar og hefur stundum verið nefnd fyrsta íslenska glæpasagan.

Eitt vinsælasta verk Gunnars, hin stutta skáldsaga *Adventa*, sem er um fjárhirði í eftirleit, köllun í starfi, kom fyrst út á þýsku 1936, ári síðar á dönsku og á íslensku 1939. Hún var mánaðarbók Book-of-the-Month Club, Mánaðarbókafélagsins, í Bandaríkjunum 1941 og seldist vel. (Svo vill til, að tvær aðrar mánaðarbækur fé-

lagsins einmitt þetta sama ár koma út í þessari ritröð: *Úr álögum* eftir Jan Valtin og *Myrkur um miðjan dag* eftir Arthur Koestler.) Hafði Disney-fyrirtækið áhuga á því að gera teiknimynd eftir *Adventu*, sem var kölluð *The Good Shepherd* á ensku, en ekki varð úr því. Enn fremur samdi Gunnar af miklum metnaði heilan bálk um sögu Íslands. Í *Fóstbræðrum*, sem kom fyrst út á dönsku 1918, eru söguhetjurnar Íslandsfararnir Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson. *Jörð* frá 1933 er um landnámið og stofnun Þjóðveldis, en *Hvítikristur*, sem kom út ári síðar, um kristni-tökuna. *Grámann* frá 1936 er samin upp úr Þorgils sögu og Hafliða, en *Jón Arason*, sem kom út 1930, er um siðaskiptin.

Þótt Gunnar væri búsettur í Danmörku, fylgdist hann vel með á Íslandi og taldi ekki eftir sér að greiða götu íslenskra rithöfunda erlendis, þar á meðal Halldórs Kiljans Laxness, sem snúið hafði til Íslands 1929 eftir að hafa árangurslaust leitað fyrir sér í Bandaríkjunum. Gunnar mælti með hinum unga landa sínum við útgef-endur og þýddi *Sölku Völku* eftir hann á dönsku. Laxness endurgalt greiðann og sneri ýmsum skáldverkum Gunnars á íslensku. Skrifuðu þeir skáldbræður jafnan vinsamlega hvor um annan, enda báðir sannfærðir um, að hinn væri næstbesti rithöfundur Íslendinga. Árið 1938 ákvað Gunnar að snúa heim, keypti jörðina Skriðuklaustur á æskuslóðum sínum á Austurlandi og reisti þar stórhýsi. Velunnarar Gunnars á Íslandi með iðnrekandann og listunnandann Ragnar Jónsson í Smára í broddi fylkingar stofnuðu félagið Landnámu, sem hafði þann tilgang að koma ritum hans út í íslenskri gerð. Voru þau seld í áskrift og birtust í 21 bindi árin 1941–1963. Nú var Gunnar orðinn íslenskur rithöfundur. Hann gaf út *Heiðabarm* 1940 og *Brimhendu* 1954, báðar frumsamdar á íslensku, og endursamdi einnig þær bækur sínar, sem komið höfðu út á dönsku.

Gunnar var fyrsti formaður Bandalags íslenskra listamanna 1928 og heiðursfor-maður Frjálsrar menningar, á meðan það félag starfaði. Almenna bókafélagið gaf út tvö ritsöfn hans, sem seldust samtals í 120 þúsund eintökum og voru því til á nær hverju einasta heimili á Íslandi. Gunnar gaf ríkinu Skriðuklaustur og fluttist 1948 til Reykjavíkur. Þar lést hann 20. nóvember 1975. Hefur Rithöfundasamband Ís-lands nú aðsetur í reisulegu húsi hans við Dyngjuveg, en Gunnarsstofnun er rekin á Skriðuklaustri. Gunnar var kvæntur Franziscu Antonie Josephine Jørgensen, og áttu þau tvö börn, Gunnar og Úlf. Einnig átti Gunnar soninn Grím með Ruth Lange. Tvær ævisögur Gunnars hafa verið samdar á íslensku, eftir Halldór Guð-mundsson og Jón Yngva Jóhannesson, og verk um skáldskap Gunnars eftir sænska rithöfundinn Stellan Arvidson hefur komið út á sænsku og íslensku. Sigurjón Björnsson sálfræðingur skrifaði bók um upptök og þróun skáldhneigðar Gunnars og danski ritskýrandinn Otto Gelsted yfirlitsrit um Gunnar á móðurmáli sínu. Árið 1970 flutti Sjónvarpið viðtalsþátt, Maður er nefndur Gunnar Gunnarsson, og ræddi þar Thor Vilhjálmson rithöfundur við skáldið.

Gunnar hafði farið á vegum danska blaðsins *Politiken* til Rússlands haustið 1927, þegar áratugur var liðinn frá byltingu bolsévika, og skrifað vinsamlega um

land og þjóð, en ekki af neinni hrifningu. Á Íslandi hafði hann að mestu leyti sneitt hjá deilum um dægurmál fyrstu fimmtán árin eftir heimkomuna, þótt hann sæti í félagsráði Máls og menningar frá myndun þess 1940 og til 1953. Það vakti því óskipta athygli, þegar Gunnar tók að sér að hafa framsögu um vestræna menningu og kommúnisma á fundi Heimdallar síðdegis sunnudaginn 14. nóvember 1954 í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll og flutti ræðu þá, sem hér er prentuð. Eftir ræðu Gunnars kvaddi útgefandi hans, Ragnar Jónsson í Smára, sér hljóðs og kvað listamönnum nauðsynlegt óskorað frelsi til að lýsa hug sínum öllum. Þeir gætu ekki farið eftir fyrirskipunum annarra. Thorolf Smith blaðamaður rakti nokkur dæmi um hugtakafalsanir kommúnista. Hinn aldni fræðimaður Benedikt Gíslason frá Hofteigi (faðir Bjarna, ritdómara *Þjóðviljans*) var á öndverðum meiði. Taldi hann óþarfa að vera hræddur við Rússa. *Morgunblaðið* lagði forsíðuna undir ræðu Gunnars og birti hana í heild, auk þess sem Heimdallur gaf hana út sérprentaða. Ráðstjórnarvinir á Íslandi tóku ræðu Gunnars illa, og veittist *Þjóðviljinn* að honum. Magnús Kjartansson, ritstjóri blaðsins, kvað Gunnar geta sagt heimdellingum margt af „vinafundum sínum við nasista í Þýskalandi síðustu árin fyrir stríð“, enda hefði hann verið „í svo miklum metum hjá valdamönnum Þriðja ríkisins, að hann var leiddur fyrir Hitler sjálfan og átti við hann langt og ástríkt viðtal“. Gunnar reiddist þessum árásum og höfðaði mál gegn ábyrgðarmanni *Þjóðviljans*, og voru ummælin dæmd dauð og ómerk.

Gunnar Gunnarsson var vissulega einlægur Þjóðverjavinur, eins og margir íslenskir menntamenn hafa verið fyrir og síðar, og í upplestrarferð hans um Þýskaland á útmánuðum 1940 komu gestgjafar hans á fundum hans með þeim Joseph Göbbels og Adolf Hitler. En því fer fjarri, að hann hafi verið nasisti. Er til órækur vitnisburður um það frá ársbyrjun 1939. Vinur hans Stellan Arvidson hafði skrifað honum og spurt, hvort hann aðhylltist nasisma. Gunnar svaraði:

Auðvitað er ég ekki nasisti. En ég lít öðrum augum á hlutina en margir aðrir hér á fjallinu, sem hafa hátt um frelsi, en eru ekki reiðubúnir að veita öðrum það. Ég *skil*, að þessu lauk og hlaut að ljúka á þennan veg í Þýskalandi. Ég hef frá fyrstu tíð talið Versalasalningana hreinan glæp og það, sem verra er en glæpur, heimsku og brot á reglum mannúðarinnar. Ég er reiðubúinn að meta Þjóðverja jafnmikils og allar aðrar þjóðir, — og koma á mannúðlega fram við *allar* þjóðir.

Arvidson vék í bréfi fimm árum síðar að því, hvað Gunnar vildi segja um gagnrýni danskra stúdenta á Þjóðverjavináttu hans. Gunnar svaraði því til, að hann hefði í aðdraganda stríðsins viljað mynda norrænt varnarbandalag og halda Norðurlöndum þannig utan ófriðarins. Það væri síðan rétt, að hann hefði tekið við heiðursdoktorstitli í Þýskalandi, en það hefði landi Arvidsons, sænski rithöfundurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Verner von Heidenstam, gert við sama tækifæri.

Eina stjórnmalaskoðunin, sem Gunnar aðhylltist opinberlega fyrir stríð, var Norðurlandahugsjónin, skandinávisminn, boðskapur um náid bandalag Norðurlanda. Hafði hann skrifað um hann bók á dönsku, *Norræna ríkið*. Það var vegna Norðurlandahugsjónarinnar, sem hann var fús að tala við Göbbels og Hitler. Hann taldi, að Þjóðverjar hefðu átt að veita Finnum lið í varnarbaráttu þeirra gegn Rússum, sem ráðist höfðu inn í Finnland í nóvemberlok 1939. Tóku Göbbels og Hitler vitanlega ekkert mark á Gunnari um þetta, enda hafði Finnland sem fyrr segir fallið í hlut Stalíns samkvæmt griðasáttmála hans við Hitler. Eftir samtal Gunnars og Hitlers óskaði þýska utanríkisráðuneytið raunar eftir því við sendiráð Þýskalands í Kaupmannahöfn, að stjórnmalaskoðanir Gunnars yrðu kannaðar vegna þess, að hann virtist vera gagnrýninn á Þriðja ríkið. Hafa verður og í huga, að stærsti markaðurinn fyrir bækur Gunnars var í Þýskalandi og að Úlfur, sonur hans, stundaði þá nám þar, svo að óhægt var um vik.

Enn vék Gunnar stuttlega að stjórnmalaskoðunum sínum í bréfi til Arvidsons haustið 1948:

Ég sé ekki önnur sænsk blöð en Handelstidningen (ég hef aldrei gengið í neinn flokk, hvorki hér heima né erlendis, en er líklega frjálshyggjumaður í hinum gamla skilningi orðsins [d. gammel-liberal]). Ég er meir og meir farinn að líta á jafnaðarmenn sem brautryðjendur fyrir einræði, því að ég hef grun um, að ofskipulagning á fólki muni leiða til eftirlits, sem muni og hljóti að verða að lögregluríki og birtast í Vestur-Evrópu og Englandi sem harðstjórn kommúnista, að minnsta kosti til að byrja með.

Hér talaði Gunnar í svipuðum dúr og ensk-austurríski hagfræðingurinn Friedrich von Hayek, en bók hans, *Leiðin til ánaugar*, hafði vakið athygli á Íslandi sumarið 1945. Hayek hélt því fram, að jafnaðarmenn rækju sig á það, þegar þeir ætluðu að hrinda í framkvæmd kenningum sínum um miðstýrðan áætlunarbúskap, að þeir yrðu annaðhvort að hverfa frá slíkum búskap eða grípa til úrræða lögregluríkisins, enda gætu þeir aldrei nýtt alla þá þekkingu, sem dreifðist á einstaklingana úti í atvinnulífinu og miðla mætti í frjálsum viðskiptum.

Einnig er fráleitt að líkja saman vinarþeli því, sem Gunnar bar til þýsku þjóðarinnar, og eindregnum stuðningi Laxness við alræðisstjórn Stalíns, eins og stundum hefur verið gert. Gunnar var eflaust sekur um barnskap með því að þiggja boð til Þýskalands á stríðstímum og halda, að hann fengi einhverju breytt um afstöðu nasistastjórnarinnar til Norðurlanda. „Í rauninni er ekki hægt að bera virðingu fyrir neinu nema því að ætla sér hið ómögulega,“ sagði hann eitt sinn. En hann studdi Hitler ekki leynt og ljóst áratugum saman eins og Laxness Stalín. Sú væri síðan kaldhæðni örlaganna, ef ræða Gunnars haustið 1954 og árásirnar á hann í kjölfarið hafa haft einhver áhrif á það, eins og hugsanlegt er, að Nóbelsverðlaununum í bókmenntum 1955 var ekki skipt á milli hans og Laxness, sem enn var ekki horfinn

opinberlega frá stalinisma. Vitað var, þegar leið að úthlutun verðlaunanna það ár, að sænska Lærdómslistafélagið, Akademían, vildi veita íslenskum bókmenntum sérstaka viðurkenningu, ekki síst vegna hins auðuga bókmenntaarfs Íslendinga, sem Svíar kunnu vel að meta. Var því litast um í hópi íslenskra samtímahöfunda. Fyrir hönd sænska Rithöfundasambandsins gerði Stellan Arvidson, formaður sambandsins, tillögu um, að verðlaununum yrði skipt á milli Gunnars og Laxness. Sú var einnig tillaga meiri hlutans í þriggja manna starfsnefnd Lærdómslistafélagsins um Nóbelsverðlaunin, en einn nefndarmaður gerði tillögu um Laxness einan.

Þegar þetta spurðist út, fór Jón Helgason, prófessor í íslenskum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla og einkavinur Laxness, á stjá og reyndi að beita áhrifum sínum til þess, að Laxness fengi einn verðlaunin. Meðal annars skrifaði hann félagi í Lærdómslistafélaginu langt bréf um það, að Gunnar væri danskur rithöfundur, svo að óeðlilegt væri að sýna íslenskum bókmenntum sóma með því að veita honum Nóbelsverðlaunin:

Hann hefur vissulega snúið aftur til heimalands síns og skrifað nokkrar bækur á móðurmáli sínu, en með raunalegum árangri. Hin langa vera hans í Danmörku, einangrun hans og ef til vill erfið skapgerð hafa gert hann ókunnugan lifandi íslenskri tungu. Íslenskur stíll hans er þungur og óeðlilegur, án enduróms og spennu, í gerð stundum líkastur dönsku.

Einnig mælti Sigurður Nordal, sem nú var orðinn sendiherra Íslands í Danmörku, með því að veita Laxness einum verðlaunin.

Sænska Lærdómslistafélagið fór sem von var að ráði tveggja kunnustu sérfræðinga landsins um íslenskar bókmenntir og veitti Laxness einum Nóbelsverðlaunin árið 1955. Jón Helgason skrifaði þá Ragnari Jónssyni í Smára: „Mikið urðum við fegin hér, að þetta fór svona, og þó mest því að Halldór var ekki spyrstur saman við danskan rithöfund, eins og sumum undarlegum mönnum á Íslandi virðist hafa þótt æskilegast.“ En Davíð Stefánsson frá Fagraskógi skrifaði sænskum þýðanda sínum: „Prófessorarnir látast vera viljafastir og ákveðnir, en láta þó stjórnast af áróðri kommúnista, hliðra sér við skömmum þeirra og ánetjast þeim svo að tjaldabaki.“ Gunnar fékk í trúnaði að vita af afskiptum þeirra Jóns Helgasonar og Nordals af málinu. Hann virti þann trúnað, enda var hann líkur sumum söguhetjum sínum og bar harm sinn í hljóði. Mjög var ómaklegt að kalla hann danskan höfund, eins og Jón Helgason gerði, því að viðfangsefni hans og viðhorf voru ætíð rammíslensk. Þegar hann lagði út á rithöfundarbrautina á fyrsta áratug tuttugustu aldar, var Ísland örsnautt land, dönsk hjálenda, ekki fullvalda ríki. Gunnar átti þess vart kost þá að gerast íslenskur rithöfundur, og honum tókst að afla sér frægðar erlendis. Ólíkt Gunnari hlaut Laxness ekki brautargengi erlendis í upphafi, hélt þá vonsvikinn heim og einbeitti sér eftir það að því að skrifa á íslensku og láta þýða verk sín á erlendar tungur.

Að vísu sneri Laxness baki við gömlum félögum í röðum íslenskra stalinista, eftir að hann fékk Nóbelsverðlaunin, en Svíar gerðu Íslendingum óneitanlega grikk með því að veita þau Laxness einum í stað þess að skipta þeim á milli hans og Gunnars, eins og eðlilegt hefði verið, úr því að ætlunin var að sýna íslenskum bókmenntum sóma. Menn þurfa ekki að vera „undarlegir“, eins og Jón Helgason sagði, til þess að telja, að Gunnar hafi síst verið lakari rithöfundur en Laxness og að óhollt hafi verið íslenskum bókmenntum að hefja annan þeirra langt upp fyrir hinn. Þegar Rithöfundasamband Íslands var stofnað 1974, varð Gunnar einn af fyrstu heiðursfélögum þess.

KRISTMANN GUÐMUNDSSON fæddist 23. október 1901 á Þverfelli í Lundarreykjadal í Borgarfirði. Hann var lausaleiksbarn, eins og hann orðaði það sjálfur, og fór móðir hans frá honum tveggja ára. Kristmann átti ekki kost á langskólanámi og hóf snemma erfiðisvinnu, veiktist af berklum, en náði sér og gaf út ljóðabókina *Rökkursöngva* árið 1921. Sat hann löngum stundum á Landsbókasafninu við að afla sér af eigin rammeik nokkurrar menntunar. Árið 1924 ákvað Kristmann að flytjast til Noregs og hasla sér þar völl sem rithöfundur. Hann var samtíða Guðmundi G. Hagalín á lýðháskólanum í Voss veturinn 1924–1925, og fór vel á með þeim, þótt Hagalín þætti stundum nóg um sjálfstraust skáldbróður síns. Náði Kristmann góðum tókum á norsku, og árið 1927 kom út eftir hann ástarsagan *Brúðarkyrtillinn*. Næstu árin rak hvert skáldverkið annað eftir hann á norsku, *Ármann og Vildis* 1928, sem gerist á berklahæli, *Morgunn lífsins* 1929 og framhald hennar, *Arfur kynslóðanna* (sem hét fyrst *Sigmar*) 1930, *Ströndin blá* 1931, *Fjallið helga* 1932 og *Góugróður* 1933. Þetta voru allt rómantískar ástarsögur, sem gerðust á Íslandi, fengu góða dóma og seldust vel. „Kristmann skrifar norsku framúrskarandi vel. Það, sem einkennir Kristmann mest, eru lýsingar hans. Hann flytur engan boðskap,“ sagði Halldór Kiljan Laxness árið 1930.

Kristmann varð skjótt vinsæll rithöfundur í Noregi og öðrum Norðurlöndum, ekki síst í Þýskalandi og Austurríki, og ferðaðist um Norðurálfuna í átta mánuði samfellt 1930–1931. Ekki gast nasistum þó að skáldsögu Kristmanns, *Gyðjunni og nautinu* (sem hét fyrst *Gyðjan og uxinn*), en hluti hennar kom út á íslensku 1937 og sagan í heild á norsku 1938. Þar var söguviðið Krít á 14. öld f. Kr. og söguefnið átök góðs og ills í líki gyðjunnar og nautsins. Þegar bókina átti að koma út á þýsku sumarið 1939, var hún umsvifalaust bönnuð, en bannið náði þó ekki til annarra verka Kristmanns. Hann var með annan fótinn á Íslandi á fjórða áratugnum, en bjó í Kaupmannahöfn í tvö ár, 1937–1939, og kom síðan alkomin til Íslands. Í þann mund er hann sneri heim, skall á stríð, og rofnuðu tengslin við meginland Norðurálfunnar. Kristmann gat því hvergi nálgast ritlaun sín þaðan og stóð uppi slyppur og snauður. Hann hafði lengið safnað bókum, en neyddist nú til að selja bókasafn sitt, sem orðið var mikið og gott.

Fyrstu árin á Íslandi urðu Kristmanni mótdræg. Því ollu ekki aðeins fjárhags-

erfiðleikar, heldur líka andróður óvildarmanna og andstæðinga, sem hann tók ef til vill óþarflega nærri sér. Varð hann einnig að leggja mikið á sig til að ná góðum tókum á íslensku eftir að hafa skrifað á norsku í fimmtán ár. Kristmann dvaldist í Reykjavík um eins árs skeið, en fluttist síðan til Hveragerðis. Næstu árin gaf hann meðal annars út skáldsögurnar *Nátttrölllið glottir* 1943 og *Pokuna rauðu*, fyrri hluta, 1950, en hún er um höfund Völuspár. Jafnframt skrifaði hann um bókmenntir í *Morgunblaðið* í tuttugu ár, allt fram til 1964. Þótt Kristmann þyrfti að sæta harðari gagnrýni en flestir aðrir rithöfundar íslenskir, eins og hann víkur að í ræðunni, sem hér er prentuð og flutt var á Heimdallarfundu í Sjálfstæðishúsinu miðvikudagskvöldið 11. maí 1955, var hann vinsæll af almenningi. Til dæmis gerði tímaritið *Eimreiðin* skoðanakönnun árið 1950 um það, hvaða rithöfundar þættu bestir á Íslandi. Svör bárust frá rösklega 1.200 manns. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi hlaut 22% atkvæða, þeir Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness 17% hvor og Kristmann Guðmundson 16%. Ragnar Jónsson í Smára var útgefandi Kristmanns fyrstu árin á Íslandi, en árið 1952 stofnaði góðvinur Kristmanns, Egill Thorarensen kaupfélagsstjóri, Borgarútgáfuna, sem hafði það eina hlutverk að koma út verkum hans. Voru nokkur þeirra prentuð í fjórum bindum árin 1952–1954, þar á meðal seinni hlutann af *Pokunni rauðu*. Einnig tók Kristmann saman *Heimsbókmenntasögu* í tveimur bindum, 1955 og 1956, fyrir Menningarssjóð. Þótti hún fjórlega skrifuð, en um of mótuð af áhuga höfundar á kvennafari listamanna og dulspeki og fordómum hans í garð sumra nútímaskálda. Um þær mundir fékk menntamálaráðuneytið Kristmann til að annast bókmenntakynningar í framhaldsskólum. Árið 1955 kvikmyndaði þýskt félag *Morgun lífsins* í leikstjórn Roberts A. Stemmler, og kallaðist hún „Du darfst nicht länger schweigen“, Þú mátt ekki lengur þegja.

Árin 1959–1962 birti Kristmann endurminningar í fjórum bindum, *Ísold hin svartá*, *Dægrin blá*, *Loginn hvíti* og *Ísold hin gullna*, og naut frásagnargleði höfundar sín þar vel og lipur stíll. Vinstri sinnaðir menntamenn hafa óspart gert gys að því, að Kristmann lét þar í ljós grun um, að bréfbærar úr röðum sósíalísta stingju undan póstsendingum til sín. Hafði hann þó rétt fyrir sér um það, eftir því sem heimildir herma, og má í því sambandi rifja upp, að Halldór Kiljan Laxness sakaði póstin eitt sinn um að opna til sín bréf. Hvað sem því líður, fluttist Kristmann til Reykjavíkur árið 1960 og hélt áfram að semja skáldsögur, þar á meðal nokkrar vísindaskáldsögur, og yrkja. *Leikur að ljóðum* kom út 1975 og *Haustljóð* 1981. Almenna bókafélagið gaf *Skáldverk* Kristmanns út í átta bindum árið 1978. Í yfirliti frá 1971 um íslenskar bókmenntir erlendis kemur fram, að Kristmann var þá fjórði vinsælasti rithöfundur Íslands í öðrum löndum, á eftir Laxness, Gunnari Gunnarssyni og Jóni Sveinssyni, Nonna, en þeir fjórir voru í sérflokk. Voru þá til 77 þýðingar á verkum Kristmanns á 20 tungur auk 15 frumsaminnna verka hans á norsku. Árið 1971 flutti Sjöónvarpið viðtalsþátt, Maður er nefndur Kristmann Guðmundsson, og ræddi þar Steinar J. Lúðvíksson blaðamaður við skáldið.

Kristmann var maður hávaxinn, karlmannlegur, bar sig vel og var hress í bragði. Löðuðust konur að honum, enda sóttist hann eftir ástum þeirra, eins og hann segir umbúðalaust frá í sjálfsævisögu sinni. Hefur kvenhylli hans eflaust aflað honum margra öfundarmanna í návíginu á Íslandi. Hann kvæntist níu sinnum og eignaðist sex dætur, lét sér annt um þær allar og skírði nöfnum úr bókum sínum. Fyrsta kona hans, Lea Yre, var norsk, og eignaðist hann með henni Randí. Önnur kona hans var líka norsk, Harriet Haalund. Þriðja kona hans var Áslaug Einarsdóttir, og voru þeir Halldór Kiljan Laxness því svilar um skeið: Laxness var þá kvæntur Ingibjörgu Einarsdóttur, en faðir þeirra systra var Einar Arnórsson, prófessor og ráðherra. Kristmann reyndi eftir megni að greiða götu svila síns í Danmörku og kynnti hann fyrir útgefanda sínum þar, Hasselbalch, sem ákvað eftir nokkurt hik, en eindregin meðmæli Kristmanns og Gunnars Gunnarssonar, að koma sögum Laxness út á dönsku. Fjórða kona Kristmanns var Ingibjörg Guðmundsdóttir, og eignaðist hann með henni Vildísi. Fimmta kona hans var Guðbjörg Guðjónsdóttir. Sjötta kona hans var Svanhildur Steinþórsdóttir, og eignaðist hann með henni Hrefnu. Faðir Svanhildar var Steinþór Guðmundsson kennari, sem var um skeið varaformaður Sósíalistaflokksins. Sjöunda kona Kristmanns var Svava Aðalsteinsdóttir, og eignaðist hann með henni Ninju. Áttunda kona Kristmanns var Steinnunn Briem. Níunda kona Kristmanns var Hólmfríður Hulda Maríasdóttir, og eignuðust þau tvær dætur, Ingilínu og Kaðlín. Var Kristmann að verða 75 ára, þegar hann eignaðist yngstu dóttur sína, og voru fimmtíu ár á milli hennar og elstu dótturinnar. En nú tók að dofna yfir hinum lífsglaða baráttumanni. „Ég hef kynnst mörgum konum um dagana og haft af þeim misjafna reynslu, en verst hefur mér þótti Elli kerling,“ sagði hann við Brynjólf Bjarnason, framkvæmdastjóra Almenna bókafélagsins. Kristmann lést 20. nóvember 1983.

Ungur var Kristmann róttækur og barðist með Ólafi Friðrikssyni Möller á móti lögreglunni í Reykjavík haustið 1921, þegar Ólafur vildi ekki hlýða boði heilbrigðisyfirvalda um að senda úr landi erlendan gest sinn, sem greindur hafði verið með smitsjúkdóm í augum. En eftir að Kristmann hafði lesið sér til, komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann ætti ekki samleið með kommúnistum. Hann fann fleira við sitt hæfi í fræðum Freuds en Marx, menn létu að hans dómi frekar stjórnast af ástarþörf en stéttaríg. Þegar byltingarsinnaðir rithöfundar bundust samtökum á fjórða áratug, hófu þeir andröður gegn Kristmanni, en oftar með hvíslingum en opinberum árásum. Í ferðum sínum til Íslands hafði Kristmann til dæmis kynnst ungum og efnilegum rithöfundi, Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, en skyndilega brá svo við árið 1935, að Ólafur hætti að heimsækja hann og forðaðist að heilsa honum á götu. Hann hafði greinilega verið varaður við.

Kristmann gekk ásamt Guðmundi G. Hagalín og ýmsum öðrum úr Rithöfundafélagi Íslands 1945, og stofnuðu þeir Félag íslenskra rithöfunda. Tveimur árum síðar skrifaði Hannes Sigfússon skáld um tilraunirnar til að þega Kristmann í hel:

Ég hef orðið var við, að sumir bókavínir eru fyrirfram sannfærðir um það, að það sé einungis tímasóun að lesa bók eftir Kristmann, — hann sé reyfara-höfundur. Þessi skoðun á sér tvímælalaust pólitískar orsakir, enda hefur það þrafaldlega komið á daginn, þegar ég hef reynt að grafast fyrir rætur hennar hjá viðkomandi aðilum, að þeir hafa enga bók lesið eftir þennan höfund. „Hann er borgari,“ segja þeir einungis og yppta öxlum.

Kvað Hannes mörg verk Kristmanns góðan skáldskap. „Kristmann kann þá list að skemmta lesandanum, jafnframt því sem hann fræðir hann um mannlífið.“

Andróðurinn gegn Kristmanni jókst um allan helming, eftir að Kalda stríðið skall á, og naut hann þess hvergi, að hann hafði ásamt Gunnari Gunnarssyni átt drjúgan þátt í því að koma eftirlætishöfundi íslenskra sósíalista, Halldóri Kiljan Laxness, á framfæri erlendis, sem leiddi síðan til þess, að Laxness hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum, fyrstur og einn Íslendinga. „Mér er til efs, að nokkur maður á Íslandi hafi verið jafnmikið rægður og Kristmann var um miðja öldina,“ segir vinstri sinnaður bókmenntafræðingur, Örn Ólafsson. Óttar Guðmundsson lækniir lýsir þessu andrúmslofti:

Ég var alinn upp á vinstri sinnuðu bókmenntaheimili. Kalda stríðið var í algleymingi, og heitasta deiluefnið var herinn á Miðnesheiði. Listamenn voru flestir vinstri sinnaðir hernámsandstæðingar undir forystu bókmenntapáfans Kristins E. Andrésónar. Hann var stalínisti af gamla skólanum og bilaði aldrei í trúnni. Á mínu heimili ríkti bókmenntafræðilegur rétttrúnaður. Litið var á Halldór Laxness eins og Jesú Krist, lærisveinarnir voru rithöfundar, sem fylgdu rétttri línu. Djöfullinn sjálfur og árar hans voru höfundar, sem efuðust um óskeikulleika Kristins E. og annarra helgra manna. Fremstur í þeim fjandaflokki var einmitt Kristmann Guðmundsson.

Eftir að Kristmann flutti ræðu þá, sem hér er prentuð, á Heimdallarfundu vorið 1955, skrifaði *Þjóðviljinn*, að hann væri haldinn „ofsóknarbrjálæði“. En um stjórnmálaskoðanir sínar sagði Kristmann sjálfur: „Ég er jafnaðarmaður og hef alltaf verið. Mér er engin launung á því. Þess vegna hef ég kosið Sjálfstæðisflokkinn.“ Snemma á sjöunda áratug, þegar Thor Vilhjálmsson, ungur maður af auðugri ætt og völdugri, vildi sýna sósíalistum, að hann væri gjaldgengur rithöfundur þrátt fyrir uppruna sinn, valdi hann þann kost að ráðast harkalega á Kristmann, og hlaust af meiðyrðamál, sem Kristmann vann að vísu, en hlaut af ærna skapraun. Um þetta mál samdi Sigurjón Magnússon skáldsöguna *Borgir og eyðimerkur*. Í heimildar mynd um Kristmann eftir Helga Felixson, sem sýnd var í Sjónvarpinu 1995, var borið saman hið góða og jafnvel ævintýralega gengi skáldsins á fimmtán árum þess erlendis og kuldalegar móttökur eftir það á Íslandi.

GUÐMUNDUR GÍSLASON HAGALÍN fæddist að Lokinhömrum í Arnarfirði 10. október 1898. Hann sat um skeið í Menntaskólanum í Reykjavík. Veturinn 1918–1919 var mikil skáldatíð í bænum, eins og Tómas Guðmundsson orti um. Hagalín gerðist þá heimagangur í Unuhúsi ásamt skólalábróður sínum, Halldóri Guðjónssyni frá Laxnesi. Sigurbjörn Sveinsson rithöfundur hefur sagt frá því, er hann hitti þá Halldór og Hagalín fyrst í Unuhúsi. Var hann að bíða eftir húsráðanda, Erlendi Guðmundssyni, sem var ekki heima. Þá kom að ungur maður og grannvaxinn með glóbjart hár, sagðist heita Halldór frá Laxnesi og vera skáld. Eftir að hafa skrafað um stund við Sigurbjörn tók hann sig skyndilega upp í miðju orði, hljóp út um glugga og var á brott. Nú kom að annar ungur maður, sýnu þéttvaxnari og lægri í lofti, enn bjartari yfirlitum. Hann sagðist heita Guðmundur Hagalín og vera skáld. Þeir Sigurbjörn spjölluðu saman um hríð, og barst talið að Halldóri frá Laxnesi. „Er hann nokkurt skáld?“ spurði Hagalín í efasemdartón. „Já, hann er skáld,“ svaraði Sigurbjörn. „Hann er mikið skáld. Hann er svo mikið skáld, að meðan ég var að tala við hann, var hann allt í einu horfinn út um gluggann.“ Hagalín setti hljóðan. En þegar hann hafði hugsað ráð sitt, tók hann viðbragð og var einnig horfinn út um gluggann. Sjálfur skemmti Hagalín sér vel yfir þessari sögu, en hætti snemma ólíkt sumum öðrum skáldum að stökkva á eftir Halldóri frá Laxnesi.

Hagalín stóð með skólalábræðrum sínum við stjórnarráðsgirðinguna 1. desember 1918, fagnaði fullveldi Íslands og lét það ekki á sig fá, að hann skalf sökum veikinda:

Þegar ég, titrandi frá hvirfli til ilja, horfði á hinn þrílita fána blakta í golunni, dundu við fallbyssuskot frá hinu danska varðskipi, og svo komst ég þá við. Hvort mundi ekki standa þarna á stjórnarráðsblettinum ósýnileg fylking — ekki aðeins frækinn foringja, heldur og hins óbreytta liðs, vaðmálslæddra bænda og sjómanna í skinnstökkum, manna, sem þorað höfðu „Guði að treysta, hlekki hrista, hlýða réttu, góðs að bíða“?

Hagalín hætti þó menntaskólanámi, fluttist til Seyðisfjarðar haustið 1919 og starfaði þar sem blaðamaður í fimm ár. Hann dvaldist í Noregi árin 1924–1927 og stundaði þá nám einn vetur ásamt Kristmanni Guðmundssyni í lýðháskólanum í Voss sem fyrr segir og flutti líka fyrirlestra um Ísland víðs vegar í Noregi. Árið 1925 gaf hann út smásagnasafnið *Veður öll válynd*. Þegar heim kom, starfaði Hagalín um tíma á *Alþýðublaðinu*, en var árið 1928 ráðinn bæjarbókavörður Ísafirðinga. Næstu árin gaf hann út fjölda rita, þar á meðal smásagnasöfnin *Guð og lukkuna* 1929 og *Einn af postulumum* 1934 og skáldsögurnar *Kristrínu í Hamravík* 1933 og *Sturlu í Vogum* í tveimur bindum 1938. Lýsir hann í þessum ritum sérstæðu alþýðufólki á Vestfjörðum, svipmiklum einstaklingum. Besta dóma fékk *Kristrún í Hamravík*, og er það verk talið sígilt í íslenskri bókmenntasögu. Hefur verið gert leikrit eftir því. *Sturlu í Vogum* var líka vel tekið, en kommúnistar notuðu það óspart gegn höf-

undinum, að Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefði opinberlega lokið lofsorði á söguna.

Hagalín var brautryðjandi í gerð ævisagna, þar sem efnið er sótt í samtöl við söguhetjuna: *Virkir dagar* var um Sæmund Sæmundsson skipstjóra, sem ratað hafði í margvíslegar mannaunir, og kom hún út í tveimur bindum 1936–1938. *Saga Eldeyjar-Hjalta* var um Hjalta Jónsson, sem braust úr fátækt í bjargálnir og kleif Eldey fyrstur manna, og kom hún út í tveimur bindum 1939. „Þetta er sönn og skýr mannlýsing, sem um leið bregður upp mynd af aldarfari og umbrotum á örlagaríku tímabili í sögu Þjóðarinnar,“ sagði Sigurður Nordal. Seldust báðar þessar viðtalsbækur mjög vel. Hagalín fluttist í höfuðstaðinn 1946, en dvaldist frá hausti 1949 til jafnlengdar 1950 í Kaupmannahöfn. Hann var ráðinn bókafulltrúi ríkisins 1955 og skyldi hafa eftirlit og umsjón með bókasöfnum um land allt. Gegndi hann því starfi til sjötugs. Hann hélt ótrauður áfram að skrifa og samdi sjálfsævisögu í níu bindum. Fyrstu sex bindin komu út á sjötta áratug: *Ég veit ekki betur* 1951, *Sjö voru sólar á lofti* 1952, *Ilmur liðinna daga* 1953, *Hér er kominn Hoffinn* 1954, *Hrævareldar og himinljómi* 1955 og *Fílabeinshöllin* 1959. Síðar tók Hagalín upp þráðinn aftur, og komu þrjú bindi út á áttunda áratug: *Stóð ég úti í tungsljósi* 1973, *Ekki fæddur í gar* 1976 og *Þeir vita það fyrir vestan* 1979. Segir hann þar fjórlega frá aragrúa samferðamanna og mörgum kátlegum atvikum.

Hagalín lét ekki þar við sitja, enda víkingur til vinnu. Meðal annars gaf hann út ævisögu Haraldar Böðvarssonar útgerðarmanns í tveimur bindum 1964–1965 og skáldsöguna *Márus á Valshamri og meistara Jón* 1967. Einnig skrifaði hann útvarpsgagnrýni í *Vísí* 1961–1962 og ritdóma í *Morgunblaðið* um langa hríð. Hagalín átti sér mörg önnur áhugamál. Hann var til dæmis 1955–1972 ritstjóri *Dýravinarins*. Árin 1978–1980 endurprentaði Almenna bókafélagið helstu verk hans, en þau höfðu mörg lengi verið ófáanleg. Hagalín var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Kristín Jónsdóttir, og eignuðust þau Hrafn og Sigríði. Þau slitu samvistir. Seinni kona hans var Unnur Aradóttir, og eignuðust þau einn son, Þór. Þjuggu þau Unnur lengi að Mýrum í Reykholtssdal. Á sjötugsafmæli Hagalíns 1968 kom út bókin *Íslendingur sögufróði* honum til heiðurs, en þar völdu ýmsir vinir hans og aðdáendur hver sinn eftirlætiskafla úr verkum hans. Árið 1971 flutti Sjónvarpið viðtalsþátt, Maður er nefndur Guðmundur Hagalín, og ræddi þar Helgi Helgason blaðamaður við hann. Hagalín lést 26. febrúar 1985.

Hagalín gerðist jafnaðarmaður á árum sínum í Noregi, og eftir að hann fluttist til Ísafjarðar, varð hann virkur í starfi Alþýðuflokksins þar í bæ. Var hart barist um hvert atkvæði. Sú gamansaga var sögð af Hagalín, að hann hefði fyrir þingkosningarnar 1933 heimsótt öldruð hjón í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem vinur hans, Alþýðuflokksmaðurinn Vilmundur Jónsson, var í framboði gegn sjálfstæðismanninum Jóni Auðuni Jónssyni. Hann vissi, að hjónin báru mikla virðingu fyrir valdsönnunum, og sagði með áhyggjusvip: „Það er ljótt með hann Jón ykkar Auðun. Hann er búinn að vera tíu ár á þingi fyrir ykkar tilstilli og er enn ekki kominn upp

í efri deild!“ Þá var Alþingi skipt í tvær deildir, en sú skipting hafði ekkert sérstakt gildi. Í annað skipti var Hagalín að halda ræðu á kosningafundi á Ísafirði, þegar fundarkona kallaði fram í: „Þetta er allt Alþýðuflokknum að kenna!“ Hagalín svaraði: „Frú mín góð ...“ Þá kallaði konan aftur: „Ég er engin frú!“ Hagalín svaraði að bragði: „Ekki er það Alþýðuflokknum að kenna!“ Hagalín var forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar frá 1936 til 1946, en þá var hann ekki í framboði, og tapaði Alþýðuflokkurinn þá meiri hluta sínum í bæjarstjórn. Hagalín var ritstjóri *Skutuls*, málgagns jafnaðarmanna á Ísafirði, 1938–1942, og sat í stjórn Alþýðusambands Íslands 1934–1940. Einnig var Hagalín oft í framboði fyrir Alþýðuflokkinn í þingkosningum, í Barðastrandasýslu 1946, Reykjaneskjördæmi haustið 1959 og 1963 og Vesturlandskjördæmi 1978, 1979 og 1983.

Hagalín varð snemma andsnúinn kommúnisma. Á stjórn málafundi á Ísafirði um miðjan fjórða áratug lýsti kommúnistaleiðtoginn Brynjólfur Bjarnason fögrum orðum því fyrirmyndarríki, sem til yrði eftir byltinguna, Sovét-Íslandi. Að lokinni ræðu hans spratt Hagalín upp og kallaði: „Halelúja!“ Magnús Jónsson prófessor, sem líka var framsögumaður á fundinum, sagði við Hagalín á eftir: „Ég hef aldrei heyrt styttri ræðu en þína og um leið áhrifaríkari!“ Eftir árás Stalíns á Finnland í nóvemberlok 1939 orti Hagalín kvæði um „Þúsund vatna landið“, og segir þar:

Því gráar loppur gnæfa nú á lofti,
og gnístir tönnum úlfur dreyrastokkinn.
Það flæðir blóðug froða úr glenntum hvofti
og flennast gráðug augu, er starir bokkinn.
En kringum varginn flögrar fáninn rauði,
— hann fram til víga á hatursstig skal leiða.
Og kornsins sigð — nú veit á vald þitt, dauði,
og verksins hamar rothögg á að greiða.

Birti hann kvæðið í *Alþýðublaðinu* 1. desember 1939 og las upp á fundum.

Árið 1943 varð Hagalín einna fyrstur frjálslyndra rithöfunda íslenskra til að skera upp herör gegn þjónum hins austræna jötuns með bókinni *Gróðri og sandfoki*. Árin á undan hafði hann reynt að kynna sér eftir föngum rit um Ráðstjórnarríkin, og naut hann við það aðstoðar manns, sem læs var á rússnesku. Hann hét Teodoras Bieliackinas og var frá Litáen, hafði stundað íslenskunám í Háskólanum, en orðið innlyksa hér í stríðinu. Skrifaði Bieliackinas nokkrar blaðagreinar um hið örðuga hlutskipti Eystrasaltsríkjanna þriggja, sem hernumin voru á víxl af rússnesku kommúnistum og þýskum nasistum. Í *Gróðri og sandfoki* varð Hagalín tíðrætt um óholl áhrif síns gamla skólabróður Laxness á rithöfunda af yngri kynslóðinni, í skáldskap jafnt og stjórnámum. Hagalín rakti mörg dæmi um kollsteypur íslenskra kommúnista eftir fyrir mælum frá Moskvu, til dæmis í afstöðunni til jafnaðarmanna, sem einn daginn hefðu verið kallaðir „sósíalfasistar“, en annan

daginn verið taldir æskilegir samstarfsaðilar, og í dómum um Hitler, sem hefði um skeið verið aðalóvinurinn, en verið kallaður „spakur seppi“, eftir að hann gerði griðasáttmála við Stalín. Hagalín kvað íslenska kommúnista í framferði sínu og málflutningi minna helst á ofsatrúarfólk, sem hann hefði séð til á ferðum sínum á ýmsa útkjálka Noregs. Rök hrinu ekki á þá frekar en annað ofsatrúarfólk. Vitnaði Hagalín í sömu orð Laxness um slíka menn og í ræðu sinni, sem hér er prentuð, að þeir „öskruðu í ólæknandi brjálsemi á annan heim“ og hefðu „skipt brjálsemi sinna upprunalegustu drauma í heimspólitískan gjaldeyri“.

Fyrstu tvö ár stríðsins, á meðan Stalín var í bandalagi við Hitler, voru íslenskir sósíalistar einangraðir. Þetta breyttist, þegar Hitler réðst á Rússland sumarið 1941. Um sama leyti vildi þeim það líka til, að langflestir listamenn landsins, hvar í flokki sem þeir stóðu, áttu í erjum við einn helsta leiðtoga Framsóknarflokksins, Jónas Jónsson frá Hriflu, sem notaði ítök sín í Menntamálaráði gegn rithöfundum, sem honum voru ekki að skapi. Meðal annars lækkaði hann skáldastyrk til Laxness og annarra sósíalista vegna skoðana þeirra. Þótt frjálslyndir rithöfundar ættu ekki samleið með Laxness og sálufélögum hans, þótti þeim það ranglátt. Deilum linnu þó síður en svo, þegar ákveðið var 1943 að færa úthlutun skáldastyrkja til Rithöfundafélags Íslands. Mynduðu sósíalistar nú meiri hluta í úthlutunarnefnd undir forystu Kristins E. Andréssonar. Hún veitti Laxness langhæsta styrkinn, en setti aðra rithöfunda skör aftar. Gunnar Gunnarsson, sem hafði áður hlotið hæstan styrk, þykktist við og sagði sig úr Rithöfundafélaginu. Næsta árið veitti úthlutunarnefndin sjö rithöfundum hæstu laun, Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi, Guðmundi Friðjónssyni á Sandi, Guðmundi G. Hagalín, Halldóri Kiljan Laxness, Kristmanni Guðmundssyni, Tómasi Guðmundssyni og Þórbergi Þórðarsyni. Enn fremur fékk Laxness sérstaka ríflega viðurkenningu fyrir *Íslandsklukkuna*, svo að hann var á ný settur skör framar en aðrir íslenskir rithöfundar, þótt reynt væri að dylja það með því að skipta launinum til hans í tvennt. Gunnar Gunnarsson hafði nú afþakkað styrk.

Næsta ár ákvað Alþingi að veita Gunnari sérstök heiðurslaun til að bæta honum upp meðferð Rithöfundafélagsins á honum, og voru þau jafnhá skáldastyrk Laxness, sem fékk nú langhæsta styrkinn frá úthlutunarnefnd Rithöfundafélagsins. Í „öðrum flokki“ voru þeir fimm rithöfundar, sem jafnsettir höfðu verið Laxness árið áður, en Guðmundur á Sandi var nú látinn. Hagalín var mjög ósáttur við almennt framferði sósíalistanna, sem höfðu tögl og hagldir í Rithöfundafélaginu, ekki síst við skiptingu skáldastyrkja, sem snerist auðvitað fremur um að votta listamönnum virðingu en telja til þeirra aura. Þegar hann féll fyrir stalínistanum Halldóri Stefánssyni í formannskjöri í Rithöfundafélaginu vorið 1945, gekk hann af fundi ásamt Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi, Kristmanni Guðmundssyni og fleiri rithöfundum. Stofnuðu þeir Félag íslenskra rithöfunda, og var Hagalín formaður. Eftir þennan klofning tók Alþingi úthlutunin í sínar hendur, eins og verið hafði fyrir stríð. Fékk Gunnar nú hæsta styrkinn, en næstir honum gengu, allir með

sömu upphæð, skáldið frá Fagraskógi, Hagalín, Laxness, Kristmann, Tómas og Þórbergur. Afsalaði Laxness sér þá styrknum í mótmælaskyni. Seinna var á það sæst, að Gunnar og Laxness yrðu jafnir og hæstir í virðingargestiga þingsins, og lauk þá að mestu þrefi um skáldastyrki.

Eftir stríð kynnti Hagalín sér eftir föngum rit um kommúnismann og skrifaði um þau ófáar greinar í íslensk blöð og tímarit. Í hinni alþjóðlegu menningarbaráttu stóð ensk-ungverski rithöfundurinn Arthur Koestler framarlega, og hafði *Morgunblaðið* í árslok 1945 birt langa kafla úr bók hans, *Skjugglópnum og flokksjálknum* (The Yogi and the Commissar). Hafa þeir komið út í þessari ritröð, *Ráðstjórnarríkin: Godsagnir og veruleiki*. Einnig birtist skáldsaga Koestlers um sýndarréttarhöldin í Moskvu, *Myrkur um miðjan dag*, á íslensku 1947 og er líka endurprentuð í þessari ritröð. Á Norðurlöndum hafði norska skáldið Arnulf Øverland orð fyrir þeim menntamönnum, sem höfðuðu kommúnisma, og íslenskaði Hagalín tvo fyrirlestra, sem Øverland hélt á Íslandi vorið 1948. Eru þeir endurprentaðir í þessari ritröð ásamt öðrum fyrirlestrum Øverlands, *Framtíð smáþjóðanna*. Hagalín birti rækilega ritgerð um þá Koestler og Øverland árið 1948 og skrifaði nokkrar greinar aðrar um menningarbaráttuna erlendis. Fylgdist hann vel með, þegar skáld og rithöfundar þar ytra sneru opinberlega baki við kommúnismanum. Hann þýddi eitt af fyrstu útgáfuritum Almenna bókafélagsins, *Nytsaman sakleysingja* eftir norska sjómanninn Otto Larsen, í þessari ritröð.

Mikla athygli vakti, að Hagalín skyldi taka að sér að tala á fundi Heimdallar vorið 1955, enda var hann kunnur jafnaðarmaður og hafði barist hart gegn Sjálfstæðisflokknum á Ísafirði. Þegar formaður Alþýðuflokksins, Haraldur Guðmundsson, fann að fyrirhuguðum ræðuflutningi við Hagalín, svaraði hann að bragði: „Ég hef alltaf kunnað betur við mig á höfuðbólínu en í hjáleigunni!“ Heimdallarfundurinn í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll miðvikudagskvöldið 11. maí var fjölsóttur. Mjög var orðið áliðið, þegar Hagalín lauk framsögu sinni á eftir þeim Kristmanni Guðmundssyni og þriðja ræðumanninum, séra Sigurði Pálssyni í Hraungerði, en til máls tóku síðan Magnús Jónsson frá Mel, alþingismaður og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, Haraldur Jóhannsson hagfræðingur, sem var sósíalisti, og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, formaður Heimdallar. Tveimur árum síðar, í mars 1957, kom Hagalín aftur fram á vettvangi Sjálfstæðisflokksins, er hann flutti erindi um breska rithöfundinn George Orwell, áður en Landsmálafélagið Vörður sýndi teiknimynd eftir skáldsögu Orwells, *Dýrabæ*. Árið 1963 gaf fjandvinur Hagalíns, Halldór Laxness, sem nú hafði fellt niður Kiljansnafnið, út *Skáldatíma*, og er óhætt að segja, að hann hafi í þeirri bók tekið undir flest það, sem Hagalín hafði haldið fram um stalínisma í *Gróðri og sandfoki* tuttugu árum áður. Þegar Rithöfundasamband Íslands var stofnað 1974, varð Hagalín einn af fyrstu heiðursfélögum þess.

SIGURÐUR EINARSSON fæddist á Arngeirsstöðum í Fljótshlíð 29. október 1898. Þrátt fyrir sára fátækt braust hann menntavegin. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1922 og guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1926. Þjónaði hann Flateyraprestakalli næstu tvö árin og bauð sig fram fyrir Framsóknarflokkinn í Barðastrandasýslu 1927, en átti ekki lengi samleið með þeim flokki og gerðist jafnaðarmaður. Sigurður stundaði framhaldsnám við Hafnarháskóla 1928–1929 og ferðaðist þá til Finnlands, Þýskalands, Austurríkis og Tékkóslóvakíu. Hann var eftirlitsmaður með kennslu í æðri skólum 1929–1930 og kennari við Kennaraskóla Íslands 1930–1937. Eins og Sigurður minnst á í ræðu þeirri, sem hér er prentuð, gaf hann út ljóðabókina *Hamar og sigð* árið 1930, og stóð hann þá nærri kommúnisma. Þegar kommúnistar stofnuðu eigin flokk haustið 1930, varð hann þó eftir í Alþýðuflokknum. Var hann formaður Jafnaðarmannafélags Íslands 1931–1934. Meðfram kennslu var Sigurður fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu 1931–1937 og fréttastjóri 1937–1941. Varð hann þá þjóðkunnur maður, því að á þeirri tíð hlustuðu landsmenn nær allir á útvarp. Hann átti mjög létt með að skrifa og tala, hafði djúpa og áheyrilega rödd og flutti fjölda útvarpserinda um ýmis efni, aðallega utanríkismál. Sigurður bauð sig fram fyrir Alþýðuflokkinn í Vestur-Ísa-fjarðarsýslu 1931, á Akureyri 1933 og í Barðastrandasýslu 1934, en þá varð hann landskjörinn þingmaður og sat á þingi til 1937, en í þingkosningunum um sumarið hlaut hann ekki nægilegt fylgi til að komast á þing. Árið 1932 birti Sigurður ritgerðina „Nesjamennsku“, sem vakti talsvert umtal, og svaraði Guðmundur skáld Friðjónsson á Sandi honum fullum hálsi í fyrirlestri í Reykjavík undir heitinu „Nesjamenska og stigamenska“. Sigurður var annálaður mælskugarpur, en hitti nú fyrir jafnoka sinn. Árið eftir, 1933, birti Sigurður aðra umdeilda ritgerð, „Farið heilar, fornu dygðir“, en þær voru að sögn hans meðal annars ættjarðarást, líkamlegt hugrekki, drottinhollusta, sparsemi og góðgerðasemi.

Sigurði var veitt dósentsstaða í guðfræði við Háskóla Íslands haustið 1937. Þar eð flokksbróðir hans, Haraldur Guðmundsson kennslumálaráðherra, skipaði hann, töldu margir, að verið væri að hygla Sigurði. Mótmælti Háskólinn embættisveitingunni harðlega, en dómnefnd á vegum guðfræðideildar hafði mælt með öðrum manni, eftir að umsækjendur höfðu skilað hver sinni ritgerð. Varð af talsverður hvellur. En líklega var „dósentsmálið“ eins og það var almennt kallað ekki einfalt dæmi um stjórnmalahygli. Ráðherra taldi, að kennarar guðfræðideildar væru hlutdrægir í málinu, því að þeir hefðu frá upphafi viljað annan mann í embættið. Hann fékk því einn virtasta guðfræðing Norðurlanda, sænska prófessorinn Anders Nygren, til að fara yfir ritgerðir umsækjenda. Nygren vissi ekki, hver átti hvaða ritgerð, og var ekki kunnugur neinum ráðamönnum á Íslandi, að því er best er vitað. Niðurstaða hans var afdráttarlaus. „Ef hæfileikinn til sjálfstæðrar vísindalegrar hugsunar væri lagður til grundvallar stöðuveitingunni, en það sjónarmið taldi Nygren sjálfgefið að hafa að leidarljósi við ráðningar háskólakennara, þá þótti honum aðeins einn kandídatanna koma til greina, og það reyndist vera Sigurður Einars-

son.“ Haraldur var því líklega aðeins að rétta hlut Sigurðar. Klíkur eru til á vinnustöðum ekki síður en í stjórnmálaflokkum. Sigurður náði strax góðum tókum á kennslunni, en einnig gaf hann út tvö greinasöfn árið 1938, *Miklir menn* og *Líðandi stund*. Árið 1941 birti hann fræðirit, *Kristin trú og höfundur hennar*, en hann var andstæðingur nýguðfræðinnar ólíkt öðrum kennurum í guðfræðideild.

Á menntaskólaárunum hafði Sigurður eignast marga vini, þar á meðal Halldór Kiljan Laxness og Tómas Guðmundsson, og orti Tómas um vini sína tvo í kvæðinu „Við Laugavegin“:

Og ungu skáldin skrifa enn í dag.
Eitt skrifar bækur sínar
í Moskva, London, Laugarvatni og Prag
og í lestinni til Vínar.
Og allir þekkja unga skáldið hitt,
er orti um sigð og hamar.
Sem dósent gaf það Drottnei hjarta sitt
og drekkur ekki framar.

Tómas hafði þó ekki rétt fyrir sér um það, að Sigurður hefði gerst bindindismaður, og stóð það honum fyrir þrifum í dósentsembættinu, en samkennarar hans í guðfræðideild fjandsköpuðust við hann og kærðu hann til kennslumálaráðherrans, Einars Arnórssonar (sem hafði verið prófessor við Háskólann, þegar Sigurður var skipaður), og sá ráðherra þann kost vænstan að víkja honum tímabundið úr embætti haustið 1943, og átti hann ekki afturkvæmt í það. Jók það á erfiðleika Sigurðar um þær mundir, að hann var nú skilinn við fyrri konu sína, Guðnýju Jónsdóttur. Ærinn tími fór jafnan í það hjá þeim Tómasi að skrafa saman og skemmta sér. Einhverju sinni sátu þeir í snjókomu og næðingi að kaffidrykkju á Hressingarskálanum við Austurstræti og sáu Laxness stika fram hjá. Mælti þá Sigurður: „Hugsaðu þér, Tómas, hvað hefði getað orðið úr okkur, ef við hefðum haft dugnaðinn hans Halldórs!“

Sigurður var skrifstofustjóri á fræðslumálaskrifstofunni 1944–1946 og prestur í Holti undir Eyjafjöllum frá 1946 til æviloka. Undi hann sér vel í Holti og kenndi sig við bæinn. Nú sneri Sigurður sér aftur að ljóðlistinni. Eftir hann komu út *Yndi unaðsstunda* 1952, *Undir stjörnum og sól* 1953, *Yfir blikandi höf* 1958 og *Kvæði frá Holti* 1962. Má lesa úr einu ljóðinu frá þeim árum uppgjör Sigurðar:

Kom innar og heim!
— Þín eilífa sál,
fyrir en allt er um seinan,
vill ná af þér tali.

Sigurður var nú orðinn talsmaður þeirra fornu dygða, sem hann hafði ungur hafnað. Hann var kominn „innar og heim“, til þjóðar sinnar. Einnig þýddi hann fjölmargar bækur, þar á meðal *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum* eftir eistneska bókmenntafræðinginn Ants Oras í þessari ritröð. Sigurður lést 23. febrúar 1967. Með fyrri konu sinni eignaðist hann börnin Hjördísi Braga, Gunnvöru Braga og Sigurð Örn. Með seinni konu sinni, Hönnu (Pálinu Jóhönnu) Karlsdóttur, eignaðist hann Stein Hermann. Einnig átti Sigurður dóttur með Maríu Mörtu Ásmundsdóttur, Áslaugu Kristínu.

Í upphafi fjórða áratugar starfaði Sigurður með kommúnistum í ýmsum hliðar-samtökum þeirra, þar á meðal Sovétvínafélaginu, sem rekið var 1932–1937. En Kristinn E. Andrésson sagði í framsöguræðu sinni á stofnfundi Félags byltingar-sinnaðra rithöfunda 1933, að Sigurði væri ekki að treysta, þótt hann hefði „ort og ritað byltingarsinnað“. Hann gæti meira að segja orðið „mjög hættulegur sökum víxlengis síns“. Spreytti hinn róttæki rithöfundur Björn Franzson sig á því að skopstæla eitt kvæði Sigurðar, „Þýskir jafnaðarmenn.“ Eftir að Sigurður lét svo um mælt í útvarpserindi í febrúar 1934, að Ráðstjórnarríkin gættu hagsmuna sinna eins og önnur stórveldi, var honum vikið úr Sovétvínafélaginu. Eins og Sigurður rifjar upp í ræðu sinni, sem hér er prentuð, gaf einn helsti áróðursmaður kommúnista, Gunnar Benediktsson, síðan út sérstakan bækling honum til höfuðs, þegar hann flutti útvarpserindi um réttarhöldin yfir fyrrverandi samstarfsmönnum Stalíns, Zínovjev og Kamenev, í Moskvu 1936. En eftir að Sigurður fluttist að Holti, varð hljóðara um hann. Hann var í framboði fyrir Alþýðuflokkinn í Borgarfjarðarsýslu sumarið og haustið 1942, í Barðastrandasýslu 1949 og Rangárvallasýslu 1953.

Ræðan, sem hér birtist, átti sér nokkurn aðdraganda. Í febrúar 1956 spurðist út um heimsbyggðina, að á þingi kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna í Moskvu hefði verið hreyft einhverri gagnrýni á stjórn Stalíns, sem nú hafði verið látinn í þrjú ár. *Þjóðviljinn* skýrði frá því, að Anastas Míkojan, sem sæti átti í stjórnmalanefnd flokksins, hefði sagt, að í tuttugu ár hefði flokkurinn „ekki lotið samvirkri forystusveit, heldur hafði einn maður verið dýrkaður starfsemi flokksins til skaða og tjóns“. Þetta vakti mikla athygli á Íslandi. Stalínistar urðu niðurlútir, en ekki var laust við, að hlakkaði í gömlum andstæðingum þeirra. Þessi fregn var þó aðeins fyrirboði stærri tíðinda. Í ljós kom, að aðalritari flokksins, Níkíta Khrústsjov, hafði flutt leyniræðu á þinginu og gagnrýnt Stalín harðlega: Hefði Stalín ofsótt gamla flokksbræður og logið sökum upp á foringja Rauða hersins; hann hefði verið valdasjúkur einræðisherra og enginn óhultur fyrir honum. Sósíalístaflokkurinn hafði sent tvo fulltrúa á flokksþingið í Moskvu, þá Kristín E. Andrésson og Eggert Þorbjarnarson. Höfðu þeir ekkert frétt af leyniræðu Khrústsjovs og lásu fyrst um hana í blöðum á leiðinni heim til Íslands.

Leyniræðan, sem kom út í bæklingi á íslensku og er endurprentuð í þessari ritröð, varð íslenskum sósíalístum feikilegt áfall. Ungir sjálfstæðismenn brugðust snarlega við og gáfu út samantekt með helstu ummælum íslenskra ráðstjórnarvina

um Stalín, *Vitið þér enn ...*, og Heimdallur fékk Sigurð til að hafa framsögu á fundi mánudagskvöldið 26. mars 1956 í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll um „Játningar í austurvegi“. Húsfyllir var á fundinum, þótt menn hefðu um ýmislegt annað að hugsa, því að sömu daga sprakk samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, ekki síst vegna ágreinings um varnarmál. Á eftir ræðu Sigurðar töluðu Birgir Ísleifur Gunnarsson, Árni Grétar Finnsson og Friðleifur I. Friðriksson og tóku undir með framsögumanni. Nokkrum dögum síðar svaraði Jóhannes úr Kötlum Sigurði í *Þjóðviljanum* og viðurkenndi, að samkvæmt fréttum af flokksþinginu í Moskvu hefðu fylgt gagnrýninni á Stalín „viðtækar uppljóstranir, sem þannig hljóma í eyrum, að því er líkast sem þær hafi verið gerðar að undirlagi Morgunblaðsins“. Skáldið úr Kötlum rifjaði upp ýmis skrif Sigurðar ungs að árum og kvað hann þurfa að axla ábyrgð á grimmdarverkum kirkjunnar, ef hann vildi gera sig ábyrgan um hugsanlega spillingu í ríkjum sósíalismsans. Sigurður tók þátt í héraðsmótum sjálfstæðismanna næstu árin og talaði fyrir varnarsamstarfi við aðrar vestrænar þjóðir, sem vinstri stjórnin 1956–1958 hafði ætlað að slíta. Hann hafði þó ekki sagt skilið við Alþýðuflokkinn og var í framboði fyrir hann í Rangárvalla-sýslu vorið 1959 og á Suðurlandi haustið 1959 og 1963.

DAVIÐ STEFÁNSSON fæddist í Fagraskógi við Eyjafjörð 21. janúar 1895. Eftir gagnfræðaskólanám dvaldist hann veturinn 1915–1916 í Kaupmannahöfn, en settist síðan í Menntaskólann í Reykjavík. Hafði hann þá þegar birt nokkur ljóð, sem vöktu athygli. Þegar Davíð stóð við stjórnarráðsgirðinguna 1. desember 1918 og sá fána hins nýja fullvalda ríkis dreginn að hún, minntist hann bændanna, gesta foreldra sinna, sem tíðrætt hafði orðið um fullveldiskröfur Íslendinga í baðstofunni í Fagraskógi nokkrum mánuðum áður:

Hver átti að ráða hér ríkjum? Íslendingar sjálfir. Þeir höfðu helgað sér landið með blóði og sveita og þúsund ára erfðum. Um það voru allir sammála, og aldrei heyrdi ég rödd þjóðarinnar í þessu máli skýrari en hjá bændunum í Fagraskógarbaðstofunni. Sú rödd kom ekki aðeins frá innstu hjartarótum þjóðarinnar, heldur frá fjöllum og dölum, strönd og eyjum, grjóti og gróðurlendi.

Davíð lauk stúdentsprófi vorið 1919 og gaf út fyrstu ljóðabók sína þá um haustið, *Svartar fjáðrir*. Var henni mjög vel tekið. „Hagmælska hans er einstök; hann kemst fyrirhafnarlaust yfir allar torfærur og er áreiðanlega óvenjulega fundvís á nýja bragarhætti. Hann er og þegar orðinn leikinn í þeirri list að fella brag að efni,“ skrifaði Árni Pálsson bókavörður. Seldist bókin skjótt upp. Davíð varð á sviptstundu þjóðkunnur maður, og veitti Alþingi honum listamannalaun, sem hann hélt til æviloka. Sumarið 1920 fór Davíð til Kaupmannahafnar, ferðaðist þaðan um Þýskaland, Austurríki og Ítalíu, en sneri heim í desember 1921. Sumarið 1922 gaf

hann út aðra ljóðabók, *Kvæði*. Viðtökur hennar voru síst lakari en hinnar fyrstu, og um allt land söng fólk kvæðið úr henni um Dísu í dalakofanum. Davíð stundaði kennslu á Akureyri næsta árið, en hélt aftur utan haustið 1923 og dvaldist veturlangt í Noregi. Hann sendi frá sér þriðju ljóðabókina 1924, *Kvæðjur*, og hlaut hún sömu góðu viðtökur og hinar fyrri. Árið 1925 var honum veitt staða bókavardar við Amtsbókasafnið á Akureyri, og fluttist hann þá til Akureyrar og átti þar heima til æviloka.

Davíð var fríður sýnum og vörpulegur á velli og þótti afar áheyrilegur fyrirlesari, röddin djúp, sterk og þýð. Hann kvæntist aldrei, en átti í ástarsambandi við margar konur, þar á meðal Þóru Vigfúsdóttur, sem seinna giftist Kristni E. Andréssyni. Á Akureyri varð Davíð góðkunningi Einars Olgeirssonar, sem þá þegar var orðinn einn af leiðtogum íslenskra kommúnista. Einar gerði sér vonir um, að Davíð myndi snúast til kommúnisma, og kom því í kring, að honum var boðið til Rússlands 1928, í tengslum við þing Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns. Davíð hafði að vísu djúpa samúð með lítilmagnanum, eins og sést á mörgum ljóðum hans, en taldi sameignarskipulag lítt stöða til að bæta hlut hans. Eftir ferðina sagði hann opinberlega kost og löst á Rússlandi, eins og það hafði komið honum fyrir sjónir. Árið 1929 gaf hann út fjórðu ljóðabók sína, *Ný kvæði*, við góðar viðtökur. Nú var Davíð orðinn sannkallað þjóðskáld, og var ljóðaflokkur eftir hann valinn til flutnings á hátíð á Þingvöllum í júní 1930 í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis á Íslandi. Samdi vinur Davíðs, Páll Ísólffson, tónlist við hann. Lifa mörg ljóð úr flokknum á vörum þjóðarinnar, til dæmis „Þú mikli, eilífi andi“, sem er vinsæll sálmur, „Sjá dagar koma“ og „Brennið þið, vitar“. Þjóðhátíðarárið komu ljóðabækur Davíðs út í *Kvæðasafni* í tveimur bindum. Fimmta ljóðabók hans birtist árið 1933, *Í byggðum*, og hin sjötta árið 1936, *Að norðan*, og voru viðtökur þeirra jafngóðar og fyrri bóka hans. Davíð dvaldist í Noregi og Danmörku veturinn 1936–1937 og skrappt þá einnig suður í álfu.

Fyrstu ár stríðsins haslaði Davíð sér óvænt nýjan völl. Hann gaf út skáldsöguna *Sólon Íslandur* í tveimur bindum árið 1940 og leikritið *Gullna hliðið* árið eftir. Fengu bæði verkin afbragðsdóma og nutu vinsælda. Sigurður Nordal fagnaði skáldsögunni: „Þessi bók er ævintýri í skáldferli Davíðs Stefánssonar. Það er öfundsvert hlutskipti hálfmimmugs manns að hafa fundið hinum ríku hæfileikum sínum nýjan farveg, koma samtíð sinni á óvart í nýjum hertygjum eftir að hafa verið sigurvegari frá barnæsku í annarri íþjótt.“ *Gullna hliðið*, sem Davíð samdi upp úr þjóðsögu, hefur margsinnis verið fært upp í leikhúsum á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. Davíð sneri sér þó aftur að ljóðlistinni, og haustið 1947 kom út eftir hann *Ný kvæðabók* og seldist feikivel. Skáldið átti eftir að gefa út tvær ljóðabækur í viðbót, *Ljóð frá liðnu sumri* 1956 og *Í dögun* 1960. Var þeim báðum fagnað vel. En Davíð hafði lengi átt við vanheilsu að stríða og lést 1. mars 1964. Ári síðar gáfu fimmtán vinir hans, þar á meðal Nordal og Páll Ísólffson, út greinasafn um hann, *Skáldið frá Fagraskógi*. Að Davíð látnum kom út bókin *Síðustu ljóð* eftir hann, árið 1966. Frið-

rik Olgeirsson hefur samið ævisögu hans. Sjónvarpið sýndi 1987 heimildarmynd um Davíð, og sá Gunnar Stefánsson um hana.

Davíð gaf sig aldrei að stjórnmalum, þótt faðir hans og bróðir sætu báðir á þingi, Stefán Baldvin Stefánsson fyrir Heimastjórnarflokkinn og síðar Framsóknarflokkinn og Stefán Stefánsson fyrir Bændaflokkinn og síðar Sjálfstæðisflokkinn. Voru þeir feðgar báðir bændur í Fagraskógi. Þótt Einar Olgeirsson hefði reynt að laða Davíð til fylgis við sameignarstefnu, gerðu kommúnistar sér fljótlega grein fyrir, að hann skipaði sér seint í þeirra lið. Hann talaði af andagift fyrir rótgrónum íslenskum viðhorfum, ættjarðarást og einstaklingshyggju, íhaldssemi og frjálslýndi í senn. Þjóðin fann sjálfa sig í ljóðum hans, og er því ekki að furða, hversu vinsælt skáld hann varð. Í framsöguræðu sinni á stofnfundi Félags byltingarsinnaðra rithöfunda 1933 sagði Kristinn E. Andrésson, að eitt verkefnið framundan yrði að fletta ofan af Davíð Stefánssyni. Jóhannes úr Kötlum gerði skopstælingu á ljóði eftir Davíð, og annar róttækur rithöfundur, Gunnar M. Magnúss, skrifaði í lítilsvirðingartón: „Við viljum ekki heyra eingöngu söknuðinn í orðum skáldsins, ekki sjá bæjarburstirnar hverfa og blómlegar jarðir leggjast í eyði, heldur heyra söng framtíðarinnar, bjartan og skæran.“ Sjálfur svaraði Davíð sósíalístum í ljóðinu „Vér skipuleggjum“:

Því betur unir fólk sínum fjötrum
sem fleiri klæðast andlegum töttrum,
og allt, sem verður á borðin borið,
skal brennt og malað og klippt og skorið.

Hann gekk í Félag íslenskra rithöfunda, sem Guðmundur G. Hagalín hafði forystu um að stofna 1945.

Ræðu þá, sem hér er prentuð, flutti Davíð á héraðsmóti Sjálfstæðisflokksins í Vérmörk í Egilsstaðaskógi sunnudaginn 3. ágúst 1958, en þar talaði einnig formaður flokksins, Ólafur Thors. Þeir Davíð höfðu verið góðir vinir allt frá Reykjavíkurárum skáldsins, og var Ólafur einn af tíu mönnum, sem gáfu Þjóðleikhúsinu stytta af Davíð á sextugsafmæli hans 1955. Ræða Davíðs var þróttmikil vörn fyrir þjóðrækni og ádeila á einræðishugarfar, þótt sumt í menningarrýni hans myndu menn á 21. öld eflaust orða öðru vísi. Þegar Davíð flutti hana, sat vinstri stjórn í landinu, sem ætlað hafði að slíta varnarsamstarfi við vestrænar þjóðir, þótt hún hyrfi frá því, og stóraukið hafði margvísleg höft, eins og skáldið vék að. Rösku ári síðar myndaði Ólafur Thors viðreisnarstjórnina, samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem treysti varnarsamstarfið og létti af höftum.

RITHÖFUNDARNIR SEX, sem þessar ræður fluttu á tímabilinu 1950–1958, voru allir komnir til vits og ára, þegar Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918. Gunnar Gunnarsson var þeirra elstur, fæddur vorið 1889, en Kristmann Guðmundsson yngstur, fæddur haustið 1901. Það tók þá mislangan tíma að hefja opinberlega

baráttu gegn þeirri hugmynd, að breyta skyldi hinu nýja ríki í Sovét-Ísland. Þrír þeirra höfðu að vísu aldrei verið kommúnistar, Gunnar Gunnarsson, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og Tómas Guðmundsson. Kristmann Guðmundsson hafði færst frá róttækni æskuára sinna, fylgdi Sjálfstæðisflokknum að málum og taldi sig samt jafnaðarmann, en þeir Guðmundur G. Hagalín og Sigurður Einarsson voru alla tíð jafnaðarmenn og bundust aldrei kommúnisma, þótt Sigurður væri hallur undir hann um skeið. Eins og þeir Tómas, Sigurður og Davíð lýsa, greyptist athöfnin við Stjórnarráðið 1. desember 1918 í huga þeirra. Þeir vissu, að með henni urðu tíma-mót í Íslandssögunni, ný verkefni biðu hinnar fullvalda þjóðar.

Meginatriðið í andstöðu þessara sex rithöfunda við kommúnismann var, að hann væri alræðisstefna eins og nasismi. Þessar tvær stefnur væru greinar af sama meidi. Stalín væri engu skárri en Hitler. Kommúnistar vildu ekki aðeins stjórna athöfnum manna, sögðu þeir, heldur líka hugsun, og hirtu sjaldnast um að leyna því. Í títtnefndri ræðu sinni á stofnundi Félags byltingarsinnaðra rithöfunda 1933 velti Kristinn E. Andrésson því fyrir sér, hvort erfitt yrði að fá Jóhannes úr Kötlum til að hverfa frá „kreddu skáldlegs frjálsræðis“. Áhyggjur hans reyndust ástæðulausar. Í blaðagrein frá 1946 vísaði Jóhannes þeirri hugmynd á bug, að „frelsi skáldsins eigi að vera hafið yfir frelsisbaráttu fólksins með öllum þeim skorðum, sem hún hlýtur að setja á slíkum úrslitatímum sem nú.“ Þeir Kristinn og Jóhannes staðfestu þannig það, sem höfundarnir í þessari bók héldu fram, að í Sovét-Íslandi yrði andlegt frelsi ekki virt. Það land yrði engu betra en önnur leppríki ráðstjórnarinnar í Moskvu. Gegn draumsýninni um Sovét-Ísland tefldu ræðumennirnir sex, Tómas, Gunnar og samherjar þeirra, fram þremur meginstöðum vestrænnar menningar, umburðarlyndi, kristindómi og þjóðrækni.

Umburðarlyndið spratt upp úr þeirri niðurstöðu vestrænna þjóða eftir blóðug trúarstríð og kúgunartilburði kónga og keisara öldum saman, að enginn einn maður eða flokkur sæti inni með allan sannleikann, heldur dreifðist hann á einstaklingana, hver maður ætti sitt þekkingarbrot. Þess vegna yrði að umbera ólíkar skoðanir, skipta ríkisvaldinu og dreifa hagvaldinu, eins og gert væri samkvæmt stjórnarskrám vestrænna menningarríkja, tryggja trúfrelsi, málfrelsi, prentfrelsi, atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttarins. Vissulega væri mannlífið ófullkomið, en besta ráðið til að bæta það fælist í frjálsri sannleiksleit, sem þó lyki aldrei. Vísindin væru frjáls samkeppni hugmynda, ekki forskrift um eitthvert eitt fyrirmyndarríki. Fagar listir fengju ekki heldur þrífist og dafnað án andlegs frelsis. Sitt væri líka hvað, að umbera skoðanir og samþykkja. Menn gætu beitt sér fyrir frelsi annarra til að mæla fyrir skoðunum, sem þeir væru þó sjálfir andvígir.

Í annan stað játuðu þessir rithöfundar allir kristna trú, þótt sumir þeirra, ekki síst Gunnar Gunnarsson og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, hefðu verið og væru ef til vill enn gagnrýnir á kirkjuna sem stofnun. Í kristni þeirra fólst andstaða við hardstjóra, sem settu sig ofar lögunum og reyndu að leika guði. Samkvæmt kristinni trú höfðu allir menn sál, karlar og konur, ríkir og fátækir, hvítir og svartir, og voru

jafnir fyrir Guði. Af því leiddi, að virða varð fullt og jafnt frelsi einstaklinganna og reyna að finna reglur til að komast hjá árekstrum og átökum, þegar þeir kepptu að ólíkum markmiðum, en mikilvægustu reglurnar voru um almenn mannréttindi. Arfhelgar reglur, skráðar og óskráðar, urðu að setja valdinu skorður. Ef Guð er ekki til, þá er allt leyfilegt, sagði Dostojevskíj. Marxisminn fól ekki aðeins í sér þá gagnrýni á trúarbrögð, að þau væru tilraun til að deyfa sársaukann af ófullkomnu jarðlífi („Opium des Volkes“ samkvæmt kenningu Marx), heldur var hann sjálfur eins konar and-trú: Eftir eyðimerkurgönguna kæmi fyrirheitna landið. En einn munurinn á kristinni trú og marxisma var, að frelsunin, sáluhjálpin, í kristinni trú var einstaklingsbundin, en marxistar beittu sér fyrir „samvirkri framningu þjóðarinnar“, eins og Laxness orðaði það. Kristin trú krafðist þess vegna ekki mannfórna, líkamegrar útrýmingar þeirra stétta, sem ekki voru taldar eiga heima í fyrirheitna landinu. Skylt þessu var, að í kristindómi var gert ráð fyrir aðskilnaði andlegs og veraldlegs valds. Menn áttu að gjalda keisaranum það, sem keisarans var, Guði það, sem Guðs var. Enginn slíkur aðskilnaður var virtur í ríkjum kommúnista. Þar voru skoðanir ekki taldar einkamál manna, sem þeir gætu fengið að hafa í friði fyrir stjórnvöldum.

Síðast, en ekki síst, vísuðu rithöfundarnir sex til þjóðlegra verðmæta í andstöðu sinni við kommúnismann, þótt þeir hefðu þá frekar í huga jákvæðan þátt þjóðernisstefnu, samvitund þjóðar, en neikvæðan, ógn af öðrum. Vissulega mátti skipta Íslendingum í stéttir, eins og sósíalistar héldu fram, og sumir áttu meiri eignir eða höfðu hærri tekjur en aðrir. En stéttaskipting var ekki aðalatriðið og því síður stéttabarátta, töldu þeir, heldur hitt, að Íslendingar mynduðu eina þjóð, töldu sömu tungu, deildu sömu sögu. Þeir voru afkomendur manna, sem flust höfðu fyrir þúsund árum til Íslands, af því að þeir vildu vera „frjálsir af ágangi konunga og illræðismanna“, eins og einn landnámsmaðurinn, Grímur háleyski, orðaði það. Á fyrsta fundi samninganefnda Íslands og Danmerkur sumarið 1918 lögðu Íslendingar fram yfirlýsingu, þar sem sagði meðal annars: „Þessi atriði, sérstök tunga og sérstök menning, teljum vér skapa oss sögulegan og eðlilegan rétt til fullkomins sjálfstæðis.“ Skiptingin í þjóðir er miklu djúprættari en í stéttir. Íslendingum tuttugustu aldar fannst gott að eiga sálufélag við þær þrjátíu og þrjár kynslóðir, sem byggt höfðu landið á undan þeim, við Ingólf Arnarson, Auði djúpúðgu, Egil Skalla-grímsson, Guðrúnu Ósvífursdóttur, Guðríði Þorbjarnardóttur, Snorra Sturluson, Hallgrím Pétursson og Jónas Hallgrímsson að ógleymdum öllum ömmunum og mömmunum, sem kennt höfðu börnum heilræði, vísur og sögur frá liðnum öldum. Þeir minntust Staðarhóls-Páls, sem kropið hafði konungi með öðrum fæti, en staðið í hinn, og sagt: „Ég lýt hátigninni, en stend á réttinum.“

Þeir, sem eiga ræður á þessari bók, skildu allir, að þjóðrækni þarf ekki að vera þjóðremba. Lítil þjóð getur komið fram af fullri rein. Það var til dæmis í anda Staðarhóls-Páls, að Jón Sigurðsson, leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar, gerði háar fjárkröfur á hendur Dönum, áður en fjárhagur Íslands og Danmerkur var skilinn að

árið 1871. Auðvitað vissi Jón, að Danir myndu ekki samþykkja útreikninga hans á skuld þeirra við Íslendinga, enda mátti deila um þá til eilífðarnóns. En hann vildi ekki þiggja ólmusu, heldur taka við skaðabótum, sem Íslendingar ættu rétt á. Það skiptir máli, undir hvaða formerkjum greiðslur eru inntar af hendi. Í ársbyrjun 1874 bauð Kristján IX. Danakonungur Jóni til sín í höll sína og skýrði honum frá því, að nú hefði hann skrifað undir stjórnarskrá. Hún var sett með skírskotun til Stöðulaganna, sem Danir höfðu sett þremur árum áður án samráðs við Íslendinga og Jón var andvígur. Þjóst konungur eflaust við, að Jón lýsti yfir ánægju sinni. „Þetta er góð byrjun, yðar hátign,“ sagði Jón kurteislega.

Annað atvik sýnir líka heilbriggt þjóðarstolt, sem er langt frá því að vera þjóðardramb. Þegar Hannes Hafstein, skáld og Íslandsráðherra, mætti á ríkisráðsfund í Kaupmannahöfn haustið 1913, sagði konungur, Kristján X., að tilefnislausu, að Íslendingar væru ókurteisir, þrjóskir og agalausir. Hannes stóð upp, sneri sér að konungi og sagðist harma orð hans, ekki sjálfs sín vegna, heldur Íslendinga, og gæti hann því ekki setið þennan fund. Gekk hann út. Danskir ráðherrar sögðu konungi, að þeir myndu líka víkja af fundi, brygðist konungur ekki við. Kristján X. sá sitt óvænna, lét senda eftir Hannesi, sem var að ganga út úr höllinni, og bað hann afsökunar. Hannes þakkaði konungi fyrir að eyða misskilningi og kvaðst sjálfur biðjast afsökunar, hefði hann í einhverju móðgað hans hátign. Svipað er að segja um íslenska ráðamenn að fengnu fullveldi, ekki síst þá Ólaf Thors og Bjarna Benediktsson, sem fóru með utanríkismál á hinum örlagaríku tímum frá 1944 til 1953. Þótti erlendum samningamönnum nóg um, hversu hart þeir gengju fram í að gæta hagsmuna Íslendinga, á sama tíma og þeir sættu síendurteknum landráðabrigslum sósíalista.

Það er vitaskuld rétt, sem íslenskir sagnfræðingar hafa bent á, að sagnritun sjálfstæðisbaráttunnar mótaðist af ofuráherslu á einingu þjóðarinnar gegn erlendri ásælni og undirokun, svo að því voru ekki gerð nægileg skil, að innan lands toguðust á sjónarmið og hagsmunir, auk þess sem margt annað skipti máli en afstaðan til norskra og danskra valdsmanna. Í rösk þrjú hundruð ár, frá því í lok fimmtánda aldar og fram á öndverða níttjándu öld, leitaðist fámenn íslensk landeigendastétt í bandalagi við Danakonung við að halda niðri hinum arðbæra sjávarútvegi og koma í veg fyrir þéttbýlismyndun. Þess er því ekki að dyljast, að þjóðin var á fyrri öldum klofin, sundruð. En svo var og um og eftir miðja tuttugustu öld, þegar breitt bil var milli þeirra, sem tryggja vildu fullvalda Íslandi traustar varnir, og hinna, sem stefndu að Sovét-Íslandi með stuðningi hátt í fimmtungs kjósenda.

Íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar voru ekki aðeins óþjóðlegir, vegna þess að þeir gerðu í skrifum sínum stundum lítið úr þjóð sinni, enda nær andlegt frelsi líka til slíks málflyttings, heldur vegna þess að þeir gengu beinlínis erinda erlends stórveldis og tóku hagsmuni þess fram yfir hagsmuni Íslands, eins og sumir höfundar í þessari bók héldu einmitt fram. Skjöl, sem fundust í Moskvu og Austur-Berlín, eftir að Berlínarmúrinn hrundi 1989 og Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur

1991, staðfesta þetta mat. Til dæmis voru Félag byltingarsinnaðra rithöfunda og útgáfufyrirtækið Heimskringla stofnuð samkvæmt fyrirmælum árið 1933 frá Komintern, Alþjóðasambandi kommúnista í Moskvu. Mál og menning naut líka styrkja frá Moskvu allt frá 1940. Svo virðist sem aðeins hafi tveir menn tekið á móti Rússagullinu, þeir Einar Olgeirsson og Kristinn E. Andrésson. Var það venjulega gert með launung í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík. Það þurfti því ekki að vera undrunarefni, að Máli og menningu skyldi þrátt fyrir smæð þjóðarinnar takast að reisa tvö stórhýsi yfir starfsemi sína, við Laugaveg 18 (sem andstæðingar sósíalista kölluðu „Rúbluna“) og Þingholtsstræti 27. Sósíalistaflokkurinn átti önnur tvö stór hús, við Skólavörðustíg 19 og Tjarnargötu 20. Síðustu styrkirnir til Máls og menningar, sem vitað er um, voru reiddir af hendi eftir sérstakri samþykkt miðstjórnar kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna árin 1971 og 1972, og runnu þeir beint til Kristins E. Andréssonar fyrir dygga þjónustu í nær fjörutú á. Hafði hann svo sannarlega unnið til þessara eftirlauna.

Sósíalistar unnu gegn hagsmunum Íslands með andstöðu sinni við það, að hinu fullvalda ríki yrðu tryggðar varnir, svo að því biði ekki sama hlutskipti og Eystrasaltslanda. Ólafi Thors hafði fallið vel samstarfið við sósíalista í Nýsköpunarstjórninni 1944–1947, en síðan orðið fyrir sárum vonbrigðum: „Þeir vinna fyrir Rússa, en ekki Ísland,“ skrifaði hann dapur. Sú harða og óbilgjarna kjarabarátta, sem sósíalistar skipulögðu, torveldaði líka þær kjarabætur, sem verða við eðlilegan vöxt atvinnulífsins og aukna eftirspurn eftir vinnuafli. Ýmis einstök dæmi má síðan nefna um það, hvernig sósíalistar beittu sér gegn hagsmunum Íslands. Vorið 1947 bað Einar Olgeirsson ráðstjórnina leynilega um að fara sér hægt í viðskiptasamningum við Íslendinga og koma með því ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefáns-sonar, sem tekið hafði við af Nýsköpunarstjórninni, í klípu. Varð ekkert úr samningum, þótt því réði eflaust frekar greining Kremlverja á aðstæðum en eggjunarorð Einars. Þetta sama vor skrifaði Halldór Kiljan Laxness í blað danskra kommúnista, að vissulega ættu Danir að skila Íslendingum fornum handritum íslenskum, en þá röksemd mætti þó færa gegn því, að landsölumenn stjórnðu nú Íslandi og væru vísir til að selja handritin Bandaríkjamönnum!

MUNURINN Á STJÓRNMÁLUM á vinstri væng á Íslandi annars vegar og í Svíþjóð, Danmörku og Noregi hins vegar var einkum tvenns konar: Samtals voru vinstri flokkar á Íslandi, Alþýðuflokkurinn og fyrst kommúnistaflokkurinn og síðar Sósíalistaflokkurinn, hlutfallslega talsvert minni en austan Atlantsála; og styrkleika-hlutföllin innan þeirra voru öflug við það, sem gerðist í Svíþjóð, Danmörku og Noregi, því að hér var Sósíalistaflokkurinn öflugri en Alþýðuflokkurinn, en kommúnistar höfðu sáralítið fylgi í þessum þremur löndum. Hvernig verður þetta skýrt? Sennilega stafar tiltöluleg smæð „vinstrisins“ á Íslandi í samanburði við mið- og hægri flokka, Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk, aðallega af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi höfðu Íslendingar háð sjálfstæðisbaráttu allt fram til 1918 og þjóð-

erniskennd var hér öflug, svo að til varð fjölmennur mið- og hægri flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, sem sprottinn var upp úr flokkum sjálfstæðisbaráttunnar, Heimastjórnarflokknum og Sjálfstæðisflokknum gamla. Önnur ástæðan er, að hér höfðu orðið stórstígar framfarir að fengnu verslunarfrelsi árið 1855, ekki síst í sjávarútvegi. „Menn höfnuðu „stéttastjórn málum“ afdráttarlaust, vegna þess að þeir töldu, að markaðsbúskapurinn hefði verið þeim sjálfum og þjóðinni allri til hagsbóta og yrði það áfram. Þennan búskap tengdu menn oft við framkvæmdir einstakra athafnamanna, sem sprottnir voru úr sama jarðveg og verkafólkið og stóðu því nærri,“ segir Þór Whitehead sagnfræðiprófessor. Í þriðja lagi var iðnþróun miklu skemur á veg komin á Íslandi en í Svíþjóð, Danmörku og Noregi, þegar nútímaflokkar voru að myndast hér á þriðja áratug tuttugustu aldar, svo að ekki var þá orðinn til hér eins fjölmennur hópur láglaunafólks í þéttbýli og þar, en hann var einmitt stærsti kjósendahópur norrænna jafnaðarmanna. Enn hafði hið gamla bændaveldi líka talsverð ítök, eins og fylgi Framsóknarflokks sýndi.

Hverjar gátu þá verið skýringarnar á hinu, að innan vinstrisins voru kommúnistar öflugri en lýðræðisjafnaðarmenn? Á því furðuðu sig einmitt nokkrir ræðumenn í þessu riti. Líklega má þá til samanburðar líta til Finnlands, þar sem kommúnistar voru líka tiltölulega öflugir, frekar en annarra Norðurlanda. Finnland, sem lýsti yfir sjálfstæði í árslok 1917, og Ísland, sem varð fullvalda 1918, voru ný ríki og jafnvel nýfrjáls, svo að lýðræðishefðir voru eflaust ekki eins rótgrónar og í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Finnskir og íslenskir vinstri menn voru því móttækilegri fyrir áróðri kommúnista en aðrir Norðurlandabúar. Í annan stað voru Finnland og Ísland miklu fátækari lönd árin milli stríða, þegar flokkaskipting var að mótast, en önnur Norðurlönd, en fátækt hefur iðulega reynst kommúnistum drjúgur liðsauki. Í löndum, þar sem „öreigarnir“ hafa engum hlekkjum að týna, heldur íbúð, bíl, heimilistækjum, föstu starfi, ellilífeyri og árlegri sólarlandaferð, sá byltingarseggir í grýtta jörð. Í þriðja lagi er ekki fráleitt að ætla, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem gekk fram undir kjörorðinu „Stétt með stétt“, hafi fengið eitthvað af því fylgi launþega í þéttbýli, sem jafnaðarmenn nutu á öðrum Norðurlöndum, og Alþýðuflokkurinn að sama skapi orðið veikari. Fjórða skýringin kann að vera hinn mikli stuðningur Kremlverja við kommúnista og vinstri sósíalista og hliðarsamtök þeirra, aðallega Mál og menningu, áratugum saman. Um slíkan stuðning munaði miklu meira í fámennu landi nýfrjálsrar þjóðar en fjölmennum, auðugum löndum með langa sjálfstjórnarsögu og rótgrónar hefðir eins og Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Fimmta skýringin á því, að kommúnistar og vinstri sósíalistar urðu Alþýðuflokknum yfirstærkari innan vinstrisins, kann að hljóma eins og öfugmæli. Kommúnistaflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn fóru eftir ítrekuðum fyrirætlum Kominterns til deilda sinna um allan heim að nýta sér þjóðernisstefnu, sem var einmitt sterk á Íslandi, einnig hinn neikvæði þáttur hennar, ógn af öðrum. Í áróðri sósíalista eftir stríð tók því Bandaríkjahatur við af Danahatri, en Bandaríkin sömdu við Íslendinga um að hafa hér herstöð 1941–1946 og aftur frá 1951. Alþýðuflokkurinn

var hins vegar eini stjórn mála flokkurinn, sem beitti lítt þjóðernisrökum, þótt vissulega væru flokksmenn hans í þessari bók, Guðmundur G. Hagalín og séra Sigurður Einarsson í Holti, þjóðræknir.

Því kann þessi síðasta skýring að hljóma eins og öfugmæli, að marxismi er í eðli sínu andstæður hvers kyns þjóðernisstefnu. Marx og Engels töluðu um smáþjóðir af fullkominni fyrirlitningu. Engels skrifaði til dæmis í bréfi til Marx 1846:

Svíar lítilsvirða Dani sem þýsk-mengaða, úrkynjaða, rausgjarna og veikgeðja. Norðmenn fyrirlíta fransk-mengaða Svía með sinn aðal og gleðjast yfir því að í Norge sé einmitt þetta sama fávíska bændaþjóðfélag og á tímum Knúts ríka. Þeir eru aftur á móti svívirtir af Íslendingum, sem enn tala alveg sömu tungu og þessir subbulegu víkingar frá anno 900, súpa lýsi, búa í jarðhýsum og þrífast ekki nema loftið lykta af úldnum fiski. Ég hef oftsinnis freistast til þess að vera stoltur af því að vera þó ekki Dani, hvað þá Íslendingur, heldur bara Þjóðverji.

Engels hafði svipað að segja 1848 í nafnlausri grein í blaði, sem Marx ritstýrði. Árið 1855 minntist Marx sjálfur á Íslendinga í samtali við þýskan sósíalista, sem hafði sagt, að enskan hefði spillt af frönsku. Marx sagði þá háðslega, að Hollendingar og Bretar segðu hið sama um þýskuna, en „Íslendingar“ (og setti Marx gæsalappir utan um nafnið í bréfi til Engels) væru „hinir einu sönnu ómengduðu piltungar“.

Þótt kommúnistar og vinstri sósíalistar á Íslandi væru oftast utan ríkisstjórnar en innan, sérstaklega þegar Kalda stríðið var sem harðast, voru þeir frekar innanbúðarmenn en kommúnistar á öðrum Norðurlöndum. Í Svíþjóð, Danmörku og Noregi vísuðu jafnaðarmenn á bug samstarfi við kommúnista og stjórnunðu oftast einir eða með stuðningi lítilla miðflokka. Jafnvel í Finnlandi var svokallað Lýðræðisbandalag, sem svipaði um margt til Sósíalista flokksins og Alþýðubandalagsins, utan stjórnar frá 1948 til 1966. Og íslenskir vinstri sósíalistar höfðu þrátt fyrir takmarkaðan aðgang að ríkisvaldinu víðtæk áhrif vegna ítaka sinna í menningarlífi og verkálýðshreyfingu. Mörg dæmi má nefna um þau áhrif. Árið 1941 deildu sósíalistar hart á Menningar- og fræðslusamband alþýðu, MFA, sem var undir stjórn jafnaðarmanna, fyrir að gefa út fyrri hluta ritsins *Úr álögum* eftir Jan Valtin, flugumann Kominterns, og varð það til þess, að MFA treysti sér ekki til að gefa út seinni hlutann. Hann gáfu „Nokkrir félagar“ út árið 1944, en í heild var ritið endurprentað í þessari ritröð árið 2015. Og Sigurður Nordal, sem var enginn sósíalisti, en langáhrifamesti bókmenntaskýrandi Íslendinga fram undir og jafnvel eftir miðja tuttugustu öld, tók sæti í stjórn Máls og menningar, gaf út bókina *Íslenska menningu* hjá félaginu 1942 og skrifaði sama ár formála að áróðursriti eftir Hewlett Johnson, *Undir ráðstjórn*. „Ég efast ekki um, að höfundur segir satt,“ skrifaði Nordal í formálanum, og voru rökkin þau, að í Bretlandi væri málsmetandi mönnum ekki þolað að segja ósatt! Kristinn E. Andrésson lagði kapp á að fá til liðs við sig menn utan hins þrönga

hrings yfirlýstra ráðstjórnarvina. Sátu þeir Gunnar Gunnarsson, Ragnar Jónsson í Smára og Páll Ísólffsson í félagsráði Máls og menningar frá upphafi og fram til 1953. Nordal vék sama ár úr stjórn, en sat áfram í félagsráði.

Gagnsókn lýðræðissinna í menningarbaráttu Kalda stríðsins á Íslandi hófst með fjórum af þeim ræðum, sem hér eru prentaðar, þeirra Tómasar Guðmundssonar í ársbyrjun 1950, Gunnars Gunnarssonar haustið 1954 og Kristmanns Guðmundssonar og Guðmundar G. Hagalíns vorið 1955. Höfundarnir voru í hópi dádustu skálda þjóðarinnar, og sættu ræðuhöld þeirra tíðindum, eins og sjá má á samtímaheimildum. Stofnun Almenna bókafélagsins sumarið 1955 markaði síðan tímamót, en helstu hvatamenn að henni voru þeir Gunnar Gunnarsson og Bjarni Benediktsson, þá varaformaður Sjálfstæðisflokksins og menntamálaráðherra, og gegndi Eyjólfur Konráð Jónsson starfi framkvæmdastjóra af miklum dugnaði fyrstu fimm árin. Félaginu var ekki stefnt gegn Máli og menningu, heldur átti að mynda mótvægi við það. Þá fengu lýðræðissinnaðir rithöfundar loks traustan bakhjarl. Gunnar Gunnarsson var formaður bókmenntaráðs Almenna bókafélagsins frá upphafi og til 1959, en Tómas Guðmundsson frá 1960 til dánardags. Þeir Kristmann Guðmundsson, Guðmundur G. Hagalín og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi sátu einnig í fyrsta bókmenntaráði félagsins.

Framganga skáldanna fjögurra og Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi nokkrum árum síðar til varnar vestrænni menningu og ráðstafana hins fullvalda íslenska ríkis í öryggismálum varð þeim ekki útlátalaus, þótt vissulega nytu þau flest góðs veraldargengis og stuðnings öflugra stjórnmalaflokka. Jónas Árnason var blaðamaður á *Þjóðviljanum*, á meðan Kristinn E. Andrésson var þar ritstjóri. „Meðal annars varð hann þess valdandi, að ég fylltist svo miklum fordómum gagnvart vissum rithöfundum, að ég opnaði aldrei bók eftir þá.“ Átti Jónas þá aðallega við Hagalín. „Ungum mönnum og róttækum af minni kynslóð datt varla í hug að opna bækur eftir menn sem höfðu jafn aumar skoðanir á tilverunni og Hagalín eða Kristmann,“ sagði Árni Bergmann ritstjóri. Skáldið Jón Óskar lýsti andrúmsloftinu á Miðgarði, sem var kaffihús við Óðinsgötu 1, í sama húsi og skrifstofa Sósíalístaflokksins var lengi. Þar var talað illa um Gunnar Gunnarsson og Kristmann Guðmundsson, hnýtt í Tómas Guðmundsson, en ekki minnst á Guðmund G. Hagalín. Hins vegar var Laxness dýrkaður þar á bæ. „Aðdáunin var svo afdráttarlaus,“ sagði Agnar Þórðarson, rithöfundur og bókavörður, „að hún var á kostnað margra ágættra höfunda, sem ég mat síðar mjög mikils, þegar einsýnin hafði þokað fyrir hófsamara mati.“ Lengi eimdi eftir af þessum viðhorfum. Árið 1978 gaf Heimir Pálsson, aðstoðarskólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð, til dæmis út yfirlitsrit fyrir skóla um íslenska bókmenntasögu og minntist þar ekki einu orði á Gunnar Gunnarsson, en nefndi sérstaklega, að barátta Laxness fyrir bættum kjörum alþýðu hefði hafist með *Alþýðubókinni* 1929.

Þegar Laxness sneri opinberlega baki við gömlum félögum í Sósíalístaflokknunum og viðurkenndi og reyndi að skýra þau ósannindi, sem hann og aðrir gestir í Ráð-

stjórnarríkjunum hefðu látið frá sér fara um sósíalismann þar eystra, var hann vegna Nóbelsverðlaunanna orðinn öðrum óháður. Hann þurfti ekki að hafa áhyggjur af því, þótt gömlu stálinistarnir Gunnar Benediktsson og Þórbergur Þórðarson deildu á hann. Aðrir uppgjafasósíalistar bjuggu við erfiðari aðstæður. Sigfús Daðason skáld var ritstjóri *Tímarits Máls og menningar*. Hann hafði árið 1963 hafnað með nokkrum þóttá ritgerðum eftir Arnór Hannibalsson, sem þá var nýkominn úr löngu heimspekinámi í Rússlandi og gagnrýninn á stjórnarfar þar eystra. En á Sigfús runnu tvær grímur. Árið 1968 samdi hann grein til að mótmæla innrás Ráðstjórnarríkjanna í Tékkóslóvakíu. Hann treysti sér þó ekki til að birta hana af tillitsemi við yfirmann sinn, Kristín E. Andrésón. Eins og Sigfús hafði áður ort:

Sjálfgerðir fjötrar
eru traustastir fjötra.

Þegar Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri Almenna bókafélagsins, reyndi að fá Sverri Kristjánsson sagnfræðing til að takast á hendur verkefni fyrir Almenna bókafélagið, sagðist Sverrir ekki geta það, því að vinir sínir í röðum sósíalista myndu taka því illa. Seinna sagði Sverrir Ævari Kvaran leikara, að hann hefði misst trúna á sósíalismann, en gæti ekki sagt skilið við sína gömlu vini.

Sjálfur Jóhannes úr Kötlum, höfundur kvæðisins um Sovét-Ísland, hafði líka orðið fyrir sárum vonbrigðum með sósíalismann, en hann trúði Jóni Óskari skáldi og Baldvin Tryggvasyni framkvæmdastjóra fyrir því, hvorum í sínu lagi, að hann treysti sér ekki til að ganga opinberlega úr röðum sósíalista. Þá myndi hann missa alla sína gömlu vini. Skáldið úr Kötlum þekkti sitt heimafólk og vissi, að það myndi ekki meta við hann að hafa það, sem sannara reyndist. Þess í stað kvað Jóhannes varfærnislega um vonbrigði sín:

Við krakkarnir erum í skollaleik
og nú hefur einhver leikið á mig,
— hver hefur nú leikið á mig?
Skyldi það vera strákurinn frá Gorí
eða strákurinn úr Mosfellssveitinni
eða strákurinn frá Sjaósjan
ellegar kannski stelpurnar?

Strákurinn frá Gorí var Stalín, strákurinn úr Mosfellssveitinni Halldór Kiljan Laxness og strákurinn frá Sjaósjan Maó. Þeir Kristinn E. Andrésón og Þórbergur Þórðarson voru hins gegar stálinistar fram í rauðan dauðann.

STUNDUM ER SAGT, að sigurvegararnir skrifi söguna. Það á þó ekki við um Kalda stríðið á Íslandi. *Morgunblaðið* hafði áratugum saman haldið uppi harðri baráttu

gegn íslenskum sósíalístum og ráðstjórnarvinum. En eftir að Kalda stríðinu lauk með sigri Vesturveldanna, Berlínarmúrinn hrundi 1989 og Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur 1991, ákvað aðalritstjóri blaðsins, Matthías Johannessen skáld, að reyna að taka gamla sósíalista í sátt frekar en að gera upp við þá. Taldi hann, að græða þyrfti sárin úr þessu stríði. Því var ekki efnt til neins uppgjörs við íslenska ráðstjórnarvini á síðum *Morgunblaðsins*. Og lýðræðissinnar fögnuðu ekki lengi sigri í menningarbaráttunni. Þegar leið að lokum tuttugustu aldar, breyttust lestrarvenjur Íslendinga og aðrar aðstæður á bókamarkaði. Almenna bókafélagið var þá orðið svipur hjá sjón og varð gjaldþrota árið 1996. Þrátt fyrir nokkra erfiðleika hélt Mál og menning hins vegar velli, ekki síst vegna þess að félagið var öflugt á námsbókamarkaði og naut þess þar, að þorri kennara var og er vinstri sinnaður.

Svo var að sjá þessi árin sem vofa stálfínismans gengi enn ljósum logum um íslenskt menningarlíf. Árið 1992 sagði Þórarinn Eldjárn skáld, að sósíalisminn hefði brugðist og að sumir baráttumennirnir gegn bandarískum áhrifum á Íslandi hefðu haft annað í pokahorninu. Árni Bergmann, sem sat í ritnefnd *Tímarits Máls og menningar*, svaraði honum óðar og taldi annað og meira hafa vakað fyrir íslenskum sósíalístum en trú á Moskvustjórnina. Þórarinn orti þá sonnettu:

Gegnum talstöð á ég við þig orð
enda ekki lengur munstraður um borð.

Skrifaði þá Mördur Árnason, starfsmaður Máls og menningar, að sonnettan væri illa ort og vanhugsuð. „Sá sem afmunstraðist — er hann núna kominn á land og farinn að vinna á lífsins lager? Eða er hann bara búinn að fá annað skip?“ Annar sósíalisti, Franz Gíslason, orti kvæði af þessu tilefni:

Mér gagnar lítt að eiga við þá orð
sem eru horfnir, stukku fyrir borð.

Gripu þeir Mördur og Franz báðir til svikabrigsla, eins og sósíalistar höfðu jafnan gert í Kalda stríðinu, þegar menn gengu úr liði þeirra.

Þeir, sem biðu ósigur í Kalda stríðinu, virtust flestu hafa gleymt og fát eitt lært. Átta árum eftir að kommúnistastjórnin í Rússlandi féll og skjallasöfn opnuðust í Moskvu, gaf Mál og menning út bók um samskipti íslenskra sósíalista við Kremlverja, *Kæru félaga*, eftir Jón Ólafsson heimspeking, sem mæltur er á rússnesku. Í bókinni, sem gamlir frammámenn Sósíalistaflokksins lásu yfir í handriti, er leitast við að gera sem minnst úr því, sem Moskvuskjölin sýna og á ekki að koma neinum á óvart, að íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar voru ekki frábrugðnir skoðanasystkinum sínum í öðrum löndum: Þeir lutu fyrir mælum frá Moskvu, fengu þaðan mikinn stuðning og hikuðu ekki við að beita ofbeldi, þegar á reyndi. Í bók sinni nefnir Jón til dæmis ekki ýmsa fjárstyrki til kommúnistahreyf-

ingarinnar, þótt nægar heimildir séu til um þá, og kveður ekki heldur sjáanlegt af skjölum, að Íslendingarnir 23, sem sóttu leyniskóla Kominterns í Moskvu, hafi hlotið hernaðarþjálfun. En nokkrir íslensku nemendanna skýrðu síðar frá því, að þeir hefðu lært þar vopnaburð, og skjalfest er, að aðrir Norðurlandabúar hlutu þar hernaðarþjálfun, ekki aðeins í vopnaburði, heldur líka skipulagningu óeirða, ólöglegum fjarskiptum, tilhögun dulmálskeyta og fölsun vegabréfa. Tóku sumir Íslendinganna úr leyniskólunum síðar þátt í upphlaupum og óeirðum heima fyrir, og einn þeirra gerðist sjálfboðaliði í spænska borgarastríðinu.

Meinlegasta missögnin í bók Jóns er um leynifund, sem Einar Olgeirsson, formaður Sósíalístaflokksins, átti með búlgarska kommúnistaleiðtoganum Georgí Dímítrov í Moskvu haustið 1945. Jón segir ekki „ljóst af dagbókarfærslu Dímítrovs, hvað þeim Einari fór í milli, en þó hefur Einar rætt við hann um möguleika á viðskiptum landanna, því að Dimitrov hefur skrifað hjá sér, að Einar ætli sér næsta dag að hitta Anastas Míkojan, utanríkisviðskiptaráðherra“. En orðrétt skrifaði Dímítrov líka hjá sér, að Einar hefði beðið „um ráð um afstöðu flokksins og ríkisstjórnarinnar til stofnunar bandarískra herstöðva (flugvalla o. sv. frv.) til tjóns um sjálfstæði Íslands, svo og um íslensk flokksmálefni.“ Ljóst er, hvaða ráð Dímítrov gaf Einari, því að sósíalistar börðust síðan af öllu afli gegn herstöðvabeiðninni og raunar líka gegn Keflavíkursamningnum ári síðar. Ýmsar missagnir eru einnig í bók, sem Jón gaf seinna út um örlög eina Íslendinginsins, sem lést í fangabúðum Stalíns, Erlu Sólveigar Benjamínsdóttur.

Þrátt fyrir greiðan aðgang að námsbókamarkaðnum lenti Mál og menning undir lok tuttugustu aldar í svipuðum kröggum og Almenna bókafélagið áður. En liprir bankamenn hlupu undir bagga, og árið 2000 sameinaðist félagið Vöku-Helgafelli, sem orðið hafði til úr hinu gamla útgáfufyrirtæki Ragnars í Smára. Fjárhagsvandi fyrirtækisins leystist vorið 2002, þegar athafnamaðurinn Björgólfur Guðmundsson lagði verulegt fé í hið sameinaða fyrirtæki. Björgólfur var eins og Ragnar í Smára á undan honum einlægur áhugamaður um íslenska menningu. En starfsfólkið hélt uppteknum hætti. Eitt útgáfurit Máls og menningar árið 2006 var um sögu Íslands og umheimsins og ætlað framhaldsskólanemum. Annar höfundurinn, Gunnar Karlsson, hafði unnið sem sjálfboðaliði fyrir einræðisherrann Castro á Kúbu. Hinn, Sigurður Ragnarsson, var einn af aðalþýðendum *Úrvalsrita* Marx og Engels, sem Heimskringla gaf út á íslensku 1968. Báðir höfðu verið virkir í Alþýðubandalaginu. Ef til vill þarf því ekki að koma á óvart, að í bókinni minnst þeir ekki einu orði á hungursneyðina í Úkraínu og Suður-Rússlandi 1932–1933, sem Stalín beitti til að neyða bændur til samyrkju og kostaði sex milljónir mannlífa. Þeir láta þess aðeins getið, að samyrkjustefnan hafi verið „í óþökk mikils hluta bænda“. Verður líklega ekki freklegar vanmælt á íslenskri tungu. Hins vegar skrifa þeir langt mál um „nornaveiðar“ bandaríska öldungadeildarþingmannsins Josephs McCarthys um og eftir 1950, en þá týndi ekki einn einasti maður lífi, þótt vissulega hefðu nokkrir kommúnistar lent í erfiðleikum, stundum að ósekju. Í bókinni er eins og vera ber

sagt frá Helförinni, þegar nasistar reyndu í seinni heimsstyrjöld að útrýma gyðingum, en þar er hvergi minnst á nauðungarflutninga heilu þjóðflokkanna, sem Stalín lét framkvæma, eða á hinar mörgu vinnubúðir, sem hann rak norðan heimskautsbaugs og á sléttum Kasakhstans, „Gúlageyjaklasann,“ er Aleksandr Solzhenítsyn kallaði svo, en þar var lífið murkað úr fongum með seigdrepanði þrældómi. Böðullinn drepur alltaf tvisvar, í seinna skiptið með þögninni.

Árið 2006 lauk Mál og menning líka útgáfu *Íslenskrar bókmenntasögu* í fimm veglegum bindum. Margt er þar fróðlegt og vel sagt. En þegar kemur að sambandi bókmennta og stjórnmála á tuttugustu öld, nefna höfundarnir aðeins lauslega þá ótrúlegu staðreynd, en ræða ekki, svo að heitið geti, að áhrifamestu menntamennirnir í röðum íslenskra sósíalista börðust með ráðum og dáð með einhverjum verstu fjöldamorðingjum sögunnar, Lenín, Stalín og Maó. Höfundar verksins nota líka annan mælikvarða á nasisma en kommúnisma. Til dæmis er sagt, að vinátta við Þjóðverja hafi varpað „dálitlum skugga á nafn Gunnars Gunnarssonar og verk“. En ekki er talað um, að ákafur stuðningur Halldórs Kiljans Laxness við Stalín og böðla hans áratugum saman hafi varpað neinum skugga á nafn hans eða verk. Í því sambandi má minna á, að Laxness var í Ítalíuför árið 1934 blíðmáll við ítalska fasista, þegar hann reyndi að fá þá til að gefa út bækur sínar. „Ýla skal hind, sem með úlfum býr,“ skrifaði hann vini sínum, Erlendi Guðmundssyni í Unuhúsi. Og Laxness brá sér til Berlínar haustið 1936 og framvísaði vottorðum um, að hann væri enginn kommúnisti, í von um, að nasistar myndu leyfa útgáfu bóka hans í Þýskalandi.

Í bókmenntasögu Máls og menningar segir um kvæðið „Sovét-Ísland“ eftir Jóhannes úr Kötlum: „Þetta er einn skýrasti vitnisburðurinn um sovétdyrkun Jóhannesar, sem var algeng meðal evrópskra kommúnista á kreppeárunum. Kvæðið er innblásið af hugsjón um jafnrétti og jöfn kjör, sem myndu leiða til fegurra mannlífs.“ En aðalatriðið í kvæðinu er ekki lof um rússnesku ráðstjórnina, heldur ósk um, að Íslendingar taki upp hætti hennar. Eins og þegar hefur komið fram, leynir skáldið því ekki, að byltingin verði gerð hér á landi, „hvort sem þú vilt eða ekki,“ og muni gráta blóði. Í þessari bókmenntasögu eru sérstakir kaflar um Þórberg Þórðarson, Jóhannes úr Kötlum og Guðmund Böðvarsson (og margir um Laxness), en þeim Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi, Tómasi Guðmundssyni, Kristmanni Guðmundssyni og Guðmundi G. Hagalín aðeins gerð skil í stuttum undirköflum og lítilega minnst á Sigurð Einarsson í Holti og þá aðeins fyrir ljóðabókina *Hamar og sigð* og eitt leikrit. Minnir margt í þessum umsögnum á skoðanir og skýringar Kristins E. Andréssonar áður, sérstaklega um þá Hagalín og Kristmann. Ritgerð Þórbergs Þórðarsonar um efnisval rithöfunda og efnistöð, „Einum kennt, öðrum bent,“ er rædd í þaula, en ekki minnst á sambærilega ritgerð Hagalíns, „Liggur vegurinn þangað?“ Margt er sagt um ævisögu séra Árna Þórarinssonar eftir Þórberg Þórðarson, sem er merkileg fyrir það, að þá hitti lygnasti maður landsins fyrir hinn trúgjarnasta. Hvergi er hins vegar getið ævisögu afreksmannsins Eldeyjar-Hjalta

eftir Guðmund G. Hagalín, og er hún þó miklu skærari spegill framsækinnar aldar á Íslandi en endurminningar roskins og illmálgs embættismanns.

Í bókmenntasögu Máls og menningar er heill kafli um „Herstöðina Ísland“. En Ísland var aldrei herstöð, þótt vissulega væri það hernumið af Bretum í eitt ár, 1940–1941, og samdi eftir það sem fullvalda ríki við Bandaríkin um hvernd, þegar þess var talið þurfa. Langt mál er í verkinu um *Atómstöð* Laxness, en í þeirri sögu er Ólafi Thors lýst sem landráðamanni vegna Keflavíkursamningsins 1946. Vandlega er á hinn bóginn þagað um, að sagan er um margt endurritun — og endursköpun — skáldsögu eftir tékkneska rithöfundinn og kommúnistann Ivan Olbracht. Þegar sögumaður Máls og menningar segir frá aðild Íslands að Atlants-hafsbandalaginu 1949, stekkur hann skyndilega út úr sjálfum sér og gerist beinn þátttakandi í óeirðunum á Austurvelli, sem sósíalistar efndu til 30. mars: „Kylfum og táragsi var beitt gegn mannfjöldanum, sem sótti að húsinu, blóðið og tárin runnu, atburðurinn markaði djúp spor í sögu lýðveldisins og gleymist aldrei.“ Tómas Guðmundsson hafði raunar brugðist skilmerkilega við þessum málflutningi á fullveldisafmælinu 1. desember 1954:

Það er fjarstæða ein, sem kommúnistar og reyndar fleiri vilja telja mönnum trú um, að höfuðklofningurinn í þjóðmálum sé nú milli þeirra, sem fylgjandi eru hersetu, og hinna, sem henni eru andvígir. Mörkin eru þvert á móti milli þeirra, sem vilja efla og styrkja lýðræði og frelsi landsmanna, og hinna, sem hneppa vilja allar þjóðir í fjötra kommúnismans.

Í þessari bókmenntasögu er hvergi vikið að ræðum rithöfundanna sex, sem hér eru prentaðar, þótt þær væru flestar beinlínis fluttar til stuðnings varnarsamstarfi vestrænna þjóða og vektu á sínum tíma þjóðarathygli. Verður vart sagt, að arftakar Kristins E. Andréssonar í Máli og menningu hafi tekið í útrétta sáttahönd Matthíasar Johannessens, Björgólfs Guðmundssonar og annarra fyrrverandi mót-herja í menningarbaráttu Kalda stríðsins.

Árið 2007 fékk gamli valdakjarninn í Máli og menningu aftur fullt forræði félagsins og varð að afla til þess fjár með því að selja „Rúbluna“, stórhýsi fyrirtækisins að Laugavegi 18, en hafði áður losað sig við húsið við Þingholtsstræti 27. En vinstri sinnnaðir menntamenn réðu nú ekki aðeins yfir Máli og menningu, heldur líka Sögufélagi og ýmsum öðrum menningarstofnunum, jafnvel sumum deildum Háskóla Íslands. Virðist sagnritun þeirra ekki síst miða að því að breiða yfir ofbeldis- eðli hinnar alþjóðlegu og íslensku sósíalístahreyfingar og þagga niður í málsvörum fórnarlambanna. Til dæmis spurðist árið 2007, að von væri á gagnrýninni ævisögu Maós á íslensku eftir hjónin Jung Chang og Jon Halliday. Þá brá svo við, að í vorhefti tímaritsins *Sögu*, sem Sögufélag gefur út, birtist langhundur, þar sem hinni óútkomnu bók var fundið allt til foráttu. Þegar ritstjóri *Sögu* fékk hins vegar senda *Svarbók kommúnismans*, sem kom út hjá Háskólaútgáfunni sumarið 2009, svaraði

hann því til, að *Saga* birti ekki ritdóma um þýðingar! Neitaði *Saga* líka að birta at-
hugasemd við árásina á ævisögu Maós, eins grimmasta fjöldamorðingja sögunnar.

Almenna bókafélagið var endurreist árið 2011. Það gefur bókina *Til varnar vest-
rænni menningu* út 1. desember 2018 í tilefni aldarafmælis fullveldisins. Er staf-
setning og málnotkun fært til nútímahorfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti.
Tilvísanir og stuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls. Almenna bóka-
félagið vill minnst rithöfundanna sex, sem hér eiga ræður, fyrir hugrekki þeirra,
mælsku og rökfestu í baráttunni gegn alræðisstefnu á Íslandi, enda á boðskapur
þeirra enn fullt erindi til þjóðarinnar. Félaginu rennur líka blóðið til skyldunnar,
því að fimm höfundanna sátu á sínum tíma í bókmenntaráði þess. Mælt er, að í
lífinu gangi menn að vísu ekki áfram veginn í svartamyrkri, heldur þoku: Þeir sjái
viðmælendur sína sæmilega og nokkurn spöl fram fyrir sig, en annað lengra fram-
undan í þoku. En þegar þeir horfi um öxl og ætli að dæma menn, sjái þeir enga
þoku á vegi þeirra. Þar virðist allt vera skýrt. Þess vegna eigi að fara varlega í að
dæma menn frá liðinni tíð. Ritröðin, sem þessi bók birtist í, sýnir þó, að íslenskir
þjónar hins austræna jötuns geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu: Staðreyndirnar
um sósíalistaríkin voru ekki í þoku. Þær voru alkunnar, þótt þeim væri neitað eins
lengi og stætt var á og nú sé reynt að gera lítið úr þeim eða þegja um þær. Og þeir,
sem höfðu hinn verri málstað og biðu ósigur í Kalda stríðinu á Íslandi, mega ekki
einir ásamt arftökum sínum rita sögu þeirrar menningarbaráttu, sem þá var háð.
Allt frá því að þegjandalegur mannfjöldinn safnaðist saman við Stjórnarráðshúsið í
Reykjavík sunnudaginn 1. desember 1918 og horfði á íslenska ríkisfánann dreginn
að hún, um leið og sólin braust í gegnum skýin, hafa Íslendingar verið fullvalda
þjóð, og þeim er þetta rit í senn þörf upprifjun og hollt vegarnesti inn í framtíðina.

Reykjavík, 4. október 2018.

Hannes H. Gissurarson.

Tómas Guðmundsson: ANDLEGT FRELSI

I.

ÞEGAR STJÓRN STÚDENTAFÉLAGS Reykjavíkur fór þess á leit við mig, að ég flytti hér nokkur inngangsorð, taldi ég mér skylt að verða við þeirri ósk, enda var mér það þeim mun ljúfara sem mér var tjáð, að vinur minn Þórbergur Þórðarson yrði hér annar málshefjandi. Mér er ánægja að taka það fram, að ég þekki fáa menn, er séu ólíklegri en hann til að halla vísvitandi réttu máli, og ég lít á þátttöku hans í þessum umræðum sem nokkra tryggingu þess, að þær geti farið fram af þeim virðuleik, er sæmir félagsskap íslenskra stúdenta.

Í annan stað taldi ég mig síður geta skorast undan því að taka hér til máls fyrir þá sök, að ég var sjálfur, að mér skildist, orðinn með nokkrum hætti orsök þess, að stjórn félagsins hugkvæmdist að boða til þessa fundar. Í mjög ópólitískri ræðu, sem ég flutti í stúdentahófi 30. nóvember síðast liðinn, var ég svo óvarkár að láta þess getið, að nú væri þannig komið í veröldinni enn á ný, að hverjum einasta manni og þá stúdentum ekki hvað síst bæri nauðsyn og skylda til þess að taka til nýrrar og rækilegrar yfirvegunar afstöðu sína til hins andlega frelsis, sem meginþorri hins siðmenntaða mannkyns hefur fram á vora daga álitnið hvort tveggja í senn, höfuðatriði persónulegrar vellíðunar og frumskilyrði allrar menningarlegrar framvindu. En þó að vitanlegt sé, að ávallt hafi verið uppi einhverjir þeir menn, er hafa til dæmis talið skoðana- og málfrelsi betur komið hjá sjálfum sér en öðrum, þá höfum við til skamms tíma veigrað okkur við að trúá því, að til væri í landinu nokkur verulegur hópur manna, er teldi að sér vegið eða hagsmunum sínum stefnt í voða, ef ymprað væri á nauðsyn þess, að slíkra verðmæta væri gætt.

Nú virðist það hins vegar komið á daginn, að slíkur hópur manna sé til, einnig í okkar þjóðfélagi, og þar sem hann hefur auk þess á síðustu tímum sagt til sín með ýmsum hætti, þá ætti ekki endilega að vera nauðsynlegt að virða mönnum það til persónulegrar áreitni, þó þeir telji það kvöldstundarvirði að bera sig saman við þessa menn um þau sjónarmið, sem helst má ætla að komi til álita, þegar rætt er um andlegt frelsi.

II.

Nú vil ég strax taka það fram, að þótt ég hafi af tilviljun valist til af taka hér fyrstur til máls, þá getur það, sem ég kem til að segja, ekki orðið nein framsöguræða í

venjulegum skilningi. Til þess að svo mætti verða, þyrfti ég að hafa lengri tíma fyrir mér, og þó einkum miklu meiri þekkingu. Þannig mun ég leiða hjá mér allar tilraunir til fræðilegrar skilgreiningar á hugtakinu andlegt frelsi, enda ætti slíkrar skilgreiningar ekki að gerast nein þörf. Með lýðræðisþjóðum er nefnilega enginn maður í vafa um það, þegar talað er um andlegt frelsi, að þá er fyrst og fremst átt við rétt manna til að vera frjálsir skoðana sinna og frjálsir að því að koma þeim á framfæri. Í stjórnarskrám frjálsra þjóða eru þessi andlegu réttindi nánar tilgreind, sem málfrelsi, fundafrelsi, prentfrelsi og trúfrelsi, og þau eru með þeim takmörkum, sem almennar siðgæðishugmyndir og borgaralegt öryggi setur, ekki aðeins grundvöllur hins lýðræðislega þjóðskipulags, heldur veigamesti þátturinn í samskiptum þegnanna annars vegar og samskiptum þegnanna og ríkisvaldsins hins vegar.

Að sjálfsögðu er ástæðulaust að leyna því, að þessi réttindi hafa á ýmsum tímum og með ýmsum lýðræðisþjóðum verið misjafnlega í heiðri haldin. Að slíku mætti vissulega tilnefna nýmörg dæmi, og þótt ég telji mér ekki skylt að fara út í þá sálma, er eigi ósennilegt, að aðrir verði til að gera það í kvöld. En í raun réttir koma hér slíkar mótbáru ekki til álita. Það eina, sem máli skiptir í þessu sambandi, er það, að með öllum lýðræðisþjóðum hefur þróunin þrátt fyrir allt gengið í þá átt að skapa þegnumum æ betri og jafnari aðstöðu til að meta þessi réttindi og njóta þeirra. En sé það þannig viðurkennt, að andlegt frelsi eins og okkur er tamast að skilgreina það sé uppistaða og aflgjafi hinnar lýðræðislegu hugsjónar, þá leiðir af því, þegar við svipumst um eftir þeim öflum, sem andlegu frelsi eru fjandsamlegust, að þá hljótum við að leita þeirra, þar sem lýðræðinu hefur verið misþyrmt mest eða útrýmt. Slík staðhæfing styðst ekki aðeins við mjög bitra reynslu, sem undanfarin ár hafa fært mannkyninu, heldur hvílir hún einfaldlega á þeirri staðreynd, að einræðið eins og við þekkjum best til þess er hið eina stjórnarform, sem rúmar ekki og getur eftir eðli sínu ekki rúmað þau mannréttindi, sem vita að andlegu frelsi einstaklingsins.

III.

En þó að þetta liggir í augum uppi og þó að sú kynslóð, sem nú er fullorðin, hafi í annan stað öðlast margháttða þekkingu varðandi stjórnarháttu og skoðanakerfi í einræðisríkjum nútímans, þá finnst mér samt rétt, áður en lengra er farið, að benda á það, að ennþá býr allur þorri manna að næsta gamaldags hugmyndum um einræði. Frá upphafi vega hefur raunar hvers konar ánaud verið talin eitt hræðilegasta hlutskipti dauðlegs manns, og svo er enn í dag. Að sama skapi hefur rétturinn til frelsis að sjálfsögðu verið talinn til hinna eftirsóknarverðustu mannréttinda, og sú hugmynd hefur ekki heldur breyst. Hins vegar er það svo, að draumur mannkynsins um frelsi hefur um lengstan aldur verið tengdastur oki, sem einkum var líkamlegs eðlis, það var draumur einstaklingsins um það að losna úr áttthagafjötrum eða þrældómi, draumur kúgaðra stétta að losna úr klóm arðræningja eða draumur þjóðanna um að steypa harðstjórurum af stóli.

En jafnvel þar, sem menn voru kúgaðir til ýrtruðu hlýðni við fjandsamleg valdböð, þá höfðu samt slíkir valdhafar lengst af engin veruleg tök á því að leggja sálir þegnanna undir vilja sinn. Það var til dæmis hægt að neyða fólk til að krjúpa á kné fyrir hinum annarlegustu guðum, en ómögulegt að koma í veg fyrir, að það ákallaði sinn eigin guð í hjarta sínu. Valdbeitingin komst með öðrum orðum jafnlangt og ekki lengra en hin líkamlega frelsisskerðing náði, menn voru sviptir möguleikunum til að velja og hafna, en ekki viljanum til þess. En einmitt að þessum skilningi á ógnum harðstjórnar og einræðis búa flestir menn enn og vara sig ekki á því, að á vorum tímum er þetta viðfangsefni langt frá því að vera svo einfalt. Þetta breytta viðhorf er fyrst og fremst afleiðing nýrrar og margháttáðrar tækni, sem hefur opnað einræðisöflunum áður óþekkta möguleika til þess að ná fyrir rætur sjálfs þjóðarviljans og skapa úr einstaklingunum stereótýpan massa, án sjálfstæðrar hugsunar eða persónulegs vilja. Við höfum með öðrum orðum gerst vitni að nýrri tegund þrælkunar, andlegu þrælahaldi, sem á sér enga hliðstæðu eða fyrirrennara í veraldarsögunni.

IV.

Nú skal það fyllilega viðurkennt, þegar menn virða fyrir sér ástandið í einræðislöndunum, að þá er ekki nema eðlilegt, að þeir festi fyrst og fremst augun við nokkrar staðreyndir, sem þeim finnst að vonum hver um sig vera nægilega hábölvuð, en láta sér sjást yfir, að þær segja margar hverjar ekki nema hálfan sannleikann. Þannig hryllir til dæmis flesta heilbrigða menn við því stjórnarfari, sem sviptir þegnana öllum möguleika til gagnrýni, og þar sem hvers konar andstaða gegn valdhöfunum samsvarar sjálfsmorði, en við vitum þó, að slíkt er ekki einsdæmi í mannkynssögunni og margar þjóðir hafa lifað slíkt af. Mönnum finnst einnig lítið koma til þess kosningarréttar, sem einungis heimilar mönnum að kjósa þá frambjóðendur, sem ríkisvaldið velur þeim, en þó er á það að líta, að slíkar kosningar þurfa ekki endilega að vera annað og meira en tiltölulega meinlaus skrípaleikur. Menn henda líka á lofti ýmiss konar sögusagnir um svokallaðar hreinsanir, skyndilegan málátilbúnað, þar sem hver frestur, sem sakborningunum kann að veitast, verður í bókstaflegum skilningi ekki annað en gálgafræstur. Slík tröðkun mannhelginnar hlýtur að vísu að fylla menn viðbjóði, en þó eru sambærileg fyrirbrigði ekki óþekkt í réttarsögu heimsins, og vissulega hefur heimsmenningin staðið þau af sér.

Já, heimsmenningin hefur staðið allt þetta af sér, og svo mundi hún enn gera að öðru óbreyttu. Hins vegar fer það ekki á milli mála, að á vorum tímum er komin til sögunnar ný hættu, sem enn er ekki vitað, hvort heimsmenningin fær staðist. Sú hættu er hvarvetna nálæg, þar sem aðstaða er fengin til að sveigja allt andlegt líf heilla þjóða undir ok friðheilags og óskeikuls hugmyndakerfis, sem viðurkennir engan annan mælikvarða á persónuverðmæti einstaklingsins en nytjagildi hans fyrir það ríkisvald, sem síðan ráðstafar honum að geðþótta sínum. Það voru fyrst og fremst nasistaríkin, sem opnuðu augu lýðræðisþjóðanna fyrir þessari andlegu

þrælkun, en þó að þau séu nú flest að velli lögð, þá hvílir samt enn skuggi hinnar sömu hættu yfir heiminum eins og mara. Munurinn er sá einn, að í þetta sinn leita menn grun sínum staðar í hugmyndakerfi þeirra ríkja, sem nú hafa tekið upp höfuðbaráttuna við lýðræðið. Ég vona, að ég geri engu ríki rangt til, þó að ég gangi út frá því sem gefnu, að þar eins og í fleiri efnum hafi Ráðstjórnarríkin forystuna.

V.

En góðir áheyrendur! Nú er ég hræddur um, að málið fari að vandast. Hér á landi skiptir sem sé svo undarlega í tvö horn um afstöðu manna til Ráðstjórnarríkjanna, að það þarf eiginlega sérstakt virðingarleysi fyrir heilsufari annarra til þess að minnst á þau að fyrra bragði. Um suma menn er það svo, að þeir halda naumast fullri matarlyst, nema þeir telji sér trú um, að hálf rússneska þjóðin falli úr hor minnst einu sinni á ári, og enn aðrir eru svo skoplega viðkvæmir fyrir öllu, sem sagt er um Ráðstjórnarríkin, að helst mætti ætla, að þetta stórveldi væri einhver heilsulaus aumingi úr familíunni. Ég get því miður ekki þóknast þessum mönnum neitt verulega, en hins vegar langar mig til að benda á örfá atriði, sem ættu að geta varpað nokkru ljósi yfir það andlega frelsi, sem hið æðra menningarlíf í Ráðstjórnarríkjunum á við að búa.

Ég vil fyrst taka það fram, sem er óumdeilanleg staðreynd, að í Ráðstjórnarríkjunum búa þeir listamenn og rithöfundar, sem finna náð fyrir augum valdhafanna, við miklu glæsilegri kjör en annars staðar gerist, enda hafa einræðisríkin kunnað miklu betri skil á þjóðfélagslegri þýðingu slíkra manna en nokkur önnur. Þar fyrir þarf það ekki endilega að vera mjög eftirsóknarverð staða að vera rithöfundur eða listamaður í Ráðstjórnarríkjunum, enda hefur mörgum þeirra reynst erfitt að halda þeim „balance“ á flokkslínunni, sem þar er fyrsta skilyrðið fyrir því að verða mikils metinn andans maður. Jafnvel tónlistin, sem hingað til hefur verið álitin óhlutrænust allra lista og ætti því að hafa minnst áróðursgildi þeirra allra, hefur síður en svo sloppið undan flokksaganum, og það er alkunna, hversu þekktustu tónskáld Rússa, Shostakovítsj og Prokofjev, hafa sloppið nauðuglega undan róttækri hreinsun með því að játa tónlistarvillu sína og lofa bót og betrun. Ég þarf ekki að fara lengra út í þetta, meðal annars vegna þess, að Jón Þórarinnsson tónskáld hefur áður í tveim útvarpserindum gert rækilega grein fyrir þessum flokkspólitísku tónlistarofsóknum ráðstjórnarinnar. Ég vil aðeins geta þess, að í Þýskalandi Hitlers fóru nasistarnir hinu sama fram. Liðléttingar og miðlungsmenn hófust þar til æðstu virðinga í tónlistarmálum, og afleiðingin varð sú, að á fáum árum komst tónskáldskapur Þýskalands í meiri niðurlægingu, að því talið er, en átt hefur sér stað í 4–500 ár að minnsta kosti.

Þá hefur rússnesk myndlist ekki síður orðið fyrir barðinu á afskiptum ríkisvaldsins. Ég hef til dæmis í höndum grein úr *Pravda* 11. ágúst 1947, sem fjallar um alvarlegar villur ýmissa rússneskra myndlistarmanna. Það væri freistandi að lesa

Þessa grein upp í heilu lagi, en til þess er enginn tími, og ég verð því að láta mér nægja að tilfæra örstutta kafla. En þar segir meðal annars svo:

Hin mikla sósíalíska Októberbylting bjargaði rússneskri list frá þeim örlögum, sem málalísta, myndhöggvarlist og aðrar listgreinar hafa orðið fyrir í kaþítalísku löndunum. Þar á sér stað hrún listarinnar. Í myndum hinna miklu málara sá Lenín hið raunverulega líf, endurskin mikilleíks þjóðarinnar. ... Listmálarar vorir gera hetjur vorar og hetjudáðir þeirra ódaudlegar. ... Hin realíska myndlist Ráðstjórnarríkjanna er fremsta list heimsins. ... En það væri hættuleg villa að láta staðar numið við það sem er náð. ... Það er algerlega óþolandi, að jafnframt hinum sósíalíska realisma skuli menn með allt aðrar stefnur vaða uppi, menn sem eru fylgjendur hinnar hröfnandi borgaralegu listar, menn sem telja andlega lærífeður sína hina frönsku formalísta, Picasso og Matisse. ... Því miður hafa sumir af listfrömuðum vorum ekki enn komið auga á það tjón, sem það gerir ráðstjórnarlistinni að ekki skuli enn vera til neín óþreífanleg markalína milli listmálara, sem eru sósíalískir realístar, og formlistanna, sem leitast við að draga list vora niður á við.

Enn fremur segir svo:

Ráðstjórnarlist getur aðeíns þróast í nákvæmu samræmi við hugmyndafræði ráðstjórnarþjóðanna, á grundvelli hins sósíalíska raunsæis. Að því er snertir fræðíkenníngar, listasögu og listagagnrýni, þá má alls ekki hafa hliðsjón af neínu öðru en hinni marx-lenínísku aðferð.

Svo mörg eru þau orð. Nú þekki ég auðvitað ekki af eigin raun, hverníg þessi flokksökun hefur verkað á rússneska myndlist, en það vill svo vel til, að það er hægt að vitna um það í nýlega ritgerð eftir einn af ágætustu ríthöfundum, sem nú er uppi, mann, sem naumast verður vændur um hlutdrægni. Í síðasta hefti *Tímaríts Máls og menningar* skrífar Halldór Kiljan Laxness þankabrot í Moskva og segir þar meðal annars: „Myndlist í vestrænum skilníngi er ekki til í Ráðstjórnarríkjunum sem stendur, afturámóti er dálítið búíð til af náttúrustælingarmálverkum með atburðainnihaldi.“ Og enn segir hann: „Nokkru eftir byltinguna voru uppi ýmsar listrænar tilraunir í landinu, til dæmis konstrúktívismínn, en það var tekið fyrir þær.“

Þessar umsagnir koma, að því er mér skílt, mætavel heim við þau kynni, sem hægt er að fá af rússneskri list, til dæmis með því að virða fyrir sér ljósmyndir rússneskra listaverka. Eíns og í þýsku nasíalístínni er megináhersla lögð á að skerpa virðínguna fyrir hetjuskap hersíns og leiðtoganna. Því er þess fyrst og fremst krafíst, til þess að um sanna list geti verið að ræða, að ráðstjórnarhermaðurínn á

málverkinu sé logandi af sigursæld, stór og kröftugur, sem sé eins konar rússneskur Gunnar Huseby.

VI.

Um bókmenntirnar er það að segja, að þær liggja auðvitað samkvæmt eðli sínu miklu betur við hinu hugmyndafræðilega eftirliti en tónlist og myndlist, enda væri synd að segja, að þær séu ekki sífellt undir smásjánni. Því til sönnunar mætti heimfæra fjölmörg dæmi, en ég ætla þó aðeins að láta mér nægja að lesa upp örstutta kafla úr ályktun miðstjórnar kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna 14. ágúst 1946, en þar er meðal annars fjallað um mál tveggja af þekktustu rithöfundum Rússlands, Zostsjenkos og skáldkonunar Akhmatovu. Þar segir svo:

Miðstjórn kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna hefur veitt því athygli, að bókmennta- og skemmtiritin *Stjarna* (Zvezda) og *Lenínsgarður*, sem út eru gefin í Lenínsgarði, eru starfrækt á mjög svo ófullnægjandi hátt. Tímaritið *Stjarna* birtir upp á síðkastið, auk merkra og ágætra verka eftir ráðstjórnarhöfunda, margar ritsmíðar, sem eru gersneyddar hugsjónum flokksins og þrungnar siðspillandi kæruleysi. Hefur tímaritið gerst sekt um þá kórvilleu að ljá verkum rithöfundarins Zostsjenkos rúm, en ritverk hans eru ósamrýmanleg ráðstjórnarþóknunum. Ritstjórn *Stjornu* var það vel ljóst, að Zostsjenko hefur lengi lagt á það stund að setja saman innantóm, kjánaleg og ómerkileg ritverk, gersneydd hugsjónum, siðspillt og kærulaus um stjórnarmál og til þess fallin að rugla æskulýðinn og lauma eitri í vitund hans. Síðasta sagan, sem birtst hefur eftir Zostsjenko, „Ævintýri apan“ (*Stjarna*, 5.–6. tbl., 1946), er smáskítlegt nið um þjóðlíf Ráðstjórnarríkjanna. Zostsjenko lýsir landi og þjóð með ljótum skopmyndum og reynir að lauma því inn hjá lesandanum, að fólkið sé frumstætt, ómannað, heimskt og smáborgaralegt í smekk og siðum. Hinum illgirnislegu og ruddalegu lýsingum hans á þjóðlífi voru fylgja svo árásir á ráðstjórnarskipulagið. ... Tímaritið *Stjarna* birtir einnig mikið eftir rithöfundinn Akhmatovu, sem lengi hefur verið alkunn ráðstjórnarborgurum fyrir sakir ritstarfa sinna og félags- og stjórnarmálaafstöðu. Akhmatova er týpískur fulltrúi þess hugsjónasnauda og innantóma skáldskapar, sem svo fjarlægur er þjóð vorri. Kvæði hennar eru þrungin svartsýni og úrkynjun. Þau lýsa gamaldags dagstofusmekk og hafa aldrei komist upp yfir hugarheim borgaralegra yfirstéttarfagurkera. Þau túlka hugsjónina um „listina fyrir listina“ og skáldkonan kærir sig kollotta um að fylgjast með þróun þjóðarinnar, enda spilla ljóð hennar fyrir uppeldi æskulýðsins, og má ekki þola þau í bókmenntum Ráðstjórnarríkjanna. Árangurinn af því að fela Zostsjenko og Akhmatovu veigamikil störf við tímaritið hefur án efa orðið til þess að leiða asna upplausnar og hugsjónaóreiðu inn í herbúðir rithöfunda í Lenínsgarði. Brátt tóku að birtast ritsmíðar í

tímaritinu, sem sýndu undirlægjuhátt við nýtísku borgaralegar liststefnur Vesturlanda, og er slíkur andi fjarri lyndiseinkunn ráðstjórnarfólksins. Tók tímaritið að birta ritsmíðar, þrungnar trega sárrí svartsýni og óánægju með tilveruna (sjá kvæði Sadofjevs og Komíssarovu í 1. tbl. 1946 o.s.frv.). Með því að ljá slíkum hugsmíðum rúm í ritinu, bættu ritstjórnarnir gráu ofan á svart og lækkuðu enn meir vitsmunastig ritsins. ... Hvernig má það vera, að tímaritin *Stjarna* og *Lenínsgarður*, sem út koma í hetjuborginni, sem þekkt er að þroskuðum erfðavenjum byltingarinnar, skuli hafa látið það viðgangast að andpólitískum ritverkum skuli hafa verið laumað inn í dálka þeirra? Hvernig á að skilja villu þá, sem ritstjórar þeirra hafa gert sig seka um?

Aðalstarfsmenn þessara tímarita, og þá fyrst og fremst ritstjórnarnir, félagarnir Sajanov og Líkharev, hafa gleymt því undirstöðuatriði lenínismans, að tímarit þjóðarinnar, hvort heldur þau eru vísindaleg eða bókmenntaleg, geta ekki verið ópólitísk. Þeim gleymdist það, að tímaritin eru veigamikil tæki í þeirri baráttu Ráðstjórnarríkjanna að ala upp ráðstjórnarborgara, einkum æskulýðinn, og ber þeim því að láta, stjórnast af því fyrirbæri, sem veigamest er í öllu kerfi Ráðstjórnarskipulagsins – ráðstjórnarpólitíkinni. ...

Styrkur ráðstjórnarþóknanna — framsæknustu bókmennta heimsins — liggur í því að í þeim eru ekki túlkaðir aðrir hagsmunir en hagar ríkisins. ... Af þessum sökum geta engar prédikanir um kæruleysi í stjórnámálum né um „listina fyrir listina“ átt sér stað í ráðstjórnarþóknunum, enda eru þær andstæðar hagsmunum þjóðar og ríkis, og ber að banna þeim rúm í tímaritum vorum. ...

Því ályktar miðstjórn kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna:

1. Ritstjórn *Stjörnu*, stjórn rithöfundasambands Ráðstjórnarríkjanna og áróðursdeild miðstjórnar kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna ber að gera ráðstafanir til þess að útrýma skilyrðislaust villu þeirri, sem fram hefur komið í nefndu tímariti. Ber þessum aðilum einnig að leiðrétta stefnu tímaritsins, svo og að banna birtingu á ritsmíðum Zostsjenkos, Akhmatovu og annara þvílíkra rithöfunda. ...

Við þetta hef ég í rauninni engu að bæta. Aðeins skal tekið fram, að bæði flokksdeild Lenínsgarðs og Rithöfundafélagið lýstu harmi sínum yfir þeirri villu, sem átt hafði sér stað, og lofuðu að láta slíkt ekki koma fyrir oftar. Seinna hefur einnig Zostsjenko snúið frá villu síns vegar, en hin aldna skáldkona Akhmatova er enn í banni.

VII.

En hvað er þá um hið andlega frelsi ráðstjórnarvísindamannsins? Í því efni hefur oft verið vitnað til Lysenko-málsins fræga, sem varð ýmsum mestu vísindamönnum

Rússlands harla dýrt og rússneskum vísindaheiðri samt enn dýrara, en það væri of langt mál að fara út í það. Í þess stað læt ég mér nægja að tilfæra ummæli úr forustugrein í *Pravda*, sem birtist fyrir ári síðan, en hún fjallar um nauðsyn þess að leggja aukna rækt við hið hugmyndafræðilega uppeldi hinna ungu vísindamanna, þar sem þar sýni sig þrúfaldlega, að þeir, eins og í greininni stendur, „vanræki að beita hinum hárbeyttu vopnum hinnar marx-lenínísku aðferðar, sem er hinn eini óskekuli grundvöllur vísindalegra rannsókna.“ Og blaðið bætir við:

Ráðstjórnarvísindamaðurinn er fyrst og fremst eldheitur ættjarðarvinur. Hann á að vera gagnsýrður takmarkalausri ást á hinu sósíalíska föðurlandi, engin tilfinning hans má vera sterkari en stoltið yfir afköstum ráðstjórnarvísindanna og forréttindum þeirra til allra hinna mikilsverðustu uppgötvana. Engin vísindaleg afrek mega eiga sér stað, önnur en þau, sem eru tilkomin fyrir innblástur hugmyndakerfis ráðstjórnarinnar.

Ég vil að lokum og í framhaldi af þessu geta þess, að í sama blaði, frá 17. nóvember 1948, er grein eftir kennslumálaráðherra Voznesenskíj, sem gefur hugmynd um uppeldishlutverk ráðstjórnarskólanna. Þar segir meðal annars: „Það verður að vera skilyrðislaus krafa, að nemendurnir séu aldri upp í anda ráðstjórnarþjóðarstolts. ... Þess vegna má enginn dagur líða svo, að þeim sé ekki innprentaður mikilleiki ráðstjórnarþjóðanna.“ Hann bendir í þessu sambandi á nauðsyn þess að uppræta úr sögukennslunni allar óþjóðlegar og óæskilegar upplýsingar, eins og til dæmis þá, að norrænir menn hafi fyrst stofnað ríki í Rússlandi. – „En,“ bætir ráðherra við, „til þess að þetta megi takast verða kennararnir að gera gangskör að því að uppræta hjá sér með öllu þá hlutlægni, sem sumir þeirra eru haldnir af.“

Ég þarf víst ekki að taka það fram, að í allri þessari stefnuræðu ráðherrans er hvergi með einu orði vikið að því sem möguleika, að nemendunum sé leyft að hugsa sjálfstætt, hvað þá að þeir séu hvattir til þess. Hins vegar má ætla, að útrýming hlutlægninnar í sögukennslu Rússlands sé í fullum gangi. Að minnsta kosti hafa rússnesk tímarit ekki alls fyrir löngu birt langan lista yfir flestar stærstu uppgötvanir mannkynssögunnar, og þá er það allt í einu komið á daginn, að það eru Rússar, sem undantekningarlaust hafa gert þær allar fyrstir manna, en ekki haft orð á því fyrr en núna. Meðal þeirra eru til dæmis flugvélin, gufuskipið, radartækið, talsíminn, penisillínið, útvarpið – og Ameríka! Og er þó fátt eitt nefnt. Til dæmis hefur suðurskautið bæst í hóp rússneskra uppgötvana, síðan þessi listi var birtur, og nú síðast í desember var tilkynnt í Moskvu, að rússneskir vísindamenn hefðu smíðað kjarnorkusprengjuna undir beinni og persónulegri handleiðslu sjálfs Stalíns.

VIII.

Góðir áheyrendur! Ég get látið yður eina um að draga ályktanir af því, sem ég hef tilgreint. Aðeins vildi ég, að það mætti koma skýrt í ljós, að stærsta hættan, sem

vofir yfir hinu andlega frelsi, liggur ekki í sjálfri frelsisskerðingunni, heldur í þeirri tortímingu sjálfs persónuviljans, sem einræði vorra tíma miðar að. Okkur er jafn-skylt að hafa þetta í huga, þótt við teljum enga hættu á því, að við verðum sjálf einræðinu að bráð. Jafnvel hið lýðræðislegasta stjórnarform getur rúmað hneigð til þess að svæfa dómgreind fólksins og safna að sér valdi, sem hægt er að misbeita, og þótt ekki sé hægt að neyða nokkurn mann til að vera frjálсан, þá getur hver og einn stuðlað að því, að þau áhrif, sem einkum eru til þess fallin að móta skoðanir og vilja fjöldans, berist ekki einungis frá þeim, sem líklegir eru til að nota sér hann til persónulegs framdráttar. Það er til dæmis hægt með því að skapa vettvang fyrir heilbrigða gagnrýni, þar sem ólíkar skoðanir eru leiddar saman, og ég vona, að sá sé tilgangur Stúdentafélagsins með þessum fundi. Aðeins frjáls andleg samskipti geta tamið okkur að hafa það eitt í hverju máli, sem sannara reynist, en slíkt er aðalsmerki frjálsra manna.

Ræða á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur í Tjarnarbíói 12. janúar 1950. Birt í *Morgunblaðinu* 14. janúar 1950, 9.–11. bls.

Argungub

16 síður

41. Árgangur.

282. töl. — Þriðjudagur 16. nóvember 1954.

Fréttastofna Morgunblaðsins.

Frabær bæði Gunnars Gunnarss. á fjölmennum fundi Heimdallar „Enginn sem áttar sig er fús að láta Fjalfræðuna í skiptum fyrir feigðargalda gerræðis og grimmdar“

Norðrheim-skautaleiðin opnuð af flugvel SAS

Kaupmannahöfn, 15. nóv. Einkaleyfi frá Fél. Löngvini Mikli hið skótskið varð á Kastrop-flughöfnum hér í hö, er flugvel SAS-flugþéna hið af lífi áfir sína til Ameríku yfir N. heimskautavegin. En hér er slúgð mörklingt spor ísluga flugvéna. Með þessum vörður Norðrheimskautaleiðin MÍKLI hjálpar flugleiðingur, þrá sem samgöngur fluga milli tveggja heimtala.

MÍKLI HÁTTAFARÓD
Kastrop-flughöfn var flugveglega skroft í þessu tvefni. Um 600 heitferðinga voru seldir í þeirra á meðal fjöldi blaðamanna frá íslum löndum Evrópu. Uppchiklaðir Þóro, Hó, K. Hansen, Petersen samgöngur-áhöfðir Norðrheim- og Lindöfl samgöngumáttir Þóro

Fræmh. á bla. 12.



Gunnar Gunnarsson flytur þaðú sína í Sjálfstjórnshöfnina.

Ráðstefnu tillaga Rússa ekkert nýmæli en augljóslega beint gegn stöðfestingu Parísarsamninganna

★ STAFSTEFING SAMNINGNA
ANNA FJERSA SPOHID
Eðen hvað breuka stjórnmála líta svo á, að aðeins með samþykkt og framkvæmd Parísarsamninganna, er löggá myndi horkornast, að fyrsta og samgæingna markmið vestrennu þjóða, yfir lagdur réttur grundvöllur að vörðleiti þeirra, er heintast að fróstri samvinna og skóningi við Ráðstöfnarkröfnin.

Stöðfesting Parísarsamninga er af öllum stjórnmálum, er að þeirra móða, mun á engan hátt hindra vörðuna á viðum grundvelli um mál þann er tillaga Ráðstöfnarkröfnina stýtur um. En stöðfesting Parísarsamninganna er fyrsta spor, sagði Eðen. Við upplýsingar þess efnis, að Ráðstöfnarkröfnin yrðu hvöldu til móta heitögna Bræðralagins, þetta samstaftar af vopnabrotum. Stöðfesting þess efnis, að Bræðralaginu sé stefnað á þessum samgöngum, er þann veri áttu samþykktu, þerum, er hann taldi víst, að hann yrði fyrsta bein samstaftunin.

Fræmh. á bla. 12.

LONDON, 15. nóv.
★ ANTHONY EDEN, utanríkisráðgjafi, lét svo ummæli: Í neðri deili breuka þingins í dag, að tillaga Ráðstöfnarkröfnina um stjórnmálafrófnina um byggisgjafalög vöri augljóslega beint gegn stöðfestingu Parísarsamninganna um fyrstaföringina og vörðleiti Vestur-Evrópu, eð þvi þess breuka útrýpni skjótt frá í kvöld. Eðen hvað tillaga þessa hafa ekkert rétt á gróvna nema dagfesting þá er Rússar skófu eftir, að ráðstöfnan hneft á Eðen eft þessa fyrirlýgningu sem svar við fyrirsögunum í New Eleant Attie, heitögna stjórnmálafrófnina.

New York. — Miðstöð innvirknaendaférlisins, Elik, hinni þekktu eyju í hafi New York boggar, er 20 milljónir innvirknaendaférlis, sem voru höttuð til að vörð þá, hafa fráfr um á s. l. 82 árum, var lokast í gær. Hæfur innvirknaendaférlisnó mynd hvegn fráfr yfirvöldum í New York.

Naguib og Bræðralagjöf atluðu að steypa stjórn Egyptalands

KAIRO, 15. nóv. — **Reuter-NTB.**
Þá varð frófnaveita líta heildin ekkri niðurlit. Síðan gengur þær göngu fram. En í lauga þetta líta hafi ekkri skótu þeim aftur um háttímal frófnin ekkri af líta frófnin Síma og Míkjalí en vörð ungu stjórnmála og framgöngvali frófnin fyllt árum ungu af áfríð þerum.

HAMSEKNI NAGUIBS OG HOODEBS
El Thabb hvað þá Naguib og kattaveg. El Thabb auglíst stjórnmálafrófnin, ur hafa frógní eðnum Bræðralagins, H Hassan el Hodeby, hafa gert með lagfélaganna í hendur spvegmátt, er heitast til þess að Bræðralaginu ekkri til að myrð. Nasser og mærnæm þjóðir styndu meiti tilhliðr lagó efnu til uppreiðun annarkráðstærnan. Síðan yrði ný ummæli um ógnur alþjóða-náðráðgjafanna, hvöldu stjórnmálafrófnina Egyptalands og stjórnmálafrófnina Egyptalands og stjórnmálafrófnina Egyptalands.

Fræmh. á bla. 12.

En hverja vega eru með þenna ókappa ístróðk, annal minir hveiti hín við upphátt þessu næst. Við þá spurningu vörð gáttinn kom heitúer ekkri hægur: Stöðfesting þókr meir fyrir því, Raðstefna mín, að þó skótu líta fyra flók þetta sama, sem gæru mér gættlekt og reika kóttuþ gegn mál skalklausti, stúln frá fram og kóku varði hár bundin. Þá varð frófnaveita líta heildin ekkri niðurlit. Síðan gengur þær göngu fram. En í lauga þetta líta hafi ekkri skótu þeim aftur um háttímal frófnin ekkri af líta frófnin Síma og Míkjalí en vörð ungu stjórnmála og framgöngvali frófnin fyllt árum ungu af áfríð þerum. Lesget er engan ekkri í evinastka blaðinu, er sigi alla fyrir língu ríðaðu um þannal frófnin þessa Grímmsráðstærna, eitt hvöru á þessa heit. Nágrí reglur er fráfrá María Gunnarson mörkveitlínun lögó ekkri fyrir og rúmmar vörðun um einn stjórnmálafrófnin lístíri óráðanna

Fræmh. á bla. 12.

„Kommunisminn er ægilegt fall af æðra stigi á lægra“

A FJÖLMENNUM umræðufundi sem haldinn var á samundagningu í A Heimdalli, flógu ungra stjórnmáttóttamanna, flutt Gunnar Gunnarsson skóku hand og yfarlega framgöngvali um „Vestrennu menningu og kommúnismann“. Fundurinn hófst með því að forsmáður félagslags, þorvaldur Garðar Kríslásson lögrættlingur, setti fundinn og kvað framhaldandi, Rósa Gunnars Gunnarssonar vökti ókókt áthöft fundarinnna. Hóf hann mál sítt með dæmiglegu um Ráðstefnu og heitögna einst, sem hafið hann frókt um stjórnmálafrófnin, en með sama heiti býfir óheftistafna kommúnismann vestrennu menninguþjóðum víðfarna frófnun á skógarþír. Rósa Gunnarsson fór hín á ekkri í heit.

RAÐSTEFNU Á SAMFELDUM UN SKÖGNUN
Þvíð hveiti var heit skótu. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú. Þvíð ekkri sér rauða heitú.

Fræmh. á bla. 2.

Gunnar Gunnarsson:

VESTRÆN MENNING OG KOMMÚNISMI

I.

EINU SINNI VAR LÍTIL STÚLKA, er átti sér rauða hettu. Hún hét María Anna og langaði ósköpin öll til að skreppa út í nálægan skóg og heilsa upp á hana ömmu sína. Frændur hennar Sámur og Mikkjáll höfðu að vísu varað hana við því: í skóginum væri á vakki híðbjörn einn mikill og grimmur. Hefði sá þegar gleypst gömlu konuna, síðan íklæðst fötum hennar og rauðu húfunni. Rauðhetta litla trúði þeim ekki meira en svo og fór ferða sinna eigi og síður, enda mætti hún von bráðar ömmu sinni. Gamla konan vék sér að henni ofur blíðlega og bauð henni friðsamlega sambúð á leið þeirra um myrkviðinn.

Hvers vegna hefur þú svona beittar klær, amma mín? spurði Rauðhetta litla. – Og það er nú til þess að geta varist honum Sámi, sem vill mig feiga, og honum Mikkjáli, sem er svo hefnigjarn, frændum þínum, og eins til þess að geta séð um, að þú fái að lifa í friði og við allsnægtir, táta mín, ansaði gerviamman ungu stúlkunni. Sjáum til! hugsaði Rauðhetta litla með sjálfri sér: Nú skil ég betur, hvers vegna frændur mínir skrökvuðu að mér!

En hvers vegna ertu með þenna óskapa ístrubúk, amma mín? bætti hún við upphátt þessu næst. Við þá spurningu varð gamla konan heldur en ekki hnuggin: Skelfing þykir mér fyrir því, Rauðhetta mín, að þú skulir vilja fylla flokk þeirra manna, sem gera mér getsakir og reka áróður gegn mér alsaklausri, stundi hún fram og fékk varla tára bundist.

Þá varð Rauðhetta litla heldur en ekki niðurlút. Síðan gengu þær götuna fram. En er Rauðhetta litla hafði ekki skilað sér heim aftur um háttamál, fór þeim ekki að lítast á blikuna, Sámi og Mikkjáli, en vinir ungu stúlkunnar og frændlið gervallt fylltist sárum ugg um afdrif hennar.

Lengri er sagan ekki í svissneska blaðinu, er eigi alls fyrir löngu rifjaði upp gamalt ævintýr þeirra Grimmsbræðra eitthvað á þessa leið. Nánari fregnir af flakki Maríu Önnu um myrkviðinn lágu ekki fyrir og raunar vandséð enn um sögulok og feigðarflan fleiri óráðinna ungmenna en þessarar frænku vorrar á Signubökkum.

II.

Til eru þeir á meðal okkar og málfærir vel og pennaliprir, er sýnist öruggt að treysta ömmunni þrýstnu með beittu klærnar og meira að segja henni einni. Þó munu hinir fleiri, enn sem komið er, en ekki að sama skapi skipulagðir og því naumast jafnsigurstranglegir í viðureign, þar sem annar aðilinn heimtar sér til handa gríð og frelsi og þiggur fúslega, án þess að honum hvarfli að gjalda líku líkt. Hér vestan tjalds á áróðursmönnunum að vera heimilt það, sem austan tjalds er dauðasök eða þrælkunar. Slíkt væri því aðeins réttlætanlegt, að þar byggju alfullkominir menn, að Ráðstjórnarríkin væri í raun og sannleika landið fyrirheitna. Má vera, að svo sé. Til þess benda meðal annars hugarfarsbreytingar þær, er eiga sér stað um leið og sólin rauða rís á himin og gera vart við sig einkum þegar kosin er landstjórn.

Hér vestra ætlar allt af göflum að ganga, þá er svo ber undir, ólíkustu og ólíklegustu flokkar ota hver sínum tota og hljóta fylgi eftir efnun, við skulum vona málefnum og ástæðum. Austan tjalds er friðurinn fullkominari. Þar er aðeins einn flokkur í framboði, og ekki svo vel að gengið sé á röðina. Sú aðferð hefði þó nokkuð til síns máls. En ónei. Þar er skilningur almennings svo þroskaður, að allir menn vita, hvað þeir vilja og vilja aðeins eitt: styrkja höfuðengla almátugrar stjórnarforustu, sem þó neytt hefur verið upp á þá.

Við sáum það átakanlega í Austur-Þýskalandi eigi alls fyrir löngu, þar sem 99,3% af þeim, er mættu á kjörstað, óskuðu einum rómi að fá að halda forystu sinni óbrenslaðri. Í Austurríki aftur á móti brá öðru vísi við. Þar voru enn margir kallaðir, en fáir útvaldir. Þeir létu sig hafa það, Austurríkismenn, að skila kommúnistum ekki nema 8,6% greiddra atkvæða á sjálfu hernámssvæði Rússa. Annars staðar í landinu kusu aðeins 5% með kommúnistum.

Má af slíku best sjá og skynja, hver nauðsyn til ber, að svo aumlega afvegaleidd þjóð og kúguð af Vesturveldunum frelsist til fullkominari skilnings og hljóti sem fyrst að verða má hlutdeild í hamingjuríkinu gerska og helgisíðum hreinsuðum af goðsögnum og hjátrú, eingöngu bundnum við menn og mannvit, kristölluðum um smurðlingana við Kremllarmúra.

Eða víkur þessu öðru vísi við? Það skyldi þó ekki vera, að dýrðarskikkja mann-dýrkunarinnar fengi á sig velkjaðan blæ og jafnvel blóðlit um leið og trú og fjálgleik þrýtur? Spyrjum Silone, Koestler og aðra þá, er fengið hafa sig fullsadda af fylgilaginu. Af lýsingum þeirra er augljóst, að fremur beri að líkja gleðiboðskap kommúnista til faraldurs en trúarbragða: losaralýður og óreyndir unglingar ánetjaðir, raðað í sellur, sóttkveikjan skipulögð, best að gerlarnir viti um sem fæsta og sem minnst hver um annan, þeir smita frá sér laumulega og leyfist það.

Flestir hinna ánetjuðu sprikla í netinu til aldurtíla, en þeir sem tekst að rífa sig lausa örkuðum hlaðnir og aðeins hálfir menn. Það hefur komið raunalega á daginn, að Íslendingum hættir við að vera fljótfærum, enda ekki nágrennið til viðvörunar. Verða þó ekki allir afsakaðir með óvitahætti.

Því miður er þannig komið, sem löngu var fyrirsjáanlegt, þótt færri sæi en ætla

mætti, að vestræn menning nú þegar um miðbik aldarinnar er svo aðhneppt af veldi og viðgangi alþjóðakommúnismans, eða ættum við heldur að segja: valdastefnu Rússa, sem nær einir þjóða — hin þjóðin er Kínverjar — hafa fært út umráðasvæði sitt heldur en ekki síðan árið 1939, að þeir með illræmdum griðasáttmála hófust handa um skiptingu Póllands rétt einu sinni, að bresti okkur Vestmenn viljann til sjálfsvarnar, en að því er stefnt ötullega og öllum brögðum beitt til að tortryggja og grafa undan samlyndi og samheldni frelsisunnandi þjóða, geta sögulokin ekki orðið nema á eina lund. Vilji okkar eða viljaleysi í þeim efnun mun að endingu úrslitum ráða.

III.

Sá er í einvígi illa settur, sem áttar sig ekki á aðstöðu sinni fyrr en á hólminn er komið, mætir þar vopnlaus og berskjalda hertygjuðum óvini harðsnúnum. En einmitt þannig stóð á um Vesturveldin þá er loks hafist var handa um bandalag það, sem kennt er við Atlantsála og við Íslendingar, óherskáastir þjóða, en fornvígðir hugsjónum mannúðar, mannhelgi og mannréttinda, njótum þess heiðurs og trausts að eiga hlutdeild að. Það bandalag er eins og allir vita, sem vita vilja, þannig til orðið, að Rússar, að sameiginlegum óvini felldum héldu herjum sínum albúnum til atlögu fyrirvaralaust, á meðan grunlausir samherjar afklæddust ákaflega vopnum og verjum, svo frægt er orðið sem varnaðardæmi um alveg sérstakt fyrirhyggjuleysi og flónstraust. Fór nú sem vænta mátti, að þá loks snúið var við blaði, ætluðu kommúnistar allra landa og þjóða að ærast, töldu Ráðstjórnarríkin svikin og þeim ógnað hatrammlega með því einu, að girt var fyrir að þau fengi í næði að einoka herstyrk og vopnabúnað veraldar. Harmagráti þeim, er þá reis, hefur síðan ekki linn.

Virðist þó, sem kommúnistar mættu við una að hafa nær tvöfaldað yfirráðasvæði sitt, en margfaldað höfðatöluna. Friðarhjali þeirra og dúfnageri fylgir annars engu minna uggvæni en herópunum, hvort tveggja er skammtað nákvæmt og vísindalega, á sér ákveðinn tilgang, sem aldrei er vikið eitt fet frá né mun verða.

Dómbærir menn um þau efni telja óhikað, að á dögum loftbrúarinnar milli hernámssvæða Vesturveldanna og Vestur-Berlínar mundi hafa verið látið til skara skrifa um heimsyfírráð, ef ekki hefði staðið svo á, að Vestmenn, þeir þeirra, sem enn þá voru óþrælkaðir, snerust snúðugt til varnar og áttu í fórum sínum vopn, sem björninn guggnaði á að mæta, enda þótt hlutföllin milli herjanna og vígvarnings hvers konar væri þá slík, að á fæti og floti töldust Rússar eiga í öllum höndum við fyrri bandamenn sína samanlagt; þar á meðal þjóð, sem þrátt fyrir undirferli ráðstjórnarinnar, er hún vitandi vits opnaði flóðgáttir stýrjaldarinnar og síðan blóðgróða á skiptum við fjandmennina, meðan til vannst, hafði mokað í hopandi herdeildir þeirra árum saman vopnum og varningi, og á þá lund afstýrt algeru hruni kúgunarkerfisins, síðan í meinfrægu vitfirringsofboði látið þeim eftir til yfir-drottunar ekki aðeins væna skák af óvinaheimkynnum, heldur og langhrjáðar

lendur við Eystrasalt, byggðar alsaklausu fólki, þar á ofan í þokkabót örugga vopnabræður svikna í tryggðum, allt eldfornar stöðvar valinna þjóða og vestrænnar menningar. Hve háskasamlegt afspurnar slíkt athæfi muni reynast um aldir fram, er enn óséð; skuldabaggi sá, er Vesturveldin ófyrirsynju bundu okkur öllum með því að bregðast svo hrapallega vítalausum vinum, kynni að síga í, svo að um munar, á skógargötunum framundan. Fláræðið gegn feðrum og mæðrum mun reynast vandbætt og raunar óbætanlegt börnum og barnabörnum nema með því einu að ala með sér og þá um leið þeim örugga von og viljaprek.

Það verður að sjást og vitnast, svo að ekki verði um villst, að þrátt fyrir aldaforng og æ ný víxlspor og blóðug misgrip er vestræn menning enginn aukvisi. En á því sviði erum við Íslendingar, gæfu vorrar vegna og gamals menningar- og mannúðararfs, ábyrgari flestum þjóðum; harmar vorir síðustu aldirnar hafa verið smáir eða engir, samanborið við það, sem milljónir manna hafa orðið og verða að þola enn í dag. Hér hafa enn engar þær hörmungar yfir dunið, að afsaki sljóggaða dómgreind eða samvisku svefnþorni stungna.

IV.

Að skilgreina nákvæmlega, í hverju vestræn menning sé fólgin, ætti að vera óþarfi. Við vitum það öll nokkurn veginn, á meðan njótum, og þó mun betur þeir, er sviptir hafa verið sjálfstöðustu mannréttindum, þeir eru þegar of margir. Sá maður er annars varla í heiminn borinn, er meta kunni að verðugu, fyrr en misst hefur, frjálsræði það í orðum og athöfnum, og þá vernd líkama og sálar, er mannúðarskipulag veitir, þar sem það hefur fengið að þróast eðlilega og er lengst á veg komið, en á því sviði standa Norðurlöndin framarlega, sumir álíta einna fremst.

Það eitt út af fyrir sig, að við getum komið hér saman um hábjartan dag, menn af ýmsum flokkum, og frummælandi enda utan flokka alla sína tíð, og af sumum álitinn óþarflega opinskár um það, er honum þykir miður fara um menn og málefni, komið hér saman og sagt hver öðrum hug vorn allan, án þess að þurfa að óttast að það dragi dilk á eftir sér annan en orðakast; það eitt er besta sönnun þess, hve vel við megum við una hag vorn, svo og til glöggvunar á því, hvort okkur hentar betur, Íslendingum, vestrænt lýðræði eða það, sem kommúnistar til aðgreiningar gælunefna alþýðulýðveldi og mæla með fastlega, sem ærði eða jafnvel ædstu tegund stjórnarfars. Gerum ráð fyrir, að þeir trúu því sjálfir. Og að þeim sé alvara.

Annars er á orði haft um lærifæður og listamenn þjóðar vorrar, eða eins og það er kallað: „Intelligensen“, að þeir, menntamennirnir, gáfnaljósín, fylgi kenningum kommúnismans undantekningarlítið og heilhuga. Þetta er óspart borið út úr landinu og um leið vísað til atkvæðamagns flokksins almennt. Sé rétt frá hermt um andlegu forystuna, mun sumum finnast, að lítið leggist fyrir arfa Sturlu og Snorra á tuttugustu öldinni, að tveir einir séu nefndir af þeim forfeðrum vorum, er af frábærum heiðarleik, gagnrýni og glöggskyggni tömdu sér hlutlægni í frásögn, hver sem í hlut átti, og jafnvel um sjálfa sig, að hafa gerst handbendi og gjallarhorn arg-

vítugasta afturhaldsins, er sögur fara af á kringlu heims. Sé svo, að þeir viti og skynji ekki betur – en því verðum við nauðug viljug að gera ráð fyrir – er hætt við, að dómur framtíðarinnar um sjálfrámaða vitsmuni þeirra verði nokkuð á aðra lund. Það kynni að verða sagt, að um hugarfar íslensku þjóðarinnar á uppgangstímabilinu mesta væri ýmislegt á huldu, þar sem lýgin hefði skipað öndvegissess. Hins vegar augljóst mál, að verulegur hluti framarfa Njáls og Snorra goða hafi reynst auðtrúa um skör fram og annálaðir gáfumenn ginningarfífl.

V.

Að telja vestræna menningu vítalausa væri óðs manns æði. Hún er enn á gelgjuskeiði. Við vorum farin að treysta því í aldarbyrjun, að trúvillingadómar og galdrabrennur, Sturlungaöld hvers konar, væri úr sögunni, villimennskan látið endanlega í minni pokann fyrir mannúðarviðleitni bestu sona og dætra sundurleitustu þjóða. Reyndin varð á annan veg, og engin þjóð skyldi treysta taumhaldi andans á trufluðu holdi, fái djöfulæðið innrás í einhverri mynd. Það er ævaforð reynsla, að hægara er í að rata en úr að komast. Fleiri hættur, fleiri óvini er þó að varast en þá, er vaða uppi ófriðlega. Í skjóli frjálsræðisins þróast ómenning ýmiss konar. Annars óháðir menn gerast unnvörpum sjálfkúgaðir þrælur véla, tækni og auvirðilegasta stundargamans.

Mér hefur löngum fundist eitthvað kunnuglegt við að sjá menn af eindæma fjálgleik knékrjúpa einkabifreiðum sínum á laugardagskvöldum, önnum kafna við að snurfusa þær undir helgihald hvíldardagsins í rykmekki íslenskra þjóðvega, enda áttaði ég mig á því fljótlega, að um atavíska endurminningu mundi vera að ræða: gamlir goðar forsjalir hafa óefað á líkan hátt lýsisborið Hlórriða sína og Hörgabrúðir, er þeir bjuggu til blótveislana, svo og til betri endingar efniviðnum.

Nefna mætti annað undarlegt dæmi úr daglega lífinu, svo sem það, að langvinnir lófaskellir og tröllahlátrar virðast orðin einna vinsælustu dagskrárliðirnir í útvarpi okkar Íslendinga, og mætti þó við una, ef með því móti væri hægt að fá garg og gæliviðbjóð annarra hávaðaframleiðenda eitthvað takmarkaðan.

En hvað skal segja um okkur fáa og smáa, afvegaleidda af risaþjóðum, er mega betur við að ýmiss konar illgresi njóti sín á vítasgjöfum akurflæmum, en við á harðhnjóskum eyjunnar hvítu? Ætti að dæma ameríska menningu af Keflavíkúr-útvarpinu, sem er báðum þjóðunum til jafnmikillar skammar, virðist einsætt, að ekki sé hollrar leiðsögu að leita vestur um haf, en kvikmyndasleþjan og glæparitin þó verri, og slík vaða nú einnig uppi heima hér, eitra ungar sálir og ef til vill gamlar líka, og ekki svo vel, að þau séu skattlögð sérstaklega, svo sem brennivín og tóbak, sem hvort tveggja mun óskaðlegra: eiturbýrlararnir þurfa ekki einu sinni að segja til nafns.

Fleira smátt mætti telja og mun talið verða, er tækifæri gefst. En slíkt eru breyskleikasýndir fremur en ásetnings, og engan veginn örvænt, að þjóðin og þjóðirnar bæti ráð sitt; telji sér skylt, að vera á verði um andlega heilbrigða þegna sinna eigi síður en líkamlega. Alvarlegar horfir um ofstjórn þá og skriffinnsku, sem allt

ætlað að sliga, en gifurþróun framkvæmdarvaldsins leiðir rökrétt til lögregluríkisins í einhverri mynd. Það fyrirbæri er jafnóþolandi, hvern lit sem það velur sér. Það, sem allt um gildir, er, að valdið verði þegnunum ofjarl.

Vald er í mannheimum sams konar fyrirbæri og eldurinn: ómetanleg blessun og bráðnaðsynlegt til viðhalds friði og velfarnaði, en má engu sinni lenda óskorað í hendur neins eins manns og því síður flokks samviskuliðugra samsærismanna. Eitthvert mesta vandamál allra tíma er einmitt tilhneiging valdsins til samdráttar; hvernig nota beri það og þó um leið girða fyrir, að nokkur fái misbeitt því, er einhver mesta vitraun mannkynsins, vitraun, sem verður að leysast og leysast með hófsemi og hugkvæmni. Fáí vestræn menning að þróast eðlilega og verði ekki enn einu sinni glæframennsku og byltingaröflum að bráð, mun tæpast ástæða til að efa, að lausnin verði fundin. Hverjum einstökum ber skylda til að vinna að því örugglega, að það megi lánast og helst sem fyrst.

VI.

Venjan mun að rekja rætur vestrænnar menningar til Grikkja hinna fornu og Rómverja, en vitanlega er hún miklum mun eldri, enda þótt þær þjóðir hafi hvor um sig auðgað hana ómetanlega, ívöf og uppistaða bæði víðar að fengin og nær tekin, síðan mótuð í deiglu heimahaga, hugarfars og umhverfis: þann veg myndast þjóðtungur og þjóðarsálar, og hættir hinum síðar nefndu þá stundum til að afmyndast.

Sjálfsbjargarviðleitnin fer ósjaldan út í öfgar; fáir sjúkdómar eru jafnbráðsmitandi og þjóðarrembingur. Fullur skilningur á þeirri staðreynd, að tæknin í sviphending hefur breytt hálfökönnuðum hnetti vorum í smáríki í himingeimnum, á enn langt í land. Rétt athugað hjá ráðstjórninni er það, að sjálfstæði lands og þjóða í þeirri mynd, sem enn er okkur flestum í minni og einkar kær, er úrelt fyrirbæri og fær ekki sameinast samgönguhraðanum og því undri, að það er tæknilegur möguleiki að tala til alls mannkyns án milliliða og samstundis.

Sjálfstæði hvers konar er nú undir samlyndi og velvilja komið, og eigi það að verða samningsatriði, en þann einn veg verður leifum þess bjargað, er eina leiðin sú, að mæta ofbeldi hvers konar og valdabrölti einhuga og af þeirri alúð, sem telur árvekni, erfíði og jafnvel lífið sjálft auðvelda fórn á altari manntignar og til menningarvarna. Hnötturinn mun áður varir lenda undir eina stjórn, sem við öll vonum verði samstjórn og bræðralag.

Kommúnistar nota ef til vill sömu orðmyndina, en þar er einbeittum og harðsnúnum samsærismönnum ætlað að fara einum með völd. Þetta eru annars góðir menn, eða svo segja þeir, bestu, gáfuðustu og góðviljuðustu menn veraldar; þeir munu ekki rengja mig um það. Fyrirheitna landinu er af einstæðri göfgi ætlað að ná til okkar allra. Kommúnistar eru meira að segja svo vænir að vilja ótilneyddir létta af fáfróðum almenningi öllum áhyggjum af landsstjórn og álíka veraldarvafstri.

Frelsið þar eystra er ekki í því fólgid að mega velja á milli ólíkra sjónarmiða, heldur hinu að vera laus við öll heilabrot, eins og einn ágætur ráðstjórnarbroddborgari eigi

alls fyrir löngu lagði niður fyrir Atla enum breska. Öðlingssskapurinn yfirgnæfir, nema helst í því, að þeir telja hvern þann vanþakklátan bófa og ekki á vetur setjandi, er leyfir sér að amast við sæluríkinu og efast um hvort tveggja: málefnið og mennina að baki.

Mikið megum við Íslendingar annars vera forsjóninni þakklátir fyrir vorn deildan skammt vestrænnar menningar, og langfedgum vorum fyrir skerf þeirra ósmáan: engu líkara en almættið hafi metið það við okkur og meti enn, að áar vorir sýndu þann drengskap að gerast landflótta heldur en þola grimmd og gerræði. Hljóta þó Noregskonungar að teljast tómtundaföndrar í samanburði við böðla og braskara vorra tíma á valdasviðinu. Að himnafaðirinn á liðnum öldum hefur miðlar íslensku þjóðinni síru með sætu, svo sem hollast er talið, væri smámunasemi um að fárast: kjör alls, sem lifir, er þeim annmarka bundið, að eitt sinn skal hver deyja.

Vera kann raunar, að sá sýndarannmarki sé ábatinn mesti. Það er áreiðanlega heilræði hverjum sem er að ofmeta ekki lífið í holdinu. Það er sígild regla, að sá verður gagnlegastur samtíð og framörfum, er metur sálina meir.

VII.

Það er svo um menn og hesta, að skapið skiptir mestu, sé tamningin í lagi eða sjálf-tamningin, og kunni hvorir tveggja fótum sínum forráð. En um þá hluti bættist okkur fyrir þúsund árum aðalstoðin, og hafði verið önnur þúsund ár á leiðinni frá Gyðingalandi til Garðarshólma. Er þá komið að aðalmálinu, er í milli skilur mann-úðar og ofbeldis, Baldurs hvíta og Fenrisúlfsins fjötrum svipta: á vorum dögum vestrænnar menningar og vald kommúnismans, en það er trúarbrögðin, kristinn dómur: opinberun andans helga í göfugasta holdi heims, sem varð reikulu mannkyni náðargjöfin mesta, enda nýtur þess heiðurs að vera svívirt alveg sérstaklega af manndýrkendum myrkviðarins villigjarna, þar sem haldin er til sálubóta sísyning á holdgoðum: vesölum líkamsleifum andvana afvegaleiðenda. Kenningar smurðlinganna við Kremlarmúra hafa sem sé skákað guðspjöllunum um set, ekki einu sinni almættið þolir samanburð við þá Stalín og Lenín.

Hvernig mundi yður lítast á, góðir hálsar, að eiga úavarið hold Jóns forseta í grafhýsi á Austurvelli í staðinn fyrir eirlíkneskið? Ætli það væri ekki einhver munur? Víst væri það munur: munur sá, er skilur á milli menningar og villimennsku. Ef svo ólíklega skyldi fara, að maður af íslensku kyni yrði með tíð og tíma álíka umbunar aðnjótandi, má sá hinn sami hrósa happi, að Snorri Sturluson er genginn. Lýsingin á því, er Haraldur konungur lét smyrja og hafði sér áfram til augnagamans Snæfríði ástvinu sína andvana, þangað til Þorleifi spaka tókst að koma fyrir hann vitinu, hermír svo glögglega frá um hug söguritarans, að enginn fær um villst. Þar koma fram eðlileg viðbrögð norræns anda gegn athæfi, er mundi vekja undrun í svæluskógum suðurhvelsins, hvað þá svalara loftslagi.

En það er fleira en smurðlingafarganið, er vekja hlýtur ugg um, að vel mætti svo fara, að ekki aðeins mannsandinn, heldur og sá andi heilagur, er mannkyninu

hefur verið fyrir trúað, kynni ófyrirsynju að lúta í lægra haldi. Tækni og menning eru gerólík hugtök, og enda oft hvort öðru fjandsamleg, sem þegar var lítillaga að vikið. Eitt af bókmenntaafrekum allra tíma, *Fást* eftir Goethe, fjallar um vandann, er af því rís að leysa úr læðingi öfl, sem siðmenningin er ekki kominn á nógu hátt stig til að ráða fyllilega við. Tæknitilbeiðslan mætti vel verða mannkyninu annar viðsjálasti óvinurinn; hættan er ekki afmáð með því að loka augunum fyrir henni, því síður með því að leggja hendur í skaut.

VIII.

Það þarf ekki annað en bera vestræna menningu með öllum hennar annmörkum lauslega saman við siðfræði kommúnista til að átta sig á því, að sæluríkið eystra þar er sjónhverfingar einar, svo að hógværlaga sé að orði kveðið. Flóttamannastraumurinn úr öllum Ráðstjórnarríkjunum, fyrirbæri, er varla gefur eftir þjóðflutningum myrkustu miðalda, nema síður sé, sýnir ómótmælanlega, að vankunnandi fólk afþakkar ráðstjórnarhamingjuna unnvörpum, nema því sé varnað þess með vopnavaldi og enda þótt.

Kommúnistar eru þeir mannvínir, að þeir vilja ólíkt heldur vita menn undir sverði en utan tjalds. Margir þeir, sem af einhverjum ástæðum vilja eða geta ekki yfirgefið heimkynni sín, draga enga dul á það í viðræðum við menn, er þeir treysta, að þeir vonsviknir eða vonlausir bíði þess eins, að dauðinn leysi þá undan ánaud og óyndi, sem engin fær leið er til að fjarlægjast. Enda þótt sól skíni í heiði austan tjalds sem annars staðar, þá er svo víðrar, mun flestum farið sem Axlar-Birni, að þeim sýnist sólarlitlir dagar í landi, þar sem ein aðalbygðin er að ljóstra upp um foreldra og aðra ástvini og aðalmarkmiðið iðkan tvíhyggju. Smáborgaraleg sjónarmið hvers konar eiga og verða að víkja fyrir tryggðinni við flokkinn, eina sáluhjálparatriðinu, gerviflokkinn, er siglir undir fölsku flaggi alþjóðasósíalisma.

Undir ógnarvaldi Ráðstjórnarríkjanna er vináttuþörf grunsamlegt fyrirbæri. Og að mönnum beri þar sem annars staðar að skilgreina fyrir sjálfum sér og öðrum skoðanir sínar og segja rétt frá staðreyndum, er fordæmt sem hégilja. Ófugt við staðreyndir á ekki að skýra, heldur skýra burt eða eyða því hjali að öðrum kosti. Koestler segir frá því í síðustu bók sinni, hversu örðugþræddir honum reyndust krákustígarnir sitt á hvað; öðru máli gegndi um Bert Brecht, féлага hans. Einkunnarorð Brechts segir hann verið hafa og vera enn í dag: „Sökktu þér í fenið og faðmaðu böðulinn!“ Engum skyldi blöskra slík óheyrlig orð í umhverfi, þar sem lygin er til hásætis leidd blygðunarlaust og látin þjóna sýndarhugsjónum, en viðsjárverðasta kennisetning fornaldar til vegsemdar hafin, sú, að tilgangurinn helgi meðalið.

IX.

Við erum enn nokkur ofan foldar, sem munum þá tíð, að, telja mátti Rússland til vestrænnar menningar, að vísu ekki að stjórnarháttum, alþýða manna var þrælkúguð

og þó ekki sem nú. En á ísbreiðu keisaraveldisins þróuðust listir, einkum áttu Rússar ódaudleg skáld; bókmenntir þeirra báru um hríð ægishjálms yfir Vesturálfu og víðar þó. Það var meira að segja hægt að undirbúa byltingu, sem um munaði. Samúðin með rússnesku þjóðinni var svo einlæg og almenn, að það vakti alheimsfögnuð, þá er loks fjötrarnir hrukku af þjóð, er mun hafa verið mörgum listunnanda kærkomnari en flestar aðrar. Sá fögnuður átti sér að vísu skamman aldur. Skugga brá á, er séð varð, að tsarveldinu mundi drekkt í blóðflóði því, er var látið fossa í skírnarfont alræðis öreiganna. Sem þó aðeins átti að verða stundarfyrirbrigði. Skuggi sá varð síðar að ægimykrri, sem eldingar gerræðisins eru nær einar um að rjúfa. Vestrænum áhrifum og menningu hefur Rússland hið heilaga, eins og það stundum var kallað síðan, verið lokað land, enda listir og bókmenntir ördeyða.

Óvinir rússnesku þjóðarinnar verða þó engir fundnir vestan tjalds. Ekki vestan tjalds. Hver heilvita maður með nokkurn snefil af þekkingu, lífsreynslu og heilbrigðum tilfinningum ann Rússum fyrir afrek þeirra hin fornu, en þeim lauk á flestum sviðum með byltingunni, og af öllum dögum bíður hann þess heilladags með einna mestri óþreyju, er þeim lánast að hrista af sér okið og mæta öðrum þjóðum alfrjálsir og sem bróðir bróður. Þá fyrst verður hægt að segja sanna sögu af ofbeldisseggjunum, er létu sér svo annat um öreigana og annað verkafólk, að þeir ódfúsir létu af þeim öllu ómaki, nema erfiðisvinnunni. Hana þyngdu þeir aftur á móti, svo að um munar. Og verkfallsréttinn, sem þeir áfegastir allra heimta og skaðnota vestan tjalds, gerðu þeir sér lítið fyrir og innbyrtu. Eystra þar er hyskni hvers konar talin skemmdarstarfsemi og þeir menn þrælkaðir, er skila ekki fyllstu afköstum og helst ofurlítið framyfir það. Stundum er þeim stytur aldur. Að til skuli vera frjálsir íslenskir verkamenn, er láti blindast af fagurgala, sem á sér engan stað í neinum raunhæfum veruleika, láta teymast á eyrunum af tyllivon, ber óneitanlega vitni um gáfnakröm, sem þó vonandi er ekki ólæknaði.

X.

Kommúnisminn, eins og hann er starfræktur austan tjalds, hefur reynst þjóðum þeim, sem honum hefur tekist að sölsa undir sig og enn sem óðast er önnum kafinn við að sölsa undir sig, ógurlegt fall af æðra stigi á lægra, enda ásamt með öðru gerræði svartasta afturhaldið, sem skotið hefur upp kalli síðan sögur fara af og eitt hið illvígasta, undirförlasta og viðsjárverðasta. Sem betur fer mun hann aldrei geta sigrað allan hnöttinn af eigin rammleik. Hingað til hefur hann aðeins unnið á og mun framvegis því aðeins ná undirtökunum, að veilt sé fyrir eða rotíð, með öðrum orðum: aðeins þar, sem hann fyrir andvaraleysi andstæðinganna, heigulskap eða hörmungarástand kemur við valdbeitingu ofstopans. Sé hugsjónum frelsis, mannhelgi og mannúðar þjónað af alúð og þær í heiðri haldnar, þarf enginn að óttast né örvænta, þó því aðeins, að fyrir hendi sé örugg fylking að mæta með árasarliðinu og enginn bilbugur á viljanum til verndar einföldustu mannréttindum, en

þau eru okkur Vestmönnum jafn-ómissandi og andrúmsloftið, er við fyllum með lungu okkar.

Hættulegastur er björninn, þá er hann bregður á sig skryfðri sauðargæru sakleysis og friðar. Hins vegar geta kommúnistar stundum verið myndir, svo að gaman sé að, svo sem þá er Vyshínskíj nýverið reyndi að telja heiminum trú um, að ráðstjórnin ætti alls enga hlutdeild að kalda stríðinu né öðrum alþjóðaskráveifum, þeir væru þar fórnarlambið.

Hættulegir eru kommúnistar þó sérstaklega, er þeir taka okkur undurlítt við hönd sér á förnum vegi og bjóða okkur friðsamlega sambúð skógargötturnar fram. Friðsamlega sambúð er sjálsagt að rækja, enda stendur ekki á lýðræðisríkjunum í því efni. Hér að vestan mun aldrei árásar að vænta, meðal annars vegna þess, að árás fengi aldrei fylgi friðelskandi þjóða vestursins. Þessu treysta Rússar, þótt þeir telji sér henta, að láta annað í veðri vaka. Um hug ráðstjórnarinnar er hins vegar öruggastrar fræðslu að leita og hún ekki vandfundin í guðspjöllum smurðlinganna. Manúílskíj gat vitnað bæði í Lenín og Stalín, er hann árið 1930 talaði yfir lærisveinum Lenínskólans í stjórnmálaværingum sem hér segir:

Í átökunum milli kommúnisma og auðvalds [þannig skýrgreina þeir alla stjórnarhætti utan ráðstjórnarskipulagsins] er óhjákvæmilegt, að fyrr eða síðar sverfi til stáls. Það getur varla gerst fyrr en eftir ein 20—30 ár. Sigurvon eigum við því aðeins, að okkur takist að koma óvininum á óvart. Við verðum að svæfa borgarastéttina. Það munum við gera þann veg að hleypa af stokkunum mestu friðarsókn, er um getur. Mun þá rísa hrifningaralda, og í hinu og þessu hljótum við að hliðra til. Auðvaldsríkin, rotin og sauðheimsk, munu hlakkandi samstarfa okkur við eyðileggingu sjálfra sín. Þeim er tamt að fagna hverju vinarhóti. En um leið og slakað er á vörnunum, munum við láta reiddan hnefa mala þau mjölinu smærra.

XI.

Þetta, góðir Íslendingar, er trúarsetningin æðsta og ófrávikjanlegasta. Það mun hver sá sárlega reyna og þó um seinan, er skortir vit eða afl til varnar. Leiðin til mannsæmandi samstarfs og samstjórnar á hnetti vorum liggur áreiðanlega ekki um myrkvið kommúnismans. Í ævintýri þeirra Grimmsbræðra gleypri úlfurinn Rauðhettu litlu, en það undur varð, að bæði hún og amman björguðust óskemmdar, er ger var kviðrista á óargadýrinu. Meltingarstarfsemi bjarnar kynni að reynast drýgri en úlfs og óráðlegt að treysta endurlífgun, sé í vömbina komið, eins og raunar dæmni sanna. Trúarsetningin, sem höfð var yfir áðan, ætti að vera ekki síður lesbókarefni yngstu skólabörnum þjóðarinnar, ríkisfræddum, en níðkvæðið um Leif Ingólfsbróður með viðlaginu: drepum! drepum!

Af hvoru tveggja og mörgu, sem hér verður að láta ótalið, ætti það að vera öllum meðalgáfuðum mönnum ljóst, að kommúnisminn engan veginn er sú alheimssól,

er þeir sjálfir vilja vera láta, heldur dimmur hnöttur, næturvaði, en gerviljósíð afskaplega óábyggilegt: tunglfylling og tunglhvörf fara algerlega eftir hentugleikum. Enginn, sem eitt sinn hefur áttað sig á því, mun tilleiðanlegur að láta Fjallræðuna í skiptum fyrir feigðargaldra þeirra manna, sem á vorum dögum öllum öðrum fremur eru haldnir ergi gerræðis og grimmdaræðis.

Ræða á fundi Heimdallar í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík 14. nóvember 1954. Birt í *Morgunblaðinu* 16. nóvember 1954, 1., 2. og 7. bls.

Kristmann Guðmundsson: ÁRÓÐURSBRÖGÐ KOMMÚNISTA

I.

ÞAÐ ER FURÐULEGT FYRIRBÆRI, en eigi að síður alvarleg staðreynd, að hér á Íslandi á kommúnisminn meira fylgi að fagna en annars staðar meðal frjálsra þjóða. Orsakirnar til þessa ófremdarástands liggja ekki beinlínis í augum uppi, en margar þeirra munu þó vera sæmilega ljósar, ef vel er að gáð.

Saga kommúnismans er efnismikill og mjög lærdómsríkur, en jafnframt óhugnanlegur kapituli í sögu mannkynsins. Heiti þessarar stefnu er tekið úr latínu, *communis* = sameiginlegt, *communitas* = samfélag, sameign. Bæði heitið og sú hugsjón, sem upprunalega var við það bundin, eru gömul fyrirbæri meðal manna. Platón tekur þau til meðferðar meðal annarra. En mótun nútíma-kommúnisma er í fyrstu verk Karls Marx, en síðar Leníns og Stalíns, svo sem kunnugt er. Rússneska byltingin var framkvæmd árið 1917. Það er augljóst að hún var fyrst og fremst ávöxtur ranglætis, ójafnaðar og dugnaðarleysis hinna ráðandi stétta í landinu, og einmitt þær orsakir ættu ábyrgir menn allra þjóða að hugleiða vel og leggja sér á hjarta.

Það er enginn vafi á því, að upprunalega hafa ýmsir forustumenn byltingarinnar, til dæmis Lenín, ætlað sér að marka stefnuna nokkuð á annan hátt en síðar varð raun á undir stjórn Stalíns. En þegar í byrjun varð ljóst, að ómögulegt var að koma í framkvæmd skipulagshugmyndum Karls Marx meðal lifandi og starfandi manna, enda þótt þær virtust auðveldar og álitlegar á pappírnum. Ráðendurnir urðu að endurskoða, skera sundur og skeyta saman og renna blint í sjóinn með flest, meðan engin reynsla var fengin. Reynslan kom síðan smám saman, en hún mun ekki hafa verið uppörvandi, því að brátt tóku stjórnendurnir að herða tökin. Hin illræmda leynilögregla var stofnuð, fangabúðir reistar, dularfullar yfirheyrsluaðferðir fundnar upp. „Alræði öreiganna“ varð flokkseinveldi, síðar einveldi einræðisherra, og loks nú, á síðari árum, einveldi fárra manna, er virðast þó togast á um völdin.

Því skal engan veginn neitað, að í Rússlandi hafa kommúnistar verið stórvirkir í verklegum framkvæmdum og sýnt dugnað á mörgum sviðum, sem til þarfa mega teljast. En þess ber að gæta, að löndin í vestri hafa ekki heldur staðið í stað. Á þriðja og fjórða tug tuttugustu aldarinnar hafa tæknilegar framfarir verið meiri og stórkostlegri um heim allan en nokkru sinni áður í sögu mannkynsins. En Vesturlandaþjóðirnar hafa gumað allmiklu minna af sínum átökum en Rússar

II.

Eftir byltinguna í Rússlandi tóku að myndast kommúnistaflokkar í hverju landinu á fætur öðru. Þeim var öllum stjórnað frá Moskvu og höfðu heimsbyltingu að markmiði. En í þá daga höfðu kommúnistar enn ekki lært að villa á sér heimildir. Þeir fordæmdu opinberlega allar fornar dygðir, svo sem guðstrú, föðurlandsást og drengskap. Síðar breyttist þetta, eins og alkunnugt er. Nú látast þeir hvarvetna vera hinir mestu föðurlandsvinir og þjóðernissinnar og tala ekki illa um trúmál í eyru almennings. Samtímis styrkja þeir þó samtök guðleysingja um heim allan með ráðum og dáð, og frá þeim rauðu er runnið grátbrostlegt kjaftæði, er nefnist „díalektísk efnishygja“. Með þessum nýjum aðferðum hefur þeim tekist að ginna marga og slá ryki í augu þeirra, svo að þeir sjá ekki úlfshaminn undir sauðargærinni.

Þegar fyrir síðari heimsstyrjöldina hafði kommúnistum orðið mikið ágenget í flestum vestrænum löndum. Samtök þeirra voru hvarvetna sterk, og þeir áttu fjölda óflokksbundinna áhangenda í öllum þjóðfélagsstéttum. Í Noregi voru áhrif þeirra í ýmsum greinum menningarlífsins til dæmis mjög sterk, þótt dult færi og fáum væru þau raunverulega ljós.

Síðan skall styrjöldin á, og ýmis viðhorf breyttust. Eftir að Rússar voru orðnir bandamenn Vesturveldanna og börðust við hlið þeirra gegn nasistum, tóku ýmsir ágætir menn vestan járntrjalds að trúá því, að takast mættu friðsamleg samskipti við þessa þjóð, er hafði svo lengi einangrað sig frá umheiminum. Margir gerðu sér vonir um, að þau kynni, er hófust á vígvöllum Evrópu milli stjórnenda og hermanna vesturs og austurs, myndu leiða til gagnkvæms skilnings og fullra sátta að stríðinu loknu.

Við vitum öll, hvernig þær vonir rættust. Hermenn Vesturveldanna voru vel flestir látnir hverfa heim að ófriðarlokum og taka upp hagnýt störf í þjóðfélögum sínum. En Rússar, hvað gerðu þeir? Þeir afvopnuðu ekki her sinn, eins og bandamenn þeirra, heldur juku hann ár frá ári. Og þeir slepptu ekki tókum á þeim þjóðum, sem þeir höfðu leyst undan oki nasista, heldur hnepptu þær í enn harðari fjöttra. Aðferðin var alls staðar sú sama: Í skjóli hins rússneska hernámsliðs voru kommúnistaflokkar landanna eflir og síðan komið upp leppstjórnnum með aðstoð annarra vinstri afla. Svonefnd „alþýðulögregla“, það er dulbúinn kommúnistaher, var settur á stofn og vopnaður rússneskum vopnum. Því næst voru allir hættulegir andstæðingar fangelsaðir eða látnir „fremja sjálfsmorð“. Hin hægfara vinstri öfl voru ofurlíði borin og „hreinsuð“. Og í næstu kosningum „fagnaði“ þjóðin frelsurum sínum, kommúnistum, með því að greiða þeim minnst 99% af atkvæðamagni sínu!

Já, þannig fór í hverju landinu af öðru. Nöfn þeirra eru okkur minnissæð: Lettland, Litáen, Eistland, Pólland, Rúmenía, Búlgaría, Albanía, Ungverjaland, Tékkóslóvakía, Austur-Þýskaland. Og þegar þessi hræðilegi leikur hafði farið fram um skeið fyrir undrandi augum Vesturlandþjóða, sáu þær loks sitt óvænna og tóku að hervæðast á ný gegn fyrrverandi bandamönnum sínum, er þær höfðu stutt drengilega til sigurs á nasistum fyrir nokkrum árum.

En þegar svo var komið, brá svo við að kommúnistar um heim allan hófu mikla „friðarsókn“. Samtímis sem þeir eflðu og studdu alls konar uppreisnaröfl í fjölda landa og blésu í hvers kyns ófriðarglæður, hófu þeir æðisgenginn áróður fyrir friði á jörðinni. Tákn þessarar baráttu var hinn grátbroslegi fiðurpeningur: „Friðardúfan“, teiknuð af sjálfum konungi allra klessumálara, Picasso! Já, Friðardúfan flaug. Hún flaug alla leið hingað til Íslands. Með henni flugu meira og minna fjaðralausir íslenskir hræfuglar og hófu upp garg mikið.

III.

Hér á Íslandi hafa kommúnistar ekki legið á liði sínu frekar en annars staðar. Og löngu fyrir síðustu heimsstyrjöld hafði þeim tekist það hér, sem þeim hafði óvilda lánast annars staðar, að gera kommúnismann að finni tískustefnu. Það hefur líklega hvergi verið snobbað jafnmikið fyrir kommúnistum og hér, og fljótt á lítið virðist þetta fyrirbæri talsvert torskilið. Að vísu hafa þeir átt hér mjög duglega og skarpgreinda forystumenn, og Rússar eru okkur svo fjarlægir, að hér hefur lítil sem engin andúð skapast gegn þeim. Við þekkjum bókmenntir þeirra og hljómlist, einkum þó frá eldri tímum, og auðvitað dáðumst við sem aðrir að hinni hetjulegu baráttu þeirra í heimsstyrjöldinni. En allt þetta skýrir ekki viðhorf íslensku þjóðarinnar til kommúnismans, og við verðum því að athuga það dálitlu nánar.

Íslendingar hafa almennt þroskaða réttlætistilfinningu, en margir þeirra eru einnig haldnir af mjög sterkri vanmáttarkennd. Þetta hvort tveggja skýrir málið að nokkru leyti, ef vel er að gáð. Eins og allir vita kalla kommúnistar sig mörgum fögrum nöfnum, þar á meðal lýðræðissinna og frelsisunnendur, og þeir hampa því ákaflega, að markmið þeirra sé fyrst og fremst að frelsa hina kúguðu, einkum verkalyðinn. Þeir gefa ástríðuþrungin loforð um, að í þeirra fagra framtíðarríki skuli allir menn hafa jafnan rétt til gæða lífsins. Menninguna bera þeir einnig mjög fyrir brjósti. Allt þetta hljómar fjarska álitlega í eyrum manna, því að auðvitað kemst enginn hjá því að sjá, að veröldin í kringum okkur er ekki eins góð og hún ætti að vera.

En við skulum nú snöggvast athuga, hvernig þessi loforð hafa verið framkvæmd í þeim löndum, þar sem kommúnistar fara með völd: Víðast hvar hafa þeir hrifsað þau til sín með aðstoð alþýðunnar, að meira eða minna leyti. Þeir hafa oftast byrjað á því að ná yfirtökum í verkalyðsfélagunum, og við höfum einnig hér á Íslandi séð dálítið sýnishorn af því, hvernig þeir nota þau tók. En eftir að „frelsunin“ hefur verið framkvæmd, bregður alls staðar svo einkennilega við, að „hinir „kúguðu“ missa þau mannréttindi, sem þeir höfðu þó áður, til dæmis réttinn til að gera verkfall. Kommúnistar skýra þetta á þann veg, að þar sem „alræði öreiganna“ sé komið á, og allt er sameign allra, þar séu verkföll öldungis óþörf og óhugsanleg. Þar séu allir jafnir að réttindum og skyldum.

IV.

Við skulum rýna svolitlu nánar í þennan jöfnuð: Svo virðist sem í hinu „stéttlausa“ rússneska þjóðfélagi séu sumir menn talsvert „jafnari“ en aðrir. Samkvæmt nýlegum upplýsingum eru laun manna þar sem hér segir: Æðstu valdhafar hafa um 85.000 rúblur á mánuði; hinir æðri embættismenn stjórnarinnar, flokksins, lögreglunnar og hersins – og auðsveipir listamenn – hafa 8.500 rúblur á mánuði; borgarastéttin, minni háttar embættismenn og aðrir slíkir, hafa 1.700 rúblur á mánuði. En alþýðan, sjálfir verkamennirnir, sem öllu ráða og allt þetta er gert fyrir, hvað fá þeir nú í kaup? Sex hundruð og fimmtíu rúblur á mánuði. Og þrælastéttin, fangabúðalýðurinn, hvað fær hann? Ekkert. Hann er eins og afsláttarhestur, sem er látinn ganga sér til húðar.

Fyrir skömmu átti ég tal við kunningja minn, sem dvalið hefur austan járntrjalds um nokkurra mánaða skeið, og spurði hann, hvernig þar væri umhorfs. „Það er svo sem allt í þessu fína lagi,“ svaraði hann. „Maður hefur það gott. Það er nóg vinna, nógur matur, mikið líf í tuskunum. Listamenn hafa það hvergi betra, það er allt fyrir þá gert – ef þeir hlýða sínum yfirboðum, vel að merkja. Já, þetta er hreinasta gósenland; ... það er bara þetta, að þú ert ekki lengur manneskja, á þann hátt, sem við höfum vanist. Þú ert hvorki frjáls að orðum né gerðum og mátt helst ekki hugsa öðru vísi en valdhafarnir ákveða. Þú verður að haga bæði starfi þínu og frítíma eins og fyrir þig er lagt. Það er fyrirfram ákveðið, hverju þú mátt hrífast af, hvað þú átt að elska og hvað þú átt að hata. Og þér er hollast að fara eftir settum reglum, því að þú ert hvergi óhultur lengur; leynilögreglan sér og heyrir allt, nýjónarar eru hvarvetna, einnig á heimili þínu, jafnvel þín eigin börn. Þú mátt ekki hlusta á erlent útvarp, ekki lesa erlend blöð eða bækur. Bréf þín eru lesin og hlustað á símtöl þín. Ferðir þínar innanlands eru takmarkaðar og tilraun til að komast út úr landinu varðar lífláti. Nú, hvað verkamönnum viðvíkur, þá er kaup þeirra ákveðið af valdhöfunum og þeir geta engin áhrif haft á það. Þeir geta líka sjaldnast ráðið því, hvað þeir taka sér fyrir hendur; stjórnendurnir geta sent þá fram og aftur milli vinnustöðva eins og kvikfénað.“

Þannig fórust kunningja mínum orð um sæluna í Austur-Þýskalandi. Og ég minntist orða, sem einn íslenskur starfsbróðir minn hefur látið sér um munn fara: Hann kvað það vandalaust að aðhyllast kenningar kommúnista, maður yrði aðeins að varpa frá sér persónuleika sínum. Sumum mun nú samt þykja það nokkur galli á gjöf Njarðar. Í ríki kommúnismans er þá frelsið og lýðræðið þannig, að maðurinn hefur misst það, sem ómissanlegast er: réttinn til að ráða sínu eigin lífi. Ríkið ræður yfir honum frá vöggu til grafar. Það er annars allt í lagi, nema hvað þú ert ekki lengur manneskja – þú ert ríkiseign.

V.

Hér sem annars staðar hafa kommúnistar lagt ofurkapp á að ná sem víðtækustum áhrifum í menningarlífi þjóðarinnar. Einkum hafa þeir lagt stund á að ná á sitt

band menntamönnum, fyrst og fremst kennurum, svo að hægt væri að hafa áhrif á skólaæskuna, og því næst skáldum og listamönnum. Um skólamálin munu aðrir ræða hér í kvöld. En ég ætla að minnst á samskipti rauðliða við skáld og listamenn, því að þau eru gott dæmi um vinnubrögð kommúnista almennt.

Því miður gerðu hægri öflin í landinu lengi vel lítið eða ekki neitt til að greiða götu þeirra manna, er hér voru svo ólánsamir að fæðast með köllun til bókmennta- og listastarfs. Skáld og listamenn áttu hér lengst af — og eiga mestmegnis enn — aðeins um tvo kosti að velja og hvorugan góðan: að draga fram lífið á betli eða svíkja köllun sína. Þriðji kosturinn, að flýja land og ryðja sér braut meðal framandi þjóða, er einnig heldur óaðgengilegur og í rauninni flestum ófær leið. Þessir menn áttu illa ævi og urðu alloft beiskir í lund. Sumir þeirra hötuðust við þjóðfélagið og urðu því auðtekið herfang hinum rauðu öflum. Kommúnistar blésu að beiskju þeirra og hatri, en lofuðu þeim hins vegar gulli og grænum skógum, þegar valdataka öreiganna væri um garð gengin. Skáld, sem gengu rauðliðum á hönd, voru hlaðin lofi í ritum þeirra og athygli vakin á þeim á allan hátt, auðvitað ævinlega á kostnað hinna, sem ekki vildu krjúpa að hinum rauða krossi. Þessu næst var að ná valdi á félagssamtökum listamanna og rithöfunda. Aðferðin var hin sama og andskotinn er þekktur að: litla fingurinn fyrst, síðan alla lúkuna, og að því loknu enga miskunn hjá Magnúsi að finna. Ofbeldið og rangindin áttu sér engin takmörk. Lítilvægir skriffinnar og þriðja flokks listamenn voru hafnir til skýjanna, en rógurinn og níðið dundi á hinum, er á móti stóðu, bæði leynt og ljóst, einkum leynt.

Mörg af fremstu skáldum þjóðarinnar hafa um áratugi legið undir beinlínis vísindalega skipulagðri rógstarfsemi frá hendi kommúnista. Innan lands og utan hefur verið reynt að mannskemma þá svo sem framast var unnt, jafnvel grafa undan mannorði þeirra með svívirðilegum gróusögum, sem enga stoð áttu sér í veruleikanum. Saga þessarar rottustarfsemi er ljót og ótrúleg og skal ekki rakin hér frekar. Sem betur fer hefur rauðliðum enn ekki tekist að eyðileggja neinn þessara manna, en nokkuð hefur þeim þó orðið ágengt; og oftast hafa skáldin og listamennirnir orðið að standa einir og varnarlitlir í baráttunni gegn þessum ófélegu öflum. Þjóðin hefur ekki skilið, hvað um var að vera, að verið er að grafa grundvöllinn undan heilbrigðu menningarlífi í landinu, eyðileggja þau andlegu verðmæti, sem ekki er hægt að nota kommúnismanum til framdráttar. Annar alvarlegur liður í því starfi rauðliða er að draga dár að Íslendinga sögum og gera lítið úr hinni fornu erfðamenningu okkar.

Nútímaþenning okkar Íslendinga er enn lítt mótuð og talsvert losaraleg. Þróun þjóðfélags okkar á þessari öld hefur verið of snögg og hraðfara til þess, að allt geti verið með felldu. Í öllum stéttum er rós slitid fólk, sem í rauninni á hvergi höfði sínu að að halla menningarlega. Það hefur misst trú á Guð og tilgang lífsins, það skortir kjölfestu og veit ekki, hverju treysta má. Alloft þjáist það af vanmeta-kennd, og skapgerð þess er veil. Á þessum vegvilltu og reikulu sálum dynur áróður kommúnista sí og æ með allri þeirri gegndarlausu hugtakafölsun, sem honum fylgir.

Og enda þótt þetta fólk skilji harla lítið í hinum raunverulegu kennisetningum kommúnismans — eða ef til vill einmitt þess vegna — hneigist það að honum sökum þess, að því finnst, að þar sé þó eitthvað fast og ákveðið að halla sér að. Hin sjúklegi ástríðuþungi áróðursins veitir trúarþörf þess eins konar gervisvölu. Þetta er sálfræðilegt atriði, sem kommúnistar kunna að nota sér út í ystu æsar. Ein mesta hættan, sem af kommúnismanum stafar, er sú, að hann er ekki stjórn mála­leg stefna, heldur trúarbrögð, og verkar á hugi manna á mjög líkan hátt og þau. En hamingjan sæl og góð, hvílík trúarbrögð!

VI.

Ég hef kynnst fjölda kommúnista, og mér hefur virst, að flokka mætti þá í þrjár manntegundir. Fjölmennasti flokkurinn eru góðgjarnir, oft dálítið einfaldir menn, sem hafa látið ginnast gagnrýnislítið af fagurgala og hugtakafölsunum rauðliða. Þeir trúa því, að þrátt fyrir alla annmarka sína á núverandi stigi málsins muni kommúnisminn frelsa heiminn. Þetta er orðið þeim trúaratriði, sem venjuleg rök­færsla bitur ekki á. Þó myndi fjöldinn allur af þessum mönnum falla frá kommún­ismanum, ef þeim skildist hið rétta eðli hans.

Annar flokkurinn og einnig fjölmennur er hégómagjarnt fólk, sem dreymir um völd og frama; framkvæmdalitlir draumóramenn, sem langar þó til, að þeirra sé að einhverju getið; minni háttar listamenn, sem dreymir um auðfengna frægð; hálf­menntaðir kjaftaskúmar og alls konar letingjalýður.

Þriðji flokkurinn er fámennastur, en í honum eru forystumennirnir. Hann er kynlega saman settur, því að þar eru heittrúaðir og einlægir hugsjónamenn, er sjá ekkert nema takmarkið, starfa af brennandi áhuga án hugsunar um eigin hag og bregða sér hvorki við sár né bana. Þessir menn verða sjaldan langlífir, eftir að bylting hefur tekist. Valdataka „öreigganna“ hefur ævinlega mjög slæm áhrif á heilsu þeirra. En í þessum flokki eru einnig sú kaldrifjaða og samviskusnauda manntegund, sem skapað hefur kerfi nútímakommúnisma og stjórnar því. Það eru hvorki heimskir menn né einfaldir, og þeir eru ekki haldnir neinni ofsatru, en ég efast um, að til séu nú á tímum hættulegri og skaðlegri menn.

Auk þessa eru síðan áhangendurnir og hinir hlutlausu, klókir og séðir karlar, með kápuna á báðum öxlum. Þeir eru ekki kommúnistar, mikil ósköp, enginn skyldi væna þá um það. Þeir eru „frjálslyndir og lýðræðissinnaðir umbótamenn“ og annað þess háttar, en kommúnistum alltaf tiltækir, þegar nota þarf óflokksbundið fólk í ginningarskyni, til dæmis til undirskrifta gegn her í landi eða annarra skítverka. Þessir menn eru leiðindalýður og hættulegri þjóðfélaginu en allur obbinn af hinum flokksbundnu kommúnistum. Áform þeirra er að lifa og blómstra, hverju sem fram vindur, og þess vegna styggja þeir ekki rauðliða, meðan nokkur hætta er á, að þeir geti komið til með að sigra. Sem betur fer hefur bylting ákaflega heilsuspillandi áhrif einnig á þessa menn. Forsprakkar kommúnista fyrirlíta þá meir en mótstöðumenn sína og vita sem er, að slíkum ræflum getur enginn treyst.

VII.

Ég hef nefnt hugtakafölsun. Eitt ógeðfældasta og jafnframt hættulegasta atriðið í kommúnískum áróðri er einmitt hugtakafölsunin. Það er engu líkara en að þeir geti ekki nefnt nokkurn hlut sínu rétta nafni. Á vörum kommúnista hafa orð eins og „lýðræði“, „frelsi“ og „friður“ allt aðra merkingu en þá, sem við tengjum við þau orð. Þetta hefur mjög ruglandi áhrif á allan almenning, einkum æskufólk, og er enda til þess gert. Það er einn liðurinn í því niðurrifi menningarinnar, sem kommúnistar ástunda til þess að skapa þann glundroða, sem er nauðsynlegur til þess að ryðja kenningum þeirra braut. Það er dálítis brotlegt, að um ýmis skammaryrði gildir í rauninni hið sama. Allir hafa veitt því eftirtekt, að rauðliðar, sem hafa landráð beinlínis á stefnuskrá sinni, nota orðið „landráðamaður“ svo freklega um skeleggstu mótstöðumenn sína, að við sjálfst liggur, að merking þess sé breytt í hrós. Sjálfa sig kalla þeir aftur á móti „föðurlandsvini“. Og ef slíkri þróun fer fram um skeið, þá verður það innan tíðar orðið lastmæli.

Hvernig eigum við að snúast við þeirri hættu, sem menningu okkar stafar af áróðri kommúnista? Ég held, að okkur sé aðeins ein leið fær til þess að gera kommúnista áhrifalaus, en hún er sú að efla af öllum mætti þjóðfélagslegan þrifnað. Þetta er svo sem engan veginn ný eða frumleg hugmynd. En samt vil ég biðja alla ábyrga og heilbrigða menn að íhuga hana og athuga, hversu þeir megi, hver fyrir sig og í sameiningu, stuðla að framkvæmd hennar.

Ræða á fundi Heimdallar í Sjálfstæðishúsinu 11. maí 1955. Birt í *Morgunblaðinu* 19. maí 1955, 17.–18. bls.



Guðmundur G. Hagalín og Kristmann Guðmundsson segja Kristni E. Andrésyni til syndanna á Heimdallarfundinum vorið 1955. Skopteikning úr *Speglinum* sama ár.

Guðmundur G. Hagalín: RÁÐSTJÓRNARVALDIÐ Á ÍSLANDI

I.

SÁ ANDLEGI HEILSUDRYKKUR, sem endurnærði íslensku þjóðina á hennar þungu nauðöldum, var safi sagnrænnar skáldskaparmenningar, blandinn lífsveig hins kristna dóms. Þessum heilsudrykk var ausið af tveimur brunnum. Annar þeirra var Edda Snorra Sturlusonar, hinn Heilög ritning. Áður en ég vík að því efni, sem hér liggur fyrir, vil ég nú staldra nokkur augnablik við þessa brunna.

Snorra-Edda fræðir okkur um það, að goðheimar áttu sér ævinlega ills von úr Austurvegi. Þar bjuggu jötnar, og þeir sátu um líf og völd goðanna. En goðin voru ekki varnarlaus. Þór var þeim betri en enginn. Hann átti sér að vopni hamarinn Mjölni. Þegar taldir eru upp æsir þeir og ynjur, sem fóru að sitja boð Ægis, segir svo: „Þór var eigi þar. Hann var farinn í Austurveg að drepa tröll.“ Og mjög óttuðust jötnar hamar Þórs. En eitt sinn sáu þeir sér færi á að stela hamrinum frá Þór. Þá voru goðin illa sett, og urðu þau að leita Loka-ráða til þess að ná aftur Mjölni. En hvað olli því, að jötnar náðu hamri Þórs? Hann sofnaði og hafði ekki á sér andvara, því að hann treysti mætti sínum og vanmat lævísi jötnanna.

Heilög ritning segir okkur frá manni, sem Samson hét. Engill drottins kom til óbyrjunnar, móður Samsonar, og mælti við hana: „Haf nú gætur á þér, drekk hvorki vín né áfengan drykk, og et ekkert óhreint. Því sjá, þú munt þunguð verða og ala son, og skal rakhnífur ekki koma á höfuð hans, því að sveinninn skal vera Guði helgaður allt í frá móðurlífi.“

Svo mikils varnaðar þótti Drottni þörf, enda varð Samson Þór sinnar þjóðar og sló Filistearna, sem voru ógn hennar, eins og jötnar voru skelfar ása. En Filistearnir fengu rakað hár Samsonar, og þeir náðu síðan að binda hann og blinda. Raunar fékk Samson síðan hefnt sín, en hefndin kostaði ekki aðeins fjendur hans lífið, heldur líka hann sjálfan. Og hvað olli óföllum Samsonar? Að hann hlustaði um of á fagurgala og freistaðist af munaði og lét þá konu svæfa sig, sem féndur þjóðar hans höfðu til þess fengið. Á meðan hann svaf, var hann sviptur þrótti sínum, og síðan var auðgert að leggja á hann viðjar og stinga augu úr höfði honum.

Ég get ekki neitað því, að mér hafa þótt þeir svefnþungir og andvaralitlir, vöku-menn lýðræðisflokkanna og ábyrgir fulltrúar íslenskra menningararfða. Í aldar-fjórðung hafa jötnarnir setið um hamar Þórs og haft hnífinn á lofti, reiðubúnir að skera höfuðhár Samsonar, og ekki hafa þeir, sem vaka skyldu, rumskað, þó að þeir kunni hins vegar að hafa haft erfiðar svefnfarir annað veifið. Minnst ég þess ekki, að fyrr en nú í kvöld hafi verið kvaddur saman fundur hér á landi, beinlínis til að ræða um lævíslega, markvissa og óaflátanlega áróðursstarfsemi jötnuþýjanna

austrænu á landi hér gegn íslenskum menningarerfðum, hinni forníslensku manndómshugsjón og hinni kristnu mannhelgi. Láí mér hver sem vill, að stundum þótti mér allsúrt í broti, þá er ég til varnaðar hafði skrifað heila bók, sem veitir óyggjandi og óhrekjandi upplýsingar um stefnu og starf kommúnista, auk fjölda greina í blöð og tímarit, og horfði upp á forystumenn tveggja lýðræðisflokka stíga hringdans kringum blóðugan gullkálfríðsáranna — hönd í hönd við hið gerska málalið, og sá þá menn, sem vegna stéttar sinnar eða aðstöðu höfðu ótvíræða skyldu til menningarlegrar varðgæslu og forystu, löggilda hina fólsku austrænu mælistiku og hina bognu reistu og hin löku lóð, þá er mæla skyldi eða vega menningarleg og listræn verðmæti.

II.

Áður en ég kem að því, hvernig kommúnistar hér á landi hafa hagað áróðri sínum og hvað þeim hefur unnist, vildi ég mega verja nokkru af tíma mínum til að gera yður ljósara en það kynni að vera yður nú mörgum hverjum, hvers konar fyrirkomulag það raunverulega er, sem kommúnistar prisa sem verðandi himnaríki á jörðu. Og með því að mér hefur virst mönnum veitast frekar örðugt að gera sér grein fyrir þessu fyrirkomulagi með hið fjarlægga, víðlenda og okkur mjög óskylda Rússaveldi fyrir augum, tek ég þann kost að setja okkur fyrir sjónir í fáum dráttum, hvernig ástatt mundi hér á Íslandi eftir valdatöku hinna pólitísku Brynjólfa og Einara og hinna menningarlegu Andréssona:

1. Ísland verður að sjálfsgöðu leppríki Ráðstjórnarríkjanna. Þau ráða ekki aðeins stefnunni í utanríkismálurn, heldur og öllu innanlands, sem nokkru máli kynni að skipta. Þau ákveða, að þeim skuli seldar þær íslenskar afurðir, sem þau kunna að girnast og við því verði, sem þeim hentar. Þau hafa hér eftir að vild afnot af landi, höfnum og landhelgi og hvers konar gæðum láðs og lagar. Þau láta landsmenn stofna og kosta her, sem rússneskir foringjar þjálfar og stjórna, og hafa hér fulltrúa, sem ákveða völd og athafnir á sviði atvinnu og menningarlífs.

2. Hæstráðendur af íslenskum mönnum verða þeir, sem fremstir hafa staðið í áróðurs- og skemmdarstarfsemi á sviði félags-, atvinnu- og menningarmála, uns þeir verða sviknir af félögum sínum og keppinautum, dregnir fyrir lög og dóm, sakfelldir og síðan hengdir eða látnir hverfa á einn eða annan hátt, ef það þykir henta betur. Aðeins einn stjórnmalaflokkur verður leyfður í landinu, og í hann fá ekki inngöngu aðrir en þeir, sem hæstráðendur hans telja henta með tilliti til aðstöðu sinnar til valdasetu og valdbeitingar. Enginn verður kjörgengur, nema hann sé í þessum flokki, og aðeins einn frambjóðandi verður í hverju kjördæmi.

Þessu fylgir síðan það, sem hér segir:

a. Að við valdatöku kommúnista verða forvígismenn andstöðuflokkanna dæmd-

ir af lífi fyrir landráð, en hinir smærri spámenn í ævilanga og seigdrepani þrælkunarvinnu.

b. Að hver sá, sem dirfist að eiga hlut að andstöðu gegn hinum ráðandi mönnum í hinum allsvaldanda flokki, gera ágreining um framkvæmdir, vinnulag eða mótun stefnu á einu eða öðru sviði, verði dæmdur fyrir landráð og skemmdarstarfsemi, til dauða eða í þrælkunarvinnu.

c. Að hér verður afar ströng ritskoðun, sem tryggi, að ekki einu sinni nein fregn verður birt, sem ekki hentar valdhöfunum, innlendum og erlendum.

d. Að rithöfundar og skáld standa beinlínis í þjónustu stjórnarinnar, frægja hana og hina rússnesku yfirstjórn, lýsa ást og aðdáun íslenskra sjómanna og verkamanna á rússneskum togara- og síldveiðisjómönnum, sem stunda hér veiðar í landhelgi og verka hér afla sinn, svo sem þeirra húsbændum þykir henta, og lýsa fjálglega þeirri náð og blessun, sem felist í samneyti kvenþjóðarinnar við slíka menn og aðra borgara Ráðstjórnarríkjanna.

e. Að myndlistarmenn, tónskáld, hljómlistarmenn og leikarar þjóna á sama hátt valdhöfunum. Til dæmis verður þeim kommúnistum í hópi myndlistarmanna, sem nú mála abstraktmyndir, engu síður en öðrum skipað að teikna, mála eða móta valdhafana, fyrirmyndar-afkastamenn við vinnu, samyrkjubú, verksmiðjur, kynbótanaut og verðlaunagraðhesta.

f. Íslenskir málvísindamenn sanna, að íslenska sé að uppruna slavneskt mál og Íslendingasögurnar orðnar til í Garðaríki. Um leið verður *Gerpla* talin til skemmdarverka, stimpluð sem lúaleg tilraun til að varpa skugga á snilli gersks anda, en höfundurinn sleppur góðu heilli, því að hann er staddur í Svíþjóð og ákveður í skyndi að fara með bandarískri flugvél til Kaliforníu og dvelja þar að dæmi ýmsra óamerískra stórskálda.

3. Hér verður stofnuð geipifjöldmenn vopnuð lögregla og ennþá fjölmennari leynilögregla, sem gerskir sendimenn þjálfá. Hún hefur, þegar um er að ræða brot, sem verða að einhverju leyti talin líkleg til að veikja stjórnina, ótakmarkaðan rétt til að hefta frelsi þess, sem grunur hefur fallið á, og fer svo um hann eftir því, sem heppilegast þykir. Ef til vill verður hann leiddur fyrir rétt og honum stillt út í áróðurs skyni eða til viðvörunar, en ef til vill verður hann umsvifalaust skotin eða sendur í þrælabúðir.

4. Ísland verði lokað land, þannig, að:

a. Erlendir menn fá ekki að fara hér ferða sinna, nema þeir séu boðnir hingað í áróðurs skyni.

b. Engin fræðsla verður hér veitt um erlendar þjóðir nema sú, er valdhafarnir telja sér hagstæða.

c. Erlendir sendimenn hafa hér mjög takmarkað frelsi, og þó að erlendum frétta-

riturum kunni að verða leyft að koma hingað annað veifið, verður frelsi þeirra til þekkingarauka, á landi og þjóð og til fréttasendinga, mjög svo bundið.

d. Íslenskir menn, aðrir en stjórnarfulltrúar, útsendir keppnigarpar eða listamenn, fá ekki að ferðast til annarra landa og ekki lesa aðrar erlendar bækur eða blöð en þau, sem stjórnarvöldunum hugnast.

5. Menn, sem eiga að nánu skyldmenni lögreglumenn, opinbera fulltrúa á einhverjum vettvangi, ráðunaut eða liðsforingja, sem flýr úr landi eða neitar að fara heim frá útlöndum, verða dæmdir til þrælkunarvinnu minnst í sex mánuði, þó að þeir séu alls ekki í vitorði með flóttamanninum, en sannist á þá hlutdeild, verða þeir að sæta fimm til tíu ára þrælkun og eignir þeirra verða gerðar upptækar.

6. Mynduð verður fjölmenn yfirstétt stjórnarfulltrúa, lögreglumanna, liðsforingja, dómara, verkfræðinga og áróðursmanna — þar í hópi rithöfundar og listamenn, sem teljast stjórninni sérlega þéanlegir í bili — og verður þessi yfirstétt hærra launuð en dæmi eru til í auðvaldsríkjunum, verður og skrautbúin mjög og á kost margvíslegs bílífis.

7. Réttindi og kjör alþýðu verða í aðalatriðum eins og hér segir:

a. Stjórnarvöldunum verður heimilt að flytja hvern verkamann til vinnu hvert á land sem þeim þóknast og úr einni starfsgrein í aðra.

b. Verkamenn hafa ekki verkfallsrétt.

c. Kaup faglærðra verkamanna verður stórum hærra en hinna, en allt kaup miðast við afköst, og þeir, sem lægst verða launaðir, hafa engin tók á að lifa mannsæmandi lífi, en öll verða verkamannalaunin svo lág, að verkalyðurinn getur ekki veitt sér fjölmörg þau þægindi, sem sjálfsgöð eru talin í flestum lýðræðislöndum heims, nema hvað einstakir afkastamenn, sem notaðir verða stjórnarvöldunum til viðmiðunar, þegar ákveðið er ákvæðisvinnukaup, verða launaðir líkt og yfirstéttin.

8. Atvinnuvegirir verða í kerfisbundnum ríkisfjötrum, en styrkleikahlutföllum þeirra breytt í hvert sinn, sem áróðurskenndar áætlanir ríkisstjórnarinnar bregðast, og þeir menn þá ýmist látnir hverfa af vettvanginum eða dregnir fyrir dómstólana sem meingerðamenn þjóðfélagsins og jafnvel keyptir útsendarar vestrænna auðvaldsríkja, sem heppilegt þykir að telja ábyrga og láta rýma sæti fyrir öðrum. Verslunin verður felld í fjötra að vild valdhafanna og verðlagi hagað þannig, að allra frumstæðustu lífsþarfir verða ekki dýrari en svo, að verkalyðurinn geti veitt sér þær, en á öllu öðru og þar með fjölmörgu, sem við teljum hverjum manni nauðsynlegt til tilbreytni í mataræði, til hóbýlaprýði, þæginda og lífsfyllingar, svo hátt, að ofvaxið verður kaupgetu almennings að veita sér það, enda verða honum ætlaðar sérstakar búðir, þar sem hin dýrari vara verður alls ekki fánleg. Hins vegar verður sú vara

ekki dýrari en svo, að leikur einn verður fyrir hina hálaunuðu yfirstétt að láta hana krydda sér tilveruna.

9. Kerfisbundin afkristnun fer fram í öllum félögum og í skólum landsins, og kirkjuleg starfsemi verður því aðeins leyfð, að hún styðji hinn ráðandi flokk og setji þá í öndvegi Drottins, sem eru hæstráðandi hér á Íslandi og í Ráðstjórnarríkjunum, enda verður líkneski Jóns Sigurðssonar á Austurvelli látið víkja fyrir grafkapellu hins fyrsta ráðamanns ráðstjórnarleppríkisins, ef honum auðnast að sálást, áður en heppilegt þykir óþolinmóðum félögum og keppinautum að draga hann fyrir lög og dóm, sakaðan um landráð, og hengja hann þar, sem nú stendur Persíl-klukkan á Lækjartorgi.

10. Í skólunum verður kennd ný siðfræði. Mannhelgishugsjónar kristindómsins verður þar getið sem barnalegrar fásinnu, sem auðvaldið í vestrænum löndum hafi fundið upp sem blekkiblæju. Lögð verður áhersla á ótamarakaða hlýðni við ráðandi skipulag og valdhafa og börnum innrætt, að það sé heilög skylda þeirra að beita lygi, falsi og lævísi til að afhjúpa alla, sem leyfa sér að gagnrýna valdhafana eða ástandið, og verður það jafnvel borgaraleg skyld að ákæra og afhjúpa foreldra sína og systkini.

11. Skólagjöld í háskólanum verða svo há, að þau útiloki með öllu börn allrar alþýðu í landinu.

12. Bannað verður stranglega, að íslenskir þegnar velji sér erlendan maka nema frá Tékkóslóvakíu, Póllandi, Ungverjalandi, Albaníu, Rúmeníu, Búlgaríu, Austur-Þýskalandi og Kína, því að þegnar annarra ríkja skulu teljast Íslendingum óæðri, nema hvað borgarar Ráðstjórnarríkjanna sjálfra, Ráðstjórnarsambandsins, metast að sjálfsögðu þeim tignari, svo að ekki getur komið til mála hjónaband rússneskra og íslenskra þegna, fyrr en Ísland hefur óskað þess að vera ekki lengur leppríki, heldur taka sporið fullt, meðal annars vegna misnotkunar Rússa á íslenskri landhelgi, og gerast eitt af ríkjunum í Ráðstjórnarsambandinu. Hjónaskilnaður verður torveldaður svo mjög, að einungis yfirstéttin geti lagt í þann kostnað, sem honum fylgir. Hins vegar verði stuðlað að lausakaupum, og óskilgetin börn rússneskra þegna og íslenskra kvenna verða alin upp á kostnað hins íslenska ríkis.

13. Dragi til styrjaldar milli Ráðstjórnarríkjanna og annarra ríkja eða ríkjasambanda, verða allir vígfærir Íslendingar, karlar og konur, skyldir til herþjónustu, hvar og hvenær sem vera skal, eftir ákvæðum æðsta umboðsmanns Ráðstjórnarríkjanna hér á Íslandi.

III.

Í þessari mynd, sem ég hef nú sett ykkur fyrir sjónir, er ekkert, sem ekki er í samræmi við staðreyndirnar í leppríkjum ráðstjórnarinnar og í flestum atriðum í Rússlandi sjálfu. Þið munuð, ef þið hyggið grannt að, komast að raun um, að flest þetta þekktuð þið áður. Ég hef aðeins raðað saman í heildarmynd þeim smámyndum einstakra svipa ráðstjórnarþjóðlífins, sem raunverulega hafa verið teknar og birtar meira og minna á víð og dreif. En þegar þið virðið þessa mynd fyrir yður, þá verður ykkur ef til vill ennþá ljósari en áður, hve hörmuleg hún er, sú staðreynd, að við seinustu alþingiskosningar skuli kommúnistaflokkurinn hér á Íslandi, sá flokkur, sem vinnur að því af alefli að gera þessa mynd að veruleika, hafa fengið hvorki meira né minna en um það bil hálft þrettánda þúsund atkvæða, um 16 af hundraði þeirra kjósenda, sem greiddu gild atkvæði. Hver er svo orsök þessa?

Kjarni hins kommúníska flokks, sterkur, en raunar tiltölulega lítill kjarni, eru þeir menn, sem ég hef kallað náttúrukommúnista. Þeir eru fæddir óánægðir og bölsýnir á mennina og tilveruna eða hafa fyrir meinlegt uppeldi orðið örvona manneskjur. Slíkir menn fá stundum fullnægingu og fró hjá ofstækisfullum sértrúarflokkum, en hér á landi og raunar miklu víðar er það nú á dögum mjög algengt, að þeir gangi undir merki stjórn mála legra æsinga- og oftrúarmanna.

Þeir grípa dauðahaldi í bráða von um sæluríki hér á jörðinni, því að þeir hafa verið sviptir trúnni á guðlegan mátt og á annað líf eftir þetta. Þeir telja sér trú um, að sæluríkið á jörðu sé í vændum og að núverandi vankantar þess skipulags, er þeir trú á sem hið eina rétta og raunar sáluhjálparlega, séu stundarfyrirbrigði, sem sé að mestu leyti að kenna andstæðingunum. Vitanlega þrá þessir menn svo mjög að verða hinna tilkomandi sælu aðnjótandi, að þeir telja engin þau tæki óheimil, sem flýtt geti fyrir, og þeir beygja sig fúslega undir hvert það valdboð, sem kemur frá hinu ædsta ráði. Þetta eru þeir menn, sem Halldór Laxness sagði um í *Sölku Völku*, að „öskruðu á ólæknandi brjálsemi á annan heim“ og hefðu „skipt brjálsemi sinna upprunalegustu drauma í heims pólitískan gjaldeyri“. Við drottinhollustu þeirra á og það, sem þetta mikla skáld sagði, þegar hann var að verja kaþólsku kirkjuna fyrir núverandi trúbróður sínum, Þórbergi Þórðarsyni: „Og vér vitum, að þótt heilögustu embætti kirkjunnar væru lögð á herðar óarga dýrum, og þótt páfinn í Róm væri varúlfur, þá gæti hann ekki lýst neinu yfir í nafni Kirkjunnar, sem ekki væri sannleikur.“ Þarna þarf ekki annað en setja ædsta ráðið í stað hinna heilögustu embætta, Flokkinn í staðinn fyrir kirkjuna og Búlgaín eða annan kommúnista-páfa í stað páfans í Róm.

Við höfum titið á náttúrukommúnistana og gert okkur nokkra grein fyrir þeim, en hvað svo um hina, þúsundirnar, sem ekki eru náttúrukommúnistar, en fylgja þeim að málum? Þær þúsundir hafa orðið þeim fylgjandi fyrir áróður þeirra og ekki síst, heldur fyrst og fremst fyrir áróðurinn á sviði þjóðernis- og menningarmála, sem hér á Íslandi eru ef til vill nátengdari en í flestum öðrum löndum, og þá vitaskuld einnig fyrir tómalæti og vöntun á upplýsinga- og afhjúpunarstarfsemi

af hendi lýðræðisflokkanna og fyrir þá skammsýni eða ábyrgðarleysi ýmissa mikils metinna og jafnvel háttsettra menntamanna og lærifeðra að ganga til samstarfs um menningarleg viðfangsefni við kommúnista og ljá þeim nafn sitt sem ábyrgð gagnvart allri alþýðu manna í landinu.

IV.

Hin menningarlega áróðurssókn kommúnista hófst undir forystu Kristins E. Andréssonar með stofnun bókaforlagsins Heimskringlu og útgáfu ritsins *Rauðra penna*. Ritid var myndarlega úr garði gert að öllu hinu ytra, og þeim Andréssonum, Kristni og fylgifiskum hans, tókst að lokka til samstarfs marga íslenska rithöfunda og þá þegar tengja sum við hina kommúnísku útgáfu og áróðurstarsemi traustum böndum. Í þessu riti birti Kristinn greinar, þar sem boðuð var ný hreyfing í bókmenntunum, hreyfing sem ekkert skáld gæti staðið utan við, sem ætlaði sér nokkra framtíð. Hann hóf þar til skjýjanna kommúnísku rithöfunda, en fann hinum sitt hvað til foráttu. Hann mætti engri andstöðu í fyrstu, en raunin varð sú, að ritid leyndi ekki nægilega tilgangi sínum, og vegur þess varð ekki sá, sem upphafsmennirnir höfðu gert sér vonir um. Þá brugðu þeir Andréssynir á það ráð að stofna félagið Mál og menning.

Á þessum árum var kreppa í landi og bókaútgáfa erfið og frekar fáskrúðug. Var því allvænlegt að hefja útgáfu, sem léti mönnum í té gegn tiltölulega mjög lágu árgjaldi nokkrar snotrar og upp og niður sæmilegar og jafnvel allverðmætar bækur. Kristinn E. Andrésson fékk í lið með sér menntamenn, sem ekki voru kommúnistar, en höfðu áhuga á auknum bókakosti almennings og höfðu unnið sér traust þjóðarinnar fyrir þegnskap og góðar gáfur. Svo voru þá gefin út fræðirit og skáldsögur, sem almennungi þótti nokkur fengur í, og brátt var lögð niður útgáfa *Rauðra penna*, sem höfðu fengið á sig kommúnískt óorð, en fleytt var, með hinum álitlegu ársbókum Máls og menningar, tímariti, sem í fyrstu var frekar meinleysislegt, en fljótlega fékk á sig sannkommúnískan svip og var auðvitað aðalatriðið í útgáfunni frá sjónarmiði þeirra Andréssona. Þar var sungið lof kommúnískum rithöfundum, en þeir hnýflaðir, sem þeim Andréssonum voru til óþurftar, og þar voru birtar greinar í kommúnískum anda um viðhorfin í veröldinni og lýst dýrðinni í hinni miklu gersku paradís. Og inn á þúsundir heimila í landinu báru hinir ókommúnísku menntamenn í stjórn Máls og menningar hvítan fána fyrir fylkingu hinna kommúnísku flugumanna, sem fólu kutann í erminni.

Frá upphafi höfðu kommúnistar í *Rauðum pennum* og síðan *Tímaritinu* lagt áherslu á yfirskin mikillar þjóðrækni. Þeir rituðu þannig um Fjölnismenn og Jón Sigurðsson, að auðsætt mætti vera, að þeir ætluðust til, að á sig yrði litið svipuðum augum og þessa stórbrotnu og áhrifaríku brautryðjendur íslenskrar endurreisnar. Og um svipað leyti og þeir vörðu af miklum móði og auðsjáanlega af heilu hjarta árás Rússa á Finna og Pólverja, töldu þeir sig til þess kjörna að hefja á loft fána íslenskra menningarerfða og ráðgerðu útgáfu mikils ritsafns um það merkilega efni.

Þeir höfðu mörg sverð á lofti. Þeir gerðust mjög aðsópsmiklir í félögum rithöfunda og listamanna, höfðu um skeið meirihluta í nefnd, sem úthlutaði ríkisstyrkjum, og launuðu og refsuðu eftir því, sem þeir töldu óhætt.

Þeir náðu að setja ótvírætt mark sitt á nýtt tímarit, sem gefið var út af mikilli rausn og myndarskap, og þeir náðu að koma inn hjá Ríkisútvarpinu sér vinsamlegum mönnum, svo að síst var hlutur þeirra og þeim hliðhollra rithöfunda þar fyrir borð borinn. Þá má ekki gleyma stærsta undrinu, sem þeim hefur tekist að koma til leiðar. Í nýsköpunarstjórninni ríkti svo mikil bjartsýni, að hún náði að gylla augum lýðræðisforingjanna hið kommúníska eðli, svo að hinum traustasta og óbifanlegasta náttúrukommúnista þessa lands fyrr og síðar var trúað fyrir menntamálunum. Notaði hann að vonum vald sitt svo ósleitilega, að þess mun lengi gæta í uppeldismálum þjóðarinnar. Með áhrifum tímaritanna, sem beint eða óbeint töluðu þeirra máli, með valdi í félögum skálda og listamanna, yfirráðum yfir styrkjum til slíkra manna, áhrifum um val útvarpsefnis og sem handhöfum æðsta valds í menntamálum þjóðarinnar tókst þeim Andrésönnum að fylkja um sig vaxandi hópi listamanna, rithöfunda og menntamanna, sem voru raunar ekki allir í flokki þeirra, en unnu með þeim og fyrir þá og jafnvel veittu þeim kjörfylgi, voru þeim sannarlega það, sem Tító mun hafa kallað fyrstur manna „nytsamir sakleysingar“, eins og ábekingasveitin í stjórn Máls og menningar.

V.

Auðvitað freistuðu markvísir foringjar þessarar fylkingar að hnekkja sem mest hróðri þeirra rithöfunda og listamanna, sem ekki voru þeim auðsveipir. Þeir beittu áhrifum sínum og sinna þjóna í þá átt í blöðum og tímaritum, en auk þess höfðu þeir og hafa enn yfir að ráða áróðurskerfi, sem mörgum sést yfir, en er ærið virkt til ófrægingar andstæðingum þeirra á vettvangi lista og bókmennta. Þeir láta það boð út ganga, að þessi bók eða þessi listsýning skuli dæmd mjög léleg eða jafnvel einskis virði. Ég hef ljósar fregnir af þessu úr einni af menntastofnunum okkar ágætu höfuðborgar. Í þessari stofnun eru mjög margir af kennurunum kommúnistar eða kommúnistum að minnsta kosti sérlega fylgispakir. Þar verður jafnan dálítill bið á því, að nokkur úr þessu liði kveði upp dóm um nýútkomna bók. En einn góðan veðurdag bregður svo við, að allir hinir meira og minna kommúnísku kennarar hafa á reiðum höndum einróma dóm. Síðan koma þessir menn á staði, þar sem fólk kemur saman, og þar breiða þeir út hina valdboðnu skoðun. Einmitt á þennan hátt hefur þeim Andrésönnum tekist að skapa allvíðtækt menningsálit, sem oft og tíðum hefur síðan komið fram á hinum ólíklegustu stöðum – til dæmis í blöðum rammra andstæðinga þeirra.

Loks ber ekki að gleyma, að þeir Andrésýnir hafa mjög að því unnið að móta skoðanir menntamanna í nágrannalöndum vorum í austri á bókmenntum og listum okkar Íslendinga. Kristinn E. Andrésön sjálfur hefur, fyrir tilstilli eins af hinum „nytsömu sakleysingjum“ í hópi forystuliðs íslenskra menningarmála, náð að

koma á framfæri erlendis bók eftir sig um íslenskar nútímabókmenntir. Sú bók hefur einnig komið út hér á Íslandi, og fyrir aðstöðu sína í Bandalagi íslenskra listamanna hefur þeim Andréssonum og handbendum þeirra á sviði íslenskrar myndlistar oft og tíðum tekist að hafa áhrif á skoðanir manna hjá frændþjóðum okkar á þróun og þroska myndlistar hér á Íslandi. Þeir leggja og á það mikla áherslu, hinir kommúnísku áróðursmenn, að ná til erlendra rithöfunda og blaðamanna, sem hingað hafa komið, og hefur þeim orðið allmiklið ágengt til áhrifa á þá — fyrir rækilega aðstoð ýmsra, sem ekki telja sig kommúnísta, en hafa þént þeim á margvíslegan hátt bæði vel og lengi.

Nú mundu ef til vill sumir spyrja: En hvernig stendur á því, að hinir kommúnísku páfar bókmennta og lista á landi hér hæna að sér og styðja atómskáld og abstraktmálara? Kristinn E. Andrésson boðaði í *Rauðum pennum* volduga bókmennta-hreyfingu. Hann kvað vera að rísa máttugra og glæsilegra tímabil í bókmenntunum en þekkst hefði áður. Þarna var Andréssonurinn að boða hinar kommúnísku bókmenntir. En hann getur ekki sagt eins og Grettir Ásmundarsson: „Ekki hafa spár mínar átt langan aldur hér til.“ Viðurkennt er um víða veröld, að reisin hinna skapandi lista í Rússlandi og leppríkjum Rússa er ekki til að státa af henni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, MÍR, hefur upp á síðkastið verið eitt hið tilþrifamesta áróðurstæki íslenskra kommúnísta, var til dæmis mjög virkt fyrir seinustu kosningar til Alþingis. MÍR hefur pantað hingað aftur og aftur hópa rússneskra hljómlistarmanna og dansara, en Mál og menning og MÍR leggja ekki á það mikla áherslu að koma rússneskum nútíðarbókmenntum á íslensku. Og ekki veit ég til þess, að MÍR hafi fengið hingað úrval rússneskra málara.

Þeir Andréssynir munu því telja vonlítið að boða íslenskum skáldum og listamönnum sinn svokallaða sósíalrealisma, svo sem nú standa sakir. Þeir taka þá þann kost að hampa atómskáldum og abstraktmálurum, hæna þá til kjörfylgis við flokkinn og nota sér í hag áhrif þeirra á samtök og rithöfunda og listamanna. Og margir þessara manna reynast þeir furðulegu fátáðar að styðja einmitt þann flokk, sem mundi, ef hann kæmist hér til valda, skipa þeim að yrkja um æðsta ráðið og gæði hinna rússnesku bíla og láta þá mála áburðardreifara, súrheysgryfjur og þarfanaut. Vitaskuld fyrir líta hinir íslensku kommúnístaþáfar alla list nema þá, sem beygð er undir ok þeirra, en eins og þeir taka ekki nærri sér, þessir tilbiðjendur mesta herveldis veraldar og tilþrifamestu kúgara frelsisunnandi smáþjóða, að tala og skrifa sem heimspostular friðarins og sem höfuðverðir íslensks frelsis og þjóðernis, eins láta þeir sig ekki muna um að þykjast dáendur þeirrar listar, sem þeir líta á sem fátánlegt borgaralegt fyrirbrigði, og þeirra skálda og listamanna, sem þeir hafa sín á milli að háði og spotti. Þess ber líka að gæta, að einmitt það ryður veginn fyrir hinum kommúnísku skoðunum, að bókmenntir og listir slitni sem mest úr samhengi við íslenska þjóðlega menningu og við hið líðandi og stríðandi líf fólksins í þessu landi.

VI.

Íslensk alþýða hefur um aldir sýnt ótrúlegan viðnámsþrótt og frábæra og furðulega hneigð til andlegra starfa, sem víðast voru aðeins viðfangsefni þeirra stétta, sem nutu fræðslu og margvíslegra sérréttinda. Manngildishugsjón fornbókmenntanna og mannhelgisboðskapur kristindómsins runnu hér saman í órofa heild, þegar aldir liðu, og veittu íslenskum alþýðumönnum menningarlega reisn og höfðingshátt í skapgerð. Þetta hefur gert menningu okkar hvort tveggja í senn, höfðinglega og mótaða víðsýnni mildi. Í Hávamálum, kvæði heiðins höfundar, stendur:

Illu feginn
vert þú aldregi,
en lát þín að góðu getið.

Og:

Eldr er bestur
með ýta sonum
og sólar sýn
heilvindi sitt,
ef maðr hafa náir
án við löst að lifa.

Bóndinn Guðmundur Friðjónsson, alinn upp við óð og sögu og við kristinn dóm, kvæð svo:

Því guðsríki byggðu þeir blásnaudu menn
og brjóstgóðu, er sagnirnar lifa um enn,
sem tómhentir gengu frá landi til lands
og lífinu fórnudu af kærleik til manns.

Og það er sú einasta grundvallargjörð,
sem grunnmúruð stendur á syndugri jörð
og megnar að bera'uppi musteri það,
sem mannvonskan fær ekki þokað úr stað.

Í þessum tvennum ljóðabrotum, forns skálds og bóndans, sem lifði rúma fjóra áratugi þessarar aldar, kemur fram sú siðfræði, sem gert hefur íslenska menningu göfuga og sterka í senn.

Sá andi, sem stefna og starfshættir kommúnista leiða til, kemur átakanlega og um leið viðurstygglega í ljós í áskorun, sem fundur verkamanna í Moskvu samþykkti og sendi hinum mikla Stalín, þegar yfir stóðu hin alræmdu málaferli árið 1936

gegn mörgum helstu forvígsmönnum rússnesku byltingarinnar, áður dáðum, já, tilbeðnum. Áskorun þessi hljóðar svo: „Drepið hin andstyggilegu svín eins fljótt og við verður komið, en gætið þess þó að skjóta þau ekki. Það er of vægur dauðdagi. Hengið þau á stærsta torgi Moskvu og látið hræ hinna djöfullegu svína hanga í þrjá daga á Rauða torginu.“

Hvort eigum við að horfa á það aðgerðarlausir og svo sem hálfsofandi, að þessi andi verði framvegis eins og nú um langt skeið innrættur hinni uppvaxandi kynslóð í þessu landi – að hamri Þórs verði stolið og hár Samsonar skorið? Eða eigum við að sjá að okkur og mæta jötnunum og Filisteunum með Mjölni íslenskra manndóms- og manngildishugsjóna og með guði vígðum mætti þess anda, sem felst í mannhelgisboðskap kristinnar trúar? Ef við kjósum þann kostinn, þá erum við kallaðir til stríðs og starfa. Við verðum að mæta hinum kommúnísku áróðursmönnum, þar sem þeir hafa einkum haslað okkur völl — á sviði almennra félagsmála, á sviði bókmennta og lista — og síðast en ekki síst á sviði uppeldis- og skólamála. Á þeim vettvangi verðum við að láta koma í stað hirðuleysis, stefnuleysis og ítrodningis umhyggju og aðhald, leggja stund á mótun skapgerðarinnar í leikjum, fræðslu og félagslífi, með menningarerfðir þjóðarinnar, kristinn dóm og heilbrigð jákvæð raunvísindi nútímans að bakhjarli.

Ræða á fundi Heimdallar í Sjálfstæðishúsinu 11. maí 1955. Birt í *Morgunblaðinu* 19. maí 1955, 19.–20. bls.


Morgunblaðið

43. árgangur

73. tbl. — Þriðjudagur 27. mars 1956

Prentsmálsa Morgunblaðsins

RÍKISSTJÓRNIN BIDST LAUSNAR Í DAG



Þessi mynd var tekið í þann mund, sem fjórða ráðuneyti Ólafs Thors tók við völdum í sept. 1953. Á höndu eru frá vinstri: Kristján Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson, Ingólfur Jónsson, Ólafur Thors, Erlani Benediktsson og Eysteinn Jónsson.

Raðherrar Framsóknarflokksins tilkynntu Ólafi Thors, forsætisráðherra, í gær, að stjórninur flokksins við núverandi ríkisstjórn væri lokið.

Stjórnin hefur seðið í hálfri þriðja ár að völdum

ARDEGIS í dag mun Ólafur Thors forsætisráðherra ganga Á á fund forseta Íslands og afhenda honum lausnarbeiðni fyrir ráðuneyti sítt. En í gær tilkynntu ráðherrar Framsóknarflokksins forsætisráðherra í samhengi við ályktanir flokksþings þeirra, að lokið væri stjórnin Framsóknarflokksins við núverandi ríkisstjórn. Í málafundsamningi stjórnarmálar var svo um samið, að öll ríkisstjórnir skyldi segja af sér, ef annar hvor stjórnarflokkanna ákveði að slita stjórnarsamtökin.

FOK MED VÖLDU Í HALFT ÞRIÐJA ÁR

Síu ríkisstjórnir, sem í dag leggjast fram, lausnarbeiðni sína, er fjórða ráðuneyti Ólafs Thors formanns Sjálfstæðisflokksins. Hefur hún seðið að völdum síðan 11. sept. árið 1953, eða í um það bil hálfri þriðja ár.

Það mun væntanlega koma í ljós næstu daga, hverjar hefur verið farnar til þess að tryggja stjórn og landföngum að löngunum, sem væntanlega fara fram í ljósi þess þingsmálaáhr. Gert er ráð fyrir, að Alþingi verði stítt stöðugt á morgun.

BRÉF FRAMSÓKNAR

Forsætisráðherra hefur í gær svaðjóðandi bréf frá ráðherrum Framsóknarflokksins.

Á samhengi við ályktanir málafundsamninga og með tilliti til þess, að nú er seð fyrir endan á stjórnsýslu Framsóknarflokksins og vinnuáhrifa, sem núverandi stjórnarflokkur hefur, í samhengi við lausn verkefnisins á s. l. vort, samþinglingu heitið að hefða, tilkynntum við yfir þar með, hefur forsætisráðherra, að lokum er stjórnin seð af sér, ef annar hvor stjórnarflokkanna ákveði að slita samtökin.

Víðingarfrit,
Eysteinn Jónsson,
Steingrímur Steinþórsson,
Kristján Guðmundsson,
TH Forsætisráðherra.

Erlendar fréttir í stuttu máli

London, 26. mars.

● Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna komi í dag saman til þess að ræða vandamálin við austanvert Miðjarðarhaf. Er álit að bandríkjastjórnir þeir þar fram til liggja þess, efnis, að Hammarfjöldi verði fallið af fara austur og rann saka standandi á landamerum Ísrael og Arabaríkíanna. Rísum hefur því verið, að þeir heyrast til þetta neytunarvaldi sínu gegn samþykkt tilögna þenjara.

● Þrjú austur-Þjóðverjar flóðu á dag fyrir til Vákyssalands. Veru þeir allir starfsmenn austur-Þjóðu stjórnarmálar.

● Ríkisstjórnin hefur víkið aðal- stjórnsýsluáráðgjafarmanninum í hólaköllum í Tíflum í Georgíu út stjórn. Er áætlað að hún verði, að hafi hafi ekkert að mælinga góð- um árangri í stjórnmálalegru upp freðstu stjórnina. Það var einmitt í þessum háskóla, sem ó- erfirnar uru hváð mestu eftir að fættir harku um seðu Kríste- joffs.

● Í dag voru koma úrtili til yfirur tilkynntur í verkum öllum helstu ríðifundum kommúnista hér á landi, sem s. l. v. eru einhver þar á óþægilegasti þleitur á sálskrum kommúnism, sem hafa ekkert að mælinga góð- um árangri í stjórnmálalegru upp freðstu stjórnina. Það var einmitt í þessum háskóla, sem ó- erfirnar uru hváð mestu eftir að fættir harku um seðu Kríste- joffs.

● Ekki er til neins stíla á Bæki í dag, og er það í fyrsta sinn, þar sem hann lýst yfarlega ríðifundum yfir. Ríðifundur er, að ekkert komi til. Það ríðist ekki hvort á annað.

Hin samvirka forusta í Kremli hefur ráðizt á hinn dauða til þess að fórna hinum lífandi

Sr. Sigurður Einarsson um hina viðbjóðlegu Stalins dýrkun og Rússabjónkun kommúnista

FYRIR þeim hundráðum áhersla, sem hlýðandi á ræðu sr. Sigurður Einarssonar á fundi Heimadallar í gær, mun það nú hafa birt skýrar en nokkur sími hve ómarglega hlutverki kommúnistar hér á landi sem annars stílar hafa gegnt með hinum viðbjóðlegu Stalins-dýrkun og Rússabjónkun. En þessi bjónkun kommúnista fore á sig sem ómargtíla bla við það, að þeir geta ekkert hringlega og óringlega viðskrun, að þeim hafi skátt- ast, hefur eru þeir brokahlíur.

Sr. Sigurður Einarsson hóf ræðu sína á að minna á útvarps- erendi er hann fátítt árið 1928 um ríðifundum í Moskva. Þar hefur hann forfamt ríðifundum til þess að þess, að skoðanarfréttir væri almenn í Sovétríkjunum og elstær að vera á samari skólan en yfirlitarmír. Hefur kommúnistar nágu þeyktaft yfir þessum ummælnum og haldit uppi ársam á hann fyrir það.

En hvað ásklar svo. Nu lýst Krísteiff ríðifundum með atvæg sama heiti og eg gerði 1928, sagði sr. Sigurður. — Góði Krísteiff, komdu að hring og láta nokkur heilsunagleg orð yfir kommúnismum. Þeir hefur gott af því, að þá endurkast orðu, sem eg sagði 1928.

Sr. Sigurður Einarsson rakti í ræðu síni stáreyndirnar, sem tala sínu máli sem stjórnmálarí í Sovétríkjunum á undanföngum grátöngum. En málafundurinn hana var so, að hin rættedaga samvirkja forusta, sem er við völd í Sovétríkjunum myndi gera algerlega hlið sama. Með ársamum á Stalín hefur hin samvirka forusta ráðit á hina dauða til þess að geta fornað hinum lífandi. Nu skali eg spá því, sagði sr. Sigurður, það væri ekki lítil tvö ár frá þessum dægi, þegar hver maður, sem nevntedögn þarf að losna við, verður brottkastur. — ekki sem Trotskí, hefur sem Stalínist.

Það er ekki ómátt, að þessi skýringa þingna hann gaf á öllu ræðu sr. Sigurður Einarssonar framferðir kommúnista. Hinnu mátti vera heiti í minnum hönd, samvirkna bjónkun og lífði fyrir ekkert aðvins fyrir hina fróðlega þróðum. — Þessu máttu og fróðlegu, heiti, HÉTTA HINNA FÉLÖNU ur önnur fyrir það hve áskta. — Eg verð að hafa herra svo-

lilla bókmentakynningu, sagði sr. Sigurður. Hann las upp kalla frá sínu eigin kvæði Sordavalu, kvæðinu, sem kommúnistar þóðu á rússnesku og nóðu mik- að álit. — Þar til Sigurður sláttur heiti að trúa á að það væri rétt sem segir í kvæðinu, að kommúnistar myndu hefna hanna föllu og hefja hina anaubu.

EFASERDÍ OG FULLVISA
Hinar mörgu stáreyndir um stjórnsýslu í Sovétríkjunum öllu því að «fasmátt komu upp með sr. Sigurði, hvort þetta hefi ekkert séð Krísteiff, Einarsson, sem líkar heyrast til í fullvissa um bjónkun.

Þegar eg fór svo raktilega að efald um að stjórnmálar kommúnista geti orðið undirbúðar til bjóðfagslegs réttleita kom svo að þegar eg heyrði kommúnista tala um bjóðfagslegu í Sovétríkjunum og um ríðifundum, sem löngunir áttu að sjna, þá langaði mig að snúa mér undan og ekkert af hrösninu.

ÖGÖRLEGUR BLETTUR

En sr. Sigurður Einarsson hefur í ræðu síni ómátt viðtekkari bókmentakynningu. Hann las upp tilkynntur í verkum öllum helstu ríðifundum kommúnista hér á landi, sem s. l. v. eru einhver þar á óþægilegasti þleitur á sálskrum kommúnism, sem hafa ekkert að mælinga góð- um árangri í stjórnmálalegru upp freðstu stjórnina. Það var einmitt í þessum háskóla, sem ó- erfirnar uru hváð mestu eftir að fættir harku um seðu Kríste- joffs.

Ef. af bla. 1

Sigurður Einarsson í Holti: JÁTNINGAR Í AUSTURVEGI

I.

ÞETTA ERINDI MITT VERÐUR með nokkuð óvenjulegum hætti, vegna þess að ég get ekki hjá því komist, að hér verði um leið ofurlítill bókmenntakynning. Svo margt hefur verið skrifað um hið fallna goð, að óhjákvæmilegt er að rifja eitthvað af því upp. Ég stóð á bökkum Ladogavatns í litlum bæ, sem heitir Sordavala, sumarið 1929, og horfði á, hvernig þetta vatn ruggaði bárum sínum í kvöldblænum, og ég hugsaði margt. Austan við það var ríki verkamannsins, og ég verð að segja það hér, þó að Heimdallarfundur sé, að mig dauðlangaði að komast þangað. En ég var fátækur farandsveinn, sem að vísu hafði flakkað dálítill um Finnland, og nú brast mig fararefni til að fara austur yfir Ladogavatn. Ég fór aldrei lengra en austur til Sordavala. Og þar sem ég var að reika um á bökkum Ladogavatns, rissaði ég upp drögin að kvæði um Sordavala, sem kom út í fyrstu ljóðabók minni. Það er minningarljóð um finnska rauðliða, sem féllu í borgarastyrjöldinni. Ég veit, að það er ekki kurteislegt að byrja þessa pólitísku bókmenntakynningu á því að vitna í sjálfan sig, en þó er það nauðsynlegt samhengisins vegna. Niðurlagserindið í Sordavala er svo:

En verkamannaríkið, það er veruleiki þó,
það vakir og það hlustar,
á bak við þetta vatn, sem nú býst í kvöldsins ró,
nokkrum bæjarleiðum austar.
Og þaðan kemur höndin, sem
mun hefna hinna dauðu
og hefja hina föllnu
og líkna heinum snauðu.
Þá rennur okkar dagur! Hinir rauðu hanar gala!
Þá rístu á fætur, Sordavala!

Ég trúði þessu þá á þann hátt, sem æskumaður trúir, þegar hann eygir fæðingu og sköpun í veruleika mikilfenglegra, mannfélagslegra hugsjóna.

Árin liðu, og það féll í hlut minn frá ársbyrjun 1931 að fylgjast eftir föngum

með alþjóðaatburðum og skýra þá í útvarpinu. Með augað á heimsviðburðum þessara ára komu efasemdirnar fyrst í hug mér um, hvort það hefði ekki verið að einhverju leyti talsýn, sem ég sá eða þóttist sjá, þegar ég gekk í sumarblíðunni á bökkum Ladogavatns. Það er ekki sársaukalaust að segja þetta enn þann dag í dag, því að heimurinn er eftir minni reynslu ekki svo góðgjarn, að hann geti ekki einstöku sinnum fundið upp á því að misskilja og misvirða einlæga játningu manns um það, að honum hafi á einhverju tilteknu æviskeiði ekki legið allt í augum uppi.

Nei, það komu fyrst efasemdir og síðan vissa um, að þessi draumur minn hefði verið blekking. Sagt með einfaldari orðum: Rússland ráðstjórnarinnar var ekki staðurinn þaðan, sem koma myndi höndin, sem hefndi hinna dauðu. Málaferlin miklu í Moskvu 1936–1938 og atburðir, sem gerðust áður, síðan árásin á Finnland, framferði Ráðstjórnarríkjanna eins og það var oftast á alþjóðavettvangi og margt fleira, allt gerði þetta að verkum, að ég hætti að vænta úr þessari átt þeirrar handar, sem mundi hefna hinna dauðu, og þaðan af síður þeirrar handar, sem mundi hefja hina föllnu og reisa hina snauðu. Þessi vissa síaðist hægt inn og settist að í hugarum þrátt fyrir sviðsetningu harmleiksins mikla í hreinsununum 1937–38 og þrátt fyrir allar þær gegndarlausu blekkingar, sem bornar voru á borð í blöðum kommúnista um gjörvalla veröld. Þó var það ef til vill lestur þeirra blaða úr ýmsum löndum, sem átti drýgstan þáttinn í því að grundvalla vissuna um það í huga mínum, að mér hefði skjátlást í niðurlagsorðunum og ályktuninni í mínu fagra kvæði Sordavala, sem kommúnistar létu þýða á rússnesku og hafa haldið mikið upp á.

Það var fleira, sem gerði það að verkum, að efasemdirnar kviknuðu í huga mínum: sundrunargarstarf kommúnistanna í verkalyðshreyfingunni hér heima. Ég var á flokksþingi Alþýðuflokksins 1930, og ég get sagt ykkur það brotalaust, að það er eitt sársaukafyllsta augnablik, sem ég hef lifað, þegar þeir klufu og sýndu það í fyrsta sinn, að það var ekki kjarabarátta íslenskra verkamanna og launamanna, heldur stórpólitísk þjónkun, undirlægjuháttur og taumlaust flaður fyrir Rússum, sem réði gjörðum þeirra.

Síðan kom allur hinn taumlausi og endalaus umskiptingsháttur, sem menn gátu ekki annað en tekið eftir eftir í hvert sinn, sem eitthvert heljarstökk var gert í Moskvu, og allur hópurinn hér — allir dvergarnir — gerðu heljarstökkið með miklum „bravoure“ eins og þeir segja í útlöndum, þegar hinir stóru gerðu það í Moskvu. Það, sem satt var í dag, varð ósannindi á morgun, sá, sem góður var í gær, ræningi, landráðamaður og morðingi í dag.

Þessi vissa mín varð enn sterkari, þegar ég heyrði síðan kommúnistana leika plötuna sína um þjóðfélagslegt réttlæti austur í Rússía, jöfnuðinn. Þegar ég heyrði þá tala sem fyllstum rómi um föðurlandsástina, sem við Íslendingar ættum að sýna, og þegar ég sá, hver árangurinn varð af baráttu þeirra fyrir kjarabótum verkalyðsins, sem mér voru hugleikið mál, og allt það annað sem þið þekkið, þá varð alltaf sama viðbragðið einhvers staðar innan í mér. Ég er gamall sjómaður og mér er ekkert

klígjugjarnt. Ég fæ aldrei sjóveiki. En þegar ég heyrði þetta, langaði mig alltaf að snúa mér undan og kasta upp af hræsninni í þeim.

II.

Ég flutti fjölda erinda um alþjóðleg málefni í útvarpið. Ég bið ykkur að afsaka, að ég minnst á þetta, en það er óhjákvæmilegt vegna þess, sem ég ætla að lesa fyrir ykkur á eftir. Ég flutti erindi um réttarhöldin í Moskvu 1937. Þá var bókstaflega öllu ritliði kommúnista og öllum blaðakosti kommúnista á Íslandi og öllum fyrirlesurum kommúnista, hvar sem þeir voru á Íslandi, sigað á mig.

Það tók ekki betra við, þegar ég flutti erindi um árás Rússa á Finna. Þá var vígorðið um „Finnagaldurinn“ fundið upp og grenjað og básúnað og sífrað og vælt í hverjum krók og kima á Íslandi, sem kommúnistar gátu smeygt sér inn á. Það var ekki ég einn, sem átti að bera þennan kross Finnagaldursins. Hver einasti maður, sem dirfðist að láta í ljósi samúð sína með þessari norrænu smáþjóð, sem hefur sama þjóðskipulag og við, sömu evangelísk-lúthersku kirkju, hefur alla jafna lagt stund á að vera hinn uppbyggilegasti aðili í samvinnu norrænna þjóða og er viðurkennd að vera heiðarlegasta og skilvísasta þjóð í alþjóðaviðskiptum, sem til er í Evrópu, hver einasti maður, sem sýndi þessari þjóð samúð, þegar hún varð fyrir ofboðslega tilgangslítilli, en mjög ruddalegri árás, — hann var sýktur af „Finnagaldurinum“. Aldrei hafa ópin né hvískrið og farísea-réttlætið og vesaldómurinn fyrir hönd hinna undirokuðu og fyrir hönd ráðstjórnarlýðveldisins, ráðstjórnarþjóðanna, ráðstjórnarsannleikans og ráðstjórnarréttlætisins verið ámátlegri og viðbjóðslegri heldur en einmitt í þetta sinn. Þá var óburðugt að vera kommúnisti á Íslandi.

Kommúnistar hafa aldrei fyrirgefið mér að flytja erindið um málaferlin í Moskvu 1937 eða hitt erindi mitt, þar sem ég lét í ljós algerlega brotalaust samúð mína með Finnum án minnstu ákæru á Rússa umfram það, að þeir væru stórþjóð, sem tilefnislaust réðist á smælingja.

Ég leyfði mér stundum á starfsárum mínum við útvarpið, þegar ég lifði og hrærðist í alþjóðamálum, að skilgreina dálítið það, sem væri að gerast, og draga ályktanir af augljósum staðreyndum og spá um framvindu mála. Nú fór það stundum svo, — ég segi stundum, — að spádómar mínir rættust. En aldrei hef ég á ævi minni verið eins glöggur spámaður og þegar ég í erindi mínu um málaferlin í Moskvu sagði fyrir um, hvert væri eðli Stalíns-stjórnarinnar og hver verða mundi dómurinn yfir henni. Sá spádómur er nú kominn fram bókstaflega orði til orðs.

Ef nokkurn tíma hefur verið skýrt frá því, að eitthvað væri bogið við réttarfarar Ráðstjórnarríkjanna, að lífskjör almennings í Ráðstjórnarríkjunum stæðust ekki samanburð við lífskjör almennings á Vesturlöndum, að á Vesturlöndum gætu orðið til bókmenntir án þess að menn þyrftu að draga eins og ánauðugir þrælur áróðursvagn Ráðstjórnarlýðveldanna og einstakra ráðstjórnarskurðgoða, að það væri almennt til eitthvað í menningu, menningarerfðum, þjóðfélagslegri viðleitni, þjóðfélagslegum skyldum og markmiðum í lífi Vesturlandabúa, er stæði ofar því,

sem er í Ráðstjórnarríkjunum, þá hefur ævinlega kveðið við samhljóma öskrið sunnan frá Ítalíutá og norður á Akureyri.

Nei, þau hefur ekki vantað hneykslunarópin, ef eitthvað hefur verið sagt um brest á persónulegu frelsi og réttaröryggi í Rússlandi, um Stakhonov-ánaudið, afkasta-ánaudið, sem er orðin verri þrældómur en tíðkast í nokkru einasta kapítalísku iðnreksturskerfi á Vesturlöndum. Ef það hefur verið einu einasta orði blakað við því, að þetta gæti ekki verið óskadraumur og eftirþráð land allra þeirra, sem verða að leggja sinn þjóðfélagskerf fram með því að vinna með höndunum á sjó og landi, þá kvað við óp: Finnagaldur, Ráðstjórnarníð, Stalínsníð.

III.

Víkjum nú í bókmenntakynningunni að öðru skáldi. Hann er ekki ennþá búinn að biðja ykkur afsökunar á því, sem hann orti, eins og ég bið ykkur og alla íslensku þjóðina afsökunar á ályktunarorðum mínum í kvæðinu Sordavala. Það er nú skáld, sem kveður að. Hann yrkir það, sem hin kommúnísku eyru vilja heyra. Hann er opinbert verðlaunaskáld eins og ég. Hann heitir Jóhannes úr Kötlum, og það, sem hann yrkir, er nákvæmlega eins og krafist hefur verið af hinni bókmenntalegu og listrænu forustu í Moskvuborg, af sjálfum bókmenntapostulum Ráðstjórnarríkjanna, að viðbættum öllum bókmenntasníglunum, sem á Vesturlöndum ganga í þeirra þjónustu. Svo skulu þeir yrkja!

Um gullintypptar Kremlarhallir
kvöldsins svalí fer,
og mansöng einn frá Grúsíu
mildum ómi ber
og stjörnuaugu bliku skært frá
blárri himinsæng
þar englabörnin leika sér og
yppta hvítum væng.

Já, ég skal segja ykkur það!

En inn um gluggann sérðu rólegt
andlit vökumanns,
þar situr Josíf Dzhúgashvílí,
sonur skóarans.

Þar situr hann, sem ungur valdi
einn hinn þyngsta kost
og lagði út í þennan heim með
lítinn geitarost

Já, hvílík ósköp!

En harla mikið ævintýri hefur
síðan skeð
og furðulegra en nokkurt skáld
gat fram í tímann séð.

Og takið eftir þessu:

Í ostsins stað nú hverfist djarft
í hendi þessa manns
hinn ægifagri hnöttur vor og
örlögsíma hans.

Og hérna er eitt, sem þið megið ekki alveg fara á mis við:

Og þessi maður horfir yfir
hrikaleikans svið
í þöglum krafti skapandans, sem
þráir starf og frið.
Hann veit, að hinir gersku
hermenn gera heimi skil,
hver herdeild ...

Og síðan kemur svigi, þetta er nefnilega ráðstjórnarljóðlist og ber af í snillið:

Hver herdeild (nema sú fimmta,
hún er ekki til).

Það var óneitanlega vissara fyrir skáldið að taka það fram, því að annars hefði ef til vill einhverjum dottið í hug sú glæfralega hugsun, að sá maður kunnir að vera í einhverri herdeild, sem getur ort kvæði þann veg. Skáldið sér unglínginn með geitarostinn í hendinni, sem hann er að naga í sig á sinni smalagöngu, og gleðst óstjórnlega yfir því, að okkar ægifagri hnöttur er nú orðinn geitarostur í þessari sömu hendi. Það vantar aðeins upp á, hvenær hann gleypir hann. Og það verður eins fljótt eins og mögulegt er, ef hún fær að njóta sín þessi fimmta herdeild, sem er ekki til. Nú má ég ekki dvelja lengur við þessa óviðjafnanlegu ljóðperlu, sem ekki má með nokkru móti tynast eða gleymast. Ég hef sleppt hinum eiginlega jólasöng, sem lýsir því, að hvítir englar dansa um þessa veru, sem heitir Stalín.

Það má þýða þetta kvæði á ákaflega harðhjúskulegt íslenskt mál. Það mál er stundum dálítið erfitt að læra, og ég geri ráð fyrir, að okkar íslensku kommúnistum

gangi nú illa að þýða þennan dýrðaróð um Stalín á hið kalda mál staðreyndanna. Fyrsta stórhreinsunin undir stjórn Stalíns fór fram 1936. Þá féllu þeir Zínovjev og Kamenev og fleiri fyrir ákærum, sem gengið var frá í skrifstofum trúnaðarmanna Stalíns. Þetta er tveimur árum eftir morðið á Kírov, einkavini Stalíns, eins og hann hefur alltaf verið kallaður í kommúnískum ritum. En nú hafa Ráðstjórnarpóttentátarnir látið í það skína meira en nóg til þess, að hvert mannsbarn skilur, að Stalín er grunaður um að hafa látið fremja morðið á Kírov til þess að geta hleypt þessari skriðu af stað.

Næsta erindi í þýðingu staðreyndanna á þessum lofsöng gerist 1937. Þá eru morðin á hershöfðingjunum. Þá falla Tjúkhatsjevskíj og félagar hans. Ekki eitt einasta blað á öllum Vesturlöndum bar þessa frétt á borð þannig, að þá hefðu fallið 5.000 foringjar úr Rauða hernum á upplognum sökum, sem bruggaðar voru í englaskrifstofu Stalíns. En það er það, sem Khrústsjov hefur nú upplýst. Hugsíð ykkur, hvað sagt hefði verið í Reykjavík, hugsíð ykkur lætin á Þórsögðu og í *Þjóðviljanum*, ef einhver hefði sagt þá: Nei, það eru ekki Tjúkhatsjevskíj og þessir nafngreindu félagar hans úr æðsta herforingjaráði Rauða hersins, það eru 5.000 foringjar, sem eru líflátnir, og herinn er svo lamaður, þegar næst kemur til þess, að hann þurfi að vinna sína skyldu fyrir Ráðstjórnarríkin, að þá er hann máttvana og magnlaus. En það er það, sem hefur nú verið viðurkennt í Moskvu.

Og sama árið eru stóru málaferlin, þegar Radek er dæmdur í 10 ára fangelsi. Ég skal upplýsa það, að Radek átti að vera laus 1948. En það hefur aldrei til hans spurst. En það er viðurkennt og hefur komið fram í óvæfengjanlegum ritum, að hann týndist einhvers staðar á leiðinni, meðan hann var að afplána þessa 10 ára fangelsisvist fyrir upplognar sakir.

1938 voru stærstu og glæfraleghustu hreinsunarmálaferlin í Moskvu. Þá var dæmdur Búkharín, en undir dauða sinn hafði Lenín sagt um Búkharín: Hann er eftirlæti alls flokksins, og hann er maðurinn, sem þið skuluð jafnan leita til og heyra álit hans, ef vanda ber að höndum. Þá voru dæmdir Búkharín og Rykov, sem var forsætisráðherra Ráðstjórnarríkjanna í sex ár á eftir Lenín, og með þeim fjöldi annarra manna, þar á meðal Jagoda, yfirmaður leyningreglunnar, sem hafði stjórnað slátrunum manna fremst. En munið þið, fyrir hvað Jagoda var sakfelldur? Hann var sakfelldur fyrir það, að hann ætlaði að byrja Maksím Gorkíj eitur! Gorkíj var orðinn gamalmenni. Hann var viðurkenndur fyrir að vera mikið skáld og var í fullkominni sátt við alla ráðstjórnarpóttentátana. En Jagoda á af einhverjum dularfullum ástæðum að hafa ætlað að byrja honum eitur, þegar karltetrið átti ekki annað eftir en að hjara í nokkra daga til þess að deyja þeim dauða, sem Drottinn hafði ætlað honum.

III.

Nú er það viðurkennt í játningunum nýju í Moskvu, að þeir Búkharín og Rykov hafi verið dæmdir saklausir. En það var einn íslenskur maður, þjóðkunnur og skáld,

austur í Moskvu, og hann fylgdist nákvæmlega með öllum réttarhöldunum. Hann skrifaði tugi blaðsíðna um þessi réttarhöld. Þessi maður er nóbelsverðlaunaskáldið okkar, Halldór Kiljan Laxness. Hann fylgdist með þessum réttarhöldum, eins og hann segir í *Gerska æfintýrinu*, af svo mikilli nákvæmni, að hann gaf gaum að máli hvers einasta manns. Ég fletti upp á bls. 78 í bókinni. Þar gerir hann lítið eitt grein fyrir skoðun sinni á því, hvað þarna er um að vera. Halldór Kiljan segir svo um Búkharín:

[A]thygli mín beindist ósjálfrátt að honum, öðrum framar. ... [M]eirir kappræðusnillíngur og rökfræðingur, eða lærðari heimspekíngur, gæti naumlega átt höfuð sitt að verja. ... Vörn hans var glæsileg sem skilmíngar. Hann fylgdi mjög fast þeirri reglu að viðurkenna aldrei neitt sektaratriði umfram það sem sannast hafði svart á hvítu gegn um lánngar og flókngar yfirheyrslur og vitnaleiðslur meira eða minna meðsekra manna, sumra mjög blendinna. ... Sleipur eins og áll, ósýnilega snar í viðbrögðum ...

Gáið að því, að þetta er maður, sem er að verja líf sitt:

... eins og lítið skorkvikindi, sem er smogið út um greipar manns.

Lesandanum verður á að spyrja: Var Halldór Kiljan orðinn svo samsamaður saksóknaranum, að honum fyndist, að Búkharín vera að smjúga úr greipum á sér, ef það sást glóra í von um, að hann kynni að bjarga lífinu fyrir þessum dómstóli?

Hvar sem nokkur veila fannst í saksókninni ...

Það hafa þá, þótt undarlegt sé að heyra, verið veilur í saksókninni!

... reis hann á fætur í sterkri ró og djörfúng, líkt og þegar oddviti í andstöðuarminni kveður sér hljóðs á þíngi, með þessum orðum: „Mætti ég leggja fram nokkrar spurningar.“

Halldór lýsir honum svo að lokum:

Lítill, álútur, sköllóttur, skólakennaralegur grúskari, allur dreginn upp í odd á mefistofeliska vísu, hvasst nef, ydd eyru, oddbogadregnar augabrúnir, napoleonstoppur, með fræðisetnínngarnar eins og nokkurskonar viðauka við nagtennurnar, þannig kom hann mér fyrir sjónir.

Það er sannarlega ekki ónýtt að hafa slíkan mann viðstaddan til að segja okkur frá því, sem var að gerast.

Nú skulum við láta renna af okkur gleðina yfir snilld meistarans og átta okkur snöggvast á því, að þessi maður, sem var að smjúga eins og skorkvikindi í gegnum greiparnar á Laxness, var, játað af munni ráðstjórnarforustunnar dæmdur saklaus, ákærður saklaus, drepinn saklaus. Kæru áheyrendur, fáið þið ekki eitthvað fyrir hjartað?

1940. – Það er ef til vill ekki ástæða til að fjölyrða um morðið á Trotskíj í Mexíkó. Nú eru ekki líkur til annars en að hann fái upreisn æru. Það veit enginn enn, hvað hann hét þessi maður, sem myrta Trotskíj. Hann er mállausi maðurinn í heimssögunni. Og það veit enginn enn, hver sendi hann. Ekki enn. Það kemur bráðum.

Á eftir Jagoda kom maður, sem Jezhov hét, versti blóðhundurinn í þessum slátrunum og stjórnaði þeim að skipan Stalíns. Að loknum störfum var honum slátrað að skipun Stalíns, og Bería tók við, og Bería var slátrað, þegar erfingjar Stalíns tóku við. Þannig er þetta eins og langhundur, sem spilaður er í rauðum lit.

Síðan hvarf hver af öðrum: Ordzhoníkídze, gamall starfsfélagi Stalíns, það er sagt að hann hafi átt þess kost að fyrirfara sér eða verða drepinn. Voznesenskíj, sem var yfirmaður áætlunarnefndarinnar. Eftir áætlunum hans hafði lengi verið farið. Þær voru básúnaðar út á flokksþingi eftir flokksþingi. Síðan var hann orðinn landráðamaður og varð að deyja. Það er nú viðurkennt í þessum játningum í Moskvu, að hann var drepinn saklaus. Næst voru læknamálin, en þá er það allt í einu sem Malenkov, Bería og Khrústsjov koma til sögunnar. Stalín er dáinn. Þessir læknar hafa þá allt í einu verið ákærðir ranglega, og þeim er sleppt.

Hvað var að gerast þarna? Klukkan er farin að slá fyrir þeim sjálfum. Hér mætti minna á, að Khrústsjov var hægri hönd Stalíns í Úkraínu í mörg ár. Hann tók þar við ríkjum af manni, sem var drepinn og sakaður um að hafa brugðist Ráðstjórnarríkjunum. Sá maður hét Kosíor, og Míkojan hefur nú viðurkennt, að hann hafi verið drepinn saklaus. Rómverjar höfðu fyrir máltæki: *Cui bono?* Hverjum var það til gagns? Svar: Arftaki hans að völdum í Úkraínu var Khrústsjov.

Tvennt vil ég nefna enn, sem mætti verða til dálíttillar raunhæfrar útskýringar á ljóði Jóhannesar úr Kötlum. Annað er Katyn-morðin á stríðsárunum, rétt hjá Smolensk. Þar fundust 10 þúsund pólskir liðsforingjar drepnir. Það hefur verið hnippst á um það, hvort fasistar eða Rússar hafi drepið þessa pólsku liðsforingja, 10 þúsund manns, saxað þá niður með vélbyssukúlum í einni lotu. Nú er af rannsóknunum, sem fram hafa farið á þessu, löngu upplýst mál, að Rússar drápu þessa menn eftir skipun Stalíns.

Síðan vil ég segja ykkur, hvað gerðist á fundinum í Teheran. Frá því hefur rithöfundurinn Louis Fischer skýrt. Hann var fréttaritari í Moskvu í yfir 20 ár og kvæntur rússneskri konu. Hann hefur skrifað bók, sem heitir *Líf og dauði Stalíns*, og sú bók kom út nokkrum vikum áður en Stalín dó. Hann segir frá því þar, að á fundinum í Teheran, sem gerðist á stríðsárunum, segi Churchill frá því, að Stalín hafi undir borðum, þar sem þeir sitja Roosevelt, hann og Churchill, kastað því

fram, hvort það væri ekki rétt, þegar sigur væri fenginn yfir Þjóðverjum, að skjóta eins og 50 þúsund Þjóðverja. Það átti að skjóta eftir sömu reglunni og gert var í Litáen, Eistlandi og Lettlandi. Það átti að taka dugnaðarfólkið, menntaða fólkið, áráðna fólkið, forustufólkið og tortíma því.

Þá spurði Roosevelt Stalín marskalk að því, hvort 49 þúsund myndi ekki vera nóg! Stalín svaraði ekki, en leit á Churchill. Churchill sagði: Ég held, að mér muni ganga mjög illa að fá breska þingið til þess að samþykkja þessa slátrun. Síðan stóð Churchill upp og gekk út, og af því að sagan er eftir honum, vitum við ekki meir.

III.

Á 20. þingi kommúnistaflokksins austur í Moskvu nú, nánar tiltekið 25. febrúar, gerðist það, sem á svípstundu bergmálaði út um allan heiminn: Khrústsjov hélt ræðu á lokuðum fundi, og þar lýsti hann ævi og stjórnarferli Stalíns á „nýjan hátt“. Nú er Stalín ekki lengur ljós heimsins og leiðtogi Þjóðanna, von mannkynsins né frelsari. Öll lýsingarorðin eru tekin upp úr *Þjóðviljanum*, annaðhvort frá hans eigin brjosti eða þá frá brjosti samherjanna í Moskvu. Stalín er ekki lengur gleði lífsins, ekki einu sinni faðir allra. Dómgreind hans er ekki lengur óvæfengjanleg og viska hans ekki heldur óskeikul. Nú kveður ekki lengur við þessi undirdánugi tónn tilbeiðslunnar, enginn hefur nokkru sinni fyrr búið yfir slíkum alhliða gáfum, slíkum hæfileikum, slíkri fegurð! Fegurð! Ég les þetta rétt.

En hvað er hann nú, rétt metinn í ljósi sögunnar? Á Vesturlöndum vissum við alltaf, að skjallið um Stalín var ekki annað en móðursjúkar ýkjur. Við vissum alltaf, að bak við þetta skjall var hrokafull og hræsnisblind von um að geta gert hann að yfirdrottvara allra þeirra, sem ekki vildu fallast á að lúta yfirdrottun fimmtu herdeildar spámannanna hver í sínu landi. Við vildum það ekki hér á Íslandi. Nei, nú er hann ekki lengur óskeikull.

Það kemur nú upp úr dúrnum, að hann hafði verið óforsjáll og vanhygginn. Hann hafði virt að vettugi allar viðvaranir, þó að styrjöld og háski væru á ferðinni. Hann hafði með glæpsamlegu gáleysi látið styrjöldina skella á Þjóðina óviðbúinni. Hann hafði innleitt persónudýrkun í landinu, þar sem allir áttu að vera jafnir. Hann hafði beitt harðstjórn og grimmd, látið ljúga á menn sökum og markað braut sína dómsmörðum og glæpaverkum. Það var enginn óhultur nálægt honum. Hann hafði einangrað Þjóðina háskasamlega með stjórnarfarslegum athöfnum og allri stjórnarstefnu sinni. Réttaröryggið í Ráðstjórnarríkjunum var stórlega skert, frelsi og lífsöryggið blekking ein á síðustu stjórnarárum hans. Jafnvel nánustu trúnaðarvinir hans skulfu eins og strá, þegar þeir voru kallaðir í návist hans, eins og þeir ættu von á dauða sínum. Hann hafði líka stórskadað flokkinn, og það er mjög greinilega tekið fram.

Hver mælir svo ferleg orð? Hví springur ekki jörðin, þegar svo er talað á henni um þann, sem var ljós heimsins og mannkynsins von? Jú, sá sem talar, er einn af æðstu mönnum Ráðstjórnarríkjanna, og aðrir taka undir. Það er enginn ómerk-

ingur. Þetta er ekki Morgunblaðslygi. Þetta er ekki borgaralegur rógur. Þetta er ekki níð um Ráðstjórnarríkin. Þetta er ekki neitt af því, sem *Þjóðviljinn* og kommúnistar hér á Íslandi og hvarvetna hefðu sagt um slíkt tal, fyrir aðeins einum mánuði. Það er stjórnarforusta Ráðstjórnarríkjanna, sem kveður upp þennan dóm.

Nú eru sendar út heilar „legiónir“ af fræðurum til að útskýra fyrir flokksmönnum í Ráðstjórnarríkjunum hina nýju línu, og það hefur verið tekið fram í blöðunum, að eftir nokkra daga verði 30 milljónir manna búnar að meðtaka hinn nýja boðskap. Það á að afnema persónudýrkunina. Það á að afnema einræðið og skapa „samvirka forustu“. Það á að veita fórnardýrum dómsmorðanna uppreist æru. Það er náttúrulega gott og blessað, og það kostar ekki einn einasta kópek að veita fórnardýrunum uppreist æru. En hins vegar hefur ekki verið sagt eitt einasta orð um það í *Þjóðviljanum* eða annars staðar, ekki heldur austur í Moskvu, hvort það ætti að skila fórnardýrunum þessum dögum, sem forsjónin ætlaði þeim að tóra, ef Stalín hefði ekki lógað þeim. Ég gæti hugsað mér, að þeim, til dæmis Kírov og fleirum, ef þeim leyfðist að segja eitthvað um réttlæti í þessu efni, myndi ekki þykja réttlætinu fullnægt, fyrr en búíð væri að skila þeim líftórunni og þessum dögum, sem dómsmorðafarganið undir forustu Stalíns tók af þeim. En það er ekki hægt að gera austur í Moskvu, ekki einu sinni undir samvirkri forustu, eins og það heitir nú með nýju vígorði.

IV.

Stalín er fallinn, og þeirri staðreynd verður ekki haggað, þó að Kristinn E. Andrésson læsi nú upp yfir gervallan heiminn lofgjörðaróð sinn frá 12. mars 1953. Ég vil nú leyfa ykkur að heyra svolítinn kafla úr þeirri rollu:

Stalín er sá, sem til þessa dags hefur borið lengst fram fána sósíalismsans og alþýðunnar. Sem foringi sovétalþýðunnar var Stalín um leið viti verkalyðshreyfingarinnar í heiminum. Hann skildi við Ráðstjórnarríkin sterk og traust, hugsjón sósíalismsans skært logandi á jörðu. Festum í minni hinn einfalda sannleika. Stalín stóð vörð, trúan og hljóðlátan vörð um líf alþýðumannsins í heiminum. Þess vegna heiðrum við minningu hans og viljum láta í ljósi samúð okkar með sovétþjóðunum, sem misst hafa hinn ástsæla foringja sinn.

Ég vona, að Ráðstjórnarþjóðirnar hafi fengið þessa samúð, að hún hafi náð alla leið austur í Samarkand og Túrkestan. En hvernig í ósköpunum fær þetta samrýmst? Það mætti lesa þetta þannig, að í staðinn fyrir „að standa hljóðlátan vörð um líf alþýðumannsins“, ætti að segja „hann var þögull böðull á alþýðu sinnar eigin þjóðar“. Þetta er það, sem Khrústsjov segir.

Þórbergur Þórðarson getur ekki heldur reist goðið frá stalli. Hann segir:



Pórbergur Þórðarson og Jóhannes úr Kötlum sitja á knjám Stalíns, en Brynjólfur Bjarnason og Kristinn E. Andrésson hjúfra sig upp að honum. Skopteikning úr *Speglinum* eftir afhjúpanirnar í Moskvu 1956. Pórbergur hafði haft það eftir öðrum, að börn myndu vilja sitja á knjám Stalíns og hundar hjúfra sig upp að honum. Jóhannes hafði ort lofkvæði um Stalín, „son skóarans“, sem farið hefði út í heim með geitarost einan í hendi. Kristinn E. Andrésson hafði skrifað að Stalín látnum, að hann hefði stadið trúan og hljóðlátan vörð um líf alþýðumannsins í heiminum. Brynjólfur var alla tíð óbifanlegur stalinísti.

Hin brúnu augu hans eru ákaflega góðleg og mild.

Ha? Khrústsjov segir, að hann hafi verið nálega brjálaður fjöldamorðingi.

Áróður auðvalds og krata um grimmd og einræðisstefnu Stalíns hefur oft freistað mín til að virða gaumgæfilega fyrir mér andlitsmynd þessa umdeilda manns, segir Pórbergur. Síðan kemur þetta hjá honum:

Börn myndu vilja sitja á knjám honum, og hundar myndu hjúfra sig upp að honum.

Nú held ég, að Þórbergi hafi ratast satt á munn. Það er enginn maður til í mannkynssögunni, sem eins margir hundar hafa hjúfrað sig upp að eins og Stalín.

Síðan segir Þórbergur:

Fjendur sósíalísmans ...

Fjendur sósíalísmans, það eru væntanlega ég og þið?

Fjendur sósíalísmans hafa lagt furðulega ofstækisfullt kapp á að viðhalda þeim hindurvitnum, að í Rússlandi ríkti einræði, í raun rétttri sams konar einræði sem í fasíсталöndunum og að Stalín sé einræðisherra.

Ja, það eru Rússafjendur, fjendur sósíalísmans, sem halda þessu fram. En hvað segir Khrústsjov um þetta? Ef Þórbergur væri kominn hérna og Khrústsjov líka, þá yrði Khrústsjov að ganga til Þórbergs og klappa á kollinn á honum og segja: Það er misskilningur hjá þér, Þórbergur minn, hann var blóðhundur og morðingi og einræðisherra. Heyrðu, þú verður að reyna að skrifa áfram eins og þér hafi aldrei skjátlást og ljúga áfram eins og þú sért að ljúga í fyrsta sinn, því að það er okkar lífsboðorð. En þetta er misskilningur.

Og aumingja Sverrir Kristjánsson, ég skil ekki hvernig hann getur litið upp aftur og sagt kraftsins og sannfæringarinnar orð nema að fylgja þessu lífsboðorði. Hann segir nefnilega áður:

Um allan heim syrgir alþýðan hinn fallna leiðtoga.

Takið eftir þessu og berið það saman við það, sem *Þjóðviljinn* er sífellt að segja lesendum sínum, að kratablöðin og borgarablöðin séu full af svívirðingum og móðgunum við alþýðuna. En ef það er rétt að alþýðan syrgi þennan leiðtoga, þá hefur henni í íslensku blaði aldrei verið borin önnur eins móðgun og þegar Khrústsjov segir: Þessi fallni leiðtogi, sem alþýðan um allan heim syrgir, hann var einræðisbróltari, blóðhundur og morðingi. Nei, hvernig á íslensk alþýða síðan að taka við því af Sverri Kristjánssyni, að þetta hafi verið það augnayndi, sem hún ekki hafi mátt afbera ógrátandi að hafa misst úr veröldinni?

V.

Hvernig hafa kommúnistar snúist við þessum síðustu tíðindum? Fyrst var neitað. Þeir sem höfðu verið þarna austurfrá sögðu: Nei, nei, það hefur ekkert gerst, ekki nokkur skapaður hlutur. En síðan var ekki hægt að neita. Það bergmálaði um víða veröld, hvað hafði gerst. Þegar svo er komið, gengur fram á sviðið snillingurinn Kristinn E. Andrússon. Þá var það sem ósköpin höfðu orðið, himinninn hafði dottið og skurðgoðið lekið niður af stallinum og geitarosturinn hrokkið úr hinni almáttugu hendi og hnötturinn líka. Þá segir Kristinn:

Í sjálfu sér kemur okkur Rússland ekkert fremur við en önnur lönd.

Þetta er ógleymanlegt. Hann er búinn að skrifa, tala, suða, þessi leyniáróðursmaður, sem hefur gert meira en nokkur annar til að baneitra og afvegaleiða almenna skoðun í listum og bókmenntum og allt af einskærri og lotningarfullri þjónkun við þennan harðstjóra, sem Khrústsjov á ekki orð til að lýsa, hversu skaðað hafi þjóð sína. Þegar svo er komið fyrir Kristni E. Andrésyni, segir hann: Í sjálfu sér kemur okkur Rússland ekkert við!

Síðan kemur í *Þjóðviljanum* í gær játningin. Þá er undanhaldinu lokið, og þeir hafa orðið að játa, að allt er satt, sem sagt hefur verið um þetta. Það er engin leið að draga fjöður yfir það. Er hreinskilnin og drengskapurinn þá að segja: Okkur hefur skjátlást? Við höfum verið blekkir. Við höfum verið afvegaleiddir. Og snúast eins og menn við því og ég tala nú ekki um að ásetja sér betrun og bót. Nei, einurðin er ekki meiri en svo, að Sam Russell, fréttaritari breska kommúnistablaðsins *Daily Worker* í Moskvu, segir frá þessu. Og liggur á milli línanna, úr því að *Daily Worker* verður að kyngja þessu, að þá verðum við líka að kyngja því, ekki með neinum iðrunar- né yfirbótahug, heldur aðeins af skelfilegri nauðsyn á að viðurkenna það. Þið ættuð að kaupa þau eintök, sem til eru af *Þjóðviljanum*, og geyma. Það er kvittun kommúnistaflokksins á Íslandi og í Bretlandi fyrir því, að það hafði gerst, sem ekki hafði gerst, þegar Eggert Þorbjarnarson kom: Þetta, sem verið hefur sagt lygi og rógur alla tíð, frá því að farið var að skrifa um þessi mál og menn sáu hvílik blekking og svik það voru, þegar verkamönnum og launþegum út um víða veröld er boðið að sjá í þessu þjóðskipulagi og í þessari forustu handleiðslu sína og heimsins ljós.

Þetta er orðið miklu lengra mál en ég hafði ætlað mér. En ég sagði, að ég spáði stundum. Gunnar Benediktsson spyr í bók sinni *Frá hugsjónum til hermdarverka*: En hverjar voru þá sakir Sigurðar Einarssonar á sínum tíma? Um það skal ég gefa Gunnari orðið. „Þar liggja stærstu sakir Sigurðar Einarssonar og þar liggja svæsnustu staðreyndirnar fyrir sekt hans. Hann hélt um daginn erindi um málaferlin í Moskvu og þetta erindi birtist neðanmáls í *Alþýðublaðinu*.“ Við skulum taka nokkrar setningar úr erindinu og athuga þær hlutlaust og rólega, segir Gunnar í bók sinni. Og hann byrjar lesturinn á þessa leið og lætur mig nú tala:

Málaferlin í Moskvu eru eitt af þeim óhugnanlegu fyrirbrigðum, sem ævinlega hljóta að gerast þar, sem það eru orðin viðurkennd mannréttindi, að aðeins einn aðili skuli ráða kosti allra annarra, sagði Sigurður í erindi sínu. Og í lokin endurtekur Sigurður það sama á þessa leið: Svona atburðir gerast alls staðar, þar sem skoðanafrelsi er afnumið og það er orðinn glæpur að vera annarrar skoðunar en sá sem valdið hefur.

Fyrir þetta varð ég gersekur maður, rægður í verklýðshreyfingunni, tortryggður, níddur og aldrei fyrirgefið.

Nú segi ég: Góði Khrústsjov minn, komdu nú til Íslands. Vertu ekki að dúlla við þá þarna úti í London og drekka dús við þá í Indlandi. Komdu og talaðu nokkur heilsusamleg orð yfir okkar kommúnistum. Þeir hefðu einstaklega gott af að heyra þig endurtaka með eigin vörum það sama og séra Sigurður Einarsson sagði 1937. Segðu við þá: Slíkir hlutir, persónudýrkun og einræði, gerast alls staðar, þar sem skoðanafrelsi er afnumið og það er orðinn glæpur að vera á annarri skoðun en sá, sem valdið hefur. Því að þetta er kjarni málsins.

VI.

Af hverju verða slíkir atburðir? Stjórnskipulagið, sem gefið er nafnið alþýðulýðræði, gerir æðsta handhafa sinn nákvæmlega eins og Stalín var. Þar er það enn í fullu gildi, að það sé glæpur að vera á annarri skoðun en sá, sem valdið hefur. Þar gerast slíkir atburðir. Einræði krefst alltaf fórnardýra. Stalín þurfti fórnardýr og ásökunina um samband við hið seka fórnardýr til þess að geta afmáð hvern sem fyrir var sér til olnbogarymis og yfirdrottunar. Hið rússneska einræði, sem rangnefnt er alþýðulýðræði, þarf á hvaða tíma sem er, engu síður undir hinni samvirku forustu nútímans, sín fórnardýr. Nú hefur Stalín verið steyppt af stalli, og hvað hefur gerst? Hin „samvirka forusta“, Khrústsjov, Míkojan og aðrir, hafa fórnað hinum dauða til þess að geta haldið áfram að kúga hina lifandi.

Og nú skal ég spá: Einræðisstjórnarfar þarf alltaf fórnardýr og sökunauf, sem bendla má við það. Spádómur minn er á þessa leið, og í þessum fjölskipaða sal verða margir, sem muna það eftir tvö ár, þó að ég verði ef til vill farinn og allur: Það verða ekki liðin tvö ár frá þessum degi, þegar hver maður, sem þáverandi einræðisstjórnin í Moskvu — hvort sem það verður Khrústsjov, Malenkov, Búlганin eða einhverjir aðrir — þarf að losna við, verður brennimerktur, ekki sem trotskisti, ekki sem „svikari í blökkinni“, eins og Halldór Laxness kallar þá, heldur sem stalínisti. Takið eftir, eftir tvö ár verður farið að ákæra þá, skjóta þá, drepa þá, útrýma þeim, afmá þá, dæma þá í þrælavist, Síberíuvist. Þetta mun ganga eins örugglega eftir innan tveggja ára eins og sá nærri 20 ára spádómur, sem Gunnar Benediktsson var að gera mér þann greiða að halda til haga, er ég ræddi um málaferlin 1937.

Síðan er annað markmið með því að fórna goðinu. Það er, að ódýrara er að heyja upplausnarstyrjöld með fimmtuherdeild í hvaða landi sem er heldur en að heyja tvísýna vopnastyrjöld við samtök hinna vestrænu þjóða og það siðferðisafli, sem býr í vestrænni menningu þrátt fyrir allar veilur, sem kunna að finnast í borgaralegu þjóðfélagi. Til þess að gera auðveldara að koma á framfæri kampavíns- og styrjuhrognabrosu þeirra þarna austurfrá, til þess að slæva árveknina, er ágætt að reyna að taka til einhvers ráðs, sem eigi að sýna nýja stefnu, nýja stjórnarhætti og nýtt hugarfar í Moskvu.

En það er engin ný stefna, ekkert nýtt stjórnarfar, ekkert nýtt viðhorf. Það á

að halda áfram að skapa hér fimmtuherdeild, það á að halda áfram í hverju landi, líka hér á Íslandi, að grafa undan þjóðfélagsstöðunum. Það á að halda áfram að láta föðurlandssvikarana innan hinna borgaralegu vestrænu menningarþjóðfélaga halda áfram að vinna sigurinn fyrir þá þarna austur í Moskvu með því að skapa öngþveiti í atvinnumálum landanna, með því að grafa undan þjóðlegri menningu og fortíðarerfðum.

Og það á að gera þetta áfram með því sem kommúnistar kalla „infiltration“, það er að smokra laumukommúnistum inn í skóla, hin opinberu stjórnarstörf, hafa trúnaðarmenn á laumi í hverju horni til þess að hnupla skjölum, segja frá, koma á framfæri vitneskju, með öðrum orðum að vera alls staðar við því búinn að benda á, hvar auðið sé að greiða högg, sem geti látið hin vestrænu menningarþjóðfélög riða.

Auk þess á að gera þetta með því að grípa tækifærin til að gera löndin verslunarlega háð sér. Það er okkar dapra saga, að aðstæður okkar á alþjóðlegum mörkuðum hafa í sorglegum mæli neytt okkur til þess að beina viðskiptum í þessar áttir, því að það er hættulegt að eiga viðskipti undir aðila, sem vill skapa öngþveiti í viðskipta- og atvinnulífi til þess að koma sínu endanlega pólitíska miði fram.

Það á að halda hernaðinum áfram á þennan veg, með sama hugarfari og verið hefur og með sama endanlega markmiði og verið hefur frá öndverðu. Dagleg velfarnan vinnandi fólks og launþega skiptir engu í þessu máli, frá sjónarmiði kommúnista, hvort heldur hér á landi eða annars staðar. Hin endanlega velfarnan þjóðarinnar skiptir engu máli. Það eru níu sjálfstæð þjóðríki í Evrópu, sem fórn að hefur verið á blóðstalli kommúnismans frá upphafi síðari heimstyrjaldar og til þessa dags. Og þessi nýja „samvirka forusta“, sem steypt hefur Stalín af stalli og mun brennimerkja, ofsækja og drepa sérhvern andstæðing sinn undir herópinu „stalínisti“, mun ekki opna fangelsið fyrir hinum 16 milljónum ríkisþræla, sem í Ráðstjórnarríkjunum eru þrælkaðir við skelfileg lífsskilyrði. Hið mikla þjóðafangelsi verður ekki heldur opnað fyrir þessum löndum og hvergi mun ein einasta rauf í þennan vegg áþjánar, formyrkvunar, mannfyrirlitningar. Allt þjónar það hinu endanlega markmiði að gera yfirráð Ráðstjórnarlýðveldanna, í þrengstu merkingu yfirráð húsbændanna í Moskvu, að heimsyfirráðum.

Hins vildi ég biðja, að þess verði langt að bíða, að slíku markmiði verði náð á Íslandi. Við hinir getum deilt um hlutina og það sárlega. Okkur getur gramist, og það geta orðið hörkuátök um það, hvernig eigi að skipta á milli þjóðarinnar arði framleiðslu og starfs og ýmislegri þjóðfélagslegri aðstöðu. En Hannes Hafstein sagði:

Hvernig sem stríðið þá og þá er blandið
það er að elska, byggja og treysta á landið.

Þetta getum við sagt, en ekki kommúnistar. Þeir eiga ekki að dirfast í þessu frekar en öðru að taka sér í munn neitt það, er varðar þjónustu við okkar land, okkar

framtíð, sæmd okkar þjóðar. Snúi þeir ásjónum sínum í austur til sinnar Mekku, falli þeir þar á kné, geri sína bæn og gangi síðan fram í sínu lágkárulega og ámátlega undirlægjuhlutverki, eins og þeir hafa gert til þessa dags.

Ræða á fundi Heimdallar í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík 26. mars 1956. Birt í *Morgunblaðinu* 29. mars 1956, 17.–19. og 31. bls.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi: HISMÍÐ OG KJARNINN

I.

HVAR SEM FARIÐ ER um byggðir Íslands, kveða við dægurlög og dýrtíðarþras. Víst er, að þessi fyrirbæri eru hvorki til orðin í dag né gær, en eiga sér langan aðdraganda. Einhvers staðar hljóta þau að eiga upptök sín, orsök er til alls, og innan af öræfum koma þau ekki. Við hljótum því að leita upptaka þessara fyrirbrigða í mannabygðum, og sú leit kann bæði að verða leið og langsótt. Það verður naumast sagt, að sá aldarháttur, sem ríkt hefur hér á landi síðustu árin, sé að öllu leyti innlendur, heldur kominn víðs vegar að, úr öllum áttum — nema norðrinu. Nokkur hluti hans hefur borist frá höfuðborgum menningarinnar og andlegum auðnum torganna, frá ræðustólum þinghúsa og fylgsnum glæframanna, frá háskólum og knæpum, tískuhúsum, kauphöllum, fátækrahverfum, danssölum og vígvöllum. Hann hefur borist hingað með flugvélum og skipum, blöðum og tímaritum, boðsgestum og boðflennum, og nokkurn hluta hans hafa Íslendingar sjálfir sótt til framandi landa, bæði þeirra sem næst eru og hinna fjarlægari og meiri. Þeir hafa ekki sniðgengið stórborgirnar, sumir orðið þar margs vísari, aðrir ruglast í ríminu.

Íslenskur aldarháttur er því óneitanlega samkrull úr sextíu búðum, eins og Stephan G. sagði. Við erum ekki lengur einangraðir, segja aðrir. Víst er það, að forfeður vorir höfðu samband við önnur lönd, ekki síður en við. Þeir sóttu húsavið til Noregs og þræla til Írlands og voru nákunnugir síðum og háttum erlendra þjóða. Öldum saman hafa Íslendingar stundað nám við erlenda háskóla. Sú var tíðin, að landar okkar gengu á fund páfans í Rómaborg; Tómas Sæmundsson fór fótgangandi um suðræn lönd til þess að sjá það og heyra, sem orðið gæti að notum heima fyrir, aukið framfarir og menningu. Þess er ekki getið, að hann legði neina sérstaka rækt við dans og dægurlög.

Síst hef ég á móti því, að við höfum sambönd við önnur lönd, enda er slíkt lífsnaðsyn, en um leið þurfum við að hafa vit til þess að velja og hafna, en ekki þiggja allt með þökkum, sem að okkur er rétt. Lítill bætikostur er að því að grípa það fegins hendi, sem spröttið er af yfirsjónum, skammsýni, hugarvíli og léttúð annarra, og margur hyggur annað þroskavænlegra íslenskri æsku en villimannaöskur og tónatjasl. Margt mætti nefna aðflutt, hliðstætt þessu tónabráli, svo sem ofgar í litum og ljóði, verðlaunahégómann, happdrættishugarfarið og hlýðni við skipanir og áróður

erlendra valdhafa. Allt er þetta fjar skylt íslensku þjóðareðli og lítt til þess fallið að þroska og göfga landsins börn. Hins vegar munu aðdáendur þessara þátta aldarfarsins telja þá í ætt við vaxandi menningu og heimsborgarabrag. En sé hér um vaxtarþrá að ræða, hefur hún óneitanlega lent á glapstígum. Mundi ekki næst sanni að telja allt þetta nýja góðgæti bergmál og áhrif erlendra áttavillu og umbrota, eins konar uppþætur, sem þeir láta blekkjast af í svipinn, sem eru á flótta undan sjálfum sér og tilverunni? Til þessa andlega flótta má rekja hraðann, sem mikið er um rætt, óðagotið, öläðið, taugaspenuna, friðleysi mannanna.

Ofan á allt þetta bætist svo dýrtíð og háar tölur. Eiga þær ekki, að einhverju leyti, skylt flóttanum og blekkingunni? Ef til vill eru þær ekki með öllu óháðar erlendum atburðum, þó að innlend fjármálastjórn hafi lagt yfir þær blessun sína og athafnalífsins. Aðfluttar sjúkdómskeikjur fá oft nýtt og annarlegt lífsmagn í nýju landi, nýtt afbrigði verður til, þjóðlegur stofn, en eðlið er hið sama. Heimagerð sjálfskaparviti veita þessum gróðri friðland og vaxtarskilyrði, menn afsaka sjálfa sig og kenna öðrum, klögumálin ganga á víxl bæði í heimahúsum og þingsölum, en verst er þó, þegar mönnum dettur í hug að þjóðnýta þessa menningarsjúkdóma.

Þjóðin er orðin ýmsu vön og virðist taka þessu öllu með rósemi, veit að afglöp aldarfarsins eru ekki dauðadómur hennar, heldur aðeins viðvörðun. Þess vegna vinnur hún verk sín eins og ekkert hafi í skorist, ræktar jörðina, flytur hey í hlöður, mjaltar kýr, eys silfrinu úr sjónum, greiðir gjöld og skatta, meðan unnt er, og lætur sér hvergi bregða. Innst inni treystir hún guði og gæfunni. Dýrtíð og dægurlög eru stundarfyrirbrigði, horfin fyrr en varir, grafin í fjörusandinn líkt og smásprek, sem öldurnar skola að landi.

Þess vegna heldur þjóðin gleðimót, að hún veit sigur í vændum, á þróttmikla æsku, sem gefur fögur fyrirheit, en mætti þó helga sig enn meira anda Jónasar Hallgrímssonar og Tómasar Sæmundssonar. En þó að nýjar úthafsöldur skelli að fjörum og standbjörgum og beri að landi nýjar spækjur, þá haggast Ísland aldrei. Það rís úr hafi eins og áður:

Beltað bláfjöllum,
blómgað grasdölum,
faldað hvítri fönn.

II.

Af þeim, sem róta í hisminu og leita kjarnans, væntir enginn sífelldra fagurmæla. Lífið er ekki aðeins geisladans og þytur í laufi. Ég hef ekkert á móti því, að það sé nefndur leikur. Það getur verið gleðileikur. Það getur líka verið harmleikur, — en skollaleikur má það aldrei verða. Það hefur aldrei verið ætlun tilverunnar, að menn ættu að gana í hramma einhverrar ófreskju, einhverra blindra skolla, og gerast þrælur þeirra og undirlægjur. Það er mannkyninu í sjálfsvald sett, hvort það elur slíkar mein vættir.

Sögur eru til um þúka, sem nærðust á illum munnsöfnuði. Með lágum hvötum og sundurlyndi, vanhyggju og vesaldómi, stofna þjóðir til óstjórnar og einræðis, skapa þannig sína eigin böðla, sem oft eru fljótir að færast í aukana og nota auðsveipni og afl þegnanna til árasarstríða og landvinninga. Síðasta mannsaldur hefur andi þessara böðla herjað jörðina, milljónir manna orðið þeim að bráð. Margir, sem börðust gegn þeim og féllu fyrir vopnum, gerðu það í þeirri trú, að þeir væru að fórna sér fyrir frelsi þeirra, sem eftir lifðu, væru með blóði sínu að vökva hinn græna lífsmeið og tryggja komandi kynslóðum frelsi og frið á jörð.

Það verður naumast sagt, að fórnardauði þeirra hafi til þessa fengið slíkri blessun áorkað. Enn eru til menn, sem hylla harðstjórana. Ennþá stynja þjóðir undir hernaðaroki, föðurlönd eru gerð að fangabúðum, frelsishetjur hengdar að húsabaki. Jafnvel landið helga er í hershöndum

Í ævintýrum segir frá verum, sem höfðu hamskipti og gátu börn í allra kvikinda líki. Líkt er um ofbeldið og einræðisandann. Okkur hryllir við sjálfri ófreskjunni, en hversu margir gæla ekki við þjóna hennar og afkvæmi, sem erft hafa eðli hennar, en búist viðfelldnara og mannlegra gervi? Svo virðist sem arftökum þessum fari á engan hátt fækkandi, jafnvel ekki hjá þjóðum, sem unna frelsi og lýðræði. Valdameñn þeirra, með þingmeirihluta að bakhjarli, leggja á það meira og meira kapp að setja ný lög og nýjar reglur, skerða sjálfsákvörðunarrétt þegnanna og sverja sig þannig ótvírætt í ætt einræðisandans. Án leyfis þeirra og ákvæða geta þegnarnir lítið aðhafst, þeir eiga undir högg að sækja, grípa til undanbragða, flóttans og blekkinganna, og eru ekki lengur frjálsir menn. Slík ofstjórn er bölvun hverrar þjóðar. Þegar slík stefna er tekin, veit enginn, hvað á morgun gerist. Ef til vill verður það lögskipað, hvað húsfreyjan á að skammta fólkinu hvern dag vikunnar. Naumast hefur sá lengur rétt til að reka nagla í fjöl, sem ekki er lærður smiður. Verkamenn fá ekki vinnu, nema þeir séu félagsbundnir og hafi skírteini í höndum. Misræmi milli stétta er lögfest og atkvæði keypt fyrir ívilnanir og undanþágur. Er nokkur furða, þótt frjálssbornum mönnum þyki orðið þröngt fyrir dyrum?

En þannig reynist föðurleg umhyggja jarðneskra valdhafa, sem í einu og öllu vilja gerast forsjón þjóðanna. Þeir eru með nefið niðri í hverjum dalli. LýðræðisSKIPULAGIÐ fer engan veginn á mis við þessa ofstjórn, en vonandi er hún eins konar barnasjúkdómur, en ekki ættgengur kvilli. Og nú er svo komið, að hún er að vaxa valdhöfunum sjálfum yfir höfuð, allt smáþokast yfir á ríkissjóðinn, til hans gera menn meiri og ákveðnari kröfur, sem eðlilegt er, þar sem ráðamenn hans eru forsjónin sjálf, en þegnarnir orðnir því vanir að treysta forsjá þeirra, en ekki sjálfum sér. Á þennan hátt býr ofstjórnin sjálfri sér banameinið.

III.

Þrennt var það á Íslandi, sem talið var óteljandi í ungdæmi mínu: Eyjar og sker á Breiðafirði, Vatnsdalshólar og vötn á Tvídægru. En nú hefur fleira bæst í hópinn: Lög og lagafrumvörp hins háa Alþingis, og hin óteljandi félag, en þeim fjölgar dag-

lega líkt og gorkúlum á haugi. Hver þingmaður og hver ríkisstjórn telja sér skylt að þeirra úr sér svo og svo mörgum frumvörpum og lagaboðum, sem sýna eiga stjórnkænsku og umhyggju löggjafans fyrir landslýðnum. En eru ekki mörg þessara laga ráðþrota fálm, óþörf með öllu, og sum blátt áfram skadleg, líkt og kínversku kvenskórnir forðum og gömlu lífstykkin, sem konur reyrdi svo fast að sér, að fóstri þeirra var ofboðið?

Íslenskir þegnar eru vitibomir menn, sem hafa lögmálið í hjartanu ekki síður en heiðingjarnir, og láta sér þess vegna fátt um alla þessa lagafrjósemi, sem oft hefur þau áhrif að freista til uppreisnar og lögbrota. En enginn má þó skilja orð mín svo, að ég telji löggjöfum alls varnað. Oft semja þeir lög, sem eru hvort tveggja í senn, viturleg og nauðsynleg. Því neitar enginn.

Fyrir löngu voru mönnum gefin lagaboð, tíu boðorð Guðs, sem vel mættu vera kjarninn í stjórnarskrá allra þjóða og fyrirmynd allra löggjafa. Þau eru fá og gagnorð og stefna að því að hefja mennina til vegs og þroska, gera sambúð þeirra betri og vinsamlegri, láta hvern njóta réttar síns, afstýra ofbeldi og agaleysi, en auka frið, eyða örbirgð, veita öllum mönnum aðgang að nægtabörði náttúrunnar — skapa fegra líf.

Og er það ekki einmitt þetta, sem er innsta eðli allra hollra stjórn mála? Starf löggjafans er heilög þjónusta, ekki aðeins við þjóðina, heldur einnig við lífgjafann mikla. Það er því ekkert smáræði að setja heilli þjóð lög, skapa kynslóðum lífsreglur, sem eiga að vera hverju mannsbami til blessunar. Þeir, sem gerast vilja stjórnálamenn og löggjafar, ættu fyrst af öllu að afla sér þekkingar og visku, síðan atkvæða. Þó að hver kjósandi í lýðfrjálsu landi hafi til þess fullan rétt að hugsa og ræða stjórnámál, þá er þess vænst og jafnvel krafist, að þjóðkjörnir þingmenn hafi gleggri yfirsýn yfir þjóðmálasviðið, enda hvílir lausn vandamálna á þeim, öllum öðrum fremur. Undir frelsi og menningu þjóða renna margar stoðir, og þær verða ekki varðar feyskju með tollum og sköttum og fjármálum einum. Til þess þarf annað og meira.

Ég minntist áðan á félagafjöldann meðal landsmanna. Það er ekki nóg, að höfuðstéttir þeirra hafi myndað með sér félagsskap, heldur hafa risið innan þeirra og utan óteljandi félög. Hver kann nöfnin á þeim öllum? Félag neytenda, félag vinnuveitenda, félag rithöfunda, félag harmóníkuspílara, félag togaraeigenda, húseigenda og jafnvel hænsnufuglaeigenda. Ekkert er líklegra en að letilyður, rónar og brennivínsberserkir stofni með sér félagsskap og bandalag á næstunni. Auðvitað kjósa öll þessi félög sér formann og stjórn, og á þeim lendir öll hugsun og umhyggja. Aðrir félagsmenn venjast smátt og smátt af því að hugsa, það gerir félagsstjórnin, og verða að síðustu eins konar atkvæðavélar, sem rétta upp höndina, þegar með þarf. Öll þessi félög, sem aldrei sitja á sárshöfði, kljúfa þjóðina í ótal deildir og hópa, andstæðar fylkingar. Þau sameina ekki, heldur sundra. Öll virðast þó hafa eitt sameiginlegt markmið: að skara eld að sinni köku. Auðvitað þurfa allir peninga, en einhlítir eru þeir ekki. Það þarf að afla þeirra og umgangast þá með viti, og öðrum

að meinalausu. Fáir kunna þá umgengni betur en íslenski bóndinn, sem breytir óræktarjörð í stórbýli. Í starfi hans er falinn sá gróandi, sú menning og festa, sem er einn meginþátturinn í heilbrigðu lífi, framtíð og sjálfstæði þjóðarinnar.

Er það hollt ríkinu að gerast okrari, beita þegnana ofbeldi í tollum og álögum? Hefna sín ekki slíkar aðgerðir, er til lengdar lætur? Má ekki sjá þess merki á ríkissjóði hin síðustu ár, að illur fengur illa forgengur? Það er sagt, að Ameríkumenn tilbiðji dollarinn. En þá gerast Íslendingar ennþá lítilþægari, ef þeir gera alvöru úr því að tilbiðja íslensku krónuna, eins bermileg og hún er orðin í höndum þings og stjórnar. Önnur tilbeiðsla mundi þeim betur sæma.

Undirrót heilbrigðs fjárhags er að vekja hjá fólkinu viljann til sjálfsbjargar, viljann til hollra framkvæmda, vilja til að neyta og njóta sinna eigin krafta, andlegra og líkamlegra. Þó að okkur sé nauðsyn að veiða þorsk og síld, rækta gras og ala kvikfénað, þá getur það naumast verið höfuðtilgangur lífsins, að menn ali aldur sinn hér á jörð aðeins og eingöngu til þessara starfa. Okkur hlýtur að hafa verið ætluð hlutdeild í einhverju, sem er meira og varanlegra, einhverju sem er óháð grassprettu og fiskigöngu, dægurlögum og dýrtíðarþefi. Þetta viðurkennir innsta vitund okkar allra, þegar henni veitist tóm til íhugunar og játninga. Þá getur sá, sem snauður er af jarðneskum fjármunum, orðið hinum auðuga jafnsæll. Bóndanum mun verða um annað hugsað á banasænginni en innstæðu sína í stofnsjóði kaupfélagsins. Og vart mun honum mikil fróun í tónaflaumi útvarpsins. Engan mun iðra þess að lokum að hafa átt sér hugðarefni, andstæð efnishyggju, og eytt til þess tíma og jafnvel nokkru fé að leggja rækt við sinn innra mann. Þar má rækta samúð, skilning og kærleika, sem auka víðsýni og vit, stækka manninn sjálfan og veröld hans.

Því fleiri sem þetta gera, því traustari verður sá grundvöllur, sem þjóðfélagið er reist á, lög þess gerð af meiri spekt og um leið betur búið að æskunni, sem landið erfir. Þannig eru það að lokum andi mannsins og innra líf, sem mestu varða, ekki aðeins hvern einstakling, heldur alla þjóðina, allt mannkyn. Við treystum því, að tilveran, í innsta eðli sínu, sé réttvís og guðdómleg. Þess vegna eyðir hið illa sjálfu sér. Lygin fær makleg málagjöld. Hégóminn hjaðnar eins og sápukúla. En eftir er innsti kjarni vitundarinnar, sem leitar hins eilífa sannleika vegna þess, að það er honum æðsta nauðsyn og lífsfróun, hans síðasta og eina von.

IV.

Ísland byggðist sökum þess, að landnemarnir vildu ekki lúta ofbeldi. Það viljum við ekki heldur, hvorki innlendu né erlendu. Við viljum ekki heldur láta neinn seigdrepanði óhroða brjála smekk okkar og fegurðarskyn. Hollir þjóðhættir eru hafnir yfir stundartísku og happdrætti, og fólkið albuíð til þess að vinna í sveita síns andlitis, eins og það hefur áður gert, fái það aðeins að njóta frelsis og sanngildi uppskeru sinnar og afurða. Það greinir milli góðs og ills, þegnskapar og þrælkunar, og er orðið langþreytt á því að sækja um leyfi og eyða tíma sínum í biðstofum valdhafanna.

Í því felst engin mannslund að þegja við hvers konar órétti og ómenningu. Í því felst engin mannslund heldur að láta verslunarmál og fjármál hafa drottandi al-ræðisvald yfir hug og hjarta. Þess vegna er það hvorki ullarpokinn né fiskpakinn, sem ráða atkvæðum okkar á kjördegi. Við göngum ekki blindandi í fangið á neinni ófreskju. Fyrst er að vera maður, svo er að vera þjóð. Við vitum öll, að frelsið lýtur órjúfandi lögmálum, og lög viljum við hafa, en eins fá og viturleg og unnt er. Slíkt er Íslendingseðlið.

Það er sagt, að við búum á ysta hjara veraldar. Það hef ég aldrei skilið. Hitt veit ég, að sú jörð, sem við byggjum, er ein af stjörnum himins. Sumum útlendingum kvað þykja hér kalt og gróðurlítið. En við vitum, að snjórinn skýlir jörðinni, og jöklarnir eru eins konar forðabúr, aflgjafar ljóss og hita. Sandarnir verða grösug tún, ef að þeim er hlúð. Moldin er frjó, og fiskimiðin lasta þeir ekki, Bretarnir. Hvar er loftið tærara og heilnæmara en á Íslandi?

Þegar stjórnmalasköruna stórveldanna þrýtur visku, grípa þeir til helseprengjunnar, tákns heimsku og guðleysis. Á Íslandi hefur þjóð búið í þúsund ár, hafnað öllum hergögnum og að þessu leyti gerst fyrirmynd annarra þjóða heims. Hún hefur skapað andleg verðmæti, ræktað og rutt vegi, og síst eru líf skjör og menntun almennings minni hér en með stórþjóðum. Ennþá lesum við þjóðleg fræði og helgirít, en í þeim búa meginkraftar, sem yfirbuga alla tísku og stundarfyrirbrigði, en glæða vöxt hins innsta kjarna, gáfur þjóðarinnar. Vel fer á því, að hún ávarpi hvern forráðamann sinn líkt og sænsku dalakarlarinnir Gustav Vasa forðum: Fylgir þú okkur að málum, ert þú stórmenni, snúist þú gegn okkur, ert þú einskis virði.

Á morgun hefst nýr vinnudagur. Að því skal stefnt, að hagsæld komi í stað dýrtíðar, samhugur í stað sundrunar, tómsundur í stað lamandi strits, tónlist í stað dægurlaga, stjórn í stað ofstjórnar, andi í stað efnishyggju. Þá mun íslenskur ættstofn vaxa og þjóðlíf blómgast, uns hver einasti maður lifir samkvæmt þeim lögmálum, sem veita honum mesta fullkomnun. Til þess reis Ísland úr sæ að veita börnum sínum hlutdeild í því, sem mest er og dýrmætast. Þess vegna mun það um komandi aldir verða þjóðinni hjartfólgin móðir og fósturjörð.

Ræða á héraðsmóti sjálfstæðisanna í Vémörk í Egilsstaðaskógi 3. ágúst 1958. Prentuð í *Meltu máli* 1964.

Skýringar

Formáli

skýjað í Reykjavíkurbæ ... 7. bls. Sjá m. a. um samkomuna Fullveldinu fagnað, *Morgunblaðið* 2. desember 1918.

Kristjáni IX. ... 7. bls. Kristján IX. (1818–1906) var fyrsti konungur Danmerkur af Lukkuborgarætt, Glücksburg-ætt. Þegar hann tók við konungdómi 1863, hafði konungur Danmerkur frá fornu fari verið um leið hertogi í Slésvík, sem var hálfþýsk, og Holtsetalandi, sem var alþýskt. Eftir að Kristján konungur undirritaði að ráði ríkisstjórnar sinnar ný stjórnskipunarlæg um, að Slésvík yrði hluti af Danmörku, hófu Prússar og Austurríkismenn stríð gegn Danmörku og lögðu undir sig bæði hertogadæmin. Eftir ósigurinn velti danska stjórnin fyrir sér að bjóða Þjóðverjum Ísland og Dönsku Vestur-Indíur í skiptum fyrir Norður-Slésvík („Sønderjylland“ sem Danir kalla). Í danska ríkisráðinu var tekið fram, að slíkt ráðabrukk mætti alls ekki vitnast, enda myndu Íslendingar taka það óstinnt upp, auk þess sem litlar líkur væru á, að hinir þýsku sigurvegarar vildu slík skipti. Rétt reyndist, að Prússar og Austurríkismenn höfðu engan áhuga á Íslandi eða Dönsku Vestur-Indíum. Sverrir Kristjánsson, *Skjöl um skipti á Íslandi og Norður-Slésvík árið 1864*, *Andvari*, 89. árg. (1964), 62.–74. bls. En ekki var vitað um það fyrr en 2010, að Kristján konungur bauðst í laumi til þess fram hjá ríkisstjórn sinni að beita sér fyrir inngöngu Danmerkur í Þýska ríkjasambandið gegn því að halda hertogategin í Slésvík og Holtsetalandi. Bismarck Prússakanslari vísaði þessari málaleitan á bug, taldi Danmörku ekki eiga þangað erindi, hún væri ekki þýsk. Tom Buk-Swienty, *Dommedag Als* (København: Gyldendal, 2010). Kristján konungur heimsótti Ísland á þúsund ára afmæli bygðar sumarið 1874.

Jóns Sigurðssonar ... 7. bls. Jón Sigurðsson (1811–1879) var sagnfræðingur, sem gaf út fjölda íslenskra fornrita og rannsakaði íslenska sögu, um leið og hann skapaði hana. Hann setti rök sín fyrir fullveldi skýrast fram í Hugvefju til Íslendinga í *Nýjum félagsritum*, 8. árg. (1848), 1.–24. bls. Íslendingar ættu að stjórna eigin málum af þremur ástæðum: Þeir hefðu frá stofnun Þjóðveldisins 930 verið sjálfstæð þjóð og aldrei afsalað sér fullveldi sínu til Danmerkur, heldur aðeins gerst þegar Noregskonungs og eftir það Danakonungs; þeir væru sérstök þjóð með eigin tungu, sögu og menningu; þeir vissu betur en danskir embættismenn, hvað þjóðinni væri fyrir bestu. Síðastnefnda ástæðan veitir vísbendingu um það, að Jón var stuðningsmaður valldreifingar og atvinnufrelsis, en það sést líka á mörgum ritgerðum hans í *Nýjum félagsritum*. Hann vitnaði t. d. um það í hinn frjálslýnda franska hagfræðing Jean-Baptiste Say í ritgerðinni Um alþing á Íslandi í *Nýjum félagsritum*, 1. árg. (1841), 74.–75. bls., að ekki mætti „hafa stundarskaða nokkurra manna fyrir augum, heldur gagn alþýðu bæði í bráð og lengd“, þegar ráðist væri í efnahagsumbætur, t. d. lækkun verndartolla.

Sigurður Eggerz ... 7. bls. Hann (1875–1945) var lögfræðingur, settist á þing 1911, var í Sjálfstæðisflokknum gamla (svokölluðum þversum-armi), Íslandsráðherra 1914–1915, fjármálaráðherra 1917–1920 og forsætisráðherra 1922–1924. Hann var einn af

forystumönnum Frjálslynda flokksins, sem til varð úr Sjálfstæðisflokknum gamla og rann saman við Íhaldsflokkinn 1929, þegar Sjálfstæðisflokkurinn nýi var stofnaður. Hann var bankastjóri Íslandsbanka 1924–1930, féll af þingi 1931 og var eftir það sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði og síðar Akureyri.

Landsframléiðsla á mann ... 7. bls. Guðmundur Jónsson, *Hagvöxtur og iðnvæðing: þróun landsframléiðslu á Íslandi 1870-1945* (Reykjavík: Þjóðhagsstofnun, 1999).

hins öflugra breska flota ... 7. bls. Þór Whitehead, *Ófriður í aðsigi* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1980); sami, *Stríð fyrir ströndum* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1985). Þetta skildu sumir íslenskir ráðamenn, t. d. Jónas Jónsson frá Hríflu, eins og fram kemur í bókum Þórs, og Ólafur Thors, sbr. Ásgeir Pétursson, *Ljðræðið varid, Afmælisrit: Davíð Oddsson fimmtugur* (Reykjavík: Bókafélagið, 1998), 87. bls.

stjórnuðu öllum siglingum ... 7. bls. Sólrún B. Jensdóttir, *Ísland á bresku valdsvæði 1914–1918* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1980).

hjálanda Danmerkur ... 7. bls. Ísland var aldrei eiginleg nýlenda (eins og t. d. belgíska Kongó eða bresku Jómfrúeyjar), heldur var það frá 1262 skattland Noregskonungs. Síðar var það oftast talið hjálenda (biland) Dana, jafnvel þótt Jón Sigurðsson vísaði því á bug, enda taldi hann Ísland frjálst sambandsland Danmerkur. Guðmundur Hálfðanarson, *Var Ísland nýlenda? Saga*, 52. árg. 1. hefti (2014), 42.–75. bls.

stjórnarskránni ... 8. bls. Hún er í meginatriðum samhljóða dönsku stjórnarskránni, en þær má að sumu leyti rekja til hinnar norsku, sem samþykkt var á Eiðsvöllum 17. maí 1814, en hún var ein frjálslyndasta stjórnarskrá Norðurálfu á sinni tíð. Þessar stjórnarskrár taka mið af þeim skráðu og óskráðu stjórnarlögum, sem til urðu í bresku byltingunni blóðlausu 1688 og bandarísku byltingunni 1776. (Bretar eiga sér enga skráða stjórnarskrá, heldur fastar venjur, sem henni jafngilda.) Þótt John Locke (1632–1704) gæfi ekki rit sitt til stuðnings bresku byltingunni út fyrr en eftir hana, árið 1689, má kalla hann helsta hugsuðinn að baki byltingarmanna, og hefur þetta rit hans komið út á íslensku, *Ritgerð um ríkisvald* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1986). Ólíkt byltingunum í Bretlandi og Bandaríkjunum mistókst hins vegar stjórnarbyltingin franska 1789 og lauk með ógnarstjórn, en eftir það hrifsaði herforingi frá Korsíku völd og krýndi sjálfan sig keisara. Í frægum fyrirlestri árið 1819, *De la liberté des Anciens comparée à celle des Modernes* (Frelsi að fornu og nýju), rakti franskir rithöfundurinn Benjamin Constant (1767–1830) ófarir frönsku byltingarmannanna til misráðinna hugmynda fransk-svissneska heimspekingsins Jean-Jacques Rousseaus (1712–1778) um, að ríkisvaldið ætti að vera ótakmarkað og óskipt, svo framarlega sem það væri í höndum þjóðarinnar, en slíkt vald lendir jafnan í höndum þeirra, sem hæst tala og harðast berjast í nafni þjóðarinnar. Einar Olgeirsson (sjá um hann aftanmálsgr. við 14. bls.) samdi bók um Rousseau (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1925). Eitt helsta stjórnspekirit Rousseaus hefur komið út á íslensku, *Samfélagssáttmálinn* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004). Kaflar eru um Locke og Rousseau í Hannes H. Gissurarson, *Saga stjórnmálakenninga* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2017).

byltingu bolsévika ... 8. bls. Rússneski keisarinn valt úr háseti sínu í mars 1917, og var mynduð bráðabirgðastjórn, en bolsévikar undir forystu Leníns rændu völdum 7. nóvember sama ár og höfðu að engu úrslit kosninga til stjórnlagabings. Læsileg og tiltölulega óhlutdræg

saga byltingar bolsévika birtist e. breska rithöfundinn Alan Moorehead í *Morgunblaðinu* í 145 hlutum 9. febrúar til 22. ágúst 1964. Byltingunni er lýst af sjónarhóli kommúnista í *Sögu kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna* (Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1944) og John Reed, *Tíu dagar sem skóku heiminn* (Reykjavík: Skrudda, 2017). Áhrifum byltingarinnar á venjulegt fólk er m. a. lýst í skáldsögum, Borís Pasternak, *Sívagó leknir* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1959), og Ayn Rand, *Kíra Argúnova* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2013).

samband við Ráðstjórnarríkin ... 8. bls. „Út á við treystir verkamanna- og bændastjórn Íslands á sambandið við Sovétríkin og samhjálp alls verkalýðs í heiminum. Sovét-Ísland mun hagnýta sér þá auðvaldsmarkaði, sem hægt verður, en treysta fyrst og fremst á sósíalískt vöruskipti við Sovétríkin.“ Einar Olgeirsson, Tvennir tímar íslenskrar borgarastéttar, *Réttur*, 20. árg. 1. hefti (1935), 14. bls.

eigin flokk ... 8. bls. Íslenskir kommúnistar störfuðu fyrst í Alþýðuflokknum, en stofnuðu eftir fyrirmælum Kominterns eigin kommúnistaflokk haustið 1930, og gekk hann strax í Komintern og varð deild í því. Formaður flokksins var alla tíð Brynjólfur Bjarnason. Kommúnistaflokkurinn var lagður niður 1938, og orti Steinn Steinarr, sem hafði verið rekinn úr flokknum í hreinsunum vorið 1934, fræg eftirmæli um hann. Sjá Þór Whitehead, *Sovét-Ísland. Óskalandið* (Reykjavík: Ugly, 2010), Snorra G. Bergsson, *Röðinn í austri* (Reykjavík: Ugly, 2011) og Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011).

Alþjóðasamband kommúnista ... 8. bls. Komintern, Alþjóðasamband kommúnista, oft nefnt 3. alþjóðasambandið, starfaði í Moskvu 1919–1943. Brynjólfur Bjarnason og Hendrik Siemsen Ottósson sóttu 2. þing þess 1920, Ólafur Friðriksson Möller 3. og 4. þingið 1921 og 1922, Brynjólfur Bjarnason 5. þingið 1924 og Einar Olgeirsson og Haukur Siegfried Björnsson 6. þingið 1928. Nokkrir erindrekar Kominterns voru sendir til Íslands, Olav Vegheim 1924, Hugo Sillén 1928 (og hugsanlega 1930), Haavard Langseth 1930, Harry Levin 1930 og Willi Mielenz 1932. Við inngöngu í Komintern 1930 samþykkti kommúnistaflokkurinn öll inntökuskilyrði þess, þar á meðal um að stofna ölögleg hlíðarsamtök, sem yrðu reidubúin að hrífa völd, gæfist á því færi, enda var lokamarkmiðið heimsbylting. Laut flokkurinn eins og aðrir aðildarflokkar ströngum aga: „Alþjóðasamband kommúnista hefur æðsta vald í málefnum allra einstakra kommúnistaflokka. Samþykktir flokksins hafa því aðeins gildi, að þær séu viðurkenndar af Alþjóðasambandinu.“ Hvað er kommúnisminn? *Verkjóðsblaðið* 6. júní 1932. Þeir Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson sóttu 7. þing Kominterns 1935. Eins og rakið er í bókum Þórs Whiteheads og Hannesar H. Gissurarsonar tók kommúnistaflokkurinn m. a. að sér að útvega hinni leynilegu undirróðurs- og njónnadeild Kominterns íslensk vegabréf, sem mætti falska.

Jóhannes úr Kötlum ... 8. bls. Jóhannes Bjarni Jónasson (1899–1972), sem kenndi sig við Katla, var eitt virkasta og kunnasta skáld íslenskra kommúnista og sósíalista. Hann sat á þingi 1941 fyrir Sósíalistaflokkinn og var margsinns í framboði fyrir hann.

Sovét-Ísland ... 8. bls. Jóhannes úr Kötlum, Sovét-Ísland, *Sovétvinurinn*, 3. árg. 2. tbl. (1935), 3. bls.

ríflegan fjárstuðning frá Moskvu ... 8. bls. Kona Hugos Silléns, Signe, var flugumaður GRÚ, leyniþjónustu Rauða hersins, og sá jafnan um að greiða íslenskum kommúnistum út

styrki, eins og Þór Whitehead upplýsti eftir heimildarmönnum úr kommúnistaflokknum. *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1979), 52.–53. bls. Brotakenndar upplýsingar eru um fjárstuðning frá Moskvu í tíð kommúnistaflokksins, 1930–1938, en flokkurinn virðist þó a. m. k. hafa fengið fjárstyrki 1931 og 1937. Sjá líka áðurnefndar bækur Þórs Whiteheads og Hannesar H. Gissurarsonar.

gáfu þeir út ýmsar bækur, blöð og tímarit ... 8. bls. *Verkljósblaðið* var gefið út 1930–1936 og *Þjóðviljinn* 1936–1992. Tímaritið *Réttur* var í höndum sósíalista frá 1926, uns það hætti að koma út 1993. *Tímarit Máls og menningar* hefur verið gefið út frá 1940.

skoðunarferðir ... 8. bls. Einn furðulegasti þátturinn í sögu hinnar alþjóðlega kommúnistahreyfingar var skipulagðar pílgrímsferðir til kommúnistaríkjanna. Samuel Hollander, *Political Pilgrims: Travels of Western Intellectuals to the Soviet Union, China, and Cuba, 1928–1978* (Lanham MD: University Press of America, 1990). Íslenskir kommúnistar skrifuðu ófáar frásagnir af ferðum sínum til fyrirheitnu landanna svipaðar þeim, sem Hollander greinir, m. a. Aðalbjörn Pétursson, *Rússland í dag* (Akureyri: ASV, 1931), Þórbergur Þórðarson, *Rauða hettan* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1935), Halldór K. Laxness, *I austurvegi* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1933) og *Gerska afntýrið* (Reykjavík: Heimskringla, 1938), Kristinn E. Andrússon, *Frá Reykjavík til Odessa* (Reykjavík: Sovétvinafélag Íslands, 1934) og *Byr undir vængjum* (Reykjavík: Heimskringla, 1959). Lengst gekk e. t. v. ferðasaga Áskels Snorrasonar, *Í landi lífsgleðinnar* (Reykjavík: MÍR, 1952).

byltingarþjálfun ... 8. bls. Alþjóðasamband kommúnista, Komintern, rak tvær leynilegar þjálfunarbúðir fyrir byltingarmenn í Moskvu, Lenínskólann og Vesturskólann. Eftirfarandi 23 Íslendingar hlutu þjálfun í þessum búðum 1929–1938, eftir því sem næst verður komist (í röð eftir námstíma): Jens Figved, Andrés Straumland, Eyjólfur Árnason, Jafet Ottósson, Þóroddur Guðmundsson, Eggert Þorbjarnarson, Dýrleif Árnadóttir, Haraldur Bjarnason, Gísli Indriðason, Hallgrímur Hallgrímsson, Helgi Guðlaugsson, Angantýr Guðmundsson, Stefán Pjetursson, Kristján Júlíusson, Skafti Einarsson, Lilja Halblaub, Guðrún Rafnsdóttir, Steingrímur Aðalsteinsson, Jóhannes Jóseppson, Benjamín Eiríksson, Hjalti Árnason, Elisabet Eiríksdóttir og Ásgeir Blöndal Magnússon. Mynduðu þessir nemendur hinn harða kjarna í Kommúnistaflokknum og síðar Sósíalistaflokknum. Tveir þeirra settust á þing, Steingrímur Aðalsteinsson og Þóroddur Guðmundsson. Hallgrímur Hallgrímsson barðist í spænska borgarastríðinu. Eggert Þorbjarnarson var framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins 1943–1957. Ekki hurfu nema tveir þeirra opinberlega frá kommúnisma, Stefán Pjetursson og Benjamín Eiríksson, en fleiri þeirra munu hafa gerst honum afhuga, þótt hljótt færi.

Halldór Kiljan Laxness ... 8. bls. Hann (1902–1998) sneri aftur til Íslands 1929 eftir misheppnaða tilraun til að hasla sér völl í Hollywood, þá orðinn stækur andstæðingur kápítalismans. Hann gekk ekki í kommúnistaflokkinn íslenska, sem stofnaður var 1930, en fór þó í boði Kremlverja til Ráðstjórnarríkjanna haustið 1932 og skrifaði um heimsóknina áðurnefnda ferðabók, *I Austurvegi*. Næstu ár hélt Laxness uppi ákófum vörnum fyrir Ráðstjórnarríkin og andmælti því harðlega, að þar væri kúgun og eymd. Til dæmis hefði hann ekki orðið var við neina hungursneyð í Úkraínu, þegar hann hefði verið þar á ferð, en um sex milljónir manna sultu til bana í Suður-Rússlandi og Úkraínu 1932–1933, eins og lesa má um í *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), en hún verður endurútg. í þessari ritröð. Laxness var mjög virkur í kosningabaráttu kommúnistaflokksins 1937, talaði fyrir flokkinn í útvarp ásamt helstu forystumönnum hans og skrifaði fjölda

greina. Hann fór aftur í boði Kremlverja til Ráðstjórnarríkjanna seint á árinu 1937 og sneri heim vorið 1938. Í Moskvu var hann viðstaddur sýndarréttarhöldin yfir Búkharín og öðrum kommúnistaleiðtogum. Þegar heim kom, gaf hann út áðurnefnda ferðabók, *Gerska æfintýrið*, og varði þar stjórn Stalíns af mælsku. Þegar Sósíalístaflakurinn var stofnaður haustið 1938, gekk Laxness í hann og settist í flokkstjórn hans. Tók hann þar jafnan afstöðu með einbeittustu kommúnistunum. Hann var líka óslitið í framboði fyrir flokkinn (í heiðursæti) til og með 1959. En 1963 gaf Laxness út *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1963), þar sem hann hafnaði stalinisma og lýsti Rússlandsferðum sínum 1932 og 1937–1938 á allt annan veg en áður. Um Laxness og stjórn málaafskipti hans má m. a. lesa í bókunum *Halldór* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 2003), *Kiljan* (2004) og *Laxness* (2005) e. Hannes H. Gissurarson.

Þórbergur Þórðarson ... 8. bls. Hann (1889–1974) var einn harðskeytasti stalinistinn í hópi íslenskra rithöfunda. Vinstri sinnaðir ritskýrendur bera lof á Þórberg fyrir nákvæmni og kalla hann „meistara Þórberg“. Mörg dæmi má þó nefna um ónákvæmni hans, einfaldni og trúgírni, svo að þau orð Guðmundar G. Hagalíns voru ekki alveg út í bláinn, að Þórbergur væri þjóðfífl Íslendinga, ekki þjóðskáld. Sjá dagbók Matthíasar Johannessens 2. apríl 1959 á Netinu. Í áðurnefndri ferðabók, *Rauðu hattunni* (1935), eru margar missagnir, m. a. um afsögn keisarans og morðið á rússnesku keisarafjölskyldunni. Mál og menning endurprentaði samt bókina óbreytta og athugasemdalaust 1977, 1981 og 1984. Fræg urðu viðbrögð Þórbergs, þegar Hitler réðst á Pólland 1. september 1939 eftir að hafa gert gríðasáttmála við Stalín. Sagðist Þórbergur skyldu hengja sig, ef Stalín færi líka inn í Pólland (í samtali við dr. Guðmund Finnbogason landsbókavörð á Hótel Borg 13. september). Þegar Þórbergur var minntur opinberlega á þessa yfirlýsingu eftir árás Stalíns á Pólland 17. september, kvaðst hann aðeins hafa sagst skyldu hengja sig, færi Stalín í stríðið með Hitler. Eftir að Hannes Pétursson orti kvæðið „Kreml“ eftir árás Kremlverja á Ungverjaland 1956 og birti í fullveldisblaði *Stúdentablaðsins*, orti Þórbergur kvæðabálk á móti, *Marsinn til Kreml* (Reykjavík: Helgafell, 1961). Upp í bálkinn tók hann vísuorð, sem hann sagði vera úr Horst Wessel-söng nasista: „Wenn das Judenblut von Messer spritzt/denn geht uns nochmals so gut“. Neðanmáls þýddi Þórbergur þau svo: Þegar gyðingablóðið spýrist úr hnífnum/þá gengur okkur hálfu betur. En þessi vísuorð eru alls ekki úr Horst Wessel söngnum, sem er m. a. til í þýðingu Böðvars Guðmundssonar, Tilurð og örlög tveggja ljóða og afdrif höfunda þeirra, *Timarit Máls og menningar*, 76. árg. 2. hefti (2015). Þau eru úr „Sturmlied“, sem SA-sveitir þjóðernisjafnaðarmanna kyrjuðu iðulega á þrammi um þýskar borgir á fjórða áratug. Walter Tormin, *Die Weimarer Republik* (Hannover: Fackelträger Verlag, 1982), 214. bls. Þetta hergönguljóð var andgyðinglegt tilbrigði við þýskan byltingarsöng frá 1848, „Heckerlied“. Vísuorðin tvö koma m. a. fyrir í sjálfsævisögu Richards Krebs, sem skrifaði undir dulnefninu Jan Valtin, *Úr álögum*, en hún er ein bókin í þessari ritröð, sbr. aftanmálsgr. um Valtin við 15. bls. En vinstri sinnaðir verjendur Þórbergs endurprenta villu hans athugasemdalaust, t. d. Soffía Auður Birgisdóttir, Undarleg ósköp: um pólitíska atlögu Þórbergs Þórðarsonar að Hannesi Péturssyni í kvæðaformi, *Skírnir*, 190. árg. 1. hefti (2016), 32.-52. bls.

Kristinn E. Andrésson ... 8. bls. Hann (1901–1973) lauk mag. art. prófi í bókmenntum og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi til 1931, þegar hann sneri heim. Hann fékkst um skeið við bókavörslu, en var framkvæmdastjóri Heimskringlu og Máls og menningar frá stofnun þessara félaga, 1935 og 1937, og fram til 1971. Kristinn var þingmaður Sósíalístaflakksins 1942–1946 og ritstjóri *Þjóðviljans* 1946–1947. Hann var einnig formaður MÍR (Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna) 1968–1972. Kristinn skrifaði nokkrar bækur, þ. á m. tilfinningaþrungnið varnarrit um stjórnmalabaráttu sína, *Enginn er eyland*.

Tímar rauðra penna (Reykjavík: Mál og menning, 1971). Eins og fram kemur í formála, veitti miðstjórn kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna Kristni sérstakan lífeyri 1971 fyrir dygga þjónustu í nær fjörutíu ár. Guðmundur G. Hagalín minntist á Kristin í grein um Tómas Guðmundsson: „Hann hafði til að bera meira vit, meiri og djúptækari mannþekkingu, meiri seiglu og djúplægari trú á eilífðargildi hinna kommúnistísku kenninga og á óhjákvæmilegan sigur þeirra en nokkur annar hinna kommúnistísku foringja.“ „Já vofan þekkest og viðbúnað hefur hún enn,“ *Félagsbréf Almenna bókafélagsins*, 7. árg. 21. hefti (1961), 32. bls.

1935 skrifaði Kristinn ... 8. bls. Kristinn E. Andrésson, Ný bókmenntastefna, *Rauðir pennar*, 1. b. (Reykjavík: Heimskringla, 1935), 60. bls.

Sósíalistaflokkurinn stofnaður ... 8. bls. Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn var stofnaður haustið 1938, eftir að kommúnistar höfðu fengið fyrirmæli frá Moskvu um að reyna samfylkingu með jafnaðarmönnum. Tókst þeim að fá í lið með sér nokkurn hóp úr Alþýðuflokknum undir forystu Héðins Valdimarssonar, forstjóra Ólíuverslunar Íslands og formanns verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í hinum nýja flokki höfðu kommúnistar tögl og hagdir, þótt Héðinn væri kjörinn formaður, enda hafði Einar Olgeirsson sagt í ársbyrjun 1937 við ungan skoðanabróður, Benjamín Eiríksson: „Við leggjum kommúnistaflokkinn aldrei niður öðru vísi en sem herbragð.“ *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða* (Reykjavík: Bókafélagið, 1996), 175. bls. Héðinn gekk þó ásamt ýmsum fylgismönnum sínum úr flokknum í árslok 1939 til að mótmæla fylgispekt annarra forystumanna hans við Kremhverja, og tók þá Einar Olgeirsson við formennsku og gegndi henni allt til endaloka flokksins. Sósíalistaflokkurinn og hliðarsamtök hans nutu verulegs fjárstuðnings frá Moskvu, nálægt 30 millj. kr. árlega á núvirði (2018) tímabilið 1955–1970. Sjá Hannes H. Gissurarson, Hvers virði var Rússagullið? *Visbending*, 33. árg. 29. tbl. (2015), 3–4. bls. Sbr. Kjartan Ólafsson, Hvað varð um peningana frá Moskvu? *Morgunblaðið* 3. nóvember 2006. Eignuðust samtök sósíalista fjögur stórhýsi í Reykjavík, Laugaveg 18, Þingholtsstræti 27, Skólavörðustíg 19 og Tjarnargötu 20, þótt flokksmenn væru ekki nema um 1.400 að jafnaði. Eru þau árið 2018 metin samtals á 1,1 milljarð kr. Svokallaður Sigfúsarsjóður hélt lengst af utan um eignir Sósíalistaflokksins, en eignir öflugustu hliðarsamtaka kommúnista og síðar sósíalista, bókafélagsins Mál og menningar, voru færðar yfir til Mál og mennings bókmenntafélags. Þessi félög, Sigfúsarsjóður og Mál og menning bókmenntafélag, starfa enn. Þótt Sósíalistaflokkurinn væri ekki í Alþjóðasambandi kommúnista eins og kommúnistaflokkurinn, höfðu forystumenn hans góð tengsl við kommúnistaflokka erlendis. Sósíalistaflokkurinn bauð síðast fram einn í þingkosningum 1953. Hann gerði kosningabandalag við Hannibal Valdimarsson og liðsmenn hans úr Alþýðuflokknum 1956, Alþýðubandalagið. Var Alþýðubandalaginu breytt úr kosningabandalagi í stjórnmalaflokk 1968 og starfaði sem flokkur 1968–1998. Ragnar Arnalds var formaður þess til 1977, Lúðvík Jósepsson 1977–1980, Svavar Gestsson 1980–1987, Ólafur R. Grímsson 1987–1995 og þá Margrét Frímansdóttir til 1998. Þótt Alþýðubandalagið ryfi opinber tengsl við kommúnistaflokka Ráðstjórnarríkjanna og annarra Varsjárbandalagsríkja eftir innrásina í Tékkóslóvakíu 1968, hafði það áfram samband við suma aðra kommúnistaflokka, svo sem í Rúmeníu og á Kúbu. Fyrsti formaður Alþýðubandalagsfélags Reykjavíkur eftir flokksstofnunina, Guðmundur Ágústsson, hafði verið erindreki leynilögreglu Austur-Þýskalands, Stasi. Sagði hann opinskátt frá því á fundi í einni sellu Sósíalistaflokksins í janúar 1962, án þess að fundarmenn gerðu athugasemdir. Styrmir Gunnarsson, *Í köldu stríði* (Reykjavík: Veröld, 2014), 123. bls. Síðasta verk Margrétar Frímansdóttur og Svavars Gestssonar í Alþýðubandalaginu var að þiggja heimboð kommúnistaflokks Kúbu haustið 1998, og hugðust þau hitta að máli

einræðisherra landsins, Fidel Castro, en hann gaf ekki kost á því. Eftir 1998 gengu flestir Alþýðubandalagsmenn ýmist í Samfylkinguna eða Vinstri hreyfinguna – Grænt framboð.

Stalín ... 8. bls. Josif Vísaríonovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala eftir valdarán bolsévika 1917. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfar í ríki hans í *Svartbók kommúnismans* (2009). Íslenskir kommúnistar gáfu út lofsamlegar ævisögur Stalíns, *Bóndinn í Kreml* e. Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* e. breska kommúnistann J. T. Murphy í þýð. Sverris Kristjánssonar (Reykjavík: Kristján Júlíusson, 1975). Einnig hefur bók e. dóttur Stalíns komið út á íslensku, Svetlana Allílújeva, *Endurminningar: 20 bréf til vinar* (Reykjavík: Fífil, 1967). Þá er kafli um Stalín í bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjóra* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015). Nýleg ævisaga hans á ísl. er Edvard Radzínskij, *Stalín: Ævi og aldurtíli* (Selfoss: Sæmundur, 2018). Ein læsilegasta bókin á ensku um Stalín er Simon Sebag Montefiore, *Stalin: The Court of the Red Tsar* (New York: Knopf, 2004), og stýðst hún við ýmsar áður ónotaðar heimildir. Önnur sérhæfðari bók Montefiores um Stalín hefur komið út á íslensku, *Stalín ungi* (Reykjavík: Skrudda, 2009). Á ensku má nefna þrjár eldri bækur, Milovan Djilas, *Conversations with Stalin* (New York: Harcourt, Brace & World, 1962); Robert Conquest, *Stalin: Breaker of Nations* (London: Weidenfeld & Nicholson, 1991); Martin Amis, *Koba the Dread: Laughter and the Twenty Million* (New York: Vintage, 2002). Á dönsku má nefna Bent Jensen, *Stalín* (København: Gyldendal, 2005). Þar eru því gerð skil, hvernig stalinisma var rökrétt framhald af lenínisma. Um stalinisma má m. a. lesa í Robert Conquest, *The Great Terror: A Reassessment* (Oxford: Oxford University Press, 2008, fyrst útg. 1971); Anne Applebaum, *Gulag: A History of the Soviet Camps* (London: Penguin, 2004); Timothy Snyder, *Bloodlands: Europe between Hitler and Stalin* (New York: Basic Books, 2012).

Hitler ... 8. bls. Adolf H. (1889–1945) var frá Austurríki, en barðist í þýska hernum í fyrri heimsstyrjöld. Seinna kvaðst hann hafa orðið fyrir sinnepsgasarás Breta 1918 og því blindast tímabundið. En þýskur taugalæknir af gyðingaættum, sem flýði til Íslands, Karl Kroner, hélt því fram, að hann hefði orðið fyrir taugaáfalli og því blindast um skeið. Var Kroner læknir á hælínu, þar sem Hitler var vistaður. Eftir stríð gekk Hitler í Hinn þjóðernissósíalíska þýska verkamannaflokk Þýskalands (Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei), nasistaflokkinn, og varð skjótt foringi hans. Stefna flokksins var blanda úr sósíalisma, þjóðernisstefnu og gyðingahatri. Var hann afar andsnúinn frjálshyggju og „stórauðvaldi“ annars vegar og „gyðinglegum bolsévisma“ hins vegar. Hitler varð kanslari Þýskalands í janúar 1933 og tók sér brátt einræðisvald, en stytta sér aldur í rústum Berlínar í stríðslok 1945. Hann er með samstarfsmönnum sínum talinn bera ábyrgð á morðum um sex milljóna gyðinga í Helförinni. Sbr. áður nefnda bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjóra* (2015), þar sem er kafli um Hitler. Einnig má nefna *Hitler talar* eftir Hermann Rauschning (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940). Þar er sjónarmiðum Hitlers skilmerkilega lýst, þótt ýmsir efast um, að Hitler hafi sagt allt það sjálfur við Rauschning, sem haft er eftir honum. Sjá einnig Konrad Heiden, *Ævi Adolfs Hitlers: saga ábyrgðarlausrar aldar* (Reykjavík, Víkingsútgáfan, 1943). Báðir voru þeir Rauschning og Heiden andvígir Hitler, og komu verk þeirra út, áður en hann hleypti af stað heimsstyrjöld og Helförinni. Sjá enn fremur á ísl. Þorstein Thorarensen, *Að hetjuhöll. Saga Adolfs Hitlers: uppruni hans, æska og fyrstu baráttuár* (Reykjavík: Fjölvi, 1969); Hugh Trevor-Roper, *Síðustu daga Hitlers* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972); Traudl Junge, *Til hinstu stundar: einkaritari Hitlers segir frá* (Seltjarnarnes: PP forlag, 2004).

gríðasáttmála ... 8. bls. Hann var gerður 23. ágúst 1939 og undirritaður í Kremlkastala í Moskvu af utanríkisráðherrum Ráðstjórnarríkjanna og Þýskalands, Vjatseslav Molotov og Joachim von Ribbentrop. Með honum gerði Stalín Hitler kleift að ráðast inn í Pólland og hleypti þannig af stað heimsstyrjöldinni síðari. Þeir Stalín og Hitler voru bandamenn fyrstu tuttugu mánuði styrjaldarinnar, uns Hitler rauf sáttmálann og réðst á Ráðstjórnarríkin 22. júní 1941. Í leynilegum viðaukum gríðasáttmálans skiptu Hitler og Stalín með sér Mið- og Austur-Evrópu. Stalín skyldi fá Finnland, Eistland, Lettland, austurhluta Póllands og Moldovu, en Hitler vesturhluta Póllands og Litáen. Seinna breyttu þeir samkomulagi sínu svo, að Stalín fékk líka Litáen, en Hitler stærri sneið af Póllandi. Evrópuráðið hefur gert 23. ágúst að minningardegi fórnarlamba alræðisstefnunnar. Sbr. aftanmálsgr. um viðbrögð ísl. sósíalista við 26. bls.

frá hlutleysisstefnunni ... 9. bls. Þór Whitehead, Leiðin frá hlutleysi, *Saga*, 29. árg. 1. hefti (1991), 63.–121. bls.

fengu ekki að taka þátt ... 9. bls. Um norrænt varnarbandalag: Frásögn Bjarna Benediktssonar frá 1949, *Morgunblaðið* 4. apríl 1979.

Atlantshafsbandalagið ... 9. bls. Það var stofnað í Washington-borg 4. apríl 1949, eftir að stjórnir margra Evrópuríkja höfðu fengið Bandaríkin og Kanada til þess að taka þátt í vörnum Evrópu gegn landvinningastefnu Stalíns og samherja hans. Réðu því ekki síst jafnaðarmenn, sem séð höfðu skoðanasystkin sín í Mið- og Austur-Evrópu tekin af lífi eða send í fangelsi eftir valdarán kommúnista. Væri ráðist á eitt aðildarríkið, hétu önnur að koma því til hjálpar. Fræg eru þau ummæli fyrsta framkvæmdastjóra bandalagsins, Hastings Ismays, herforingja og lávarðar, að það hafi verið stofnað til að halda Bandaríkjamönnum inni, Þjóðverjum niðri og Rússum úti. Þegar aðild Íslands var til afgreiðslu á Alþingi 30. mars 1949, reyndu sósíalistar að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins með ofbeldi, og sló í bardaga á Austurvelli milli þeirra og lögreglunnar og varaliðs hennar. Hlutu margir lögregluþjónar meidslu og sumir varanleg örkuhl, en enginn upphlaupsmanna særðist stórvægilega. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, að við Alþingishúsið hefðu myndast samtök í verki um að veitast með ofbeldi að Alþingi. *Hæstaréttardómar* 1952, nr. 62/1950, 190.–269. bls. Höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins voru fyrst í París, en eftir að Frakkar hættu hernaðarsamstarfi við önnur bandalagsríki, voru þær fluttar 1967 til Brüssel. Á Íslandi voru stofnuð Samtök um vestræna samvinnu 1958 og Varðberg, félag ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, 1961. Héldu þau reglulega fundi um utanríkismál og skipulögðu kynnisferðir til Brüssel og annarra staða. Upplýsingaskrifstofa Atlantshafsbandalagsins var rekin í Reykjavík 1961–2010. Voru SVS og Varðberg sameinuð 2010, og hefur Björn Bjarnason, fyrrv. dómsmálaráðherra, verið formaður hins sameinaða félags frá upphafi. Sjá Christian A. R. Christensen, *Atlantshafsbandalagið: tildrög - árangur - markmið* (Reykjavík: Samtök um vestræna samvinnu, 1959), en höfundur var norskur blaðamaður. Sbr. Björn Bjarnason, *Í hita kalda stríðsins* (Reykjavík: Nýja bókafélagið, 2001).

ráku þeir með rússnesku fé ... 9. bls. Talið er, þótt það sé ekki fullvíst, að mestallt það fé, sem Sósíalistaflokkurinn fékk frá Moskvu á 6. og 7. áratug frá Moskvu, hafi runnið til Máls og menningar.

Mál og menningu ... 9. bls. Að stofnun Máls og menningar sumarið 1937 stóðu Félag byltingarsinnaðra rithöfunda og bókafrirtækið Heimskringla, en þessi félag höfðu verið

stofnuð eftir fyrirskipun frá Moskvu í bréfi frá Mauno Heimo, starfsmanni Kominterns, til Brynjólfs Bjarnasonar í febrúar 1933. RGASPI 495 31 117 (Þessi Komintern-skjöl eru öll varðveitt í afriti á handritadeild Landsbókasafns - Þjóðarbókhöfðu). Snemma voru stofnuð sjálfseignarfélög, sem áttu eignir Máls og menningar, og voru þau skrifuð fyrir áðurnefndum húseignum að Þingholtsstræti 27 og Laugavegi 18. Mál og menning gaf út fjölda áróðursrita fyrir kommúnisma, m. a. *Undir ráðstjórn* eftir Hewlett Johnson (1942), *Réttlati en ekki hefnd* eftir Richard E. Lauterbach (1946), *Drekinn skiptir ham: ferðapistla úr Kína* eftir Artur Lundkvist (1956) og *Kommúnistaávarpið* eftir Karl Marx og Friedrich Engels, 2. útg. (1972). Hjá systurfélaginu Heimskringlu komu m. a. út *Úrvalsrit* Karls Marx og Friðriks Engels í tveimur bindum (1968) og mörg verk Leníns og Maós. Einnig komu þar út *Ræða Stalíns á xviii. þingi Kommúnistaflokks Sovétríkjanna* (1934) og *Stjórnarskrá Sovétríkjanna ásamt framsöguræðu Jóseps Stalíns* (1937). Þá má nefna *Bókina um Kína* e. Sverri Kristjánsson og Edgar Snow (1950), *Byr undir vængjum* e. Kristinn E. Andrésson (1959) og *Bak við bambustjaldið* e. Magnús Kjartansson (1964). Meðal annarra áróðursrita fyrir kommúnisma frá Heimskringlu má nefna *Gerska æfintýrið* e. Halldór K. Laxness (1938), *Sögu af sönnum manni* e. Borís Polevoj (1955), *Sovétríkin* e. Níkolaj M. Míkhaílov (1962), tvær ferðabækur Magnúsar Kjartanssonar, *Byltinguna á Kúbu* (1962) og *Vietnam* (1968), og ályktanir og ræður frá tveimur flokksþingum kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna (1962 og 1964). Önnur fyrirtæki voru líka fengin til að gefa út ýmis áróðursrit kommúnista, t. d. Víkingsútgáfan *Sögu kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna* e. Stalín o. fl. (1944), Reykholt *Bóndann í Kreml: nokkrar ritgerðir snertandi sögu Jóseps Stalíns* e. Gunnar Benediktsson (1945) og Neistar *Samsærið mikla gegn Sovétríkjunum* e. Michael Sayers og Albert Kahn (1950, en áður hafði bókinn birst neðanmáls í *Þjóðviljanum*). MÍR (Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna), sem Kristinn E. Andrésson, forstjóri Máls og menningar, stjórnaði, gaf einnig út ýmis rit, t. d. *Í landi lífsgleðinnar* e. Áskel Snorrason (1952).

árásirnar á Pólland og Finnland ... 9. bls. Halldór Kiljan Laxness skrifaði um árás Stalíns á Pólland: „Þrem vikum eftir undirskrift gríðasáttmálans er bolsévisminn á bökkum Veiksel; fimtán milljónir manna í miðaldalegu lénstímaríki, sem frægt var fyrir mestu bændaðrbirgð á Vesturlöndum, hefur áreksstralítið og og án verulegra blóðsúthellinga, hoppað inn í ráðstjórnarskipulag verkamanna og bænda.“ Enn sagði Laxness: „Ég skil ekki almennilega, hvernig bolsévíkar ættu að sjá nokkurt hneyksli í því, að um 15 milljónir manna eru þegjandi og hljóðalaust innlimaðir undir bolsévismann.“ Áfánginn til Veiksel, *Þjóðviljinn* 27. september 1939. Frá upphafi var hernám austurhlutans mjög grimmdarlegt. Allir þeir, sem kommúnistar töldu sér hættulega og til náðist, voru handteknir og sendir í fangabúðir í Rússlandi, og þar var fjöldi þeirra tekinn af lífi. *Alþýðublaðið* birti útdrátt úr bók um hernám Rússa í Póllandi, Kingsley Martin, Skuggahlíð tunglsins, 1. og 2. ágúst 1948. Bókin var Zoë Zajdlerowa, *The Dark Side of the Moon* (London: Faber & Faber, 1946), og skrifaði skáldið T. S. Eliot formála. Sjá líka kafla um Pólland í *Svarbók kommúnismans* (2009), 361.–391. bls. Íslenskir sósíalistar héldu því fram, að árás Stalíns á Finnland hefði í raun verið varnarstríð, því að hinir friðsömu Rússar hefðu verið að verjast hinum herskáu Finnum! Smíðaði Brynjólfur Bjarnason orðið „finnagaldur“ um samúð íslensku þjóðarinnar með hinni norrænu smáþjóð og skrifaði í grein undir þeirri fyrirsögn: „Styrjöldin milli finnsku hvítliðanna og Sovétlýðveldanna var heldur en ekki hvalreki fyrir afturhaldið hér heima. Óvænt tækifæri til að beina huganum frá hinum óþægilegu viðfangsefnum í landinu sjálfu. Flestir munu nú hafa áttað sig til fulls á því, að þessi styrjöld var ekki stríð milli Finnlands og Rússlands út af fyrir sig, eins og margsinnis hefur verið viðurkennt bæði í París og London, heldur var hér um að ræða styrjöld milli Sovétríkjanna og Vesturveldanna, sem voru að búa sig undir árás á Rússland og

notuðu finnsku hvítliðana sem verkfæri. Atburðirnir hafa síðan sannað, svo sem best verður á kosið, að Sovétlýðveldin áttu í varnarstríði, sem þeim bar skylda til að heyja fyrir land sitt og hinn alþjóðlega sóssíalisma.“ *Innlend Viðsjá, Réttur*, 25. árg. 1. hefti (1940), 37. bls. Einar Olgeirsson andmælti því í leiðara *Þjóðviljans*, að Finnar væru frændþjóð: „Finnar eru eins fjarskyldir okkur og Kongo-negrar.“ *Brjálun hugsunarinnar — undanfari fasismans, Þjóðviljinn* 6. febrúar 1940.

hernám Eyrstrasaltsríkjanna ... 9. bls. Um það hafa tvær bækur verið endurprentaðar í þessari ritröð, báðar árið 2016, þegar aldarfjórðungur var liðinn frá því, að Ísland endurnýjaði viðurkenningu sína á sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna, Ants Oras, *Örlaganótt yfir Eyrstrasaltslöndum* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1955) og Andres Küng, *Eistland: Smáþjóð undir oki erlends valds* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1973). Efndi Almenna bókafélagið til hófs 26. ágúst 2016 í tilefni útgáfunnar, og töluðu þar Davíð Oddsson, sem hafði ungar maður þýtt bók Küngs og verið forsætisráðherra, þegar viðurkenningin á Eyrstrasaltsríkjunum var endurnýjuð, og Tunne Kelam, Evrópuþingmaður og einn af leiðtogum sjálfstæðisbaráttu Eistlendinga. Sjá nánar um Ants Oras og bók hans aftanmálsgr. við 29. bls.

valdarán kommúnista ... 9. bls. Sbr. Anne Applebaum, *Iron Curtain: The Crushing of Eastern Europe, 1944–1956* (London: Allen Lane, 2012). *Morgunblaðið* birti 25., 26. og 27. september 1947 skýrslu Ferencs Nagys (1903–1979), leiðtoga Smábændaflokks Ungverjalands og forsætisráðherra 1946–1947, um valdatöku kommúnista í heimalandi hans. Sérstaklega olli þó valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu 1948 óhug á Vesturlöndum. Stúdentafélag Reykjavíkur hélt fund um atburðina í Tékkóslóvakíu 14. mars 1948. Hafði Gylfi Þ. Gíslason, próffessor og þingmaður Alþýðuflokksins, framsögu og var þungorður um framferði kommúnista. Meðal þeirra, sem kvöddu sér hljóðs honum til stuðnings, var Jóhann Hafstein, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, en á móti mæltu m. a. Haukur Helgason, Sigfús Sigurhjártarson og Einar Olgeirsson. Samþykkti fundurinn tillögu til stuðnings Tékkóslóvókum og Finnum með 175 atkvæðum gegn 60. Stúdentar í Reykjavík fordæma ofbeldið við Tékka og Finna, *Alþýðublaðið* 16. mars 1948.

nauðungarflutninga þjóðflokka ... 9. bls. Sjá m. a. *Svartbók kommúnismans* (2009), 217.–227. bls. Skv. einu yfirliti var fjöldinn í þjóðflokkaflutningum um 1,8 milljón manns, sem skiptist svo: Finnar 90 þús.; Þjóðverjar 750 þús.; Kalmykar 90 þús.; Karatsjar 70 þús.; Tsjetsjenar 390 þús.; Ingúshar 90 þús.; Balkarar 40 þús.; Krím-Tatarar 185 þús.; Krím-Grikkir 15 þús.; Meskhetískir Tyrkir, Kúrdar, Khemsínar 95 þús. J. Otto Pohl, *Ethnic Cleansing In The USSR, 1937-1949* (Westport CT: Greenwood Press, 1999), Tafla 1.1. Eru þá ótaldir aðrir hópar, t. d. framámenn eða hugsanlegir andstæðingar kommúnista í Póllandi og Eyrstrasaltslöndunum. Til samanburðar má nefna, að Íslendingar voru 120 þús. árið 1940.

sýndarréttarhöld ... 9. bls. Íslenskir kommúnistar héldu því fram, að sýndarréttarhöld Stalíns, sem fóru reglulega fram á fjórða áratug, hefðu verið eðlileg og nauðsynleg. Auk ritlings Gunnars Benediktssonar og bókar Halldórs K. Laxness, sem Sigurður Einarsson frá Holti vikur að í ræðunni í þessari bók, má nefna Hauk S. Björnsson, Skemmdarstarf enskra verkfræðinga á Sovét-Rússlandi, *Verklýðsblaðið* 19. apríl 1933, og Kristin E. Andrésson, Dauðadómarinn í Rússlandi og afstaða dagblaðanna hérna, *Verklýðsblaðið* 31. ágúst 1936. Kristinn sagði: „Það er að visu andstyggilegt, en þó skiljanlegt, að þýin við íhaldsblöðin hérna fyllist samúð með þessum fjandmönnum alþýðunnar í Rússlandi. Allt þetta dót er af einum og sama anda. Öll starfsemi þessa hyskis beinist að því einu að vinna alþýðunni og hugsjónum hennar um

frelsi og mannúð allt það tjón, sem það getur.“ Sjá einnig Halldór K. Laxness, Lykillinn að málaferlunum í Moskvu, *Réttur*, 22. árg. 1. hefti (1937), 37.–41. bls. Eftir stríð fóru svipuð sýndarréttarhöld fram í sumum leppríkjum ráðstjórnarinnar í Mið- og Austur-Evrópu. Mesta athygli vöktu Slánský-réttarhöldin svonefndu í Tékkóslóvakíu, en þar voru Rudolf Slánský, fyrrv. aðalritari kommúnistaflokks Tékkóslóvakíu, og þrettán aðrir sakborningar. Einn þeirra var dr. Rudolf Margolius, fyrrv. ráðherra utanríkisviðskipta, sem „játaði“ eftir pyndingar að hafa gert viðskiptasamninga við „auðvaldsríki“, þar á meðal Ísland. Var hann dæmdur til dauða og líflátinn. Þegar *Morgunblaðið* furðaði sig á því, að dauðarefsing gæti legið við að kaupa fisk frá Íslandi, skrifaði Magnús Kjartansson, ritstjóri *Þjóðviljans*: „Reyndust sakborningarnir sekir um landráð, njósnir og skemmdarverk, en svo vel hafði verið að rannsókn unnið, að enginn hinna ákærðu tveystist til að véfengja niðurstöðurnar, heldur játuðu skilyrðislausu. Voru þeir síðan réttáðir, en þau málalok dæmdra stórbrotamanna tíðkast enn í svo til öllum löndum heims, og kann mönnum að líka það betur eða verr.“ Hugleiðingar Örvarodds, *Þjóðviljinn* 11. desember 1952. Gríski leikstjórinn Costa Gavras gerði 1970 kvikmynd um Slánský-réttarhöldin, *Játninguna* (L'aveu), e. endurminningum eins sakborningsins, Arturs Londons, sem dæmdur var í ævilangt fangelsi, en látinn laus eftir lát Stalíns. Lék franskir stórleikarinn Yves Montand aðalhlutverkið. Myndin var sýnd í Sjónvarpinu vorið 1983.

sendir í þrælkunarbúðir ... 9. bls. Nokkur rit fanga í þrælkunarbúðum Stalíns komu á sínum tíma út á íslensku, og eru þau endurútgefin í þessari ritröð: *Þjónusta, þrælkun, flótti* e. Aatami Kuortti; *Konur í þrælakistum Stalíns* e. Elinor Lipper og Aino Kuusinen; *Bóndinn, El Campesino* e. Valentín Gonzáles; *Konur í einræðisklóm* e. Margareta Buber-Neumann; og *Nýsamur sakleysingi* e. Otto Larsen. Á ensku má nefna *The Gulag Archipelago* e. Aleksandr Solzhenitsyn, 1.–3. b. (London: Collins/Fontana, 1973–1978); *Hope Against Hope* e. Nadezhda Mandelsham (New York: Atheneum, 1970) og *Gulag: A History* e. Anne Applebaum (London: Allen Lane, 2003). Einnig er kaflur um þrælkunarbúðir Stalíns í *Svartbók kommúnismans* (2009), 205.–216. og 232.–241. bls., og vikið að þrælkunarbúðum í öðrum kommúnistaríkjum, til dæmis Kína og Kúbu, í öðrum köflum þess rits. Sbr. einnig Hannes H. Gissurarson, *Voices of the Victims: Notes Towards a Historiography of Anti-Communist Literature* (Brussels: New Direction, 2017).

Var eitt þeirra ... 9. bls. Af skáldmæltum piltum í 4. bekk má m. a. nefna auk Tómasar Guðmundssonar og Sigurðar Einarssonar þá Andrés Þormar, Bjarna Bjarnason, Gunnar Árnason frá Skútustöðum, Halldór Kiljan Laxness, Richard Beck, Sigurjón Jónsson frá Snæhvammi og Sveinbjörn Sigurjónsson (sem þýddi Alþjóðasöng verkalýðsins, Internationalinn, á ísl.). Jóhann Jónsson var ásamt Guðmundi G. Hagalín í 5. bekk.

Víst var þetta áhrifarík sjón ... 10. bls. Tómas Guðmundsson, Fáein orð á fullveldisafmæli, *Stúdentablaðið*, 45. árg. (1. desember 1968), 10. bls.

Lýsti í gamanljóði ... 10. bls. Þegar ég praktiseraði, *Stúdentablaðið*, 15. árg. 1. tbl. (1938), 11. bls.

Við sundin blá ... 10. bls. Tómas Guðmundsson, *Við sundin blá* (Reykjavík: Nokkrir stúdentar, 1925); *Fagra veröld* (Reykjavík: án útg., 1933). Síðarnefnda bókinn kom út í desembermánuði og var tvisvar endurprentuð næstu mánuði. Þýðingar nokkurra ljóða úr bókinni birtist á fr., *Poèmes islandais* (Paris: Émile-Paul frères, 1939).

skrifaði Sigurður Nordal ... 10. bls. Matthías Johannessen, *Svo kvað Tómas* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1960), 31. bls.

ístöðuleysið væri sín sterkasta hlið ... 10. bls. S. r., 67. bls. Hugsunin er auðvitað svipuð í orðaskiptum í einni skáldsögu Balzacs: „Je suis tourmenté par de mauvaises idées. En quel genre? Ça se guérit, les idées. Comment? En y succombant.“ *Le Père Goriot* (1835), 2. hluti. Einnig eru ummæli Oscars Wildes fræg: „The only way to get rid of a temptation is to yield to it.“ *The Picture of Dorian Gray* (1891), 2. k.

Hvernig er það með hann Tómas? ... 10. bls. S. r., 30. bls. Sbr. Gunnar M. Magnúss, *Satt og ýkt*, I. b. (Reykjavík: Leiftur, 1950), 113. bls.

Þrjár aðrar ljóðabækur ... 10. bls. Tómas Guðmundsson, *Stjörnur vorsins* (Reykjavík: Ragnar Jónsson, 1940); *Fljótið helga* (Reykjavík: Helgafell, 1950); *Heim til þín, Ísland* (Reykjavík: Helgafell, 1977).

Frjálsrar menningar ... 10. bls. Félagið var stofnað 23. mars 1957, og voru Gunnar Gunnarsson og Tómas Guðmundsson þar í forsvari, en dr. Jóhannes Nordal varð 1961 formaður á eftir Tómasi. Eiríkur Hreinn Finnbogason, Félagið Frjáls menning, *Félagsbréf Almenna bókafélagsins*, 2. árg. 4. hefti (1957), 4.–7. bls. Það hélt nokkra fundi með innlendum og erlendum ræðumönnum, þ. á m. tveimur dönskum rithöfundum, Hans Jørgen Lembourn og Frode Jacobsen, þremur ungerskum rithöfundum, György Faludy, Tibor Meray og Tamás Aczél, prófessor Takdir Alisjahbana frá Indónesíu og rússneska flóttamanninum Davíð Búrg. *Þjóðviljinn* brást við stofnun þess með því að rifja reglulega upp fyrri ásakanir sínar um samúð Gunnars Gunnarssonar með nasisma og spyrja, hver kostaði félagið. „Leyfið mér að láta í ljós gleði mína,“ *Þjóðviljinn* 5. nóvember 1957; Hver borgar brúsann? *Þjóðviljinn* 12. apríl 1958; Mildi að þeir hittust ekki fyrr en nú, *Þjóðviljinn* 16. apríl 1958; Sigfús Daðason, Kveðja til Tibors Merays, *Þjóðviljinn* 3. nóvember 1961. Thor Vilhjálmsson sat fund með Lembourn, sem varði andlegt frelsi, og þótti honum fyrirlesarinn „bæði fávís og leiðinlegur og með afbrigðum andlaus“. Syrpa, *Birtingur*, 3. árg. 4. hefti (1957), 23. bls. Frjáls menning var bersýnilega sniðin eftir ýmsum hliðarfélögum kommúnista á fjórða áratug og áfram: Nú reyndu andkommúnistar að laða menntamenn til fylgis við sig og láta rödd sína heyrast án þess að skipa sér í flokka. Frjáls menning var aðili að alþjóðasamtökum frjálslyndra menntamanna, Congrès pour la Liberté de la Culture, en forseti þeirra var franski rithöfundurinn Denis de Rougemont. Síðar kom í ljós, að þau samtök hefðu fengið fjárstuðning frá bandarískum stjórnvöldum, sem reyndu að mynda mótvægi við sókn Kremhverja í menningarlífi Vesturlanda í Kalda stríðinu. Sbr. einnig Hauk Ingvarsson, „Svo þið ætlið að vera ópólitískir, skilst mér“: Almenna bókafélagið, Frjáls menning og Congress for Cultural Freedom 1950-1960, *Saga*, 54. árg. 2. hefti (2016), 54.–89. bls.

Myndir og minningar ... 10. bls. Tómas Guðmundsson, *Myndir og minningar* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1956).

Svo kvað Tómas ... 10. bls. Bókin er endurprentuð ásamt Kjarvalskveri Matthíasar í *Vökunótt fuglsins* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1990).

Sverri Kristjánssyni ... 11. bls. Sverrir (1908–1976) stundaði sagnfræðinám í Kaupmannahöfn, en lauk ekki prófi. Hafði hann ofan af fyrir sér heimkominn með

ritstörfum og kennslu. Hann þýddi *Lenínismann* e. Josif Stalín (ásamt Hjalta Árnasyni) 1930, *Kommúnistaávarpið* e. Karl Marx og Friedrich Engels 1948, *Stalín* e. J. T. Murphy og mörg önnur rit. Á sjötugsafmæli Stalíns 21. desember 1949 skrifaði Sverrir í *Þjóðviljann*: „Sjötugur að aldri er hann orðinn tákn sósíalísmans á vorri öld. Og því er maðurinn, sem gerði vonir og drauma hins vinnandi mannkyns að veruleika, hylltur í dag af alþýðu um allan heim.“ Í ræðu sinni, sem hér er prentuð, vikur Sigurður Einarsson í Holti að ummælum Sverris að Stalín látnum. Sverrir var ritfær og steig oft fram, þegar kveða þurfti einhvern í kútinn, til dæmis norska rithöfundinn Arnulf Øverland, sem varaði hér í fyrirlestri við landvinningastefnu Stalíns (*Þjóðviljinn* 22. maí 1948), og Kínafarann séra Jóhann Hannesson, sem lýsti kúgun og grímm d kínverskra kommúnista (*Þjóðviljinn* 8. nóvember 1952).

vinsæla sagnaþætti ... 11. bls. Útgefandi var Forni í Reykjavík. *Konur og kraftaskáld* (1964); *Undir haustsjörnum* (1965); *Í veraldarvolki* (1966); *Horfin tíð* (1967); *Minnisverðir menn* (1968), *Mannlífsmyndir* (1969); *Með vorskipum* (1970); *Gamlar slóðir* (1971); *Fýkur í sporin* (1972); *Gullnir strengir* (1973). Í 7.–10. b. *Rita* Tómasar Guðmundssonar eru sagnaþættir hans endurpr. undir heitinu „Æviþættir og aldarfar“.

Afmæliskveðja til Tómasar Guðmundssonar ... 11. bls. Í ritnefnd voru Eiríkur Hreinn Finnbogason, Jóhannes Nordal og Kristján Karlsson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1981). Á meðal höf. voru auk þeirra þriggja Andrés Björnsson, Einar Ól. Sveinsson, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness, Kristján Albertsson, Kristmann Guðmundsson, Matthías Johannessen og Sveinn Skorri Höskuldsson. Þeir Tómas, Matthías og Kristján drukku reglulega saman kaffi á Hótel Borg áratugum saman.

Indverjum úthýst ... 11. bls. Forgöngumenn mótmælanna voru auk Tómasar kunningjar hans, Hendrik Siemsen Ottósson og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. Sjá um atkvæðagreiðsluna, Aðgöngubann fyrir litaða rífið niður á Hótel Borg! *Alþýðublaðið* 13. maí 1952.

Það má áfengið eiga ... 11. bls. Munnmæli.

Já, nú þykir mér lognið ... 11. bls. *Satt og ýkt*, I. b. (1950), 107. bls.

átti Tómas um skeið samleið með sósíalístum ... 11. bls. Sögn Þórs Whiteheads e. Kjartani Ólafssyni, sem var starfsmaður Sósíalístaflöksins.

Kristinn E. Andrésón sagt hneykslaður ... 11. bls. Þrjú gögn um upphaf Félags byltingarsinnaðra rithöfunda, 1933, *Tímarit Máls og menningar* (1986), 205. bls. Orðrétt sagði Kristinn: „Jakob Thorarensen og Tómas Guðmundsson yrkja eins og engin kreppa sé til.“

sjálfstæð höfuðskepna ... 11. bls. Halldór Kiljan Laxness, Orðið er laust, *Iðunn*, 18. árg. 1.–2. hefti (1934), 118. bls. Í endurpr. þessarar ritgerðar í *Dagleið á fjöllum* (Reykjavík: Heimskringla, 1937) felldi Laxness út setninguna um, að bók Tómasar væri „ekki innlegg í baráttunni“.

nokkrir drættir ... 12. bls. Eiríkur Jónsson, Hin fagra veröld Ólafs Kárasonar, *Lesbók Morgunblaðsins* 6. mars 1999.

gerði að vísu skopstælingar ... 12. bls. Silja Aðalsteinsdóttir, *Skáldið sem sólin kyssti* (Akranes:

Hörpuútgáfan, 1994), 227. bls. Segir m. a. í ljóði: „Hve strembin skilningsraun að lenda í/að vera í lífsins veröld dauður maður/og vita ei neitt af því.“ Sbr. Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (2011), 98. bls.

„Heimsókn“ ... 12. bls. Tómas Guðmundsson, Heimsókn, *Norræn jól* (Reykjavík: Norræna félagið, 1942). Endurpr. í *Tímariti Máls og menningar*, 5. árg., 3. hefti (1942), 210.–212. bls.

„Þú mátt ekki sofa“ ... 12. bls. Arnulf Øverland, Þú mátt ekki sofa, *Helgafell*, 1. árg. 7. hefti (1942), 251.–253. bls. Magnús Ásgeirsson þýddi. Í kvæðinu segir m. a.: „En hver, sem ei lífinu hættir í flokki,/má hætta því einn — á böðuls stokki.“

á Árnesingamóti ... 12. bls. Frumfl. á Árnesingamóti að Áshildarmýri 20. júní 1948 í tilefni þess, að 450 ár voru þá nýliðin frá Áshildarmýrarsamþykkt 1496, en hana gerðu bændur og lögréttumenn, sem ítrekuðu réttindi Íslendinga samkvæmt Gamla sáttmála 1262. Tómas Guðmundsson, Við Áshildarmýri, *Lesbók Morgunblaðsins* 24. desember 1948, 572.–573. bls. Seinna gaf skáldið ljóðinu nafnið Að Áshildarmýri.

„Brúna höndina“ ... 13. bls. Jóhannes úr Kötlum, Brúna höndin, *Réttur*, 18. árg. 3. hefti (1933), 129.–133. bls. SA-sveitir nasista, stormsveitirnar, voru nefndar brúnstakkar, af því að einkennisbúningur þeirra var brúnn á lit.

flutt hugvekju ... 13. bls. Ræða Tómasar var flutt í stúdentahófi 30. nóvember 1949. Var henni útvarpað, en einnig birti *Morgunblaðið* kafla úr henni 3. desember. Fóru *Morgunblaðið*, *Alþýðublaðið* og *Tíminn* lofsamlegum orðum um ræðuna næstu daga.

Magnús Kjartansson ... 13. bls. Hann (1919–1981) stundaði norrænunám í Kaupmannahöfn og Reykjavík, en lauk ekki prófi. Kristinn E. Andrésson réð hann nýkominn heim á *Þjóðviljann*, þar sem hann var ritstjóri 1947–1971. Skrifaði hann þar skammir um andstæðinga sósíalista undir ýmsum dulnefnum, „Argus“, „Örvaroddur“ og „Austri“, en dálk Austra, Frá degi til dags, nefndi Bjarni Benediktsson forsætisráðherra „Meinhornið“. Bekkjarbróðir Magnúsar úr Menntaskólanum í Reykjavík, Jónas H. Haralz, kallaði hann „síðasta aldamótaritstjóran“, en ritstjórar blaða um aldamótin 1900 voru frægir fyrir að vera skömmóttir. Tvenn ummæli Magnúsar urðu fleyg á meðal sósíalista. Önnur voru, eftir að Vilhjálmur Þór bankastjóri hafði fengið fjölda heiðursmerkja, en hann hafði flækst í svokallað Olíufélagsmál: „Áður voru ræningar festir á krossa; nú eru krossar festir á ræningja.“ Austri, Frá degi til dags, *Þjóðviljinn* 20. desember 1959. Magnús hefur bersýnilega sótt þetta til Þórbergs Þórðarsonar, sem skrifaði í Opnu bréfi til séra Árna Sigurðssonar 14. september eftir útkomu *Bréfs til Láru*: „Kristur endaði sína á krossi. Þér endið ævi yðar með krossi.“ Líklega hefur Þórbergur fengið hugmyndina frá Jóni Trausta í smásögunni „Sera Kela“, en þar segir söguhetjan, að Kristur hafi borið „sinn kross — ekki á brjóstinu, eins og prófasturinn þarna, heldur á blóðugu bakinu.“ Hitt orðasambandið var „alþingi götunnar“, en það ætti að tryggja með baráttu sinni, að réttar ákvarðanir yrðu teknar. Sigurgangan, *Þjóðviljinn* 21. júní 1960. Þetta orðasamband er sótt til sænska jafnaðarmannsins Zeths Höglunds (1884–1956), sem sagði í þingræðu 5. júní 1917: „Leve gatans parlament!“ (Lifi alþingi götunnar). Sósíalistar söfnuðu saman nokkrum meinlegustu Austragreinunum og gáfu út, *Frá degi til dags* (Reykjavík: Mál og menning, 1982). Á ritstjóraárum sínum ferðaðist Magnús til Kúbu, Kína og Víetnams í boði þarlendra stjórnvalda og skrifaði þaðan ferðabækur og lofsöng gestgjafa sína. Hann sat á þingi 1967–1978 og var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og

iðnaðarráðherra 1971–1974. Magnús hélt því fram opinberlega, að Suður-Kórea hefði átt upptökin að Kóreustríðinu, en það hófst, þegar Kim Il-sung fékk samþykki Maós og Stalíns til að ráðast á Suður-Kóreu 1950. Kóreustyrjöldin: aðdragandi og upphaf, *Réttur*, 34. árg. 4. hefti (1950), 259.–289. bls. Sú ritgerð hans var þó ekki endurpr. í greinasafni e. hann, *Elds er þörf* (Reykjavík: Mál og menning, 1979). Magnús var handgenginn Kristni E. Andrésyni og Einari Olgeirsyn og varði stalinismann eins og þeir. Hann réðst af hörku á Gunnar Gunnarsson 1954, eftir að Gunnar steig fram og andmælti kommúnisma, eins og vikið er að í formála þessarar bókar, og á Stein Steinarr 1956, eftir að Steinr lét í ljós vonbrigði eftir Rússlandsför, Er loksins til þurrðar gengið? *Þjóðviljinn* 21. september 1956.

skrifaði gramur ... 13. bls. Argus [Magnús Kjartansson], Skáldið og skipskötturinn, *Þjóðviljinn* 4. desember 1949.

andmælti Þórbergur ... 13. bls. Þórbergur Þórðarson, Andlegt frelsi, *Tímarit Máls og menningar*, 11. árg. 1.–2. hefti (1950), 6.–23. bls.

Að framsöguerindum loknum ... 13. bls. Stúdentafundurinn um andlegt frelsi varpaði ljósi yfir afstöðu kommúnista, *Morgunblaðið* 13. janúar 1950.

Geir Hallgrímsson lögfræðingur ... 13. bls. Hann (1925–1990) var borgarstjóri í Reykjavík 1959–1972, forsætisráðherra 1974–1978, utanríkisráðherra 1983–1986 og seðlabankastjóri frá 1986 til æviloka. Þeir Eyjólfur Konráð Jónsson, fyrsti framkvæmdastjóri Almenna bókafélagsins, ráku ungir menn lítið bókafélag, Stuðlaberg, og gáfu út nokkur fræðslurit um kommúnisma, *Guðinn sem brást* eftir Arthur Koestler o. fl. (1950), *Níján hundruð áttatíu og fjögur* eftir George Orwell (1951) og *Bóndann. El campesino* eftir Valentín González og Julián Gorkín (1952).

skáldsögu Georges Orwells ... 13. bls. Enski rithöfundurinn Eric Blair (1903–1950) notaði höfundarnafnið George Orwell. Hann varð ungur eindreginn andstæðingur nýlendustefnu Breta og hinnar rígskorðuðu stéttaskiptingar í landi sínu. Smásagan „Þegar ég skaut filinn“ birtist e. hann í *Rauðum pennum*, 3. árg. 3. hefti (1938), 44.–54. bls. Sbr. Hannes H. Gissurarson, Þegar Orwell skaut filinn, *Þjóðmál*, 7. árg. 1. hefti (2011), 49.–52. bls. Orwell gerðist sjálfboðaliði í lýðveldishernum spænska og særðist þar, en þegar hann varð vitni að ofsóknum kommúnista á hendur öðrum vinstri mönnum í liði lýðveldissinna, aðallega stjórnleysingjum, verklyðssinum og trotskistum, snerist hann gegn þeim. Einnig blöskraði honum, hversu miklu var logið um stríðið. Þá brá svo við, að fyrri útgefandi hans, Victor Gollancz, vildi ekki gefa út bók hans um Spánarstríðið, *Homage to Catalonia*, Katalónía hyllt (London: Secker & Warburg, 1938). Íslenskir kommúnistar hættu líka að þýða verk hans. Eftir reynsluna á Spáni skrifaði Orwell dæmisöguna *Animal Farm* (London: Secker & Warburg, 1945). Var hún um dýrin, sem gerðu uppreisn gegn mönnum, en loks tóku svínin völd: Nýr kúgari leysti hinn fyrri af hólmi. Duldist fáum, að sagan væri um byltingu bolsévika í Rússlandi og valdatöku Stalíns (félaga Napóleons). Orwell átti í erfiðleikum með að koma verkinu á prent. Victor Gollancz taldi það áras á Ráðstjórnarríkin, sem nú voru í bandalagi við Bretland og Bandaríkin. Bókmenntaráðunautur Faber & Faber, skáldið T. S. Eliot, réð líka frá útgáfu bókarinnar, enda þyrftu menn frekar *betri svín en engin*. Þegar Jonathan Cape hafði ákveðið að gefa bókina út, kom flugumaður Stalíns í breska upplýsingaráðuneytinu, Peter Smollett (réttu nafni Hans Peter Smolka, 1912–1980), í veg fyrir það. Tók Secker & Warburg loks að sér útgáfuna. Bókin kom út á ísl. 1949 í þýð. Jóns Sigurðssonar frá Kaldadarnesi, en

úttefandi var Lárus Jóhannesson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, sem rak Prentsmiðju Austurlands á Seyðisfirði. Nefndist hún *Félagi Napóleon* á íslensku. Orwell skrifaði aðra fræga stjórnmálaskáldsögu um kommúnisma, *Nineteen Eighty Four* (London: Secker & Warburg, 1949). Þar var lögð áhersla á tilraunir alræðisstjórna til að endurskapa mannlega vitund, ráðast inn í mannsálina, svipta fólk aðgangi að eigin sögu og tungu. Sú bók, *Nítján hundruð átíttíu og fjögur*, kom út sem fyrir segir hjá Stuðlabergi, fyrirtæki Geirs Hallgrímssonar og félaga hans. *Félagi Napóleon* hefur verið endurúttefning undir nafninu *Dýrabær* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1985). Er af þeirri útgáfu orwellska saga. Þorsteinn Gylfason, ritstjóri lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags, hafði beðið dr. Arnór Hannibalsson heimspækisprofessor, sem hafði sérstaka þekkingu á alræði (eftir margra ára nám í Rússlandi kommúnismans), að skrifa formála að ritinu, en hafnaði honum, af því að Arnór leyfði sér þar að minnast á Stalínsþjónkun Halldórs Kiljans Laxness. Þá staðreynd átti að þurrka burt. Formáli Arnórs birtist annars staðar, *Dýrabær*: dæmisaga um Sovétríkin, *Frelsið*, 7. árg. 1. hefti (1986), 29.–34. bls. *Nítján hundruð átíttíu og fjögur* hefur komið út í annarri þýð. (Reykjavík: Ugly, 2015). Einnig hafa komið út á ísl. eftir Orwell æviskaldsagan *Í reiðuleysi í París og London* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005), greinasafnið *Stjórnmál og bókmenntir* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009) og nokkrar þýddar greinar aðrar.

Þorvaldur Þórarinnsson ... 13. bls. Hann (1909–1975) var einn af stofnendum kommúnistaflokks Íslands 1930, þá aðeins 21 árs. Eftir lagapróf starfaði hann í tvö ár fyrir bókafrirtækið Heimskringlu, 1938–1940. Hann var kominn vel á veg með að þýða bók e. Arthur Koestler um spænska borgarastríðið, þegar íslenskir sósíalistar hættu við útgáfuna, því að Koestler var ekki lengur kommúnisti. Höfðu tveir kaflar birst í *Rétti*, 22. árg. (1937), 146.–159. bls. og 186.–189. bls., og í *Þjóðviljanum* 30. júní og 1. júlí 1937. Þorvaldur skrifaði ritgerð til varnar sýndarréttarhöldunum yfir Zinovjev og Kamenev í Moskvu, Dómarnir í Moskvu, *Sóvetvínurinn*, 4. árg. 3. tbl. (1936), 6.–7. og 10.–12. bls. Í átökunum um Keflavíkursamninginn 1946 réðst Þorvaldur á Bjarna Benediktsson fyrir framan Sjálfstæðishúsið 22. september. Hann var í framboði fyrir Sósíalístaflokkinn í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1949 og Eyjafjarðarsýslu 1953 og formaður Sósíalístafélags Reykjavíkur 1953–1956. Þorvaldur var einn örfárra íslenskra sósíalista, sem vörðu innrás Rauða hersins í Tékkóslóvakíu 1968, Flutti varnarræðu fyrir ofbeldi Rússa, *Alþýðubladið* 27. ágúst 1968.

söfnuðu sjálfboðaliðar fé ... 13. bls. Sjá upprifjun málsins, Fjáröfnun til að koma Þorvaldi Þórarinssyni austur, *Vísir* 27. ágúst 1968.

í *Þjóðviljanum* var skammast ... 13. bls. Ljóðvinur, Hvers á Tómas Guðmundsson að gjalda? Bæjarpósturinn, *Þjóðviljinn* 13. júní 1950. Kristinn E. Andrésson sagði í greininni Tómas Guðmundsson fimmtugur, *Þjóðviljinn* 6. janúar 1951: „Það er einn af öfuháttum þessara tíma að æskudýrkandinn Tómas Guðmundsson skuli leggja lag sig við hina öldruðu sveit dauðvona stéttar, sem fyrirmunar honum að sjá fram í tímann, þar sem æska heimsins skapar nýja veröld fegurðar og dýrðar, einmitt þá veröld sem Tómas í hjarta sínu þráir.“ Bjarni Benediktsson frá Hofteigi sagði í ritdómi um *Flyótíð helga*, *Þjóðviljinn* 21. janúar 1951: „Tómas vanskilur og misskilur tímann svo kyrfilega [svo], að hann leitar sér lagsmanna og samastaðar í öfugri fylkingu, fylkingu þeirra gömlu og hrumu sem bráðum eru dánir. Skáldskapur hans hlýtur að gjalda fyrir það val.“

Einar Olgeirsson ... 14. bls. Hann (1902–1993) var af fátæku fólki kominn, en naut stuðnings efnaðs frænda, Páls Gíslasonar kaupmanns, til að ganga menntavegin. Hann stundaði

nám í Þýskalandi 1921–1924, en lauk ekki prófi. Hann var fyrst kennari og blaðamaður á Akureyri og í Reykjavík, en helgaði síðan stjórnámum og undirrituðri allt sitt líf, sat á þingi fyrir kommúnistaflokkinn, síðan Sósíalistaflokkinn og loks Alþýðubandalagið 1937–1967 og var formaður Sósíalistaflokksins 1939–1968. Einar hafði mikil tengsl við forystumenn kommúnistaflokka Ráðstjórnarríkjanna, Austur-Þýskalands og Kína og dvaldi langdvölum í Rússlandi og Kína. Einnig gaf hann reglulega sendiherrum Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík leyniskýrslur um stjórnmalaviðhorfið. Þótt skjöl í Moskvu sýni, að Einar fékk mikið fé frá Moskvu, eins og minnst er á í formála, hafði hann þvertekið fyrir það í viðtali við *Dagblaðið* 14. desember 1979. Jón Guðnason sagnfræðingur skráði endurminningar Einars eftir sögn hans sjálfs, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar* (Reykjavík: Mál og menning, 1980) og *Kraftaverk einnar kynslóðar* (Reykjavík: Mál og menning, 1983). Þar er sneitt hjá öllum óþægilegum spurningum. Dóttir Einars, Sólveig, skrifaði einnig bók um hann, *Hugsjónaeld* (Reykjavík: Mál og menning, 2005).

eins og vindsveipur ... 14. bls. Matthías Johannessen, Helgispjall, *Morgunblaðið* 28. mars 1993. Matthías var þá þingfréttaritari *Morgunblaðsins*.

Bjarni Benediktsson frá Hofteigi ... 14. bls. Hann (1922–1976) stundaði nám í bókmenntasögu í Uppsalaháskóla í tvo vetur, en lauk ekki námi. Hann stundaði einnig nám í Dresden haustið 1954, en undi sér þar ekki og hélt heim eftir nokkra mánuði. Bjarni var fastráðinn blaðamaður og bókmenntagagnrýnandi *Þjóðviljans* 1950–1957, en hélt áfram að skrifa um bókmenntir í blaðið til 1960. Hafði hann þá fengið nóg af ráðstjórnarþjónkun þess, sjá m. a. Fáeinir línur til Þjóðviljans, *Friðs þjóð* 11. nóvember 1962. Hann var síðan starfsmaður Menningarsjóðs. Enn fremur þýddi hann leikrit og skáldsögur og gaf út bækurnar *Þorstein Erlingsson* (Reykjavík: Mál og menning, 1958) og *Rómönsku Ameríku* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1966). Eftir hann komu einnig út *Bókmenntageinar* (Reykjavík: Heimskringla, 1971) og fleiri rit smærri.

sprellikar! ... 14. bls. Bjarni Benediktsson frá Hofteigi, Annað bréf um meira ljóð, *Þjóðviljinn* 15. júní 1952. Þótt Steini Steinarr lynti misjafnlega við Tómas, enda áttu skáldin tvö það til að gera gys hvort að öðru, ofbuðu honum þessi skrif og sendi grein til varnar Tómasi í *Þjóðviljann*. Örstutt athugasemd, *Þjóðviljinn* 21. júní 1952.

rédst einnig harkalega ... 14. bls. Fundur íhaldsins í fyrradag óafsakanlegt hneyksli, *Þjóðviljinn* 6. nóvember 1956.

framboðslista ... 14. bls. Jón frá Pálmholti birti þá Opíð bréf til Tómasar Guðmundssonar skálds, *Þjóðviljinn* 25. október 1959. Þar sagði m. a.: „Hvernig getið þér svo sem maður og skáld varið það fyrir sjálfum yður að vinna fyrir flokk, sem berst á móti áframhaldandi mannlífi á jörðinni með ákveðnum stuðningi við hernaðarhugsjón nýlenduvelda, flokk sem hefur alla tíð unnið að því að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari?“

Sögu Borgarattarinnar ... 14. bls. *Borgslegtens historie: roman* (København: Gyldendal, 1915), en áður hafði sagan komið út í fjórum hlutum hjá sama fyrirtæki, *Ormarr Örylgsson* (1912), *Den danske frue paa Hof* (1912), *Gæst den enøjede* (1913), *Den unge ørn* (1914). Á sæ. *Borgsläkten* (Stockholm: Aktiebolaget Ljus, 1915); holl. *Uit de geschiedenis van het geslacht Borg* (Utrecht: H. Honig, 1915–1919); ísl. *Úr ættarsögu Borgarfólksins* (Reykjavík: Bókaverslun Sigurðar Kristjánssonar, 1915–1918); e. *Guest the One-Eyed* (London: Gyldendal, 1920);

þ. *Die Leute auf Borg: Roman* (München: Langen Müller, 1927); p. *Ludzie z Borg: powiesc* (Warszawa: 1930); tékkn. *Rod na Borgu* (V Praze: Nakladatel F. Topic, 1935-1936); n. *Borgslektens historie* (Oslo: Gyldendal, 1939); ungv. *Kopogjatok és Bebecsátást nyertek: regény* (Budapest: 1944); it. *La famiglia di Borg* (Firenze: Sansoni, 1945); græ. *Erkardlerit borgimiut okalugtuarissaunerat: okalugtualiak* (K'ekertarssuak: Kalartdline, 1957); eistn. *Borgi rahvas: romaan* (Toronto: Orto, 1961).

Ströndin ... 14. bls. Á d. *Livets strand* (København: Gyldendal, 1915); ísl. *Ströndin* (Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1917); holl. *'S levens strand* (Utrecht: Honig, 1919); þ. *Strand des Lebens* (Berlin: Universitas, 1929); fi. *Elämän ranta: romaani Islannista* (Porvoo, Helsinki: Söderström, 1929).

Vargur í véum ... 14. bls. Á d. *Varg i veum: roman* (København: Gyldendal, 1916); ísl. *Vargur í véum* (Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1917); holl. *De wolf in het heiligdom* (Utrecht: Honig, 1920); þ. *Der geächtete* (Berlin: Universitas, 1928).

Sælir eru einfaldir ... 14. bls. Á d. *Salige er de enfoldige: roman* (København: Gyldendal, 1920); ísl. *Sælir eru einfaldir: nútímasaga úr Reykjavík* (Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1920); þ. *Der Hass des Pall Einarsson* (Berlin: Gyldendal'scher Verlag, 1921), seinna útg. undir heitinu *Sieben Tage Finsternis*; sæ. *Saliga äro de enfaldiga: roman* (Stockholm: Norstedt & Söner, 1921); fi. *Autuaita ovat yksinkertaiset: romaani* (Porvoo: Söderström, 1921); holl. *Zalig zijn de armen van geest* (Utrecht: Honig, 1923); p. *Siedem dni ciemności: powiesc* (Warszawa: Polskie Towarzystwo Przyjaciół Kisiązki, 1930); e. *Seven days' darkness* (New York: Macmillan, 1930); tékkn. *Sedm dní temnoty: román* (V Praze: Nakladatel F. Topic, 1934); eistn. *Óndsad on lihtsameelsed: romaan* (Toronto: Orto, 1962).

Mér blæddi inn ... 14. bls. Eftirmáli, *Ströndin* (Reykjavík: Landnáma, 1945), 350. bls.

Fjallkirkjunni ... 14. bls. Á d. *Kirken paa bjærget: af Uggi Greipssons optegnelser*, 5. b. (København: Gyldendal, 1923-1928); sæ. (1. hluti) *Från barnaåren: ur Uggi Greipsson anteckningar* (Stockholm: Norstedt & Söner, 1924); holl. (1. hluti) *De jeugd van Uggi Greipsson* (Utrecht: H. Honig, 1925); þ. (2.-4. hluti) *Die Kirche auf dem Berg* (München: Langen, 1928-1931); sæ. (2. hluti) *Skepp på himlen* (Stockholm: Åhlen & Söners Förlag, 1934); e. (1. og 2. hluti) *Ships in the sky, compiled from Uggi Greipsson's notes* (London: Jarrolds, 1938); e. (3. hluti) *The night and the dream* (London: Jarrolds, 1938); ísl. *Kirkjan á fjallinu* (Reykjavík: Landnáma, 1941-1943); fr. (1. og 2. hluti) *Vaisseaux dans le ciel: d'après les notes de Uggi Greipsson* (Paris: Delamain et Boutelleau, 1942); fr. (3. hluti) *La Nuit et le Rêve* (Paris: Éditions Stock, 1944); it. (1. hluti) *Navi sul cielo* (Milano: Bompiani, 1943); sæ. (3.-5. hluti) *Kyrkan på berget* (Stockholm: LT, 1954-1955).

Svartfugl ... 14. bls. Á d. *Svartfugl: roman* (København: Gyldendal, 1929); þ. *Schwarze Schwingen: Roman* (München: Langen Müller, 1930); holl. *Zwarte Vogels* (Arnhem: Van Loghum Slaterus, 1930); sæ. *Svartfågæl* (Stockholm: Norstedt & Söner, 1930); it. *L'uccello nero: romanzo* (Milano: Mondadori, 1936); ísl. *Svartfugl* (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1938); e. *The black cliffs* (Madison WI: University of Wisconsin Press, 1967); p. *Czarne ptaki* (Poznań: Wydawnictwo Poznańskie, 1974); fr. *L'oiseau noir* (Paris: Arléa, 1992).

Adventa ... 14. bls. Á þ. *Advent im Hochgebirge* (Leipzig: Reclam, 1936); d. *Advent* (København: Gyldendal, 1937); holl. *Advent* (Amsterdam: Van Rossum N. V., 1938); tékkn. *Advent* (V Praze: Nakladatelství Kalich, 1938); ísl. *Adventa* (Reykjavík: Heimskringla, 1939); e. *The good shepherd* (New York: Bobbs-Merrill, 1940); sæ. *Advent* (Uddevalla: LT, 1953); fær. *Advent* (Tórshavn: Føroya Lærarafelag, 1975); fr. *Le Berger de l'avent* (Paris: Arléa, 1993); rússn. *Advent: povest o dobrom pastúkhka* (Moskva: Tekst, 2013); n. *Advent* (Oslo: Samlaget, 2016); ít. *Il pastore d'Islanda* (Milano: Iperborea, 2016).

fjárhirði í eftirleit ... 14. bls. Efni sögu Gunnars er sótt í eftirleitarferð, sem Fjalla-Bensi, Benedikt Sigurjónsson (1874–1946), fór á Mývatnsöræfi í desember 1925. Nafn sögunnar á e.. *The Good Shepherd* eða *Góði hirðirinn*, vísar til Jh 10, 11 í Nýja testamentinu: „Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina.“ Þess hefur verið getið til, að Ernest Hemingway (1899–1961) hafi samið söguna um *Gamla manninn og hafði* (*The Old Man and the Sea*, 1952) undir áhrifum frá *Adventu*. Um fyrirmynd söguhetjunnar hefur komið út heimildaskáldsagan *Fjalla-Bensi* (1993) e. Jóhönnu A. Steingrímsdóttur (1920–2002).

Jan Valtin ... 15. bls. Hann hét í raun og veru Richard Krebs (1905–1951), var sjómaður og gerðist ungur flugumaður Kominterns, Alþjóðasambands kommúnista, en var handtekinn í Nasista-Þýskalandi og gerðist þá njósnari leynilögreglu nasista, Gestapo, að ráði kommúnista, en var í raun gagnnjósnari. Honum tókst að flýja til Bandaríkjanna 1938. Segir hann frá ævintýrum sínum í metsölubókinni *Úr álögum* (*Out of the Night*) í þessari ritröð (2015), en útgáfa fyrri hluta hennar á íslensku 1941 (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1941) olli miklum deilum. Sósíalistar skrifuðu nokkra pistla gegn Valtin, Gunnar Benediktsson, Hneyksli í útgáfustarfi, *Nýtt dagblað* 2. ágúst 1941; Halldór Kiljan Laxness, Vondur félagsskapur, *Nýtt dagblað* 31. ágúst 1941; sami, Þjóðstjórnarbilían, *Tímarit Máls og menningar*, 3. árg. 3. hefti (1943), 284.–285. bls. Benjamín Eiríksson, sem dvalist hafði í Ráðstjórnarríkjunum, hélt uppi vörnum fyrir Valtin: Um bókina *Out of the Night*, *Nýtt land* 22. ágúst 1941; Halldór Kiljan og Komintern, *Alþýðublaðið* 15. september 1941. Valtin ljóstráði m. a. upp um það, að íslenskir kommúnistar á skipum Eimskipafélagsins hefði flutt leyniskjöl milli landa, og var það staðfest eftir öðrum heimildum: Þór Whitehead, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934* (1979), 52. bls.

Arthur Koestler ... 15. bls. Ungversk-enski rithöfundurinn Arthur Koestler (1905–1983) varð kommúnisti ungur, en tók af efast í spænska borgarastríðinu, þegar hann varð vitni að yfirgangi kommúnista. Koestler varð heimskunnur af skáldsögunni *Myrkeri um miðjan dag*, sem kom út á ísl. 1947 og verður endurpr. í þessari ritröð. Hún var um Moskvuréttarhöldin illræmdu vorið 1938, þegar andstæðingar Stalíns með Níkolaj Búkharín í broddi fylkingar játuðu á sig hinar fánánlegustu sakir í sýndarréttarhöldum. Margir hafa furðað sig á játningunum. Koestler skýrir þær svo, að þeir hafi sem dyggir bolsévíkar afsalað sér siðferðilegu sjálffræði í hendur flokksins. Allt hafi í augum þeirra verið afstætt nema flokkurinn. Hafi hagsmunir byltingarinnar og flokksins krafist þess, að slíkir menn játuðu á sig hinar ótrúlegustu sakir, þá hafi þeir orðið að gera það. Þessi kenning þarf auðvitað ekki að vera í mótsögn við það, að einhverjir þeirra hafi sætt pyndingum eða ætlað að vernda fjölskyldur sínar með játningunum. Í árslok 1945 lagði *Morgunblaðið* heila *Lesbók* undir kafla úr greinasafni Koestlers, *Skýjaflópnun og flokksjálknun* (*The Yogi and the Commissar*), þar sem ástandinu í Ráðstjórnarríkjunum var lýst eftir bestu fánánlegu heimildum. Var þá skammt í bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík. Arthur Koestler, Trúin á Sovét, *Lesbók Morgunblaðsins* 29.

desember 1945. Íslenskir sósíalistar svöruðu í sérstöku blaði gegn Koestler, *Nýrri menningu*, sem þeir dreifðu um alla Reykjavík, og spöruðu ekki heldur gifuryrðin í *Þjóðviljanum*. Jónas H. Haralz, Hið nýja met Morgunblaðsins í siðlausri blaðamennsku. Falsspámaðurinn Koestler afhjúpaður, *Þjóðviljinn* 6. janúar 1946. Eins og kemur fram í formála, er ritgerð Koestlers endurpr. í þessari ritröð undir heitinu *Ráðstjórnarríkin: Goðsagnir og veruleiki* (2017). Koestler átti síðan kafla í *Guðinum sem brást* 1950, sem einnig er endurpr. í þessari ritröð. Koestler var fyrstu árin eftir stríð í forystu þeirra evrópsku menntamanna, sem börðust gegn kommúnisma. Hann kom til Íslands 1972 til að skrifa um einvígi þeirra Roberts Fischers og Borísar Spasskíjs í skák og sagði þá ýmislegt skemmtilegt um Íslendinga.

Fóstbræðrum ... 15. bls. Á d. *Edbroðre: roman fra Islands landnamstid* (København: Gyldendal, 1918); ísl. *Fóstbræður* (København: Gyldendal, 1919); sæ. *Fosterbrøder: roman från Islands landnamstid* (Stockholm: Bonnier, 1919); e. *The sworn brothers: a tale of the early days of Iceland* (London: Gyldendal, 1920); holl. *De Bondgenooten: roman uit den tijd van IJslands eerste bewoners* (Utrecht: Honig, 1921); fi. *Valaveljet: romaani islannin asuttamisen ajoilta* (Helsingissä: Kustannusosakeyhtiö Otava, 1925); þ. *Die Eidbrüder: roman der ersten Islandsiedler* (München: Deutsche Hausbücherei, 1933); lettn. *Zveresta brali: pirmo Islandiesu romans* (Riga: Avots, 1992); fr. *Frères jurés: roman* (Paris: Fayard, 2000).

Sölku Völku ... 15. bls. *Salka Valka* (København: Hasselbalch, 1934). Hasselbalch gaf út verk Kristmanns Guðmundssonar, en Gyldendal Gunnars Gunnarssonar.

sneri ýmsum skáldverkum Gunnars ... 15. bls. *Kirkjan á fjallinu* (Reykjavík: Landnáma, 1941–1943); *Frá Blindhúsum* (Reykjavík: Landnáma, 1948); *Vikivaki* (Reykjavík: Landnáma, 1948).

báðir sannfærðir um ... 15. bls. Páll Pálsson, Gönguför við fjallsrætur (viðtal við Grím Gunnarsson), *Morgunblaðið* 21. maí 1989.

Ragnar Jónsson í Smára ... 15. bls. Hann (1904–1984) var dugnaðarforkur og menningarfrömuður, sem átti með öðrum smjörlíkisgerðina Smára í Reykjavík og var oft við hana kenndur. Rak hann m. a. bókaútgáfuna Helgafell og gat út samnefnt tímarit. Einnig var hann einn af helstu styrktarmönnum Tónlistarfélags Reykjavíkur og keypti fjölda verka af listmálurum, en gaf þau flest Alþýðusambandi Íslands 1961. Hann kemur mjög við sögu sumra þeirra höfunda, sem eiga ræður í þessu riti, og gaf hann út verk þeirra allra um lengra eða skemmra skeið. Þótt Ragnar væri frjálslýndur húanisti og fylgdi Sjálfstæðisflokknum að málum, var hann einlægur aðdáandi stálnistanna Halldórs Kiljans Laxness og Þórbergs Þórðarsonar, gaf út verk þeirra og hélt þeim mjög fram. Magnús Gunnarsson, viðskiptafræðingur og athafnamaður, skrifaði: „Ragnar Jónsson hefur með lífi sínu sannað, að dugmikill einstaklingur getur lyft grettistaki, sem þjóðin öll nýtur góðs af. Slíkt framtak er verðugt fordæmi okkar, sem yngri erum. Við lifum og hrærumst í stofnana- og styrkjakerfi nútímans. Við verðum daglega vitni að uppgjöf einstaklinganna fyrir kerfinu, þar sem vandanum er ýtt yfir á aðra og athafnaleysi valið fremur en framkvæmdir og barátta.“ Ragnar í Smára, *Eimreiðin*, 80. árg. 1. hefti (1974), 5. bls. Einnig birtist í *Eimreiðinni* 1975 viðtal við Ragnar, sem Magnús, Davíð Oddsson og Hannes H. Gissurarson tóku. Ingólfur Margeirsson sá um útgáfu bókarinnar *Ragnar í Smára* (Reykjavík: Listasafn ASÍ, 1982), og Jón Karl Helgason samdi um hann ritið *Mynd af Ragnari í Smára* (Reykjavík: Bjartur, 2009), aðallega e. bréfum í bréfasafni hans á Lbs. *Afmaliskveðja til Ragnars Jónssonar* kom út 1954 (Reykjavík),

og áttu þar efni m. a. Sigurður Nordal, Kristján Albertsson, Gunnar Gunnarsson, Tómas Guðmundsson, Halldór Kiljan Laxness, Jón Helgason, Kristmann Guðmundsson, Steinn Steinarr, Þórbergur Þórðarson og Páll Ísólffsson.

Heiðaharm ... 15. bls. *Heiðaharmur* (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940); á d. *Brandur paa Bjarg* (København: Gyldendal, 1942); þ. *Brandur auf Bjarg: ein Roman aus Island* (München: Langen-Müller, 1944); holl. *Nacht bedreigt het Noorden* (Amsterdam: Bigot & van Rossum N.V, 1945).

Brimbendu ... 15. bls. *Brimbenda* (Reykjavík: Helgafell, 1954); á d. *Sonate ved havet* (København: Gyldendal, 1955), sæ. *Sonat vid havet* (Stockholm: LT, 1956).

seldust samtals í 120 þúsund ... 15. bls. Almenna bókafélagið (fréttatilkyning), *Morgunblaðið* 5. júní 1980.

Tvær ævisögur Gunnars ... 15. bls. Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf: ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri* [einnig um Þórberg Þórðarson] (Reykjavík: JPV, 2006); Jón Yngvi Jóhannsson, *Landnám: Ævisaga Gunnars Gunnarssonar* (Reykjavík: Mál og menning, 2011).

Stellan Arvidson ... 15. bls. Hann (1902–1997) var ritstjóri hins róttæka tímarits *Clarté* 1924–1927 og 1932–1933 og formaður sænska Rithöfundasambandsins 1950–1965. Hann sat á þingi fyrir jafnaðarmenn 1957–1968, en færðist nær kommúnistum á efri árum og gerðist vinur Ráðstjórnarríkjanna og Austur-Þýskalands. Hann þýddi e. Gunnar Gunnarsson *Gráman* (1964), *Jord* (1967) og *Advent* (1969) og skrifaði bókina *Gunnar Gunnarsson, islänningen* (Stockholm: LT, 1960), sem kom út á ísl., *Gunnar Gunnarsson* (Reykjavík: Landnáma, 1959).

Sigurjón Björnsson ... 15. bls. *Leiðin til skáldskapar: hugleiðingar um upptök og þróun skáldhneigðar Gunnars Gunnarssonar* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1964).

Otto Gelsted ... 15. bls. *Gunnar Gunnarsson* (København: P. Haase & Søn, 1926). Gelsted (1888–1968) varð ungur róttækur, orti ljóð og starfaði á ýmsum dönskum blöðum og tímaritum, síðast blaði kommúnista, *Land og folk*, enda sannfærður kommúnisti.

Maður er nefndur Gunnar ... 15. bls. Þessi þáttur varð frægur, því að Thor leyfði viðmælanda sínum vart að komast að. Thor Vilhjálmsson (1925–2011) var sonur forstjóra Eimskipafélagsins og dóttursonur Thors Jensens útgerðarmanns, en gerðist rithöfundur. Í hópi listamanna, sem þá sem endranær hölluðust margir til vinstri og voru oft auralitlir, galt hann eflaust uppruna síns. Þegar hann gaf úr sína fyrstu bók, vildi Steinn Steinarr ekkert segja um hana nema það, að það væri gaman, að Thors-ættin skyldi vera farin að yrkja. *Líf og list*, 1. árg. (október 1950), 4. bls. Gárungarnir sögðu, að Thor væri eina íslenska skáldið, sem hefði brotist til fátæktar.

faríð á vegum ... 15. bls. Sveinn Skorri Höskuldsson, Ævintýr í Moskvu, *Tímarit Máls og menningar*, 43. árg. 1. og 2. hefti (1982), 217.–235. og 340.–357. bls.

Eftir ræðu Gunnars ... 16. bls. Einræðisvald lamar listina, *Morgunblaðið* 16. nóvember 1954.

Magnús Kjartansson ... 16. bls. Frá þessu hefur Gunnar Gunnarsson auðvitað sagt, *Þjóðviljinn*

16. nóvember 1954. Sbr. einnig Gunnar Gunnarsson harmar ósigur þýsku nasistanna, *Þjóðviljinn* 17. nóvember 1954; Argus, Höfundurinn og verk hans, *Þjóðviljinn* 23. nóvember 1954. Þótt allar séu greinarnar nafnlausar, bera þær augljós höfundareinkenni Magnúsar.

upplestrarferð hans um Þýskaland ... 16. bls. Rækilega er sagt frá henni í Þór Whitehead, *Milli vonar og ótta* (Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995).

Joseph Göbbels ... 16. bls. Hann (1897–1945) var bókmenntafræðingur að mennt, varð áróðursmálaráðherra Þýskalands 1933 og stytta sér aldur í rústum Berlínar í stríðslok. Í Þýskalandsför sinni hitti Gunnar Gunnarsson Göbbels að máli 6. febrúar 1940. Fyrir Gunnari vakti að tala máli Finna, sem honum fundust illa leiknir. Göbbels getur þessa í dagbók sinni: „Skáldið Gunnar Gunnarsson kemur úr heimsókn. Ég les honum pistilinn um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja. Í fyrstu er hann agndofa, og hann reynir að bera í bættifláka, en síðan verður hann að viðurkenna, að ég hafi rétt fyrir mér í höfuðatriðum. Hlutlausu ríkin eru í glæpsamlegum leik við okkur. Þau ættu þó að læra af voveiflegum örlögum annarra ríkja. En því miður læra menn aðeins af eigin þjáningum.“ Elke Fröhlich (ritstj.), *Die Tagebücher von Joseph Goebbels. Sämtliche Fragmente* (München: K. G. Saur, 1987), 1. b., 32.–33. bls. Hér e. Þór Whitehead, *Milli vonar og ótta* (1995), 102. bls.

Adolf Hitler ... 16. bls. Gunnar gekk á fund Hitlers í kanslara höllinni í Berlín 20. mars 1940. Þá var Vetrarstríðinu milli Finna og Rússa nýlokið með ósigri Finna, svo að Gunnar átti þess ekki kost að taka mál þeirra upp, og var samtalið aðallega eintal Hitlers. Sbr. Gunnar Gunnarsson og Hitler, *Morgunblaðið* 5. apríl 1940 (endursögn af frásögnum danskra blaða); Þegnskylduvinnan kenndi þjóðinni samstarf (viðtal við Gunnar Gunnarsson), *Morgunblaðið* 18. apríl 1940. Gunnar sagði við kunningjakonu sína stuttu eftir fundinn: „Hitler er maður flæktur í keðju ímyndaðs valds; þræll örlaga, sem hann hefur sjálfur kallað yfir sig og eiga eftir að koma við hann.“ Hér e. Þór Whitehead, *Milli vonar og ótta* (1995), 113. bls.

Auðvitað er ég ekki nasisti ... 16. bls. Gunnar Gunnarsson–Stellan Arvidsson, Fredsholm, Birkerød, 3. janúar 1939. Bs. Gunnars Gunnarssonar. Lbs.

hann hefði í aðdraganda stríðsins ... 16. bls. Gunnar Gunnarsson–Stellan Arvidsson, Skriðuklaustri 9. júní 1944. Bréf Arvidsons var skrifað í Hudiksvall 28. desember 1943 og hafði verið fimm mánuði á leiðinni. Bs. Gunnars Gunnarssonar, Lbs.

Verner von Heidenstam ... 16. bls. Hann (1859–1940) var sænskur rithöfundur af aðalsættum, sem ólst upp á herragarði fjölskyldu sinnar, ferðaðist ungur víða um Norðurálfuna, en bjó síðan á herragarðinum til æviloka. Mátti um skeið telja hann þjóðskáld Svía. Hann var róttækur í æsku, en gerðist eindreginn andstæðingur kommúnista, eftir að þeir tóku að láta að sér kveða. Hann var eins og Gunnar vinveittur Þjóðverjum án þess að vera nasisti. Hann átti sæti í sænska Lærdómslistafélaginu (Akadémiunni) 1912–1940 og hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1916. Eftir hann hefur komið út á ísl. sögulega skáldsagan *Fölkungatréd* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1956). Magnús Ásgeirsson, Þoroddur Guðmundsson, Freysteinn Gunnarsson og Sigurjón Guðjónsson þýddu e. hann ljóð og smásögur, og er eitt ljóðið um Gunnar á Hlíðarenda.

Norræna ríkið ... 17. bls. Gunnar Gunnarsson, *Det Nordiske rige* (København: Gyldendal, 1927).

óskaði þýska utanríkisráðuneytið ... 17. bls. Sveinn Skorri Höskuldsson, *Gegn straumi aldar, Tímarit Máls og menningar*, 49. árg. 4. hefti (1988), 419. bls.; Þór Whitehead, *Milli vonar og ótta* (1995), 115.–120. bls.

stuttlega að stjórnmalaskoðunum sínum ... 17. bls. Gunnar Gunnarsson–Stellan Arvidsson, *Skrifuklaustri* 6. september 1948. Bs. Gunnars Gunnarssonar, Lbs.

Leiðin til ánaugar ... 17. bls. *The Road to Serfdom* (London: Routledge, 1944). Útdráttur úr bókinni birtist í hinu víðlesna bandaríska tímariti *Reader's Digest* í apríl 1945. Þann útdrátt þýddi Ólafur Björnsson á íslensku, og birtist hann í nokkrum hlutum í *Morgunblaðinu* sumarið 1945. Sló í ritdeilu milli Ólafs og birtist hann í ungs hagfræðings, sem fylgdi þá sósíalísum að málum, Jónasar H. Haralz. Sbr. Hannes H. Gissurarson, Ólafur Björnsson, *Andvari*, 141. árg. (2016), 11.–74. bls. Samband ungra sjálfstæðismanna gaf útdráttinn síðan út í bæklingi árið 1946 með formála e. Jóhann Hafstein.

er fráleitt að líkja saman ... 17. bls. Árni Bergmann skrifar t. d.: „Gunnar Gunnarsson til dæmis, hann var stundum minntur á það í Þjóðviljanum um skeið (kringum 1955) að hann hefði fyrir stríð verið nokkuð svo hallur undir Þýskaland Hitlers - rétt eins og Halldór Laxness var minntur í öðrum blöðum á lof sitt um Stalín í Gerska ævintýrinu og Jóhannes úr Kötlum á kvæði hans um óskalandið Sovét-Ísland.“ „Ofbeldi kommúnista við borgaralega rithöfunda,“ *Tímarit Máls og menningar*, 61. árg. 3. hefti (2000), 66. bls.

Í rauninni er ekki hægt ... 17. bls. Sveinn Skorri Höskuldsson, *Gegn straumi aldar, Tímarit Máls og menningar* (1988), 419. bls. Gunnar sagði þetta við Svein Skorra.

eins og hugsanlegt er ... 17. bls. Sú er m. a. tilgáta Halldórs Guðmundssonar, Hefði Gunnar fengið Nóbélinn ..., *Morgunblaðið* 10. desember 2005. Sbr. einnig Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness: Ævisaga* (Reykjavík: JPV, 2004), en hana má telja hina „opinberu“ ævisögu Laxness, enda rituð með blessun ekkju hans og dætra þeirra tveggja, sem fóru með höfundarrétt að verkum skáldsins.

Stellan Arvidson ... 18. bls. Í bréfi Arvidsons til Lærdómslistafélagsins 27. janúar 1955 sagði m. a.: „Viðhorf Gunnars eru lýðræðisleg og íhaldssöm. Viðhorf Laxness eru lýðræðisleg og róttæk. Gunnarsson er þungri höfundur og djúpsæjari, Laxness kvikari og með fjörugra ímyndunarafli. Saman eru þeir fulltrúar nútíma Íslands með mótsögnum þess og sterkri einingu í skoðun á manneðlinu og hugmyndum.“ Arvidsson sagði einnig: „Óréttlátt væri að veita öðrum þessara miklu rithöfunda verðlaunin og ganga fram hjá hinum.“ Skjalasafn sænska Lærdómslistafélagsins, sem Hannes H. Gissurarson fékk aðgang að með sérstöku leyfi. Fjórir aðilar gerðu tillögu um Laxness einan, prófessor Elias Wessén (sem var félagi í Lærdómslistafélaginu), þeir Sigurður Nordal og Jón Helgason saman, prófessor Sverker Ek og prófessor Steingrímur J. Þorsteinsson. Tveir aðilar gerðu tillögu um Gunnar einan, Henry Olsson og Harry Martinsson (sem báðir voru félagar í Lærdómslistafélaginu).

tillaga meiri hlutans ... 18. bls. Tveir af þremur nefndarmönnum, Anders Österling og Sigfrid Siwertz, lögðu til, að verðlaununum yrði skipt milli Gunnars Gunnarssonar og Halldórs Kiljans Laxness, en Hjalmar Gullberg gerði tillögu um Laxness einan. Tillaga nefndarinnar var afgreidd 22. september og síðan kynnt öðrum félögum í Lærdómslistafélaginu. Í álitsgerð Österlings sagði m. a. um Gunnar: „Við hlið yngri landa síns, Laxness, en nokkuð í skugga

hans telst hann ásamt honum meistari íslenskrar sagnalistar. Þegar hin mörgu verk Gunnars eru rannsökuð á ný, kemur í ljós, að sagnaskáldsögur hans frá fyrri tíð, *Fóstbræður* 1918 og framhald hennar og einnig *Jón Arason* frá 1931, eru merkilegt framlag og fyrsta skipulega tilraun sagnaskálds til að lýsa leið íslensku þjóðarinnar fram til réttarríkis og þjóðarvitundar. Skáldsaga hans, *Kirkjan á fjallinu*, sem ber svip sjálfsvísisögu, er einnig athyglisvert rit, fullt af hráslagalegum raunsaíslysingum og viðkvæmum og áhrifamiklum kvæðskap. Einnig má mæla með ádeiluriti hans, *Sælir eru einfaldir* (sem gerist í spænsku veikinni í Reykjavík), sem vitnisburði um hina ærlegu og sálfræðilegu frásagnarlist hans ásamt hinni ógleymanlegu stuttu frásögn *Adventu*. Það væri ranglæti að verðlauna nú Laxness og ganga fram hjá eldri starfsbróður hans, Gunnari Gunnarssyni, á meðan hann er enn í fullu fjöri, og því frekar sem verk Gunnars geyma í meira mæli í sér þá mannúðarstefnu, sem venjan er að svípast um hjá viðtakendum verðlaunanna.“ Skjalasafn sænska Lærdómslistafélagsins.

skrifaði hann félagi ... 18. bls. Jón Helgason–Elias Wessén, Khöfn 14. október 1955. Bs. Eliasar Wesséns. Stiftsbiblioteket í Linköping. Jón hefur eflaust frétt af hugmyndinni frá Sigurði Nordal, en honum hafði Elias Wessén skrifað bréf í trúnaði 23. september 1955 til að spyrjast fyrir um, hvernig því yrði tekið á Íslandi, yrði verðlaununum skipt á milli þeirra Gunnars Gunnarssonar og Laxness. Bs. Sigurðar Nordals. Lbs.

mælti Sigurður Nordal ... 18. bls. Sigurður Nordal–Elias Wessén 29. október (en það gæti verið misritun fyrir 29. september). Bs. Eliasar Wesséns. Stiftsbiblioteket í Linköping.

Jón Helgason skrifaði þá ... 18. bls. Jón Helgason–Ragnar Jónsson í Smára, Khöfn 2. nóvember 1955. Bs. Ragnar Jónssonar. Lbs.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi skrifaði ... 18. bls. Davíð Stefánsson–Anna Ostermann 2. nóvember 1955. Héraðsskjalasafnið á Akureyri, G-206/3. Hér e. Friðrik Ólgeirssyni, *Snert hörpu mína* (Reykjavík: JPV, 2007), 392. bls. Davíð á líklega við þá Sigurð Nordal og Steingrím J. Þorsteinsson, þótt báðir væru góðir vinir hans.

fékk í trúnaði ... 18. bls. Gunnar Gunnarsson–Stellan Arvidson, Dyngjuvegi 8, 8. desember 1955. Bs. Gunnars Gunnarssonar, Lbs. Gunnar sagði m. a. í bréfinu: „Fornylig fik han [Ragnar Jónsson í Smára] et Brev fra Prof. Jón Helgason, en af HKL's mest edderspændte [æstustu] Ærindsvende, som ønskede ham tillykke med Prisen til HKL, men tilføjede: „for du er vel ikke en af dem, som heller havde set den var gaaet til en dansk Forfatter?““ Hefur Ragnar eflaust sýnt Gunnari bréfið.

lausaleiks barn ... 19. bls. Aldrei soltið erlendis, en ...: Samtal við Kristmann Guðmundsson rithöfund, *Vikan*, 2. árg. 31. tbl. (1939), 11. bls.

á Landsbókasafninu ... 19. bls. K[ristján] G[uðlaugsson], Fertugur í dag: Kristmann Guðmundsson, *Vísir* 23. október 1942. Kristmann varð að vísu fertugur ári áður.

Hagalín þætti stundum nóg um ... 19. bls. Guðmundur G. Hagalín–Sigurður Nordal, Voss 3. febrúar 1925. Bs. Sigurðar Nordals. Lbs.

Brúðarkyrtillinn ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 1. b. Hér í formálanum eru aðeins nefndar þær skáldsögur Kristmanns, sem hann valdi sjálfur þar til endurprentunar. Á n. *Brudekjolen*:

roman fra Island (Oslo: Aschehoug, 1927); ísl. *Brúðarkjöllinn* (Reykjavík: Ólafur Erlingsson, 1933); þ. *Das Brautkleid: Roman aus Island* (Berlin: Büchergilde Gutenberg, 1930); e. *The Bridal Gown: a Novel of Iceland* (New York: Cosmopolitan Book Corporation, 1931); d. *Brudekjolen* (København: Hasselbalch, 1932); holl. *De Bruidsjapon* (Utrecht: A. W. Bruna & Zoon, 1933, en síðar var gerð önnur holl. þýðing); kínv. *Chen yang li fu* (Shanghai: Commercial Press, 1936); fi. *Morsiuspuku: romaani Islannista* (Porvoo: Söderström, 1958).

Ármann og Vildís ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 3. b. Á n. *Armann og Vildis: roman* (Oslo: Aschehoug, 1928); sæ. *Armann och Vildis* (Stockholm: Holger Schildt, 1937); ísl. *Ármann og Vildís* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1963); d. *Ild og aske* (København: Grevas forlag, 1975).

Morgunn lífsins ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 2. b. Á n. *Livets morgen: Roman* (Oslo: Aschehoug, 1929); d. *Livets morgen* (København: Hasselbalch, 1931); holl. *Levensmorgun* (Haarlem: H. D. Tjeenk Willink & Zoon, 1931); ísl. *Morgunn lífsins: Katanesfólkið* (Akureyri: Ólafur Erlingsson, 1932); sæ. *Livets morgon* (Stockholm: Holger Schildt, 1934); þ. *Morgen des Lebens: Roman* (Berlin: Volksverband der Bücherfreunde, Wegweiser-Verlag, 1934); fi. *Myrskyn mentyä* (Porvoo, Helsinki: Söderström, 1934); e. *Morning of Life* (New York: Doubleday, Doran & Co., 1936); tékkn. *Jitro zivota* (Praha: Sfinx, Bohumil Janda, 1936); lettn. *Dzives rīts: romans* (Riga: Gramatu draugs, 1939); slóvak. *Ráno zivota* (Bratislava: Spolocnost priateľov klasických kníh, 1943); sp. *La mañana de la vida* (Barcelona: Luis de Caralt, 1945); ít. *E la vita continua* (Lugano: Ghilda del libro, 1946); slóven. *Jutro življenja* (V Ljubljani: Slovenski knjižni zavod, 1954); serb. *Jutro zivota* (Sarajevo: Narodna prosvjeta, 1958); eistn. *Elu hommik: romaan* (Toronto: Ortoprint, 1958); fær. *Livsins morgun* (Gøta: Hans Thomsen og forlagið estra, 1977), rúm. *Khorata ot Islandija* (Sofija: D. Madzjarov, án árt.)

Arfur kynslóðanna ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 2. b. Upphafll. heiti á n. *Sigmar* (Oslo: Aschehoug, 1930); d. *Den store kamp* (København: Hasselbalch, 1933); ít. *L'amore di Sigmar* (Milano: Mondadori, 1939); holl. *Sigmar* (Antwerpen: Bij de boekengilde Die Poorte, 1943); sp. *Sigmar* (Barcelona: Luis de Caralt, 1946).

Ströndin blá ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 3. b. Á n. *Den blå kyst: roman* (Oslo: Aschehoug, 1931); þ. *Die blaue Küste: Roman aus Island* (Zürich: Büchergilde Gutenberg, 1933); d. *Den blaa kyst* (København: Hasselbalch, 1935); sæ. *Den blå kysten* (Stockholm: Holger Schildt, 1935); fi. *Kaukainen ranta* (Porvoo, Helsinki: Söderström, 1935); tékkn. *Modré pobrezi* (V Praze: Nakladatel F. Topic, 1935); fær. *Ströndin bláa: skaldsoga* (Tórshavn: H. N. Jacobsens bókahandil, 1937); holl. *De blauwe kust* (Utrecht: A.W. Bruna & zoon, 1938); ísl. *Ströndin blá* (Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1940); fr. *Rive bleue: roman* (Lausanne: Guilde du livre, 1944); ungv. *A kék part: regény* (Budapest: Kaldor György, 1948); serbn. *Plava obala* (Beograd: Novo pokolenje, 1951); slóven. *Sinja obala: roman z Islanda* (Ljubljana: Drzavna založba Slovenije, 1961); mak. *Siniot breg* (Skopje: Kotsjo Ratsiu, 1963); slóvak. *Belasé pobrezie* (Bratislava: Slóvenský spisovateľ, 1966).

Fjallið helga ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 4. b. Á n. *Det hellige fjell* (Oslo: Aschehoug, 1932); þ. *Das neue Land: Roman* (Berlin: Deutsche Buch-Gemeinschaft, 1936); fi. *Pyhä tunturi: Romaani* (Porvoo, Helsinki: Söderström, 1938); holl. *Het nieuwe land* ('s Gravenhage: De Kern, 1939); sæ. *Det heliga fjället: roman* (Stockholm: Wahlström & Widstrand, 1940); tékkn. *Svatá skála* (Praha: Ferdinand Holas, 1946); ísl. *Helgafell* (Reykjavík: Helgafell, 1951).

Góugróður ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 5. b. Á n. *Den første vår: roman* (Oslo: Aschehoug, 1933); d. *Den første vaar* (København: Hasselbalch, 1934); þ. *Vorfrühling* (München: Piper, 1935); ísl. *Góugróður* (Reykjavík: Helgafell, 1947); tékkn. *Predjari* (Prag, 1947); holl. *De eerste lente* (Utrecht: A.W. Bruna & zoon, 1935).

Kristmann skrifar norsku ... 19. bls. Rithöfundamótið í Osló: Viðtal við H. K. Laxness, *Alþýðublaðið* 12. júlí 1930.

Gyðjunn og *nautinu* ... 19. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978. Kristmann kallaði söguna upphafi. *Gyðjuna og uxann* (Reykjavík: Ólafur Erlingsson, 1937); n. *Gudinnan og oxen* (Oslo: Aschehoug, 1938); d. *Gudinden og Oksen* (København: Hasselbalch, 1939); e. *Winged Citadel* (New York: H. Holt, 1940); sæ. *Gudinnan och tjuren* (Stockholm: Wahlström & Widstrand, 1942); tékkn. *Bohyně a Byk* (Praha: Plzákovo, 1943).

umsvifalaust bönnuð ... 19. bls. Hitler lætur banna bók Kristmanns: Gyðjan og uxinn, *Morgunblaðið* 15. júlí 1939.

Nátttröll glottir ... 20. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 5. b. Á ísl. *Nátttröll* glottir (Reykjavík: Vöðvísingur, 1943); d. *Under Troldfjeldet* (København: Hasselbalch, 1946).

Pokuna rauðu ... 20. bls. Pr. í *Skáldverkum* 1978, 7. b. Frumútg. á ísl. *Pokan rauða*, 1.–2. b. (Reykjavík: Helgafell, 1950, og Borgarútgáfan, 1952).

gerði tímaritið *Eimreiðin* skoðanakönnun ... 20. bls. Skoðanakönnun Eimreiðarinnar 1948–1949, *Eimreiðin*, 55. árg. 4. hefti (1949), 259. bls.

fjórlega skrifuð ... 20. bls. Kristján Karlsson, Um nýjar bækur, *Nýtt Helgafell*, 1. árg. 4. hefti (1956), 201.–202. bls.

endurminningar í fjórum bindum ... 20. bls. Bókfellsútgáfan í Reykjavík gaf út öll bindin.

Vinstri sinnaðir menntamenn ... 20. bls. M. a. Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“: skyggst um í sjálfævisögu Kristmanns Guðmundssonar, *Skírnir*, 186. árg. 2. hefti (2012), 396.–404. bls. Örn Ólafsson bókmenntaskýrandi mótmælti því, sem hann taldi ósanngirni í garð Kristmanns, Kristmann í Skírni, *Morgunblaðið* 13. júlí 2013.

eftir því sem heimildir herma ... 20. bls. Sögn Þórs Whiteheads og Sigurjóns Magnússonar, en íbúar í Hveragerði sögðu þeim hvorum um sig, að bréfberi þar í bæ hefði verið kommúnisti og iðulega fleygt sendingum til Kristmanns.

Laxness sakaði póstin ... 20. bls. Halldór Kiljan Laxness-Póststofan í Reykjavík 23. júní 1948; Póststofan í Reykjavík 26. júní 1948. Bréf í vörslu fyrrv. starfsmanns Póststofunnar. Hannes H. Gissurarson, *Laxness* (2005), 14.–15. bls.

yfirliti frá 1971 ... 20. bls. M. Mitchell, Íslenskar bókmenntir erlendis, *Skírnir*, 145. árg. (1971), 155. bls.

sagði hann við Brynjólf ... 21. bls. Viðtal við Brynjólf Bjarnason (alnafna kommúnistaforingjans, en ekki skoðanabróður) 3. október 2018.

Ólafur vildi ekki hlýða boði heilbrigðisyfirvalda ... 21. bls. Hinn erlendi gestur Ólafs var Nathan Friedmann, fōðurlaus fimmtán ára piltur af gyðingaættum, sem Ólafur hafði tekið með sér frá Moskvu og ætlaði að veita skjól og vinnu á Íslandi. Friedmann greindist fljótlega eftir komuna til landsins með egypska augnveiki (trachoma), sem smitast við beina eða óbeina snertingu og veldur án lækni meðferðar varanlegri blindu. Þar eð engin tōk voru á að veita þá meðferð hér á landi, lögðu lēknar til, að hann væri sendur úr landi, enda var þeim í fersku minni spænska veikin 1918, jafnframt því sem þrōngbýlt var í Reykjavík. Eftir að Friedmann var tekinn með valdi af Ólafi og sendur úr landi, fékk hann lækningu meins síns í Danmōrku. Hann fór síðan til ættfólks í Sviss og Frakklandi, en þar bjō móðir hans. Hann kom í heimsókn til Íslands 1931, en samdi hvorki við Ólaf né konu hans, en þau voru þá skilin. Ráku þau hann frá sér. Hann lést á sóttarsæng 1938. Frásagnir íslenskra kommúnista og sósíalista um „dregsmálið“ bera keim af goðsögnum um ofsóknir og píslarvætti, sbr. Hendrik S. Ottósson, *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1948). Pétur Pétursson útvarpsþulur safnaði ásamt Haraldi Jóhannssyni saman skjölum um málið, *Réttvísín gegn Ólafi Friðrikssyni* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1986). Þar kom fram staðreyndin um lát Friedmanns 1938, en engu að síður skrifaði Pétur Gunnarsson 21 ári síðar: „Að vísu má segja, að harmleikurinn hafi beðið handan við hornið, því Nathan, sem var gyðingur og hafði sest að í Frakklandi, hvarf sporlaust við innrás Þjóðverja í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari — og hefur nær örugglega liðið upp um skorsteininn í einhverjum útrýmingarbúðum nasista.“ *Í fátækarlandi: Þroskasaga Þórbergs Þórðarsonar* (Reykjavík: JPV, 2007), 128. bls.

Freuds ... 21. bls. Sigmund Freud (1856–1939) var austurrískur geðlēknir af gyðingaættum, sem taldi, að maðurinn væri aðallega knúinn áfram af kynhvötinni. Mætti rekja margvíslegar geðtruflanir til áfalla og erfiðleika í bernsku. Freud hefur þō haft meiri áhrif á bókmenntaskýringar en sálfræði. Á ísl. hafa m. a. komið út e. hann í þýð. Sigurjōns Björnssonar sálfræðiprófessors bækurnar *Undir oki síðmenningar* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990); *Blekking trúarinnar* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1993); *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, I.–III. hluti (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995–1996); *Njir inngangsfyrirlestrar um sálkönnun* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997); *Ritgerðir* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002); *Listir og listamenn* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004); *Draumaráðningar* (Reykjavík: Skrudda, 2010). Í áður nefndu riti um Gunnar Gunnarsson reynir Sigurjōn Björnsson að skýra skáldsagnagerð hans í anda Freuds, m. a. með móðurmissi.

Marx ... 21. bls. Karl M. (1818–1883) var þýskur heimspekingur af gyðingaættum, sem gerðist sameignarsinni og stofnaði ásamt öðrum Alþjóðasamband verkamanna (kallað 1. Alþjóðasambandið, en 2. Alþjóðasambandið stofnuðu jafnaðarmenn síðar og hið 3. var kommúnista, Komintern, 1919–1943, sem fyrr segir). Marx var útlagi í Lundúnum síðari hluta ævinnar, og sá efnaður samstarfsmaður hans og vinur, Friedrich Engels (1820–1895), þá um að halda honum uppi. Áhrifamesta rit hans, sem hann samdi með Engels, er *Kommúnistaávarpið* 1848 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007; 3. útg.). Þar héldu þeir því fram, að öll saga mannkynsins væri saga um stéttabaráttu, en öreigabylting undir forystu kommúnista væri óhjákvæmileg, enda væru öreigarnir sífellt að verða fátækari. Marx dró ekki dul á, að hann væri reiðubúinn að beita ofbeldi í þágu hinnar sögulegu nauðsynjar,

gerðist þess þörf. Hann skrifaði 1848 í *Nýja Rímarblaðið*, að nú væri fólk óðum að sannfærost um, að aðeins dygði eitt ráð til að stytta blóðugar fæðingarhríðir nýs skipulags, „ógnarstjórn byltingarinnar“ (revolutionäre[r] Terrorismus). Sieg der Kontrerevolution zu Wien, *Neue Rheinische Zeitung* 7. nóvember 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 457. bls. *Úrvalsvrit* Marx og Engels komu út á íslensku í tveimur bindum (Reykjavík: Heimskringla, 1968). Bókin var prentuð í Austur-Þýskalandi, og sá Svavar Gestsson, sem þar var við nám í flokksskóla kommúnista, um prófarkalestur.

Ólafur hætti að heimsækja hann ... 21. bls. Kristmann Guðmundsson, *Loginn hvíti* (Reykjavík: Bókfellisútgáfan, 1961), 154. bls.

Þegja Kristmann í hel ... 21. bls. Hannes Sigfússon, Félagi kona, *Morgunblaðið* 28. desember 1947. Steinn Steinarr skrifaði síðan rættinn og umtalaðan dóm um skáldsögu Kristmanns, *Félaga konu* (Reykjavík: Helgafell, 1947) í *Þjóðviljann* 15. janúar 1948. Síðar kvað Kristmann Stein hafa gert sér ferð heim til sín í því skyni að segja sér, að hann hefði verið gabbaður til að skrifa dóminn, enda hefði hann þá verið drukinn. Staðfesti Geir Gunnarsson ritstjóri, sem var með Steini í för, að hann hefði beðið Kristmann afsökunar.

Mér er til efs ... 22. bls. Örn Ólafsson, Kristmann í Skírni, *Morgunblaðið* 13. júlí 2013.

Ég var alinn upp á vinstri sinnuðu ... 22. bls. Óttar Guðmundsson, Kristmann, *Fréttablaðið* 3. mars 2018.

haldinn „ofsóknarbrjálæði“ ... 22. bls. „Frábærar ræður“ á Heimdallarfundum, *Þjóðviljinn* 13. maí 1955.

Ég er jafnaðarmaður ... 22. bls. M[atthías Johannessen], Maður á að vera sterkur eins og naut — sagði Kristmann í Naustinu, *Morgunblaðið* 1. nóvember 1959.

ráðast harkalega á Kristmann ... 22. bls. Thor Vilhjálmsson, Syrpa, *Birtingur*, 9. árg. 1. tbl. (1963), 35. bls. Thor skrifaði m. a.: „Það er óafmáanleg svívirðing frá hendi stjórnmalámana í garð íslenskrar menningar að láta mann einsog Kristmann Guðmundsson hafa hæstu listamannaau. Það jafngildir því að hrækja í andlitid á hverjum einasta raunverulegum listamanni þessa lands og spræna yfir alla þjóðina.“ Enn sagði Thor: „Margir lítisglídir menn hafa dafnað í skjóli Bjarna Benediktssonar, og hætt við að enn fleiri dusilmenni eigi það eftir, þessa litla volduga manns sem kann að tepla marga leiki fram fyrir sig.“ Tveimur árum áður hafði Hannes Pétursson einnig reynt opinberlega að gera lítið úr Kristmanni, Vettvangur, *Morgunblaðið* 31. október 1961, skömmu eftir sextugsafmæli Kristmanns. Spratt af því ritdeila milli Hannesar og Gunnars Dal, vinar Kristmanns. En svæsnustu árásina á Kristmann gerði maður undir dulnefninu „Jón Reykvikingur“ í *Mánudagsblaðið* 25. september 1961. Á bak við það dulnefni leyndist Einar Ásmundsson, lögfræðingur og um skeið ritstjóri *Morgunblaðsins*, en hann var Kristmanni reiður fyrir neikvæðan ritdóm í *Morgunblaðinu* 22. júní 1961 um ljóðabók eftir sig, *Fjúkandi lauf* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1961).

Sigurjón Magnússon ... 22. bls. *Borgir og eyðimerkur: skáldsaga um Kristmann Guðmundsson* (Reykjavík: Bjartur, 2003). Sonur Thors Vilhjálmssonar, Guðmundur Andri, sem var miðsvæðis í íslensku menningarlífi sem útgáfustjóri, ritstjóri *Tímarits Máls og menningar* og fastur dálkahöfundur í dagblaði fésýslumannsins Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, tók upp

þykkjuna fyrir föður sinn: Undarleg lögsókn, *Fréttablaðið* 10. október 2005. Spunnust af deilur: Sigurjón Magnússon, Hundurinn og Guðmundur Andri, *Fréttablaðið* 14. október 2005; Guðmundur Andri Thorsson, Tilkall til píslarvættis, *Fréttablaðið* 20. október 2005; Sigurjón Magnússon, Guðmundur Andri og Ódipusarduldin, *Fréttablaðið* 25. október 2005.

Sigurbjörn Sveinsson rithöfundur ... 23. bls. Halldór Laxness, *Í túninu heima* (Reykjavík: Helgafell, 1975), 154.–155. bls. Sbr. Hannes Sigfússon, *Framhaldslíf förumanns* (Reykjavík: Íðunn, 1985), 34. bls. Sigurbjörn (1878–1950) var barnakennari og sálmaskáld.

Þegar ég, titrandi frá hvirfli til ilja, ... 23. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Hrævareldar og himinljómi* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1978), 249. bls.

Guði að treysta ... 23. bls. Jónas Hallgrímsson, Séra Þorsteinn Helgason, *Fjöltnir*, 6. árg. (1843), 22.–23. bls. Ort 1841.

Veður öll válynd ... 23. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Veður öll válynd* (Reykjavík: án útg., 1925); á holl. *Stormen* (Amsterdam: Swets & Zeitlinger, 1933).

gaf hann út fjölda rita ... 23. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Guð og lukkan* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1929); *Einn af postulunum* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1935); *Kristrún í Hamravík* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1933); *Sturla í Vogum* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1938).

Ólafur Thors ... 24. bls. Hann (1892–1964) var sonur ríkasta manns landsins, Thors Jensens úrgerðarmanns, og sjálfur lengi einn af forstjórum ættarfirmarkisins, Kveldúlfs. Hann var formaður Sjálfstæðisflokksins 1934–1961, dómsmálaráðherra í nokkra mánuði 1932 og atvinnumálaráðherra 1939–1942, forsætisráðherra frá vori og fram á haust 1942 og 1944–1947 og 1949–1950, sjávarútvegs- og iðnaðarráðherra 1950–1953, en síðan forsætisráðherra 1953–1956 og 1959–1963. Þótt honum semdi betur við kommúnista og vinstri sósíalista en mörgum flokkssystkinum hans, vönduðu þeir honum oft ekki kveðjur. Eftir að hann gerði Keflavíkursamninginn við Bandaríkin 1946 (en með honum var líklega girt fyrir valdarán kommúnista á Íslandi, þar eð Bandaríkjaher fékk lendingarréttindi á Keflavíkurlflugvelli), skrifaði Halldór K. Laxness, að hann og þeir þingmenn aðrir, sem samþykktu samninginn, væru „kvislíngar“ og ekkert eðlilegt samband hugsanlegt við þá: „Hvort þeir hafa afhent útlendingum Ísland til sjö hundruð ára eða hálf sjuunda árs, þá er verknáður þeirra í eðli sínu samur, þeir eru föðurlandssvikarar, saurugir og ósnertanlegir, alt samneyti okkar við þá verður kvöl.“ Baráttan sem nú er hafin, ræða á rússneska byltingarafmálinu í lðnó 7. nóvember 1946, *Þjóðviljinn* 8. nóvember. Eins og bent er á í formála, á forsætisráðherrann í *Atómstöðinni* (Reykjavík: Helgafell, 1948) að vera Ólafur. Matthías Johannessen samdi ævisögu hans, *Ólafur Thors: Ævi og störf*, I.–II. b. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1981). Guðmundur Magnússon skrifaði um ætt hans, *Thorsararnir: Auður - Völd - Örlög* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005).

opinberlega lokið lofsorði ... 24. bls. Í *Morgunblaðinu* 11. desember 1938 er frétt um bókina, þar sem vitnað er í útvarpsræðu Ólafs Thors 1. desember. Þar segir m. a.: „Í hinni meistaralegu skáldsögu Guðmundar Hagalín, Sturla í Vogum, er Íslendingum opnuð lind, sem þeim er hollt að bergja af, sem fyrst og sem mest. Þar streymir fram hinn sanni og ómengaði fullveldismjóður.“ Meðal þeirra, sem tóku undir lofið um bókina, voru Gunnar Gunnarsson

rithöfundur, Magnús Magnússon ritstjóri, Alexander Jóhannesson prófessor, Sigurður Einarsson dósent og Guðmundur Finnbogason landsbókavörður.

Virkir dagar ... 24. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Virkir dagar: saga Sæmundar Sæmundssonar skipstjóra, skráð eftir sögn hans sjálfs*, I.–II. b. (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1936–1938). Almenna bókafélagið gaf verkið út aftur 1980.

Saga Eldeyjar-Hjalta ... 24. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Saga Eldeyjar-Hjalta: skráð eftir sögn hans sjálfs*, I.–II. b. (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1939). Almenna bókafélagið gaf verkið út aftur 1974.

Þetta er sönn og skýr ... 24. bls. Sigurður Nordal, formáli, *Saga Eldeyjar-Hjalta* (1939), 5. bls.

sjálfsævisögu í níu bindum ... 24. bls. Almenna bókafélagið gaf út þrjú síðustu bindin og aftur út fyrstu sex bindin í sjálfsævisögunni, árið 1978 *Ég veit ekki betur, Sjö voru sólar á lofti, Ilmur liðinna daga, Hér er kominn Hoffinn og Hrævareldar og himinlogar* og árið 1980 *Filabeinshöllina*. Bókfellsútgáfan hafði áður gefið út fyrstu fimm bindin og Norðri hið sjötta.

ævisögu Haraldar Böðvarssonar ... 24. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Í fararbroddi. Ævisaga Haralds Böðvarssonar, skráð eftir sögn hans sjálfs og fleiri heimildum*, I.–II. b. (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1964–1965).

Márus á Valshamri og meistara Jón ... 24. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Márus á Valshamri og meistari Jón. Skáldsaga* (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1967). Á n. *Márus på Valshamar og meister Jón* (fjölrit, 1968).

Íslendingur sögufróði ... 24. bls. *Íslendingur sögufróði: úrval úr ritverkum Guðmundar Gíslasonar Hagalíns* (Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1968). Sjálfur valdi Hagalín kafla úr *Gröðri og sandfoki* í bókina. Á meðal annarra, sem völdu efni, voru Eiríkur Hreinn Finnbogason, Indriði G. Þorsteinsson, Jónas Árnason, Matthías Jóhannessen, séra Sigurbjörn Einarsson, Sigurður Nordal, Steingrímur J. Þorsteinsson og Tómas Guðmundsson.

Vilmundur Jónsson ... 24. bls. Hann (1889–1972) var læknir og alþingismaður Alþýðuflokksins 1931–1934 og 1937–1941. Jónas Jónsson frá Hriflu skipaði hann landlækni 1931 og tók hann þá fram fyrir marga reyndari lækna. Gegndi hann embættinu til 1959. Hann beitti sér í embætti fyrir ófrjösemissaðgerðum á konum, sem ekki voru taldar líklegar til að geta alið börn upp sómasamlega. Unnur Birna Karlsdóttir, „Vönum andlegra fátáðlinga ...“ *Saga*, 43. árg. 2. hefti (2005), 7.–46. bls. Vilmundur hafði á stríðsárunum forgöngu um aðgerðir gegn stúlkum, sem lögðu lag sitt við hermenn, og var þeim sumum komið fyrir gegn vilja sínum og vistheimilum í sveit. Þór Whitehead, Ástandið og yfirvöldin, *Skírnir*, 51. árg. 2. hefti (2013), 92.–142. bls. Enn fremur var Vilmundur eindreginn stuðningsmaður áfengisbanns. Hann þýddi tvær lofgerðir um Ráðstjórnarríki Stalíns, *Brotið land* e. Maurice Hindus (Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1930) og *Æfintýrið um ætlinina miklu* e. M. Ílín [Ílja Marsjak] (Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1932). Hann samdi ásamt Lárusi Blöndal *Lækna á Íslandi* (Reykjavík: Sögufélag, 1944). Þegar ritið var endurskoðað, vildu þeir Vilmundur fá upplýsingar um kynforeldra ættleiddra barna lækna, en sumir læknar vildu ekki veita þær. Öflunni ritstjórnarnir þá upplýsinganna frá Hagstofunni og hugðust birta í verkinu. Eftir árangurslausar viðræður lögðu sex læknar lögbann á útgáfunna,

sem Hæstiréttur staðfesti með skírskotun til þagnarverndar einkalífs. Birtu þeir Vilmundur þá eyður, þar sem kynforeldra kjörbarna hefði ella verið getið, *Læknar á Íslandi*, I.–II. b. (Reykjavík: Læknafélag Íslands og Ísafoldarprentsmiðja, 1970). Mesta ritverk Vilmundar er *Lækningar og saga: Tíu ritgerðir* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1969). Að honum látnum kom út *Með hug og orði: af blöðum Vilmundar Jónssonar landlæknis*, I.–II. b. (Reykjavík: Þúnn, 1985).

Ijótt með hann Jón Auðun ... 24. bls. Sbr. Gunnar M. Magnúss, *Satt og ýkt*, II. b. (Reykjavík: Prenttrún-Leiftur, 1970), 91. bls. Jón Auðunn Jónsson (1878–1953) útgerðarmaður var þingmaður Heimastjórnarflokksins, síðar Íhaldsflokksins og loks Sjálfstæðisflokksins 1919–1933 og 1934–1937. Hann var faðir Auðar Auðuns, fyrsta íslenska kvenlögfræðingsins og kvenráðherrans.

Brynjólfur Bjarnason ... 25. bls. Hann (1898–1989) var af fátæku fólki kominn, en naut stuðnings efnads vinafólks móður sinnar til að ganga menntavegin, Eldeyjar-Hjalta Jónssonar og fjölskyldu hans. Brynjólfur stundaði nám í Danmörku og Þýskalandi 1918–1924, en lauk ekki prófi. Hann vann fyrir sér með kennslu og blaðamennsku, uns hann gerðist stjórnmalamaður í fullu starfi. Hann var formaður kommúnistaflokksins alla hans tíð, frá 1930 til 1938, og þingmaður hans og Sósíalístaflokksins 1937–1956. Brynjólfur var menntamálaráðherra 1944–1947. Þeir Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, voru samstúdentar. Þegar Brynjólfi var boðið í þrjátíu ára stúdentsfagnað 1948, afþakkaði hann með þeim rökum, að hann gæti ekki setið veislur með mönnum, sem hann teldi verðskulda að vera teknir af lífi, og átti við Stefán Jóhann. Sögn Pálma Hannessonar. Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (2011), 226. bls. Einar Ólafsson færði í letur viðtöl við hann, *Brynjólfur Bjarnason: Pólitísk evisaga* (Reykjavík: Mál og menning, 1989). Einnig hefur komið út greinasafn e. hann, *Með storminn í fangid*, 1.–3. b. (Reykjavík: Mál og menning, 1973–1982). Sjónvarpið flutti 1976 viðtalsþáttinn Maður er nefndur Brynjólfur Bjarnason, og ræddi þar séra Emil Björnsson fréttastjóri við hann.

Magnús Jónsson prófessor ... 25. bls. Hann (1887–1958) var dósent og síðar prófessor í guðfræði og alþingismaður 1921–1946, fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1929. Hann var atvinnu- og viðskiptamálaráðherra 1942. Helstu ritverk hans voru *Páll postuli og frumkristnin um daga hans* (Reykjavík: án útg., 1928) og *Hallgrímur Pétursson. Æfi hans og starf*, I.–II. b. (Reykjavík: Leiftur, 1947). Hann var bróðir Þorsteins Jónssonar rithöfundar (Þóris Bergssonar).

Gróðri og sandfoki ... 25. bls. Guðmundur G. Hagalín, *Gróður og sandfok* (Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1943).

Teodoras Bieliackinas ... 25. bls. Hann (1907–1947) fæddist í Pétursborg í Rússaveldi, en fjölskylda hans fluttist til Litáens eftir byltingu bolsévika 1917. Hann hafði numið lög, en var áhugamaður um erlend mál, kom fyrst til Íslands 1934, en innritaðist í Háskóla Íslands 1936. Hann lauk BA-prófi í íslensku 1945. Faðir hans Simonas, sem var efnaður lögfræðingur, var myrtur í Auschwitz 1945. Halldór Kiljan Laxness sótti rússneskutíma hjá Bieliackinas og sagði í minningargrein um hann, að hann hefði sagt sér margt um undirokun Eystrasaltslanda. Ekki hafði það þó nein áhrif á rússneskunemann. Nokkur orð um Teodoras Bieliackinas, *Þjóðviljinn* 25. febrúar 1947. Bieliackinas lést langt um aldur fram úr nyrnameini. Hagalín skrifaði eftir hann, Í minningu látins féлага, *Alþýðublaðið* 26. febrúar 1947. Greinar Bieliackinas voru m. a. flóttamennirnir frá Eystrasaltslöndunum, *Morgunblaðið* 18. desember 1945; Athugasemd,

Morgunblaðið 4. janúar 1946; Níu spurningar til Hendriks Ottóssonar, *Morgunblaðið* 27. janúar 1946; Bak við „járnþjaldið“, *Morgunblaðið* 2. og 3. ágúst 1946; Undirokun smáþjóðar, Byron og Þórbergur Þórðarson, *Morgunblaðið* 8. ágúst 1946; Reiður Rússavínur með rangan málstað, *Morgunblaðið* 17. ágúst 1946; Sannleikurinn um Eystrasaltslöndin, *Morgunblaðið* 27. og 28. ágúst 1946. Andmælendur hans voru m. a. Jónas H. Haralz, Baltnesku flóttamennirnir í Svíþjóð, *Þjóðviljinn* 29. nóvember 1945; Björn Franzson, Litúvískur fasisti launar íslenska gestrisni, *Þjóðviljinn* 13. ágúst 1946. Einnig flutti Bieliackinas erindi í útvarp um Eystrasaltslönd og skrifaði um Ísland í útlagatímarit Litáa.

„sósíalfasistar“ ... 25. bls. T. d. í nafnlausri grein: „Meðan sósíalfasistar velja sér leiðina yfir í herbúðir fasismans, velur verkalyður allra landa leið rússneska verkalyðsins, leið stéttarbaráttunnar.“ „Planökonomie,“ *Réttur*, 19. árg. 3.–4. hefti (1934), 115. bls.

„spakur seppi“ ... 26. bls. Íslenskir sósíalistar skiptu algerlega um stefnu, eftir að Stalín gerði griðasáttmálann við Hitler. „Um leið er baráttan gegn fasismans ekki lengur einkunnarorð, nema með takmörkuðu innihaldi; broddurinn hefur verið sorfinn af þessu hættulega vopni auðvaldsins, vígtennurnar dregnar úr þessu villidýri sem átti að rífa bolsann á hol. Eftir er gamall spakur seppi, sem einginn bolséviki telur framár ómarksins vert að sparka í svo um munar.“ Halldór Kiljan Laxness, Áfánginn til Veiksel, *Þjóðviljinn* 27. september 1939.

sömu orð Laxness ... 26. bls. Orðin eru í *Sölku Völku*, síðari hluta (Reykjavík: Menningarsjóður, 1932), 9. k.

áttu þá í erjum ... 26. bls. Yfirlit er um þessa flóknu sögu í Hannes H. Gissurarson, *Kiljan* (2004) og *Laxness* (2005).

Guðmundi Friðjónssyni ... 26. bls. Guðmundur (1869–1944) var bóndi á Sandi í Aðaldal og tólf barna faðir, stundaði skáldskap í hjáverkum og átti orðkynngi umfram flesta aðra. Hann var eindreginn andstæðingur kommúnista, gagnrýndi þá í fyrirlestrum og orti gegn þeim kvæði, t. d. „Fráfall harðstjóra“ (um Lenín) og „Hildiríðarsyni“. Sonur hans, Bjartmar bóndi á Sandi (1900–1982), var þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1959–1971. Annar sonur hans, Þóroddur kennari og rithöfundur (1904–1983), samdi ævisögu hans, *Guðmundur Friðjónsson: Ævi og störf* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1950). Er þar minna gert úr baráttu Guðmundar gegn kommúnisma en efni standa til, enda deildi Þóroddur ekki stjórnmálaskoðunum með föður sínum og bróður.

stalínístanum Halldóri Stefánssyni ... 26. bls. Halldór (1892–1979) var einn af stofnendum Félags byltingarsinnaðra rithöfunda, eindreginn stuðningsmaður Kristins E. Andréssonar og sat lengi í stjórn Máls og menningar, en það félag var stofnað heima hjá honum. Hann vann fyrir sér í banka, en stundaði smásagnagerð í tómsundum. Dóttursonur Halldórs, Halldór Guðmundsson, varð síðar forstjóri Máls og menningar.

Skýjaglópnum og flokksjálknum ... 27. bls. Arthur Koestler, *The Yogi and the Commissar* (London: Jonathan Cape, 1945). Um þessar andstæðu manngerðir segir Koestler, að skýjaglópurinn (t. d. Mahatma Gandhi) vilji bæta einstaklinginn með hugleiðslu, breyta innan frá, en flokksjálkurinn (t. d. Vladímír Lenín) telji sig geta bætt mannlífið með samvirku átaki, breyta utan frá. Hvorugum takist ætlunarverk sitt. Annar ani út í aðgerðaleysi gagnvart byssustingjum og nauðgunum, í þorpum án holræsa, en með óhrein barnarúm og egypskt

augnkvef, hinn leiðist út í rannsóknarrétt og flokkshreinsanir, eins og Koestler komst að orði. Steinn Steinarr hefur líklega lesið þessa bók Koestlers eða úr henni, því að ein vísuorð hans í kvæðinu „Don Quijote ávarpar vindmyllurnar“, *Nýtt Helgafell*, 2. árg. 1. hefti (1957), 15. bls., þar sem hann gerði upp við kommúnismann, eru tekin þaðan nær beint: Með hálfan sannleika berst ég gegn algerri lygi. Koestler hafði skrifað, 106. bls.: „In this war we are fighting against a total lie in the name of a half-truth.“

Framtíð smáþjóðanna ... 27. bls. Árið 1949 komu út tvö erindasöfn e. Øverland á ísl. Annað var *Milli austurs og vesturs* í þýð. Einars Ásmundssonar (Reykjavík: Nýtt forlag), hitt *Framtíð smáþjóðanna* í þýð. Guðmundar G. Hagalíns (Reykjavík: Helgafell). Í hinu seinna eru erindi hans tvö, sem flutt voru á Íslandi. Í hinu fyrra eru tvö erindi, sem eru að mestu samhljóða þeim, en flutt á öðrum Norðurlöndum, og er þeim sleppt í endurútgáfunni í þessari ritroð.

rækilega ritgerð ... 27. bls. Guðmundur G. Hagalín, Myrkur úr austri, *Jörð*, 8.–9. árg. 3.–4. hefti (1947–1948), 195.–258. bls.

Nytsaman sakleysingja ... 27. bls. Otto Larsen, *Nytsamur sakleysingi* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1956). Á n. nefnist bókin *Jeg var Sovjetspion*.

Ég hef alltaf kunnað betur ... 27. bls. Sbr. Gunnar M. Magnúss, *Satt og ýkt*, II. b. (1970), 110. bls.

séra Sigurði Pálssyni ... 27. bls. Séra Sigurður Pálsson (1901–1987) var prestur í Hraungerði nálægt Selfossi og síðar prófastur í Árnesprófastsdæmi.

hann hafi í þeirri bók ... 27. bls. Ólafur H. Árnason, Tvær bækur — tuttugu ár, *Félagsbréf Almenna bókafélagsins*, 11. árg. 38. hefti (1965), 49.–56. bls. Ritgerðin er samanburður á *Skáldatíma* Laxness (1963) og *Gróðri og sandfoki* Hagalíns (1943).

Hamar og sigð ... 28. bls. Sigurður Einarsson, *Hamar og sigð* (Reykjavík: án útg., 1930).

„Nesjamensku“ ... 28. bls. Sigurður Einarsson, Nesjamenska, *Iðunn*, 16. árg. 3. hefti (1932), 193.–213. bls. Þar deilir Sigurður m. a. á Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og Guðmund Friðjónsson á Sandi. „Sjálfrátt eða ósjálfrátt hefur Davíð komist upp á lag með það að gera barnagælar við áleitnustu sjálfblekkingar lífsmetra höglífsmanna.“

Guðmundur Friðjónsson á Sandi ... 28. bls. Flutti Guðmundur erindi í Reykjavík 12. mars 1933 og endurtók það vegna mikillar aðsóknar 19. og 26. mars. „Mun þeim, er á þetta erindi hlýddu, hafa fundist svo, að hinn fertugi maður, Sigurður Einarsson, bæri engan sigur af hólmi í þessum viðskiptum, og er hann þó bæði vopnfimur og vígdjarfur,“ skrifaði Magnús Magnússon í blað sitt, *Storm*, 9. árg. 11. tbl. (1933), 2. bls. Sigurður svaraði með erindi, sem hann nefndi „Þegar dauðir rísa upp“ og flutti 19. og 26. mars. Jón Magnússon, beykir og skáld, orti: „Þó að fimur Siggí sé/og sveifli vígðum brandi,/tókst honum ekki ’að koma á kné/ karlinum á Sandi.“

„Farið heilar, fornu dygðir“ ... 28. bls. Sigurður Einarsson, Farið heilar, fornu dygðir! *Iðunn*, 17. árg. 4. hefti (1933), 299.–322. bls.

Anders Nygren ... 28. bls. Hann (1890–1978) var prófessor í guðfræði í Háskólanum í Lundi og biskup í Lundi 1948–1958.

Ef hæfileikinn til sjálfstæðrar vísindalegrar ... 28. bls. Guðmundur Hálfðanarson, Embættismannaskólinn 1911–1961, *Aldarsaga Háskóla Íslands* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011), 151. bls. (einnig aðgengilegt á Netinu).

Miklir menn ... 29. bls. Sigurður Einarsson, *Miklir menn* (Reykjavík: Ólafur Erlingsson, 1938). Skrifaði Sigurður stutta, en fróðlega og læsilega pistla um nítján fyrirferðarmikla samtímamenn, þ. á m. Adolf Hitler, kanslara Þýskalands, Bertrand Russell heimspeking, Benito Mussolini, einræðisherra á Ítalíu, Per Albin Hansson, forsætisráðherra Svía, Þorvald Stauning, forsætisráðherra Dana, Neville Chamberlain, forsætisráðherra Breta, Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseta og Josif Stalín, aðalritara kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna. Greinin um Neville Chamberlain er að mestu þýðing á grein um hann e. K. Bøgholm í norska tímaritinu *Samtiden*, eins og bent var á í *Morgunblaðinu* 8. janúar 1939. Sigurður hafði hlýtt á Bertrand Russell í Kaupmannahöfn í október 1936 og skrifaði, 50. bls. „Á meðan ég sat og hlustaði á mál hans, varð mér það ljóst, að langmestar líkur væru til þess, að aldrei frammar á ævi minni mundi mér gefast kostur á að hlusta á jafnglæsilegan gáfumann.“ *Greinar um kommúnisma* e. Russell hafa komið út í þessari ritröð (2015). Í *Líðandi stund* (Reykjavík: Heimskringla, 1938) voru m. a. birtar hinar umdeildu ritgerðir „Nesjamenska“ og „Farið heilar, fornu dygðir!“

Kristin trú og höfundur hennar ... 29. bls. Sigurður Einarsson, *Kristin trú og höfundur hennar* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1941).

víkja honum tímabundið ... 29. bls. Víkið úr dósentsembætti um stundarsakir, *Alþýðublaðið* 24. september 1943. M. a. var að því fundið, að Sigurður skyldi birta tilfinningaþrungna grein um róg gegn sér, Hengingin í Háskólakapellunni. Reykvísk jólasaga frá 1942, *Helgafell*, 2. árg. 1.–3. hefti (1943), 39.–50. bls. Sbr. Enn dósentmálið? *Alþýðublaðið* 27. apríl 1944. Sigurður var leystur frá dósentsembættinu 1. maí 1944 að eigin ósk.

Hugsaðu þér, Tómas ... 29. bls. Sögn Eiríks Jónssonar kennara.

Eftir hann komu út ... 29. bls. *Yndi unaðsstunda* (Reykjavík: Helgafell, 1952); *Undir stjörnum og sól* (Reykjavík: Rangæingaútgáfan, 1953); *Yfir blikandi höf* (Reykjavík: Rangæingaútgáfan, 1957); *Kvæði frá Holti* (Reykjavík: Rangæingaútgáfan, 1961).

Ants Oras ... 30. bls. Hann (1900–1982) var prófessor í bókmenntum í Tartu-háskóla í Eistlandi, en flýði frá Eistlandi ásamt konu sinni 1943. Hann varð prófessor í bókmenntum við Florida-háskóla í Gainesville 1949 og samdi fjölda bóka um eistneskar og alþjóðlegar bókmenntir. Bók hans, *Baltic Eclipse*, kom út á e. 1948, á n. og sæ. ári síðar, á ísl. 1955 og á fi. 1958. Í leyniskýrslu til Kremlverja kölluðu íslenskir kommúnistar bókina „níðrit um sósíalisma“ og töldu útkomu hennar sýna, að nú þyrftu þeir aukna fjárstyrki frá Moskvu. Skýrsla frá Kristni E. Andrésyni til miðstjórnar kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, janúar 1959. Hér e. Jóni Ólafssyni, *Kæru félagar* (Reykjavík: Mál og menning, 1999), 283.–289. bls. RGANI 5 50 159, 13. Jóni virðist ekki kunnugt um íslenska nafnið á bókinni, *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum*, og kallar hana í þýðingu sinni „Sólmyrkva í Eystrasaltslöndum“. Í frétt um bókina skrifaði *Þjóðviljinn*, að nafn höfundar væri „dulnefni“. Félagsmenn Almenna

bókafélagsins fá fimm bækur árlega fyrir 150 kr., *Þjóðviljinn* 16. september 1955. Bók Oras var vel tekið á Íslandi. Sjá m. a. Harmsaga Þjóðar, sem á að uppræta, *Vísir* 7. desember 1955 (merkt J.); Kristmann Guðmundsson, Bækur Almenna bókafélagsins, *Morgunblaðið* 17. desember 1955; Serov – „slátrarinn mikli“, *Morgunblaðið* 5. apríl 1956; Ein blaðsíða um gerræði Rússa, *Alþýðublaðið* 8. janúar 1957. Í leiðara *Morgunblaðsins* 10. júlí 1958 (undir fyrirsögninni Af hverju lá leiðin þangað?) sagði, að „þúsundir landsmanna“ hefðu lesið bók Oras. Var gagnrýnt í leiðaranum, að íslensk þingmannanefnd í opinberri heimsókn til Ráðstjórnarríkjanna hefði m. a. farið til Letlands. Þegar Ásmundur Sigurðsson, fyrrv. alþingismaður, fagnaði því í *Þjóðviljanum* 13. desember 1960 (undir fyrirsögninni Fáí A-bandalagið kjarnorkuvopn er Íslandi teft í stórkostlega hættu), að Eyrstrasaltslöndin hefðu „tekið upp“ sósíalisma, andmælti *Morgunblaðið* honum harðlega á forsiðu daginn eftir með tilvitnunum í Ants Oras, sem væri „einn glæsilegasti vísindamaður, rithöfundur og bókmenntagagnrýnandi Eistlendinga“. Þá má geta þess, að *Morgunblaðið* vitnaði í hina sænsku þýðingu á bók Oras þegar 19. ágúst 1949, Í gær og á morgun.

skopstæla eitt kvæði Sigurðar ... 30. bls. Björn Franzson, Söngur þýskra sósíaldemókrata: eintal sálarinnar við sinn guð, *Réttur*, 19. árg. 1. hefti (1934), 40.–45. bls. Kvæði Sigurðar hafði birst árið áður, Þýskir jafnaðarmenn, *Íðunn*, 17. árg. 3. hefti (1933), 177.–180. bls.

vikið úr Sovétvinafélaginu ... 30. bls. Sigurður flutti útvarpserindi sitt 12. febrúar 1934, og daginn eftir samþykkti fundur Sovétvinafélagsins að beina þeim tilmælum til stjórnarinnar, að hann yrði rekinn úr félaginu. Samþykkti stjórnin 18. febrúar að gera það. Tilkynning, *Sovétvínurinn*, 2. árg. 2. tbl. (mars–apríl 1934), 13. bls.

Gunnar Benediktsson ... 30. bls. Hann (1892–1981) nam guðfræði, kvæntist og gerðist prestur, en flosnaði upp af brauði sínu 1931, skildi og snerist til kommúnisma. Hafði hann eftir það ofan af fyrir sér með ritstörfum, kennslu og erindrekstri fyrir kommúnista og kvæntist aftur. Hann var ritstjóri *Nýs dagblaðs*, sem sósíalistar gáfu út, á meðan breska hernámsliðið bannaði útkomu *Þjóðviljans*, frá apríl 1941 til maí 1942, eftir að það blað hafði (í miðju stríði) hvatt breska hermenn til þátttöku í verkföllum. Í bók Gunnars, *Bóndanum í Kremli* (1945), segir á 208.–209. bls. um hreinsanir Stalíns: „Hérna komu fram fyrir réttinn heimsfrægir borgarar Ráðstjórnarríkjanna, þrættu fyrir öll afbrot, voru látnir horfa framan í staðreyndir athafna sinna, urðu tvisaga, sprikluðu eins og laxar í neti, flæktust í möskvum slyngrar málaferlsu og nákvæmra rannsókna og viðurkenna loks með eigin munn þess háttar gjörðir, að þeir lögum samkvæmt gátu engu minna fyrir týnt en sjálfu lífinu.“ Þegar Halldór Laxness gaf út *Skáldatíma* (1963) og sagði frá því, þegar hann varð í Moskvu vorið 1938 vitni að handtöku konu, sem var barnsmóðir Íslendinga, Veru Hertzsch, sagðist Gunnar í ritdómi um bókina 17. nóvember 1963 í *Þjóðviljanum* hafa talað við mann, sem hitt hefði Veru á Rauða torginu fyrir nokkrum árum, og hefði legið vel á henni. Vera lést úr næringarskortri í fangabúðum í Kazakhstan 1943.

Zínovjev ... 30. bls. Hann (1883–1936) hét upphaflega Hirsch Apfelbaum og var af gyðingaættum, en tók sér nafnið Grígoríj Jevsejevítsj Zínovjev. Hann var einn af leiðtogum bolsévíkaflokksins rússneska og gerði bandalag við Kamenev og Stalín um að hrekja Trotskíj úr forystu flokksins eftir lát Leníns. Hann var handtekinn í desember 1934 og dæmdur í fangelsi 1935, en aftur leiddur fyrir rétt 1936 og nú dæmdur fyrir risastórt samsæri um að steypa Stalín. Honum hafði verið heitið, að lífi hans yrði þyrmt, ef hann játaði á sig sakir, en Stalín sveik það loforð. Þegar Zínovjev var færður til aftökunnar, braust hann svo um, að verðirnir

snöruðu honum inn í næsta klefa og skutu. Stalín skemmti sér hið besta, þegar hann heyrði af þessu. Sjá Montefiore, *Stalín* (2004), 198.–199. bls.

Kamenev ... 30. bls. Hann hét Lev Rozenfeld (1883–1936) og var gyðingur í föðurætt, en lagði niður ættarnafn sitt og tók upp nafnið Lev Borísovítsj Kamenev (steinmaðurinn). Hann var einn af leiðtogum bolsévíkaflokksins rússneska og aðstoðarmaður Leníns. Hann var um tíma kvæntur systur Trotskíjs, Olgu Bronshtein, en gerði bandalag við Zínovjev og Stalín um að hrekja Trotskij úr forystu flokksins eftir lát Leníns. Hann var handtekinn í desember 1934 og dæmdur í fangelsi 1935, en aftur leiddur fyrir rétt 1936 og nú dæmdur fyrir risastórt samsæri um að steypa Stalín. Honum hafði eins og Zínovjev verið heitið, að lífi hans yrði þyrmt, ef hann játaði á sig sakir, en Stalín sveik það loforð. Eldri synir hans tveir og fyrrverandi eiginkona voru öll tekin af lífi, en yngsti sonur hans lifði af þrækkunarbúðir.

Þjóðviljinn skýrði frá því ... 30. bls. Sósíalisminn mun sigra á þingræðislegan hátt í auðvaldsslöndunum, *Þjóðviljinn* 19. febrúar 1956. Jón Ólafsson segir ranglega í *Kæru félögum* (1999), 175. bls., að þingið hafi verið haldið í mars. Það var haldið 14.–25. febrúar.

Anastas Míkojan ... 30. bls. A. Ívanovítsj M. (1895–1978) var frá Armeníu, en gerðist ungur bolsévíki og stuðningsmaður Stalíns. Hann tók þátt í því á fyrri hluta fjórða áratugar að svelta bændur til hlýðni, svo að þeir gengju inn í samyrkjubú, og skrifaði undir marga aftökulista í hreinsunum á síðari hluta fjórða áratugar. Hann kom einnig að því, að tugir þúsunda pólskra frammámanna, sem handteknir höfðu verið eftir innrás Rauða hersins í Pólland í september 1939, voru myrtir í Katyn-skógi og víðar vorið 1940. Míkojan átti leynilegan fund í Moskvu með Einari Olgeirssyni 26. október 1945, og lagði Einar fast að Míkojan, sem þá var utanríkisviðskiptaráðherra Ráðstjórnarríkjanna, að auka viðskipti við Ísland. Var það gert næstu árin, aðallega af stjórn málaástaðum. Míkojan hafði stutta viðdvöl á Íslandi 17. nóvember 1959 og ræddi þá við fréttamenn.

vakti mikla athygli á Íslandi ... 30. bls. M. a. gaf Þjóðvarnarflokkurinn, sem keppti við Sósíalistaflokkinn um fylgi vinstri manna, út aukablað af málgagni sínu, *Friðsri þjóð*, 20. febrúar 1956. Aukablaðið var tvær síður, og voru á baksíðunni ýmis ummæli íslenskra sósíalista um Stalín rifjuð upp. Sbr. einnig Afneitun Rússa á Stalín: Full viðurkenning á skrifum Alþýðublaðsins sl. 25 ár, *Alþýðublaðið* 21. febrúar 1956. Einn þingmaður Sósíalistaflokksins, Lúðvík Jósepsson, brá við hart og vísaði því á bug, að eitthvert sögulegt uppgjör hefði farið fram í Moskvu, og birtist grein hans sama dag og Khrústsjov hóf að flytja leyniræðu sína. Flóttinn til Volgu, *Þjóðviljinn* 24. febrúar 1956.

Níkíta Khrústsjov ... 30. bls. Níkíta Sergejevítsj K. (1894–1971) var aðalritari kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna 1953–1964 og forseti ráðherraráðsins, forsætisráðherra, 1958–1964. Hann var dyggur stalínisti, eins og Sigurður Einarsson í Holti minnir á í ræðu sinni, og gekk hann hart fram í hreinsunum í Úkraínu, á meðan hann stjórnaði kommúnistaflokki þar 1938–1941. Eftir að félagar hans settu hann af 1964, las hann fyrir endurminningar sínar og lét smygla þeim til Vesturlanda. *Khrústsjov Remembers* (London: Deutsch, 1971). Leyniþjónusta Bandaríkjanna, CIA, vissi af leyniræðunni um Stalín, sem Khrústsjov flutti aðfaranótt 25. febrúar, en átti í erfiðleikum með að útvega sér eintak af henni. Leyniþjónusta Ísraels, Mossad, tókst hins vegar að finna eintak í Póllandi. Pólskur blaðamaður af gyðingaættum, Victor Grayevski, rakst á eintak hjá vinkonu sinni, sem starfaði hjá frammámanni í kommúnistaflokki, fékk það lánað, kom því til Ísraelsmanna, sem tóku

af því afrit, og skilaði því síðan. Mossad framsendi ræðuna til CIA, og ákvað Bandaríkjastjórn að birta hana. Sjá Michael Bar-Zohar og Nissim Mishal, *Mossad: The Great Missions of Israel's Secret Service* (New York: Ecco Press, 2012), 30.–34. bls. Sumir starfsmenn CIA höfðu lagst gegn því að birta ræðuna, því að þeir óttuðust (með réttu, eins og kom í ljós í Ungverjalandi um haustið), að hún myndi kveikja uppreisni í Austur-Evrópu, sem Kremlverjar myndu berja niður með hörku og láta aðstoð Bandaríkjahers varða stríði.

Eggert Þorbjarnarson ... 30. bls. Hann (1911–1989) var í byltingarþjálfun í Moskvu 1931–1933 og starfsmaður Kominterns þar í borg 1934–1937. Horfði hann upp á marga félaga sína hverfa í hreinsunum Stalíns, en haggaðist hvergi. Hann var fyrsti forseti Æskulýðsfylkingarinnar, ungliðahreyfingar sósíalista, 1938–1942 og einn forsprakki andófs gegn breska hernámsliðinu 1941 (á meðan Stalín var enn bandamaður Hitlers) og sat þá um skeið í fangelsi fyrir að dreifa bæklingi, þar sem breskir hermenn voru hvattir til að óhlýðnast yfirmönnum sínum (dreifibréfsmálið). Þór Whitehead leiðir rök að því, að Eggert hafi verið erindreki leynipjónustu Rauða hersins. *Sovét-Ísland. Óskalandið*, 104. og 385. bls. Hann var sem fyrr segir framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins 1943–1957.

ekkert frétt af leyniræðu Khrústsjovs ... 31. bls. Sjá m. a. Fyrirspurn til Kristins og Eggerts, *Morgunblaðið* 18. mars 1956; „Ljós heimsins“ slokknar, *Morgunblaðið* 20. mars; Ræða Krústsjovs, *Alþýðublaðið* 18. mars 1956.

feikilegt áfall ... 31. bls. Einar Olgeirsson snæddi kvöldverð með sendiherra Ráðstjórnarríkjanna tveimur mánuðum eftir leyniræðuna og kvartaði sáran undan því, að Khrústsjov hefði komið íslenskum sósíalistum í klípu með uppljóstrunum sínum. Hér e. Jóni Ólafssyni, *Kæru félagar* (1999), 176. bls. RGANI 5 28 437, 64–65. Einar og Brynjólfur Bjarnason afsökuðu ódæði Stalíns með því, að tilgangurinn helgaði tækin. Gagnrýni þeirra var aðallega fólgin í því, að Stalín hefði verið að ósekju grimmur við kommúnista, en þeir gerðu enga athugasemd við, hversu miskunnarlaus hann var við aðra en kommúnista, t. d. fólk úr fyrrverandi há- og miðstétt Rússaveldis og sjálfseignarbændur í Suður-Rússlandi og Úkraínu. Einar Olgeirsson, *Hvert skal stefna? Réttur*, 40. árg. 1.–4. hefti (1957), 1.–48. bls. Brynjólfur Bjarnason, *Gelguskeið nýrra þjóðfélagshátta*, s. r., 64.–116. bls.

gáfu út samantekt ... 30. bls. Bæklingurinn *Vitið þér enn ...* (Reykjavík: Heimdallur, 1956) hafði að geyma margar tilvitnanir í íslenska kommúnista um Stalín og var skreyttur skopmyndum e. Halldór Pétursson.

Húsfyllir var á fundinum ... 31. bls. Hin samvirka forusta í Kreml hefur ráðist á hinn dauða til þess að fórna hinum lifandi, *Morgunblaðið* 27. mars 1956.

svaraði Jóhannes úr Kötlum ... 31. bls. Jóhannes úr Kötlum, *Fagurt galaði fuglinn sá, Þjóðviljinn* 26. apríl 1956.

talaði fyrir varnarsamstarfi ... 31. bls. Sjá t. d. frásagnir af ræðum Sigurðar á héraðsmótum og Heimdallarfundum. Fjölmenni á Hellu í gær, *Vísir* 3. september 1956; Héraðsmót Sjálfstæðismanna að Kirkjubæjarklaustri, *Morgunblaðið* 23. október 1956; Hásæti harðstjórnanna riða í öllum löndum, *Morgunblaðið* 3. nóvember 1956; Áhrif Sjálfstæðisflokksins og fólksins munu fara saman, *Morgunblaðið* 7. ágúst 1957.

Hver átti að ráða hér ríkjum? ... 31. bls. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, Frostavetur, *Því gleymi ég aldrei* (Akureyri: Kvöldvökuútgáfan, 1962), 31.–42. bls. Endurpr. í *Mæltu máli* (Reykjavík: Helgafell, 1963).

Svartar fjaðrir ... 31. bls. Davíð Stefánsson, *Svartar fjaðrir* (Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1919). Sjó ljóðanna, *Schwarze Federn*, hafa verið þýdd á þýsku og sönglög með þeim útsett.

Hagmælska hans er einstök ... 31. bls. Árni Pálsson, Ritfregnir, Davíð Stefánsson: Svartar fjaðrir, *Skírnir*, 94. árg. 3. hefti (1920), 217. bls.

Kvæði ... 32. bls. Davíð Stefánsson, *Kvæði* (Reykjavík: án útg., 1922); *Kveðjur* (Reykjavík: án útg., 1924).

sagði hann opinberlega kost og löst ... 32. bls. Þegar Davíð þótti nóg um rétttrúnaðarkommúnistana, sem með honum voru í för, fékk hann sér í staupinu, leigði sér hestvagn, þeysti hringinn í kringum Kremlkastala og leit inn á knæpur. Skrifaði Gunnar Gunnarsson um það smásögu. Sveinn Skorri Höskuldsson, Ævintýri í Moskvu, *Tímarit Máls og menningar* (1982), 228. bls. Davíð flutti erindi á Akureyri 24. mars 1929 um Bjarmalandsför sína. Kvæð hann bolsévismann engan goluþyt, sem veginn yrði með orðum. Skiljanlegt væri, að bolsévíkar hefðu risið gegn kúgun keisaradæmisins, en þeir hefðu ekki fundið allan sannleikann. Harðstjórn væri nú í Rússlandi, en bolsévíkar segðu hana nauðsynlega, uns mannlegum hvötum hefði verið breytt, hinn innri maður verið umskapaður. Rússneska ráðstjórnarríkið, *Norðlingur*, 1. árg. 110. tbl. (30. mars 1929).

Ný kvæði ... 32. bls. Davíð Stefánsson, *Ný kvæði* (Reykjavík: án útg., 1929).

Kvæðasafni ... 33. bls. Davíð Stefánsson, *Kvæðasafni*, I.–II. b. (Reykjavík: Þorsteinn M. Jónsson, 1930).

Í byggðum ... 33. bls. Davíð Stefánsson, *Í byggðum* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1933); *Að norðan* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1936).

Sólon Íslandus ... 33. bls. Davíð Stefánsson, *Sólon Íslandus* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1940). Á sæ. *Solon Islandus: roman* (Stockholm: Natur & Kultur, 1940).

Þessi bók er ævintýri ... 33. bls. Sigurður Nordal, Tvær miklar skáldsögur, *Lesbók Morgunblaðsins* 24. nóvember 1940.

Gullna hliðið ... 32. bls. Davíð Stefánsson, *Gullna hliðið: sjónleikur* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1941). Leikritið hefur verið þýtt á e., *The Golden Gate, Fire and Ice: three Icelandic plays* (Madison WI: University of Wisconsin Press, 1967), n., *Den gyllte porten* (Oslo: Norsk kringkasting, 1954), og sæ., *Den gyllene porten* (Reykjavík: Helgafell, 1960).

Ný kvæðabók ... 32. bls. Davíð Stefánsson, *Ný kvæðabók* (Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1947).

tvær ljóðabækur í viðbót ... 33. bls. Davíð Stefánsson, *Ljóð frá liðnu sumri* (Reykjavík:

Helgafell, 1956). Ári áður kom út bók með mörgum ljóðum Davíðs á nýnorsku, og hafði Ivar Orngland þýtt, *Eg sigler í haust* (Reykjavík: Helgafell, 1955). Davíð Stefánsson, *Í dögum* (Reykjavík: Helgafell, 1960).

Skáldið frá Fagraskógi ... 33. bls. Árni Kristjánsson og Andrés Björnsson ritstj., *Skáldið frá Fagraskógi: endurminningar samferðamanna um Davíð Stefánsson* (Akureyri: Kvöldvökuútgáfan, 1965).

Síðustu ljóð ... 33. bls. Davíð Stefánsson, *Síðustu ljóð* (Reykjavík: Helgafell, 1966). Vaka-Helgafell gaf út heildarsafn ljóða Davíðs 1995.

Friðrik Olgeirsson ... 33. bls. *Snert hörpu mína* (2007). Skv. fyrimælum Davíðs eru þó ýmis skjöl hans enn óaðgengileg.

fletta ofan af Davíð ... 33. bls. Þrjú gögn um upphaf Félags byltingarsinnaðra rithöfunda, 1933. *Tímarit Máls og menningar* (1986), 206. bls.

gerði skopstælingu á ljóði eftir Davíð ... 33. bls. Jóhannes úr Kötlum, Villidýr, *Iðunn*, 17. árg. 4. hefti (1933), 273.–278. bls. Segir þar m. a.: „Ég elska þig, Tína Berjamós, /— ég elska landið og þig.“

Gunnar M. Magnúss ... 33. bls. Gunnar M. Magnúss, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi: Í byggðum, *Iðunn*, 17. árg. 4. hefti (1933), 373. bls.

góðir vinir allt frá Reykjavíkurlárum ... 33. bls. Friðrik Olgeirsson, *Snert hörpu mína* (2007), 175. bls.

alræðisstefna eins og nasismi ... 34. bls. Eins og Tómas Guðmundsson benti á í ræðu sinni, leitust alræðisherrar 20. aldar við að ná yfirráðum yfir sálum þegna sinna jafnt og líkama, ekki síst í því skyni að virkja fjöldann fyrir ríkið. Ekkert er talið valdhöfum óviðkomandi. Ýmsum gildum vestrænnar menningar er afdráttarlaust hafnað, t. d. umburðarlyndi og frjálsum vali einstaklinga. Samkvæmt þessu liggur kvarði stjórnmalanna frá frjálsræði til alræðis frekar en frá hægri til vinstri. Margir fræðimenn hafa leitast við að skilgreina alræðisstefnu, þ. á m. Hannah Arendt, *The Origins of Totalitarianism* (New York: Schocken Books, 1951); Carl J. Friedrich og Zbigniew Brzezinski, *Totalitarian Dictatorship and Autocracy* (Cambridge MA: Harvard University Press, 1956); Ludwig von Mises, *Omnipotent Government: The Rise of the Total State and Total War* (New Haven, CT: Yale University Press, 1944); Øystein Sørensen, *Drømmen om det fullkomne samfunn: fire totalitære ideologier - én totalitær mentalitet?* (Oslo: Aschehoug, 2010); Jacob L. Talmon, *The Origins of Totalitarian Democracy* (London: Secker & Warburg, 1952). Sjá líka Hannes H. Gissurarson, *Totalitarianism in Europe: Three Case Studies* (Brussels: Alliance of Conservatives and Reformists in Europe, 2018). Norður-Kórea er líklega eina hreinræktada alræðisríkið, sem eftir stendur, en um lífið þar má lesa í Barbara Demick, *Engan þarf að öfunda* (Reykjavík: Ugly, 2011), og Yeonmi Park, *Með lífið að veði* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2017). Vinstri sinnaðir menntamenn una því hins vegar illa, að kommúnisma sé skipað í sama flokk og nasisma, og benda á ýmislegt, sem ólíkt hafi verið í ríkjum kommúnista annars vegar og nasista og fasista hins vegar. Þeir telja, að allt vald hafi ekki verið saman komið á einum stað í þeim ríkjum, sem kölluð hafa verið alræðisríki, heldur hafi þar gætt togstreitu ólíkra afla. Hugsanlega er það til í þessu, að erfitt sé

eða ókleift að finna eitt sameðli allrar alræðisstefnu, fortakslausa og endanlega skilgreiningu hennar, heldur aðeins ættarmót (family resemblance), eins og austurríski heimspekingurinn Ludwig Wittgenstein kallaði það. Vissulega er sterkt ættarmót með fasistum, nasistum og kommúnistum, og kvarðinn frá frjálsræði til alræðis er að margra dómi merkingarbærari, betur fallinn til skilnings, en frá hægri til vinstri (en sá kvarði varð til í hinni misheppnuðu frönsku stjórnarbyltingu).

blaðagrein frá 1946 ... 34. bls. Jóhannes úr Kötlum, Frá norræna rithöfundapinginu, seinni grein, *Þjóðviljinn* 15. desember 1946.

enginn einn maður eða flokkur ... 34. bls. Sbr. John Stuart Mill, *Frelsið* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1973). Þar eru færð skeikulleikarök fyrir frelsinu.

Dostojevskij ... 35. bls. Fjodor Míkhaílovítsj D. (1821–1881) var einn kunnasti rithöfundur Rússa. Eftir hann hafa komið út í þýð. Ingibjargar Haraldsdóttur hjá Máli og menningu *Glæpur og refsing* (Reykjavík: 1987), *Karamazovbræðurnir*, 1.–2. b. (Reykjavík: 1990–1991), *Fávítinn* (Reykjavík: 1990), *Tvífariinn* (Reykjavík: 1994), *Minnisblöð úr undirdjúpunum* (Reykjavík: 1997), *Djöflarnir* (Reykjavík: 2000) og *Fjárhættuspilarinn* (Reykjavík: 2004). *Djöflarnir* eru iðulega talin spá um sósíalísmann, er ræst hafi. Fleiri rit Dostojevskíjs hafa komið út á ísl. í öðrum þýðingum. Þessi tilvitnun er samandregin úr lengri hugleiðingum Íváns Fjodorovítsj Karamazovs um ódauðleika í *Karamazov-bræðrunum*, II. bók, VI. k.

„Opium des Volkes“ ... 35. bls. Karls Marx, Zur Kritik der Hegelschen Rechtsphilosophie. Einleitung, *Werke*, 1. b. (Berlin: Dietz, 1956), 378. bls. Á þ.: „Die Religion ist der Seufzer der bedrängten Kreatur, das Gemüth einer herzlosen Welt, wie sie der Geist geistloser Zustände ist. Sie ist das Opium des Volkes.“ Trúarbrögðin eru andvarp hins aðþrengda lífs, huggun hjartalausrar veraldar, andinn í andlausri tilveru. Þau eru deyfilyf handa alþýðu. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 1. b. (Berlin: Dietz, 1981), 378. bls. Sbr. *Æskuverk*, þýð. Ottó Másson (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011), 210. bls. Þar er þetta þýtt ópíum fólksins.

jákvæðan þátt þjóðernisstefnu ... 35. bls. Sbr. Hannes H. Gissurarson, *In Defence of Small States* (Brussels: New Direction, 2016).

frjálsir af ágangi konunga ... 35. bls. *Vatnsdæla saga*, 10. k. Grímur var Ingjaldsson og landnámsmaður í Hvanneyri í Borgarfirði.

Þessi atriði, sérstök tunga ... 35. bls. Hér e. Birni Þórðarsyni, *Alþingi og frelisisbaráttan* (Reykjavík: Alþingissögufund, 1951), 330. bls.

Ég lýt hátigninni, en stend ... 35. bls. Hér e. Páli Eggert Ólasyni, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, IV. b. (Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1926), 521. bls.

háar fjárkröfur á hendur Dönum ... 36. bls. Jón Sigurðsson, Um fjárhagsmálið, *Ný félagsrit*, 22. árg. (1862), 22.–99. bls.

Þetta er góð byrjun, yðar hátign ... 36. bls. Jón Sigurðsson og Kristján konungur IX., *Andvari*, 38. árg. (1913), 156. bls.

Gekk hann út ... 36. bls. Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein* (Reykjavík: Mál og menning, 2005), 607.–608. bls.

erlendum samningamönnum nóg um ... 36. bls. Þór Whitehead nefnir mörg dæmi um þetta í áðurnefndri ritgerð í *Sögu* 1991.

Íslenskir sagnfræðingar hafa bent á ... 36. bls. Guðmundur Hálfðanarson, Íslensk söguendurskoðun, *Saga*, 33. árg. (1995), 62.–67. bls.

fámenn íslensk landeigendastétt ... 36. bls. Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland* (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1987). Kenning Gísla, studd rækilegum rannsóknum á hagsögu Íslands, er, að langflestar jarðir hafi hér verið í eigu konungs, kirkjunnar eða örfárra landeigenda. Þessir aðilar hafi beitt ríkisvaldinu í vil eigin framleiðslu, en sjávarútvegi í óhag. Einokunarverslunin illræmda hafi í raun verið innheimtustofnun fyrir eins konar auðlindaskatt, sem landeigendur hafi heimt af sjávarútvegi með því að skrá verð á landbúnaðarafurðum hærra og á sjávarafurðum lægra en heimsmarkaðsverð.

Í bandalagi við Danakonung ... 36. bls. Þráinn Eggertsson reynir að leysa þá þversögn, að öldum saman sótti hungurvofan að Íslendingum, þótt á næsta leiti væru einhver gjöfulustu fiskimið í heimi, og að konungur skyldi ekki reyna að hækka tekjur sínar af landinu með því að hlyna að hinum arðbæra sjávarútvegi. Lausn hans er, að konungur hafi séð hættuna af því, væri verslun við útlönd frjálst, að landið gengi þá undan honum, eins og hafði nærri því gerst á „ensku öldinni“ á 15. öld, og hann því gert bandalag við innlendu landeigendastéttina um að halda niðri sjávarútvegi. Hann hafi tekið *lágur* tekjur fram yfir hættuna af *engum* tekjum, valið öryggi fremur en arðbærni. Þráinn Eggertsson, *Háskaleg hagkerfi* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007).

fyrirmælum árið 1933 frá Komintern ... 37. bls. Sjá aftanmálsg. við 9. bls.

sérstakri samþykkt miðstjórnar kommúnistaflokks ... 37. bls. Arnór Hannibalsson, *Moskvulínan* (Reykjavík: Nýja bókafélagið, 1999), 183.–184. bls. Heimild hans er spjaldskrá um ákvarðanir miðstjórnar, en ekki er aðgangur að nánari upplýsingum.

Þeir vinna fyrir Rússa ... 37. bls. Bréf í desember 1949. Matthías Johannessen, *Ólafur Thors*, II. b. (1981), 81.–82. og 50. bls.

harða kjarabarátta ... 37. bls. Hagfræðingar eru almennt sammála um, að það, sem ræður kjörum manna, verði í vinnuafli, sé, þegar öllu sé á botninn hvolft, eftirspurnin eftir því, og hún fari eftir afkomu fyrirtækja frekar en kröfuhörku launþega. M. ö. o. sé ekkert nauðsynlegt samband milli kjarabaráttu og kjarabóta. Fróðleg er í því sambandi rannsókn fyrsta Íslendingingsins, sem lauk hagfræðiprófi, Indriða Einarssonar leikskálds, í *Landshagskýrslum* (1912), 355.–411. bls. Komst hann að þeirri niðurstöðu um tímabilið 1898–1912, að verðlag hefði hækkað um 43–45% á þessu fjórtán ára tímabili, en tímakaup um 53%. Þessi kauphækkun hefði orðið „án þess að nokkur maður eða kona hafi lagt niður vinnu, án verkfalls yfir höfuð að tala, og það sýnist bera vott um sanngírni vinnuveitenda á aðra hliðina og rólyndi hinna á hina.“ Hér e. Jóni Þorlákssyni, *Lággeingið, Ræður og ritgerðir* (Reykjavík: Stofnun Jóns Þorlákssonar, 1985), 209. bls.

bað Einar Olgeirsson ráðstjórnina ... 37. bls. Jón Ólafsson, *Kæru félagar* (1999), 148. bls. Heimild Jóns er skjal úr utanríkisráðuneyti Ráðstjórnarríkjanna, 033 5 4 104a, 6.

blað danskra kommúnista ... 37. bls. Halldór Laxness, Striden om de islandske Haandskrifter, *Land og folk* 16. apríl 1947.

Þjóðerniskennd var hér öflug ... 38. bls. Sbr. t. d. Mary S. Olmstead, Communism in Iceland, *Foreign Affairs*, 36. árg. 2. tbl. (janúar 1958), 340.–347. bls.

Þór Whitehead ... 38. bls. Tilraun, sem tókst, *Afmælisrit: Davíð Oddsson fimmtugur* (Reykjavík: Bókafélagið, 17. janúar 1998), 935. bls. Þessi skýring er náskyld þeirri, er þýski félagsfræðingurinn Werner Sombart varpaði fram á því, að sósíalismi hefði lítt skotið rótum í Bandaríkjunum: Bandarískir verkamenn styddu margir kapítalisma vegna vonar um bættan hag. *Warum gibt es in den Vereinigten Staaten keinen Sozialismus* (Tübingen: J. C. B. Mohr, 1906). Fólkið, sem streymdi úr íslenskum sveitum að sjávarsíðunni í leit að betri lífskjörum, var um margt í sömu sporum og innflytjendurnir, sem flyktust til Bandaríkjanna og Kanada.

skýringarnar á hinu, að innan vinstrisins ... 38. bls. Donald E. Nuechterlein varpar fram þeirri tilgátu um fylgisæld íslenskra kommúnista og sósíalista, að foringjar þeirra hafi verið snjallari en foringjar jafnaðarmanna. *Iceland. Reluctant Ally* (Ithaca, NY: Cornell University Press, 1961), 18. bls. En sögur af einstaklingum eru ekki kerfisbundnar skýringar. Foringjar íslenskra jafnaðarmanna voru vart óframbærilegri en kommúnista. Önnur hugsanleg skýring er, að andstæðingar sósíalista hafi gert ýmis mistök, til dæmis Héðinn Valdimarsson með því að ganga til liðs við kommúnista 1938 og aðrir jafnaðarmenn með því að neita að taka við honum, eftir að hann hraktist úr Sósíalistafloknum 1939. Einnig hafi Bandaríkjamenn auðveldað sósíalísum leikinn með ótímabærri herstöðvabeiðni haustið 1945. Eflaust er eitthvað til í þessu, en allir gera mistök, og þau eru gerð alls staðar. Með mistakaskýringum er skýringarefnið oftast umorðað, en ekki skýrt í raun og veru. Olmstead og Nuechterlein höfðu bæði starfað í sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík. Í skáldsögu eftir Nuechterlein koma nokkrir Íslendingar fyrir undir öðrum nöfnum. *A Cold War Odyssey* (Lexington KY: University Press of Kentucky, 1997).

miklu fátækari lönd fyrir stríð ... 38. bls. Árið 1910 var VLF á mann (í Bandaríkjadöllum á verðlagi 1990) \$3.700 í Danmörku, \$2.500 í Svíþjóð, \$2.200 í Noregi, en \$1.900 í Finnlandi og á Íslandi. Árið 1939 var VLF á mann á sama kvarða \$6.000 í Danmörku, \$5.300 í Svíþjóð, \$4.400 í Noregi, \$3.400 í Finnlandi og \$3.200 á Íslandi. Tölur um Ísland frá Guðmundi Jónssyni sagnfræðiprófessor, en um önnur Norðurlönd frá Angus Maddison (The Maddison-Project, <http://www.ggdc.net/maddison/maddison-project/home.htm>, 2013 version.)

stuðning munaði miklu meira ... 38. bls. Þegar hefur þess verið getið, að fjárstyrkirnir frá Moskvu voru verulegir í íslenskan mælikvarða. Annað dæmi er, að 23 Íslendingar hlutu sem fyrr segir þjálfun í leyniskólum Kominterns, en 89 Norðmenn. Ole Martin Rønning, *Stalins elever: Kominterns kadetskoler og Norges Kommunistiske parti 1926-1949* (Oslo: Institutt for arkeologi, konservering og historie, Universitetet i Oslo, 2010), 107. bls. Árið 1930 voru Norðmenn 2,8 milljónir, en Íslendingar 107 þúsund. Til þess að verða hlutfallslega jafnmargir Íslendingunum hefðu Norðmennirnir í leyniskólunum því þurft að vera 621 talsins.

ítrekuðum fyrirmælum Kominterns ... 38. bls. Kominten samdi skýrslu 26. ágúst 1932

um íslenska kommúnistaflokkinn. Hann ætti að nýta sér sterka þjóðerniskennnd Íslendinga í stað þess að láta Sjálfstæðisflokknum það einum eftir. Þjóðfrelsisbarátta Íslendinga væri í raun stéttabarátta gegn erlendu auðvaldi og innlendum erindrekum þess. RGASPI 495 4 206, 56–67. Komintern lét svipuð boð út ganga til annarra kommúnistaflokka, einkum í nýlendum. Í ljósi þessarar skýrslu samþykkti stjórnmálanefnd Kominterns 2. september 1934 fyrirmæli til íslenska flokksins. RGASPI 495 4 211, 30–32. Þessi fyrirmæli Kominterns voru í góðu samræmi við hugmynd, sem Einar Olgeirsson hafði skrifað um í bréfi 1924, að kommúnistar ættu að taka „nationalismann“ í sína þjónustu á „kommúnískum grundvelli“. Einar Olgeirsson–Stefán Pjetursson, Akureyri 3. júní 1924. Bn. Stefáns Pjeturssonar, Lbs. Eftir áráð Hitlers á Rússland sumarið 1941 lagði Komintern enn meiri áherslu en áður á, að kommúnistar ættu að nýta sér þjóðernisstefnu: Efla skyldi einingu þjóða í baráttunni við fasismann, sbr. ályktun Kominterns 1. maí 1942, pr. í Jane Degras (ritstj.), *The Communist International: Documents 1919–1943*, III. b. (Oxford: Oxford University Press, 1965), 471.–476. bls. Þótt Sósíalistaflokkurinn væri ekki í Komintern, fylgdi hann hinni nýju línu. Sbr. Ernst Fischer, Frá alþýðufylkingu til þjóðfylkingar, 1.–2. hluti, *Þjóðviljinn* 24.–25. október 1942.

smáþjóðir af fullkominni fyrirliðningu ... 39. bls. Í grein 1849 um ástandið í Ungverjalandi sagði Engels þýska heimspekinginn Hegel hafa rétt fyrir sér um, að sumar smá- og jaðarþjóðir væru ekkert annað en botnfall (Volkerabfalle). Nefndi Engels sérstaklega Kelta í Skotlandi, Bretóna í Frakklandi, Baska á Spáni og suður-slavneskar þjóðir. „Í næstu heimsstyrjöld munu ekki aðeins afturhaldsstéttir og konungsættir hverfa af yfirborði jarðar, heldur líka afturhaldsþjóðir í heild sinni. Og það eru framfarir.“ Der magyarische Kampf, *Neue Rheinische Zeitung* 13. janúar 1849. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 6. b. (Berlin: Dietz, 1961), 176. bls.

Engels skrifaði til dæmis í bréfi ... 39. bls. Ódags. bréf, desember 1846. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 27. b. (Berlin: Dietz, 1963), 71.–72. bls.

Engels hafði svipað að segja ... 39. bls. Þá hafði verið rætt um, að aðrar Norðurlandþjóðir kæmu Dönum til aðstoðar í deilum þeirra við Prússa. „Norðurlandahugsjónin er ekkert annað en hrifning af hinni ruddalegu, óþrifnu, fornnorrænu sjóræningjaþjóð“, skrifaði Engels. „Íslendingar töldu allar þjóðirnar þrjár úrkynjaðar, enda er sú þjóð auðvitað mesta Norðurlandþjóðin, sem er frumstæðust og líkust hinni fornnorrænu í öllum síðum og háttum.“ Der dänisch-preußische Waffenstillstand, *Neue Rheinische Zeitung* 10. september 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. b. (Berlin: Dietz, 1959), 394. bls.

minntist Marx sjálfur á Íslendinga ... 39. bls. Marx skrifaði Engels, að Bruno Bauer hefði heimsótt sig í Lundúnum 12. desember 1855. Þegar Bauer hefði látið þau orð falla, að enska hefði spillst af frönsku, sagðist Marx hafa svarað: „Ég tjáði honum þá til huggunar, að Hollendingar og Danir segðu það sama um þýskuna og að „Íslendingar“ væru hinir einu sönnu ómenguðu piltungar.“ Bréf frá Marx til Engels 14. desember 1855. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 28. b. (Berlin: Dietz, 1963), 467. bls.

Ég efast ekki um, að höfundur ... 39. bls. Hewlett Johnson, *Undir ríðstjórn* (Reykjavík: Mál og menning, 1942), 9. bls.

Stofnun Almenna bókafélagsins ... 40. bls. Félagið var kynnt í fimm dálka frétt á baksíðu

Morgunblaðsins 17. júní 1955, og rituðu undir ávarp um stofnun þess stjórnarmenn, Bjarni Benediktsson ráðherra, Alexander Jóhannesson prófessor, Jóhann Hafstein bankastjóri, Karl Kristjánsson alþingismaður og Þórarinn Björnsson skólameistari. Einnig rituðu undir það bókmenntaráðsmennirnir Gunnar Gunnarsson rithöfundur, Birgir Kjaran, rithöfundur og heildsali, Davíð skáld Stefánsson frá Fagraskógi, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, dr. Jóhannes Nordal hagfræðingur, Kristján Albertsson rithöfundur, Kristmann Guðmundsson rithöfundur, Tómas Guðmundsson skáld og dr. Þorkell Jóhannesson prófessor. Fyrstu útgáfurit AB voru *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum* eftir Ants Oras, *Íslendinga saga* Jóns Jóhannessonar prófessors til 1550, fyrra bindi, *Myndir og minningar*, ævisaga Ásgríms Jónssonar málara eftir Tómas Guðmundsson, *Grát, ástkæra fösturmold* eftir Alan Paton, um kúgunina í Suður-Afríku, og *Hver er sinnar gæfu smíður* eftir Epikketos. Almenna bókafélagið gaf aðallega út fagurbókmenntir og fræðslurit, en nokkur þeirra voru um kúgunina í kommúnistaríkjunum, auk bókar Oras t. d. *Nytsamur sakleysingi* e. Otto Larsen (1956), *Þjóðbyltingin í Ungverjalandi* e. Erik Rostbøll (1957), *Hin nýja stétt* e. Milovan Djilas (1958), *Sívagó læknir* e. Boris Pasternak (1959), *Dagur í lífi Ívans Denisovitsj* e. Aleksandr Solzhenitsyn (1963), *Deild 7* e. Valerij Tarsis (1966), *Galína: rússnesk saga* e. Galínu Víshnevskaju (1990) og *Blóðugur blekkingarleikur* e. Ion Pacepa (1990). Einnig má nefna skáldsögu um Sovét-Bretland, *Það gerist aldrei hér* e. Constantine Fitz-Gibbons (1963).

Bjarni Benediktsson ... 40. bls. Bjarni (1908–1970) varð lagaprófessor aðeins 24 ára að aldri. Hann settist í bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1934 og var borgarstjóri 1940–1947. Hann settist á þing 1942 og var utanríkis- og dómsmálaráðherra 1947–1953 og dóms- og menntamálaráðherra 1953–1956. Hann var ritstjóri *Morgunblaðsins* 1956–1959 og dóms-, heilbrigðis- og iðnaðarmálaráðherra 1959–1963, en síðan forsætisráðherra til dauðadags. Eftir hann er ritgerðasafnið *Land og lýðveldi*, I.–III. b. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1965 og 1975) og um hann *Bjarni Benediktsson í augum samtíðarmanna* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1983). Bjarni var einn harðskeyttasti andstæðingur kommúnista á Íslandi, enda beindu þeir mjög spjótum að honum. Halldór Kiljan Laxness kallaði hann „tröllvaxinn dverg“ og Jóhannes úr Kötlum skrifaði (Sjálfstæðisflokkur gegn sjálfstæði, *Þjóðviljinn* 6. október 1949): „Sumir segja, að Bjarni Benediktsson sé umskiptingur. Aðrir segja, að Írafellsmóri búi í kollinum á honum og stjórni þaðan dómsmálum vorum og utanríkismálum. Hvað sem hæft kann að vera í slíkum þjóðsögum, sýna þær vel viðhorf alþýðu til þessa sonar Benedikts Sveinssonar. Þegar hann ræðst út á götuna eins og mannygur tarfur, sem strúttar af energi skepnunnar, þá fara allir að hlæja. Og þó liggur einhver dularfullur óhugnaður í loftinu.“ Sbr. líka ummæli Thors Vilhjálmssonar í aftanmálsgr. við 22. bls.

Eyjólfur K. Jónsson ... 40. bls. Hann (1928–1997) var lögfræðingur, framkvæmdastjóri Almenna bókafélagsins 1955–1960 og ritstjóri *Morgunblaðsins* 1960–1974. Hann var þingmaður Sjálfstæðisflokksins 1974–1995. Þegar er getið útgáfustarfsemi þeirra Geirs Hallgrímssonar fyrir daga Almenna bókafélagsins. Eyjólfur Konráð var einnig sjálfboðaliði í varnarsveit til aðstoðar lögreglunni 30. mars 1949, þegar ofbeldi kommúnista og vinstri sósíalista var veitt skipulagt viðnám. Í bók Styrmis Gunnarssonar, *Í köldu stríði* (2014), kemur fram, að Eyjólfur Konráð hafði forgöngu um söfnun upplýsinga á laun um hreyfingu íslenskra kommúnista og vinstri sósíalista, á meðan hún var enn í tengslum við kommúnistaríkin.

Meðal annars varð hann þess valdandi ... 40. bls. Rúnar Ármann Arthúrssón, *Jónas Árnason: Viðtalsbók* (Reykjavík: Svart á hvítu, 1985), 44. bls.

róttækum af minni kynslóð ... 40. bls. Árni Bergmann, „Ofbeldi kommúnista við borgaralega rithöfunda,“ *Tímarit Máls og menningar* (2000), 79. bls.

Skáldið Jón Óskar ... 40. bls. Jóhann Hjálmarsson, Kommakaffi, *Morgunblaðið* 23. desember 1973. Ritd. um bókina *Gangstéttir í rigningu* e. Jón Óskar.

Aðdáunin var svo afdráttarlaus ... 40. bls. Agnar Þórðarson, *Í vagni tímans* (Reykjavík: Mál og menning, 1996), 115. bls.

yfirlitsrit fyrir skóla ... 40. bls. Heimir Pálsson, *Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum* (Reykjavík: Íðunn, 1978). Heimir bætti þó smákafla um Gunnar Gunnarsson við í seinni útgáfum (1982, 1987 og 1990). Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur kvað lesendur geta „fundit þess nokkurn vott í orðavali Heimis og efnishlutföllum, að hann sé hlynntur róttækum boðskap í bókmenntum“. Íslenskar bókmenntir síðari alda, *Vísir* 15. nóvember 1987. Er það síst ofmælt.

hafnað með nokkrum þóttá ... 41. bls. Sigfús Daðason, Bréfaskipti við Arnór Hannibalsson, *Þjóðviljinn* 23. júní 1963.

treysti sér þó ekki til að birta hana ... 41. bls. Sigfús Daðason, *Ritgerðir og pistlar* (2000). Inngangur e. Þorstein Þorsteinsson.

sagðist Sverrir ekki geta ... 41. bls. Baldvin Tryggvason. Ævi og störf, *Morgunblaðið* 27. apríl 1997.

trúði Sverrir Ævari Kvaran ... 41. bls. Baldur Hermannsson, *Ævars saga Kvarans* (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1989), 130. bls.

trúði Jóni Óskari ... 42. bls. Jón Óskar, *Tyndir snillingar* (Reykjavík: Fjölvi, 1979), 292. bls.

og Baldvin Tryggvasyni ... 42. bls. Baldvin Tryggvason. Ævi og störf, *Morgunblaðið* 27. apríl 1997.

með sigri Vesturveldanna ... 42. bls. Skýringarnar á sigrinum voru aðallega tvær: Ráðstjórnin hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að þreyta kapp við Bandaríkin og önnur vestræn ríki, og leiðtogar Bandaríkjanna og Bretlands komu fram af fullri festu. Jafnframt skipti eflaust miklu máli í Mið- og Austur-Evrópu, að eindreginn andkommúnisti settist á páfastól. Um fyrri skýringuna sjá Ludwig von Mises, *Die Gemeinwirtschaft* (Jena: Gustav Fischer Verlag, 1922). Höfundurinn (1881–1973) leiddi rök að því, að kommúnistar gætu ekki hrundið áætlunum sínum í framkvæmd, því að þeir gætu ekki metið saman í tölum ólíka kosti. Í skipulagi frjálsra viðskipta myndast á hinn bóginn verð á ólíkum hlutum, sem segir til um hlutfallslegan skort þeirra. Á e. *Socialism* (Indianapolis: Liberty Classics, 1981). Um seinni skýringuna sjá m. a. John O'Sullivan, *The President, the Pope, and the Prime Minister: Three Who Changed the World* (Washington DC: Regnery, 2006).

aðrar aðstæður á bókamarkaði ... 42. bls. Aðallega hefur ráðið þessu aukinn fjármagnskostnaður, eftir að raunvextir voru teknir upp. Varð þetta líka samvinnuhreyfingunni að falli.

sagði Þórarinn Eldjárn ... 42. bls. „Ég reyni fyrst og fremst að vera húmoristi,“ *Tímarit Máls og menningar*, 52. árg. 2. hefti (1991), 34.–46. bls.; Árni Bergmann, Vinstrimennskan, sagan og hrun heimskommúnismans, *Tímarit Máls og menningar*, 53. árg. 4. hefti (1992), 24.–32. bls.; Þórarinn Eldjárn, Skipsfregn: Vegna greinar eftir ÁB í TMM 4/1992, *Tímarit Máls og menningar*, 54. árg. 1. hefti (1993), 26. bls.; Mörður Árnason, Hvorki rök né rím: Ritdómur um sonnettu, *Tímarit Máls og menningar*, 54. árg. 2. hefti (1993), 67.–71. bls.; Franz Gíslason, Í tilefni af skipsferð, *Tímarit Máls og menningar*, 54. árg. 2. hefti (1993), 50. bls.

gamli framámenn Sósíalístaflökkssins ... 42. bls. Jón Ólafsson, *Kæru félagar* (1999). Í formála kemur fram, að meðal yfirlesara hafi verið Kjartan Ólafsson, framkvæmdastjóri Sósíalístaflökkssins 1962–1968 og alþingismaður Alþýðubandalagsins. En þrátt fyrir yfirlestur hans og annarra gamla sósíalista gerir Jón margar aðrar villur en þær, sem bent er á næstu aftanmálsgreinum. Ein hin spaugilegasta er, að Jón veit ekki, að Hendrik Siemsen Ottósson var nefndur „Sillinn“ í vinahóp, svo að hann getur sér til um það á 22. bls., að bréf með undirskriftinni Sillinn sé frá sænska kommúnistanum Hugo Sillén. Snorri G. Bergsson, „Sillinn“ verður „Sillén“: af kostulegum misskilningi fræðimanna, *Þjóðmál*, 1. árg. 2. hefti (2005), 21.–22. bls. Jón fer oft rangt með nöfn, dagsetningar og ártöl. Í bók sinni kallar hann t. d. einn erindreka Kominterns á Íslandi, Haavard Langseth, Langeseth, ekki einu sinni, heldur tvisvar, 38. og 340. bls. Hann segir á 38. bls., að Langseth hafi komið hingað 1929, og á 340. bls., að hann hafi komið hingað 1928. Hann kom hvorugt það ár til Íslands, svo að vitað sé. Hins vegar eru nægar heimildir til um, að Langseth kom hingað 1930, m. a. frásögn Einars Olgeirssonar í minningabók. *Kraftaverk einnar kynslóðar* (Reykjavík: Mál og menning, 1983), 152. bls. Jón hefur ekki heldur kannað vel blöð og aðrar heimildir um kommúnístaflökkinn. Hann segir t. d. á 59. bls. um Vasilj Ríbakov, sem var forstöðumaður sendiráðs Ráðstjórnarríkjanna á Íslandi 1947: „Rybakov var auk þess fyrsti erlendi fulltrúinn til að fylgjast með störfum íslensku sósíalísta, frá því að Kominternfulltrúinn Harry Levin sótti stofnþing kommúnístaflökk Íslands árið 1930.“ En þýski kommúnísta Willi Mielenz, sem áður hafði fylgst grannt með íslenskum kommúnísta af skrifstofu Kominterns í Moskvu, kom hingað sumarið 1932 og fór ekki leynt, eins og sést á málögögnum íslenskra kommúnísta.

fengu þaðan mikinn stuðning ... 42. bls. Furðumargar villur Jóns Ólafssonar tengjast Menningartengslum Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, MÍR, sem Jón kallar ranglega á 181. og 340. bls. „Menningarsamband Íslands og Ráðstjórnarríkjanna“ (þótt hann fari rétt með nafnið á 179. bls.). Jón segir t. d. á 181. bls. og vísar um það í rússneska skýrslu, að í sendinefnd MÍR til Ráðstjórnarríkjanna haustið 1951 hafi verið Sigvaldi Thordarson húsateknari, Jón Magnússon fréttastjóri, Bolli Thoroddsen verkfræðingur, Arnfinnur Jónsson skólustjóri og „Björn Jóhannsson verkfræðingur“. Enginn Björn var í sendinefndinni haustið 1951. Fimmti maðurinn var Áskell Snorrason tónlistarkennari, sem skrifaði síðan bók um ferðina, *Í landi lífsgleðinnar* (1952), og lætur Jón þess einmitt getið á 192. bls., að sendiráð Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík hafi greitt útgáfukostnað hennar. Björn Jóhannesson jarðvegsfræðingur (ekki Jóhannsson) fór hins vegar í ferð nokkurra íslenskra vísindamanna á vegum MÍR 1954. Í myndatexta á móts við 129. bls. segir Jón, að myndin sé af Íslendingum í Moskvu 1951. En hún er af sendinefnd, sem fór til Ráðstjórnarríkjanna vorið 1953. Jón segir á 185. bls. um átök í MÍR árin 1958–1960: „Þessi átök enduðu með því að Kristinn E. Andrússon missti ítök sín í MÍR og var bolað út úr félaginu.“ Þessu var þverfúgt farið, eins og nægar opinberar heimildir eru til um. Andstæðingar Kristins misstu ítök sín í MÍR og var bolað út úr félaginu. Eftir að Sigurvin Össurarson, Adolf Petersen og fleiri menn úr

Reykjavíkurdeld MÍR höfðu haustið 1958 upplýst gesti frá Ráðstjórnarríkjunum um, að þeir vissu frá Kristni af fjárhagslegum stuðningi Moskvumanna við MÍR, varð órói í félaginu. Beittu forystumenn Sósíalístaflokksins sér fyrir því, að Reykjavíkurdeld MÍR væri tekin úr höndum þessara manna á aðalfundi hennar 26. febrúar 1960. Þeim tókst ætlunarverk sitt. Varð Árni Böðvarsson formaður félagsdeildarinnar í stað Sigurvins, og annar bandamaður Kristins, Þorvaldur Þórarinnsson, tók sæti í stjórninni. Einn þeirra manna, sem felldir voru úr stjórn, Adolf Petersen, skrifaði um þetta í blöð: Adolf Petersen, Engin skýrsla um fjárreiður MÍR síðustu 5–6 árin, *Tíminn* 28. október 1960. Málið er líka rakið nokkuð í einni SÍA–skýrslunni, sem Jón vitnar raunar sjálfur í. Hún er e. Hjörleif Guttormsson, *Rauða bókin* (Reykjavík: Heimdallur, 1963), 126. bls. Kristinn E. Andrésson og aðrir forystumenn Sósíalístaflokksins réðu alla tíð yfir sjálfum heildarsamtökunum, enda varð Kristinn forseti MÍR á eftir Halldóri Laxness 1968. Þá segir Jón um SÍA–skýrslurnar á 213. bls.: „Nokkrir félagar í ungliðafélagi Sjálfstæðisflokksins, Heimdalli, stálu pappírnum úr geymslu.“ Jón vísar ekki í heimild um þessa alvarlegu ásökun, en af samhenginu í tilvísunum hans aftanmáls má ráða, að hann hefur stuðst við ritið *Sósíalístaflélag Íslendinga austantjalds og SÍA–skjölín 1956–1963* (Reykjavík: Félag sagnfræðinema við Háskóla Íslands, 1989) e. Helga Hannesson. Þar segir, að brotist hafi verið inn í hús bróður eins SÍA–mannsins í Kópavogi og skjölín tekin úr bókakistum, sem þar voru geymdar. Er heimildarmaður Helga að þessu Eysteinn Þorvaldsson, en hann rannsakaði málið fyrir Sósíalístaflokkinn og komst að þessari niðurstöðu, eins og einnig má ráða af gögnum Æskulýðsfylkingarinnar. En Jóni sést yfir minningargrein um Halldór Þ. Briem hafnarverkamann. Þar var það upplýst, sem margir vissu raunar fyrir, að Halldór hafði í starfi sínu við höfnina rekist á SÍA–skýrslurnar í kassa í sjóþósti og fengið þær einum forystumanni Sjálfstæðisflokksins, sem sendi þær *Morgunblaðinu*. Heimdallur kom þar hvergi nærri. Kristján Guðbjartsson, Halldór Þorsteinn Briem, *Morgunblaðið* 18. janúar 1996. Svo virðist sem Helgi Hannesson hafi ekki á sínum tíma leitað til néns á *Morgunblaðinu* eða í Heimdalli í því skyni að sannreyna hina reyfaralegu innbrotsskýringu, og hefði það þó verið hæðgarleikur. Var brotist inn í því skyni einu að komast yfir skjölín? Hver hafði vitneskju um, að slík skjöl væru til? Eða hvar þau væru geymd? Minningargreinin um Halldór Þ. Briem birtist, þremur árum áður en Jón skrifaði bók sína, og urðu um hana blaðaskrif. Hjalti Kristgeirsson, Athugasemd við eftirmæli, *Morgunblaðið* 24. janúar 1996.

ýmsa fjárstyrki til kommúnistahreyfingarinnar ... 42. bls. Jón nefnir ekki fyrsta fjárstyrkinn, sem íslenskir kommúnistar fengu þegar vorið 1919 frá erindreka Kominterns í Stokkhólmi, þótt hann vitni á 13.–16. bls. bókar sinnar í heimildina, þar sem upplýsingar eru um styrkinn. Hann segir á 17. og 305. bls. um annan fjárstyrk samkvæmt beiðni frá 1920, að ekkert bendi til þess, að styrkurinn hafi verið veittur. En heimildir eru til um, að hann hafi verið veittur: Lars Björln, *Russisk guld í svensk kommunisme, Guldet fra Moskva* (København: Forum, 2001), 54. bls. Jón minnst ekki heldur á tvo styrki 1928 og einn 1940, þótt þeirra sé getið í heimildum, sem hann hafði aðgang að. Heimildir um styrkveitingar fyrir 1940 eru brotakenndar. Þótt Jón geti um nokkra aðra styrki, minnst hann ekki á það, sem þegar hefur hér verið getið um og Þór Whitehead upplýsti, að Signe, eiginkona Hugos Sillén, sinni erindrekstri fyrir leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ, árin milli stríða og hafði m. a. milligöngu um fjárstyrki til íslenskra kommúnista. Þór Whitehead, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934* (1979), 52.–53. bls. Væntanlega koma þau fjárframlög ekki fram í þeim heimildum, sem aðgangur er að í Moskvu. Skjalasafn leyniþjónustu Rauða hersins er harðlokað og einnig leynilögreglunnar.

kveður ekki heldur sjáanlegt af skjölum ... 43. bls. Jón Ólafsson, *Kæru félagar* (1999), 52. bls.

Mörg önnur dæmi má nefna um, að Jón hafi ekki kannað heimildir um leyniskólana tvo í Moskvu nógu vandlega, þótt hann hafi auk bókarinnar *Kæru félagi* birt um þá tímaritsgrein: Jón Ólafsson, Í læri hjá Komintern, *Ný saga*, 9. árg. (1997), 4.–15. bls. Hann kemur t. d. ekki auga á eða getur ekki um þrjá nemendur í Lenínskólanum, sem þó eru til opinberar og aðgengilegar heimildir um: Hjalta Árnason, Jóhannes Jósepsson og Elísabetu Eiríksdóttur. Heimildirnar um Hjalta og Jóhannes eru minningargreinar um þá eftir menn, sem vel þekktu til þeirra. Hendrik Ottósson, Hjalti Árnason. Minningarorð, *Þjóðviljinn* 5. júlí 1961; Hólmsteinn T. Hólmsteinsson, Jóhannes Jósepsson, *Morgunblaðið* 27. október 1995. En ein opinber heimild er óbein um Elísabetu: Hún sagðist í blaðaviðtali 1954 hafa verið í Moskvu seytján árum áður. Lá þá beint við að álykta, að hún hefði verið þar í byltingarskóla, því að Moskvu var ekki í alfaraleið þau ár og ekki getið um neinar sendinefndir, sem hún gæti hafa tekið þátt í. Þessa ályktun má staðfesta í bréfi í skjalasafni Sósíalístaflokksins, þar sem Einar Olgeirsson sagði hana hafa dvalist í eitt ár í Moskvu. Einar Olgeirsson - „Dear Comrades“, líkl. 1954. Þjóðskjalasafn, skjalasafn verkalýðshreyfingarinnar, Sósíalístaflokkurinn, A-48, 1/14. Með því að skoða störf hennar á Íslandi má tímasetja Moskvudvöl hennar á bilinu frá því í árslok 1935 fram í ársbyrjun 1937. Annað dæmi er, að í tímaritsgrein segir Jón, að Komintern hafi 1936 ákveðið að senda einn nemanda til Íslands, félagi Johnson, sem eigi sæti í miðstjórn kommúnístaflokksins íslenska. Jón Ólafsson, Komintern gegn klofningi: viðbrögð Alþjóðasambands kommúnista við stofnun Sósíalístaflokksins *Saga*, 45. árg. 1. hefti (2007), 100. bls. Hann varpar því fram þar, að sendimaðurinn sé Angantýr Guðmundsson. Þegar Jón var spurður, hvort hann hefði eitthvað fyrir sér um þetta, kvað hann svo ekki vera. Þetta væri aðeins tilgáta. En svo vill til, að Hjalti Árnason sat í miðstjórn kommúnístaflokksins frá 1932, eins og sjá má í Komintern-skjölunum, og hann var í skóla í Moskvu um þessar mundir. Hann er langlíklegastur til að vera félagi Johnson. Ekki er vitað til þess, að Angantýr hafi setið í miðstjórn flokksins, og það er afar ólíklegt. Auk þess var Angantýr rekinn úr flokknum í hreinsununum 1934, eins og kemur fram í fjölrituðum blöðum kommúnista (sem geymd eru í Þjóðarbókhöfðu), svo að líklegast er, að hann hafi verið í byltingarskóla í Moskvu fyrir þann tíma, en ekki eftir það. Bréf frá Einari Olgeirssyni til Kominterns haustið 1936, þar sem hann nefnir viðtæður við Hjalta, en vill frekari leiðbeiningar frá Moskvu, staðfestir síðan þessa tilgátu um félagi Johnson. RGASPI 495 15 103, 47. Einar Olgeirsson - ónefndur [Komintern], [Kaupmannahöfn] 29. ágúst 1936. Jón fullyrðir á 320. bls. í bók sinni, að Kristján Júlíusson hafi í Moskvu gengið undir dulnefninu „Jón Jónsson“ (sem er raunar allt önnur fullyrðing en tilgáta hans í Sögu 2007 um Angantýr Guðmundsson). Hið rétta er, að Kristján bar dulnefnið „Poulson“ og stundaði nám í Lenínskólanum 1933–1934. Er getið um nám hans og heimkomu í *Morgunblaðinu* 1934, og dulnefnið má ráða af Komintern-skjali frá sama ári. Maðurinn undir dulnefninu „Jon Jonsson“ (sem var eflaust sami maður og „félagi Johnson“) stundaði hins vegar nám í Lenínskólanum vorið 1936, eins og einnig kemur fram í Komintern-skjali. Sem fyrr segir má gera ráð fyrir, að þar sé Hjalti Árnason á ferð. Enn fremur er sú tilgáta Jóns röng á 320. bls., að Lilja Halblaub hafi borið dulnefnið „Karen Hansen“ í Moskvu. Konan undir því nafni stundaði nám í Lenínskólanum vorið 1936. Þá var Lilja Halblaub komin til Íslands, eins og sjá má í blöðum og gögnum kommúnístaflokksins íslenska. Þetta hefur líklega verið Elísabet Eiríksdóttir. Enn fremur segir Jón á 340. bls. að Lenínskólinn hafi starfað til 1937. Hann starfaði til 1938, þótt ekki væri þá margir nemendur þar. Einn þeirra var þó íslenskur, Ásgeir Blöndal Magnússon. Er allt þetta nánar rakið í Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (2011).

nokkrir íslensku nemendanna skýrðu ... 43. bls. Einn var Andrés Straumland (í dagbók sinni). Bs. Andrésar Straumlands í skjalasafni verkalýðshreyfingarinnar á Þjóðskjalasafni. Annar

var Helgi Guðlaugsson, Ólafur Grímur Björnsson, Hallgrímur Hallgrímsson: *Kreppuár í Reykjavík og ferðin til Sovétríkjanna, Súkur*, 32. árg. 45. hefti (2006), 100.–150. bls. Hinn þriðji var Benjamín Eiríksson, *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða* (1996).

Norðurlandabúar hlutu þar hernaðarþjálfun ... 42. bls. Sjá m. a. Aino Kuusinen, *Before and After Stalin* (London: Michael Joseph, 1974), 52.–53. bls.: „Námsefnið var meðal annars söguleg efnishyggja, saga hinna ýmsu kommúnistaflokka, lögleg og ólögleg flokksstarfsemi, byltingaraðferðir, notkun dulmáls og þjálfun í öðrum greinum.“ Sjá einnig Erik Rosenfeldt, *Verdensrevolutionens generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (Copenhagen: Gads Forlag, 2011), 131. bls.: „Á námskrá voru meðal annars námskeið í marx-lenínisma, stjórnmalahagfræði, þróun hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar og sögu Ráðstjórnarríkjanna og kommúnistaflokksins. En einnig voru haldnar skotæfingar og tilsögn veitt í notkun skotvopna, undirröðri, dulmálssendingum og vopnaðri skæruliðastarfsemi.“ Þótt þessi rit séu um þjálfun kommúnista frá Norðurlöndum, bendir ekkert til, að hún hafi verið frábrugðin þjálfun kommúnista frá öðrum vestrænum lýðræðisríkjum, þar sem kommúnistaflokkar voru leyfðir. T. d. skrifaði fulltrúi bandaríska kommúnistaflokksins með dulnefnið „Randolph“ til þeirra Dmitrijs Manúílskíjs og Andrés Martys 28. júní 1936 og óskaði eftir því, að framvegis yrði hætt að senda bandaríska nemendur Lenínskólans í tveggja vikna hernaðarþjálfun á vorin. Þetta gæti spurst út og væri hættulegt, nú þegar kommúnistaflokkurinn leitaði (skv. fyriræluum frá Moskvu) eftir samfylkingu við vinstri flokka. Harvey Klehr, John Earl Hayenes og Fridrikh Igorevich Firsov, *The Secret World of American Communism* (New Haven: Yale University Press, 1995), 203.–204. bls. Þýskur kommúnisti, sem var í Lenínskólanum 1935–1936 og barðist síðan í spænska borgarastríðinu, viðurkenndi, að nemendur hefðu hlotið hernaðarþjálfun, æft sig í skotfimi, lært að nota fjarskiptatæki og lesa á landabréf og kynnst undirstöðuatriðum herstjórnar. Heinz Hoffmann, *Mannheim. Madrid. Moskau. Erlebtes aus drei Jahrzehnten* (Berlin: Militärverlag der Deutschen Demokratischen Republik, 1985), 288.–289. bls.

einn þeirra gerðist sjálfbóðaliði ... 43. bls. Hann var Hallgrímur Hallgrímsson (1910–1942), og skrifaði hann bók um þátttöku sína, *Undir fána lýðveldisins: Endurminningar frá Spánarstyrjöldinni* (Reykjavík: Björn Bjarnason, 1941). Eftir að Hallgrímur hafði vorið 1938 birt greinar um stríðið í *Þjóðviljanum*, hneykslaðist *Morgunblaðið* í leiðara 21. júní á þeim hernaðaranda, sem þar kæmi fram: „Fyrir nokkru var þessi maður í Rússlandi. Var hann þar í Rauða hernum eða eins konar herskóla. Kostaði Moskvustjórnin vist hans og kennslu þar.“ Móðir Hallgríms, Sigríður Björnsdóttir, svaraði í *Þjóðviljanum* 2. júlí: „Hallgrímur, sonur minn, dvaldi um tveggja ára skeið á Rússlandi, en var hvorki í herskóla né í Rauða hernum og ekki heldur kostaður af Moskvustjórninni; hann vann fyrir sér í verksmíðju.“ Kvað Sigríður *Morgunblaðið* blygðunarlaust í niðskrifum sínum. Þegar Hallgrímur drukknaði 1942, skrifaði Brynjólfur Bjarnason eftir hann í *Þjóðviljanum* 10. desember og minntist þá á skrif móður hans fjórum árum áður: „Sigríður svaraði fyrir son sinn með fáum, einföldum orðum, þar sem móðurastin birtist í allri sinni tign.“ Auðvitað vissi Brynjólfur það, sem grandalaus móðir Hallgríms hafði ekki grun um, að Hallgrímur hafði dvalist tvö ár í Moskvu í leynilegum þjálfunarbúðum Kominterns fyrir byltingarmenn og fengið þar tilsögn í undirröðri og vopnaburði. Ef til vill er þetta dæmi um það, sem George Orwell hafði áhyggjur af, að í spænska borgarastríðinu hætti sannleikurinn að skipta máli. Þrír aðrir Íslendingar börðust í spænska borgarastríðinu, allir í lýðveldishernum. Einn var á eigin vegum, Gunnar Finsen læknir (1908–1986). Er kafli um hann í norski bók, *Tusen dager. Norge og den spanske borgerkrigen 1936-1939* (Oslo: Gyldendal, 2009). Hinir tveir sjálfbóðaliðarnir,

Aðalsteinn Þorsteinsson og Björn Guðmundsson, voru eins og Hallgrímur sendir suður af kommúnistaflokknum íslenska. Aðalsteinn (1914–1961) átti að baki afbrotaferil, en var maður stór og sterkur og reyndi fyrir sér í hnefaleikum. Hann var í Varnarliði verkalýðsins eins og hinir tveir Spánarfarar kommúnistaflokksins, en það var hópur manna, sem stofnaður var 1932 (í samræmi við þriðja inntökuskilyrðin í Komintern, Alþjóðasamband kommúnista) og þjálfaði sig reglulega í hermennsku. Var í hópnum um 60–80 manns, svo að hann var tvöfalt fjölmennari en Reykjavíkurlögreglan á þeirri tíð. Björn (1914–1972) varð síðar leigubílstjóri í Reykjavík og kemur fyrir í skáldsögum frænda síns, Einars Más Guðmundssonar, sem „Ragnar risi“. Hann særðist í loftárás á skála, þar sem hann sat og sinnti þörfum sínum (frásögn Ólafs Gríms Björnssonar e. Helga Guðlaugssyni, sjá fyrri aftanmálsg. við þessa bls.). Fimmti maðurinn kvaðst raunar hafa tekið þátt í borgarastríðinu, Vernharður Eggertsson (1909–1952), sem kallaði sig Dag Austan, í bókinni *Íslenzkur æfintýramaður í styrjöldinni á Spáni* (Reykjavík: 1938), en engar aðrar heimildir eru til um það. Vernharður var ofdrykkjumaður og átti að baki afbrotaferil. Þórhallur Þorgilsson tungumálakennari, sem hallaðist á sveif með þjóðernissinum Francos, skrifaði sögu stríðsins, *Byltingin á Spáni og borgarastyrjöldin 1936–1939* (Reykjavík: Ísafold, 1939).

spænska borgarastríðinu ... 43. bls. Það stóð frá sumri 1936 fram á útmánuði 1939. Eftirmæli um það eru misjöfn. Báru Franco og aðrir herforingjar óskipta ábyrgð á stríðinu, eða mátti rekja það til fyrirætlanu spænsku vinstri stjórnarinnar, sem unnið hafði nauman sigur í þingkosningum 1936, um að gera án ótvíræðs umboðs róttækar breytingar? Hallaðist eitthvað á í stríðinu um voðaverk milli þjóðernissinna og lýðveldissinna? Var Franco sannfærður fasisti sjálfur eða stjórnlyndur afturhaldsmaður, sem studdist við fasista? Reynt er að gæta sanngirni í bókum tveggja virtra sagnfræðinga um borgarastríðið, *The Spanish Civil War* (New York: Modern Library, endursk. útg. 2001) e. Hugh Thomas og *The Spanish Civil War* (Cambridge: Cambridge University Press, 2012) e. Stanley Payne. Hins vegar skrifar Paul Preston í sama anda og heitustu stuðningsmenn lýðveldisins, t. d. í *Franco: a Biography* (London: Fontana, 1995). Gagnrýnir hann m. a. skrif Georges Orwells um stríðið. Svipaða afstöðu til stríðsins og Preston hefur Antony Beevor, en ein bók hans um það hefur komið út á íslensku, *Orrustan um Spán: spænska borgarastyrjöldin 1936–1939* (Reykjavík: Hólar, 2009). Á hinn bóginn heldur spænski rithöfundurinn Pio Moa því fram, að Franco hafi bjargað Spánverjum frá alræði kommúnista, sjá *Los mitos de la Guerra Civil* (Madrid: La Esfera de los Libros, 2003).

er um leynifund ... 43. bls. Jón Ólafsson, *Kæru félagar* (1999), 141. bls.

orðrétt skrifaði Dímítrov ... 43. bls. Þór Whitehead, *Sovét-Ísland, óskalandið* (2010), 403. bls. Heimild beggja, Jóns Ólafssonar og Þórs, er uppskrift e. Jordan Baev prófessor í enskri þýðingu hans. Þessari færslu er hins vegar sleppt í enskri útgáfu dagbóka Dímítrovs.

örlög eina Íslendingins ... 43. bls. Jón Ólafsson, *Appelsínur frá Abkastú* (Reykjavík: JPV, 2012). Erla Sólveig var dóttir Benjamíns Eiríkssonar og þýsks kommúnista, sem bjó í Rússlandi, Veru Hertzsch. Hún var ungarbarn, þegar hún og móðir hennar voru gripnar heima hjá sér að Halldóri K. Laxness viðstöddum í mars 1938 og sendar í fangabúðir, þar sem þær dóu báðar úr vösbúð. Sök Veru var, að hún hafði verið gift trotskista, en þau voru skilin. Laxness sagði ekki frá þessu fyrr en aldarfjórðungi seinna, í frægum kafla í *Skáldatíma* (1963). Jón rekur í bókinni bréfaskipti Veru og Benjamíns. Síðasta bréf Veru til Benjamíns var dags. 8. desember 1937. Þar skrifaði hún: „Greve hefur líka verið handtekin [svo]“. Jón segir síðan á 173. bls., að ekki sé „ljóst hver Greve var“. En Richard Greve (stundum stafsett

Grewe) var ritstjóri *Deutsche Zentral-Zeitung*, þar sem Vera Hertzsch hafði verið blaðamaður. Hann var handtekinn 14. nóvember 1937 og skotinn 25. desember sama ár. Nafn Greves er nefnt í fjölda rita um hreinsanir Stalíns. Sjálfur vitnar Jón í eitt slíkt rit, Oleg Dehl, *Verratene Ideale* (Berlin: Trafo, 2000). Þar er sérstakur kafli um *Deutsche Zentral-Zeitung* með stuttu æviágripi Greves og mynd af honum. Jón skrifar og á 251. bls.: „Árið 1949 kom út bókinn 11 ár í sovískum fangabúðum eftir Elinor Lipper. Lipper kom til Moskvu 27 ára gömul árið 1937 í stutta heimsókn.“ Hér eru þrjár villur: Bók Lippers kom fyrst út á þýsku snemma árs 1950 og í enskri þýðingu á Bretlandi það ár, en í Bandaríkjunum árið eftir. Í öðru lagi var Lipper að verða 25 ára, þegar hún kom til Moskvu vorið 1937. Hún var fædd í júlí 1912. Í þriðja lagi fór Lipper ekki til Moskvu í stutta heimsókn, heldur til að vinna í þágu byltingarinnar. Í heimildaskrá er getið bókarinnar *Elf Jahre in Sowjetischen Gefängnissen und Lagern* eftir Lipper, Chicago 1950, hjá Oprecht. Hið rétta er, að þýska bókinn kom út hjá Oprecht í Zürich. Hin bandaríska þýðing kom út hjá Henry Regnery í Chicago ári síðar. Fleira er eftir þessu. Jón Ólafsson skrifar t. d. um Vetrarstríðið á 285. bls. „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Karelíu sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ En Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremhverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarastríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremhverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við fullt sjálfstæði. Kremhverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin eftir 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem laut Rússakeisara. Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi (Karelíu), sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía, svokallað Gamla Finnland. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809. Málflutningur Jóns um Vetrarstríðið minnir helst á áróður íslenskra sósíalista 1939 um „Finnagaldurinn“.

Eitt útgáfurit Máls og menningar árið 2006 ... 43. bls. Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson, *Nýir tímar: saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta* (Reykjavík: Mál og menning, 2006).

sjálfboðaliði fyrir einræðisherrann Castro ... 43. bls. Gunnar Karlsson, Póðer popular eða Lýðræðið á Kúbu, *Þjóðviljinn* 12.–13. mars 1983. Gunnar sagðist hafa farið að hugsa á nýjan hátt, þegar leiðsögumenn hans á Kúbu hefðu spurt: „Hvað höfum við að gera við fleiri flokka? Við höfum Kommúnistaflokkinn, og hann er ágætur.“ Gunnar lýsti síðan héraðsstjórnnum landsins og bætti við: „Allt stjórnkerfi Kúbu hlýtur að vera háð því, að gagnkvæmt traust og samstaða ríki milli Kommúnistaflokksins og yfirgnæfandi meiri hluta almennings. Ég sé enga ástæðu til að efa, að slíkt traust og samstaða ríki nú og muni gera það í næstu framtíð.“ Sannleikurinn er hins vegar sá, að þessar héraðsstjórnir eða grenndarnefndir voru eitt helsta eftirlits- og kúgunartæki kúbverskra kommúnista. Castro ofsótti alla raunverulega eða ímyndaða andstæðinga stjórnar sinnar, tók þá ýmist af lífi eða geymdi í fangabúðum tugþúsundum saman, en líka hópa, sem honum geðjaðist ekki að, t. d. samkynhneigða karla. Um ein milljón manns, tíundi hluti landsmanna, flýði land, aðallega til Bandaríkja, atvinnulíf staðnaði, og Kúba breyttist í stjórnartíð Castros úr einu best stæða ríki Karíbahafs í eitt hið verst stæða. Sjá m. a. *Svartbók kommúnismans* (2009), 643.–660. bls.

í óþökk mikils hluta bænda ... 43. bls. *Nýir tímar* (2006), 227. bls.

freklegar vanmælt ... 43. bls. Bretar tala um „understatement“. Annað vanmæli í *Nýjum tímum* er um valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu í febrúar 1948. Þeir Gunnar og Sigurður segja á 267. bls.: „Snemma árs 1948 viku fulltrúar samstarfsflokka kommúnista úr ríkisstjórn og kommúnistar mynduðu stjórn með nánnum samherjum sínum. Þessi umskipti komu illa við marga á Vesturlöndum því að þau þóttu staðfesta að landið væri nú á óskoruðu áhrifasvæði Sovétmanna.“ Hvað hafði í raun og veru gerst? Kommúnistar fengu í samsteypustjórn eftir stríð í sinn hlut innanríkis- og varnarmálaráðuneytin og með því yfirráð yfir lögreglu og her landsins. Hófu þeir miklar hreinsanir í lögreglunni. Þegar þeir neituðu að fara eftir samþykkt meiri hluta ríkisstjórnarinnar um að endurráða ýmsa lögreglufoðringa, sem þeir höfðu rekið, og hótuðu valdbeitingu, sögðu samráðherrar þeirra af sér í febrúar 1948. Vopnaðar sveitir kommúnista lögðu þá í skyndingu undir sig ráðuneyti hinna fyrrverandi ráðherra og hröktu burt embættismenn, sem þeir töldu sér ekki hliðholla. Kommúnistar mynduðu stjórn og tóku allt vald í sínar hendur, héldu áfram hreinsunum í lögreglu og öðrum opinberum stofnunum og breyttu Tékkóslóvakíu á nokkrum mánuðum í einræðisríki. Fjöldi manns flýði land. Í þriggja binda ævisögu Halldórs Kiljans Laxness e. Hannes H. Gissurarson segir frá dapurlegum örlögum tveggja tékkneskra Íslandsvína, Zdeněks Němečeks og Emils Walters, en báðir röktu þeir raunir sínar fyrir Halldóri K. Laxness án þess að það hefði nein sjáanleg áhrif. Sbr. einnig aftanmálg. við 9. bls. um valdarán kommúnista í Austur-Evrópu.

Josephs McCarthys ... 43. bls. Joseph McCarthy (1908–1957) var lögfræðingur og öldungaeildarþingmaður Lýðveldisflokksins (Repúblikana) frá Wisconsin 1947 til dánardags. Hann varð á svipstundu frægur, þegar hann tilkynnti í febrúar 1950, að hann væri með í förum sínum lista um laumukommúnista í utanríkisráðuneytinu bandaríska. Næstu árin var hann fyrirferðarmikill í bandarísku þjóðlífi og sakaði marga málsmetandi menn um að vera á laun kommúnista. Þótti hann hins vegar ganga of langt í ásökunum sínum og sætti ávitum öldungaeildarinnar (með 67 atkvæðum gegn 22) í desember 1954 og var eftir það að mestu áhrifalaus. Þeir sagnfræðingar, sem jafna herferð hans gegn kommúnistum í bandarískum stjórnarstofnunum saman við ofsóknir stjórnvalda í kommúnistaríkjunum, horfa fram hjá því, að McCarthy fór aldrei með eiginlegt ríkisvald og að enginn týndi lífi vegna ásakana hans, auk þess sem hann sætti ávitum. Gögn, sem síðan hafa birst, m. a. Venona-skjölín (skeytasendingar milli Bandaríkjanna og Moskvu, sem bandarísku leyniþjónustunni tókst að ráða, en hélt stranglega leyndum), vitnisburður ýmissa fyrrverandi njósnara rússnesku ráðstjórnarinnar og skjöl í rússneskum söfnum, sýna, að njósnanet Kremlverja í Bandaríkjunum var víðtækt. Sjá m. a. Allen Weinstein, *Perjury: the Hiss-Chambers case* (New York: Knopf, 1978); Ronald Radosh og Joyce Milton, *The Rosenberg File: A Search for Truth* (New York: Holt, Rinehart and Winston, 1983); John Earl Haynes og Harvey Klehr, *Venona: decoding Soviet espionage in America* (New Haven, CN: Yale University Press, 1999); Christopher Andrew og Vasili Mitrokhin, *The Mitrokhin archive: the KGB in Europe and the West* (London: Penguin, 1999). Flestir telja hins vegar, að McCarthy hafi farið offari og spillt fyrir málstað andkommúnista, og íslenskir andstæðingar kommúnista vitnuðu sjaldan eða aldrei til hans.

nokkrir kommúnistar ... 43. bls. Í *Nýjum tímum* segir á 268. bls.: „Urðu margir frjálsslyndir og vinstrisinnaðir Bandaríkjamenn fyrir bardinu á þessum norrnaveiðum, misstu atvinnu sína eða fengu starfsframa sinn eyðilagðan.“ Ekki er víst, að allir þessir aðilar hafi verið mjög frjálsslyndir. Einn af þeim, sem settur var á svartan lista, var kunnur handritshöfundur í Hollywood, Dalton Trumbo (1905–1976). Hann neitaði að bera vitni fyrir rannsóknarnefnd þingsins 1947, en hann hafði gengið í kommúnistaflokk Bandaríkjanna 1943. Gumaði Trumbo af því að hafa notað áhrif sín í Hollywood til að koma í veg fyrir, að kvikmyndir

væru gerðar eftir andkommúnískum ritum eins og *Úr álögum* e. Jan Valtin og *Ég kaus frelsið* e. Víktor Kravtsjenko í þessari ritröð. M. ö. o. setti maðurinn, sem settur var á svartan lista, sjálfur aðra á svartan lista. John V. Fleming, *The Anti-Communist Manifestos* (New York: W. W. Norton, 2009), 159. bls. Bandaríski hagfræðingurinn Milton Friedman hefur hins vegar notað mál Trumbos sem dæmi um, að frjáls markaður sé litblindur, hafi minni áhuga á stjórnmalaskoðunum manns en hæfileikum til að fullnægja þörfum annarra. Þótt Trumbo væri á svörtum lista, fékk hann, eins og Friedman bendir á, nóg að gera undir dulnefnum, því að hann þótti snjall handritshöfundur. Um og eftir 1960 gat hann síðan komið aftur fram undir eigin nafni. Milton Friedman, *Capitalism and Freedom* (Chicago: University of Chicago Press, 1962), 19.–20. bls. Sú bók hefur komið út á ísl., *Frelsi og framtak* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982).

Helförinni ... 44. bls. *Njir tímar* (2006), 250. bls.

Aleksandr Solzhenítsyn ... 44. bls. Hann (1918–2008) var rússneskur rithöfundur, sem fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1970, en gat aðeins veitt þeim viðtöku 1974, eftir að hann hafði verið gerður útlægur úr föðurlandi sínu. Hann sneri aftur til Rússlands 1994, eftir að Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur. Sbr. aftanmálsg. um þrælrunarbúðir Stalíns við bls. 9.

Böðullinn drepur alltaf tvisvar ... 44. bls. Bandaríski rithöfundurinn Elie Wiesel (1928–2016), sem fæddur var af gyðingaættum í Rúmeníu og var unglíngur í fangabúðum nasista, mælti þessi orð. Hér e. Mounir Bouchenski, *Breaking the Silence: Sites of Memory*, *World Heritage Newsletter*, nr. 23 (september–október 1999). Eftir Wiesel hefur komið út á ísl. *Nótt* (Reykjavík: Uglá, 2009). Wiesel hlaut friðarverðlaun Nóbels 1986.

Lenín ... 44. bls. Rússneski lögfræðingurinn Vladímír Íljítsj Úljanov, sem kallaði sig Lenín (1870–1924), var leiðtogi þeirra rússnesku sósíalista, bolsévíka, sem vildu, að fámennur, samhentur hópur tæki völdin strax í vopnaðri byltingu og umskapaði síðan skipulagið eftir kenningum Marx. Hann fékk heilablóðfall í maí 1922, aftur í desember og enn í mars 1923 og var eftir það lítt vinnufær. Dmítrij Volkogonov ofursti, sem hafði aðgang að gögnum í lokuðum skjalasöfnum, lýsti því, hvernig skoðun sín á Lenín hefði breyst, þegar hann skoðaði skjöl um hann. Byltingarforinginn hefði verið miskunnarlaus. Sjá *Lenín: Life and Legacy* (London: Harper/Collins, 1994). Sama skoðun á Lenín kemur fram í *Svartbók kommúnismans* í þessari ritröð. Sjá t. d. 77. bls, þar sem birt er símskeyti Leníns til framkvæmdanefndar verkamannaráðsins í Penza 10. ágúst 1918: „(1) Hengið (og ég á við opinberlega, svo að fólk sjái) að minnsta kosti 100 kúlakka [efnabændur], ríka þrjóta og kunnar blóðsugur. (2) Birtíð nöfn þeirra. (3) Gerið allt korn þeirra upptækt.“ Sbr. einnig *Lenín* e. Robert Conquest (London: Fontana/Collins, 1972). Nokkrir Íslendingar hittu Lenín. Heimshornaflakkarinn dr. Jón Stefánsson (1862–1952) sat með honum á Bretasafni, British Museum. „Hann yrti ekki á nokkurn mann, og enginn þorði að yrða á hann,“ sagði Jón. Einu samskipti þeirra voru, að eitt sinn missti Lenín blað, og tók Jón það upp og rétti honum, en Lenín sagði „Thanks“ með þýskum hreim. Jón Stefánsson, *Úti í heimi* (Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949), 77.–78. bls. Þeir Hendrik S. Ottósson og Brynjólfur Bjarnason hlustuðu á Lenín halda ræður á 2. þingi Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, í Moskvu 1920. Hendrik var fenginn til að gefa framkvæmdastjórn Kominterns skýrslu um Ísland. Þá greip Lenín fram í og sagðist vita af hernaðargildi landsins vegna kaþbáta og flugvéla. Hendrik S. Ottósson, *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands* (Akureyri: Pálmi H. Jónsson, 1948), 230. bls. Brynjólfur Bjarnason kvaðst síðar hafa hlýtt á fimm ræður Leníns á Komintern-þinginu, *Með storminn í fangið* (Reykjavík: Mál

og menning, 1973), 283. bls. Það fær ekki staðist, því að hann var ekki kominn til þings, þegar Lenín flutti þrjár af þessum ræðum. Sjá Snorra G. Bergsson, *Róðinn í austri* (Reykjavík: Ugly, 2011), en endurskoðuð útgáfa þeirrar bókar birtist í þessari ritröð. Íslenskir lærisveinar Leníns gáfu út þrjú verk hans hjá Heimskringlu á hundrað ára afmæli hans 1970, *Ríki og byltingu* (áður útg. 1938), *Hvað ber að gera?* og „*Vinstri róttækni*“: *barnsjúkdomar kommúnismans*, en áður hafði komið út *Heimsvaldastefnan: hæsta stig auðvaldsins* (Reykjavík: Heimskringla, 1961). Þeir gáfu einnig út *Endurminningar um Lenín* (Reykjavík: Heimskringla, 1970).

Maó ... 44. bls. Mao Zedong (1893–1976) var sonur efnaðs bónda í Sjaósjan-héraði í Húnan-fylki í Kína. Hann gerðist ungur kommúnisti og varð formaður kommúnistaflokks Kína 1943. Eftir að Japanir biðu ósigur í seinni heimsstyrjöld, skall á borgarastríð milli þjóðernissinna Sjangs Kaí-sheks og kommúnista Maós, og hefðu þjóðernissinnar líklega sigrað, hefðu Bandaríkjamenn ekki haldið aftur af þeim. En kommúnistar sigruðu og stofnuðu alþýðulýðveldið Kína haustið 1949, og leifarnar af her þjóðernissinna flýði til Taívans, þar sem hann var í skjóli Bandaríkjanna. Í Kína kommúnista tók við blóðbað, sem hollenski sagnfræðingurinn Frank Dikötter, prófessor í Hong Kong-háskóla, lýsir í *The Tragedy of Liberation* (London: Bloomsbury, 2013). Árin 1958–1961 skipulagði Maó „Stökkid mikla“ fram á við, en það endaði með skelfingu, og er talið, að um 44 milljónir manna hafi sultið í hel, eins og kemur fram í bók Dikötters, *Mao's Great Famine* (London: Bloomsbury, 2010). Maó missti um skeið nokkur áhrif vegna ófaranna, en endurheimti þau í „menningarbyltingunni“ frá 1966, en þá jókst kúgunin í landinu um allan helming, eins og Dikötter greinir frá í *The Cultural Revolution* (London: Bloomsbury, 2016). Eftir lát Maós hurfu ráðamenn frá stefnu hans og leyfðu m. a. s. einkaeignarrétt og frjáls viðskipti á ýmsum sviðum, en þeir hafa þó verið ófáanlegir til að fordæma ódæði hans eða leyfa stjórnarandstöðu. Heimskringla gaf út e. Maó *Ritgerðir* í þremur bindum (1959–1970) og *Rauða kverið* (1967). Frá aðstæðum og örlögum hinna kúguðu í Kína kommúnista segir í *Vilttum svönum* eftir Jung Chang (Reykjavík: Mál og menning, 1994). Jung Chang og maður hennar, Jon Halliday, skrifuðu stórröðlega ævisögu Maós, eins og vikið er að í formála, *Maó: sagan sem aldrei var sögð* (Reykjavík: Mál og menning, 2007), og kemur hún út í þessari ritröð. Þá er kafli um Maó í bók Boga Þórs Arasonar, *Barnið sem varð að harðstjóra* (2015). Mikla athygli vakti, þegar Jóhann Hannesson, síðar guðfræðiprófessor, skrifaði greinaflokka um Kína í *Morgunblaðið*, en hann hafði verið trúboði þar og var mæltur á kínversku. Um Asíumál, *Morgunblaðið* 10., 13., 14., 15., 16., 27. og 28. ágúst 1952; Hvert stefnir kommúnisminn í Kína? *Morgunblaðið* 19., 21., 23. og 28. október og 4. nóvember 1952. Það hafði þó engin áhrif á íslenska sósíalista, sem gerðu gys að Jóhanni, Sverrir Kristjánsson, Atvinnulaust trúboð og Asíumál, *Þjóðviljinn* 8. nóvember 1952; Lupus [Sverrir Kristjánsson], Trúboði Morgunblaðsins, *Þjóðviljinn* 18. mars 1953. Jóhannes úr Kötlum orti lofkvæði um Maó. Nú stæðu hetjurnar í hinni rauðu háborg keisarans og byðu heiminum frelsi, frið og óð lífsins, „og Maó er forsöngvarinn.“ Strax e. valdatöku kommúnista kom út *Bókin um Kína* (1950) með ritgerð um sögu Kína e. Sverri Kristjánsson og sjálfsævisögubroti e. Maó, sem bandarískur blaðamaður hafði skráð. Nokkrar íslenskar sendinefndir fóru á vegum sósíalista til Kína í tíð Maós. Þeir Hannes Sigfússon og Ólafur Jóhann Sigurðsson voru í einni haustið 1960 og hittu eina íslenska námsmanninn í landinu, Skúla Magnússon. Hannes skrifaði mörgum árum síðar í endurminningum sínum: „Íslenski námsmaðurinn fræddi okkur samtímis um það, að mikil hungursneyð ríkti í Kína og fólk neyddist jafnvel til að éta lauf af trjám til að seðja hungur sitt.“ Hannes Sigfússon, *Framhaldslíf forumanns* (1985), 184. bls. Þeir Hannes og Ólafur Jóhann minntust hins vegar ekki á neitt slíkt í greinum, sem þeir skrifuðu skömmu eftir heimkomuna og birtu í *Timarit*

Máls og menningar 1961. Tilfinningaþrungin bréf Skúla til annarra ungra, íslenskra sósíalista við nám í sósíalistaríkjunum eru pr. í *Rauðu bókinni* (1963).

dálitlum skugga á nafn Gunnars ... 44. bls. *Íslensk bókmenntasaga*, IV. b., 48.–49. bls. Árni Sigurjónsson skrifaði þennan kafla.

Ýla skal hind ... 44. bls. Halldór Kiljan Laxness–Erlendur Guðmundsson, Positano 29. desember 1934. Bs. Erlendar Guðmundssonar, Lbs.

Laxness brá sér til Berlínar ... 44. bls. Útgefandi Laxness í Danmörku, Steen Hasselbalch, skrifaði danska sendiherranum í Berlín bréf, sem Laxness færði honum í október 1936. Þar sagði m. a. um þann „orðasveim“, að Laxness væri kommúnisti: „Eftir að hafa fengið bréf frá Laxness er ég sannfærður um, að orðasveimurinn er tilhæfulaus.“ Steen Hasselbalch - Herluf Zahle, København 15. október 1936. Rigsarkivet, Udenrigsministeriet Arkiv. Að beiðni danska sendiherrans sendi Jón Krabbe í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn honum bréf, þar sem sagði: „Halldór Laxness er framúrskarandi rithöfundur og alls ekki neinn stjórnmalamaður, áróðursmaður eða þátttakandi í stjórnmalahreyfingum.“ Jón Krabbe - Herluf Zahle, København 20. október 1936. Rigsarkivet, Udenrigsministeriet Arkiv. Laxness fór frá Berlín um það leyti, en sneri þangað aftur í desemberlok til að hreyfa málum sínum. Það tókst ekki, þótt staðgengill danska sendiherrans í Berlín skrifaði sérstakt vottorð í mars 1937 um, að Laxness hefði ekki látið að sér kveða á stjórnmálum. H. P. Hoffmeyer - H. Goverts Verlag, Berlin 24. mars 1937. Rigsarkivet, Udenrigsministeriets Arkiv. Einnig skrifaði útgefandi Laxness í Austurríki, sem einnig rak útbú í Leipzig: „Hafi um slíkt hugarfar verið að ræða, þá getum vér fullvissað yður um, að það er nú löngu horfið. Herra Laxness var hér persónulega á ólympísku leikunum árið, sem leið, og hefur látið í ljós fyllstu viðurkenningu sína á því, sem hann sá hér. Hafi Laxness í raun og veru einhvern tíma fyrir æskusakir og þroskaleysis villst inn á rangar pólitískar brautir, þá er með fullri vissu hægt að staðhæfa, að þessi áfangi í þróun hans má teljast löngu yfirunninn.“ Zinnen Verlag - Reichsschrifttumskammer, Leipzig 18. mars 1936. Pr. í Halldór K. Laxness, Sendibréf frá fasistum, *Þjóðviljinn* 1. febrúar 1938. Nasistar létu ekki blekkjast og heimtuðu, að Laxness undirritaði sérstaka yfirlýsingu um, að hann væri enginn óvinur Þjóðverja, og þegar hann neitaði að gera það, var bannað að gefa út *Sjálfstætt fólk* í Þýskalandi. Frekari heimildir um málið eru í Hannes H. Gissurarson, *Kiljan* (Reykjavík: Bókafélagið, 2004). Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson veitti aðstoð við rannsókn skjalanna.

Þetta er einn skýrasti vitnisburðurinn ... 44. bls. *Íslensk bókmenntasaga*, IV. b., 373. bls. Dagný Kristjánsdóttir skrifaði þennan kafla.

Liggur vegurinn þangað? ... 44. bls. Ritgerðin birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 13. október 1940 og er einnig fyrsti hlutinn í *Gróðri og sandfoki* (1943). Ritgerð Hagalíns er eins og ritgerð Þórbergs hugleiðing um nýútkomnar bækur, sem gefa þeim tilefni til athugasemda um bókmenntastefnur.

ævisögu séra Árna Þórarinssonar ... 44. bls. Þórbergur Þórðarson, *Æfisaga Árna prófests Þórarinssonar*, 1.–6. b. (Reykjavík: Helgafell, 1945–1950). Arnór Sigurjónsson vitnar í hin fleygu ummæli um bókina í ritdómi í *Útým*, 1. árg. 5. tbl. (1945), 15. bls.

Ivan Olbracht ... 45. bls. Ivan Olbracht, *Anna proletárka*, á þ. *Anna: Das Mädchen vom Lande* (Berlin: Universum, 1929). Söguþræðir þessara tveggja skáldsagna eru mjög líkir. Löngu fyrr

hafði Einar Olgeirsson opinberlega ráðlagt Laxness að skrifa eins og Olbracht gerði í skáldsögu sinni. Einar Olgeirsson, Skáld á leið til sósíalísmans, *Réttur*, 17. árg. 2. hefti (1932), 111. bls.

Kylfum og táragsi ... 45. bls. *Íslensk bókmenntasaga*, IV. b., 424. bls. Dagný Kristjánsdóttir skrifaði þennan kafla.

Það er fjarstæða ein ... 45. bls. [Tómas Guðmundsson], 1. desember, *Helgafell*, 6. árg. 3. hefti (1954), 3. bls.

gamli valdakjarninn í Máli og menningu ... 45. bls. Sjálfseignarfélagið að baki Máli og menningu endurnýjar sig sjálf. Það velur nýja menn inn í félagsráð, þegar gamlir falla frá. Það hefur fengið háar arðgreiðslur frá Forlaginu (sem það á stóran hlut í) og er talið vellauðuðugt, þótt upplýsingar um það liggi ekki á lausu. *Tímarit Máls og menningar*, sem átti eftirt uppráttar um og eftir aldamótin 2000, var endurvakið 2004.

deildum Háskóla Íslands ... 45. bls. Þegar meta þarf verk um kommúnisma og sósíalisma í sagnfræðideild, t. d. styrkumsóknir eða lokaritgerðir, er það iðulega falið þeim Jóni Ólafssyni og Ragnheiði Kristjánsdóttur, stjúpdóttur Svavars Gestssonar. Þau Jón og Ragnheiður voru t. d. bæði í doktorsnefnd yfir Skafta Ingimarssyni, en ritgerð, sem hann varði 2018, bar heitið „Íslenskir kommúnistar og sósíalistar. Flokksstarf, félagsgerð og stjórnmalabaráttá 1918–1968“, og var Valur Ingimundarson leiðbeinandi. Ljóst er af þeim leiðréttingum, sem hér getur víða að líta í aftanmálgreinum á fjölmörgum missögnum Jóns Ólafssonar í skrifum um íslenska kommúnista og sósíalista, að hann hefur ekki þekkingu eða fræðilega burði til að sitja í doktorsnefnd um það efni, auk þess sem hann er ekki sagnfræðingur. Í doktorsritgerð Ragnheiðar um kommúnistahreyfinguna, *Nýtt fólk: þjóðerni og verkalds stjórnmál 1901–1944* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008), er sú staðreynd nánast sniðgengin, að kommúnistaflokkurinn var byltingar- og ofbeldisflokkur. Ella hefði hann væntanlega ekki klofnað út úr Alþýðuflokknum: Höfuðágreiningur flokkanna var eins og kommúnista og lýðræðisjafnaðarmanna annars staðar um, hvort beita mætti ofbeldi í stjórnmálabaráttunni eða setta sig við leikreglur lýðræðisins. Svo sem vænta mátti, vitnar Skafti í doktorsritgerð sinni oft til þeirra Jóns og Ragnheiðar. Hann víkur á einum stað að deilu þeirra Jóns og Þórs Whiteheads sagnfræðiprófessors um, hvort Sósíalistaflokkurinn hafi verið stofnaður 1938 með eða á móti vilja Alþýðasambands kommúnista, Kominterns. Í rússnesku skjalasafni hafði Jón fundið minnisblað, sem starfsmaður Kominterns, Wilhelm Florin, hafði skrifað forseta sambandsins eftir að hafa fengið skýrslu frá Einari Olgeirssyni um fyrirhugaða stofnun. Lýsti Florin efasemdum um, að rétt væri að kljúfa Alþýðuflokkinn í stað þess að mynda með honum öflugan samfylkingu gegn borgaralegum flokkum. Af þessu minnisblaði dró Jón þá ályktun, að Komintern hefði verið andvígt stofnun Sósíalistaflokksins. Þór benti á, að sú ályktun væri fráleit. Þetta hefði verið minnisblað skrifstofumanns, engin heimild um opinbera afstöðu Kominterns. Engin önnur gögn bentu til þess, að stofnun flokksins hefði verið í óþökk Kominterns, og raunar hefðu hinum nýja flokki verið fluttar kveðjur kommúnistaflokka Danmerkur og Svíþjóðar á stofnhátíðinni. Flokkurinn hefði verið stofnaður eftir skilyrðum Kominterns. Tók Hannes H. Gissurarson undir með honum. Skafti segir á 74. bls. ritgerðar sinnar um skoðun þeirra Þórs og Hannesar: „Engar skjalaheimildir hafa fundist, sem stýðja þessar tilgátur, þótt ekki sé unnt að útiloka þær.“ Hann bætir því við, að minnisblað starfsmannsins sé eina beina heimildin úr skjalasöfnum í Moskvu um afstöðu Kominterns til stofnunar Sósíalistaflokksins, og verði að taka það alvarlega. En á Þjóðskjalasafninu hafði Hannes H. Gissurarson (með aðstoð Snorra G. Bergssonar) haft upp á skjali, sem hann

birti 2009 og hefði átt að eyða öllum vafa um málið. Það er afrit af bréfi með heillaóskum undirrituðum af starfsmanni Kominterns, Michal Wolf (öðru nafni Mihály Farkas). Er bréfið frá Alþjóðasambandi ungra kommúnista til Æskulýðsfylkingarinnar, sem leysti af hólmi Samband ungra kommúnista. Þar segir, að úti í Moskvu hafi menn lesið stefnuskrá Æskulýðsfylkingarinnar og séu ánægðir með hana. Hannes H. Gissurarson, Var Komintern andvíg stofnun Sósíalístaflökksins? *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 5. árg. 2. hefti (2009), 57.–67. bls. Komintern laut strangri stjórn. Hefði Sósíalístaflökurinn verið stofnaður í óþökk Kominterns, þá hefði þetta bréf aldrei verið skrifað. Þetta er óræk heimild um afstöðu Kominterns til Sósíalístaflökksins og sá munur á því og minnisblaði Florins, að það er beinlínis skrifað í nafni einnar deildar Kominterns, en ekki minnisblað innan stofnunar. Hefði Komintern haft eitthvað að athuga við stofnun Sósíalístaflökksins, þá hefði það eflaust líka komið fram í viðræðum Kristins E. Andrésónar við höfund minnisblaðsins, Wilhelm Florin, í Moskvu vorið 1940, sem skýrsla var gerð um. RGASPI 495 15 105. Þótt Skafti hafi bersýnilega reynt að vanda rannsókn sína og margt sé þar fróðlegt, er furðulegt, að hann gangi fram hjá þessari heimild. Doktorsritgerð hans er sama marki brennd og Ragnheiðar Kristjánsdóttur: Gert er lítið úr þeirri staðreynd, að kommúnístaflökurinn íslenski var, eins og kommúnístaflökkar í öðrum löndum, byltingar- og ofbeldisflökur.

sagnritun þeirra ekki síst miða að því ... 45. bls. Ragnheiður Kristjánsdóttir var t. d. leiðbeinandi Pontusar Järvtads, sem skrifaði 2014 BA-ritgerð undir heitinu „The discourse of anti-Communism and its influence on the history of Communism in Iceland during the interwar period.“ Järvtad vikur á 28. bls. að deilu Þórs Whiteheads og Jóns Ólafssonar um stofnun Sósíalístaflökksins, sem rætt er um í síðustu aftanmálsgr. Segir hann einu heimildina í málinu vera minnisblaðið, sem Jón hafi bent á. Hann minnst ekki frekar en Skafti Ingimarsson á þá heimild, sem sker úr um það, að Komintern var ekki andvíg stofnun flökksins, bréfið frá Michal Wolf til Æskulýðsfylkingarinnar. Enn fremur kveður Järvtad Þór Whitehead hafa ófúlkað eitt af inntökuskilyrðunum 21, sem kommúnístaflökkum voru sett samkvæmt ályktun Alþjóðasambands kommúnista í Moskvu 1920. Þetta var þriðja skilyrðið, og vitnar Pontus svo í það (íslenskað hér) á 29. bls. ritgerðar sinnar: „Í nær öllum löndum Evrópu og Ameríku er stéttabaráttan að breytast í borgarastríð. Við þær aðstæður geta kommúnistar ekki treyst borgaralegum lögum. ... Í löndum, þar sem umsátursástand eða neyðarlög svipta kommúnista kostinum á að halda allri starfsemi sinni áfram löglega, er samtenging löglegrar og ólöglegrar starfsemi bráðnaudsýnleg.“ Pontus segir síðan, að þetta hafi átt við, þar sem kommúnístaflökkar hafi verið ólöglegir. Þess vegna villi Þór Whitehead um fyrir lesendum sínum með því að segja, að bardagalið, sem íslenskir kommúnistar stofnuðu 1932, hafi verið í samræmi við þetta skilyrði Kominterns frá 1920. En með úrfellingarmerkinu sleppir Järvtad eftirfarandi texta: „Þeir skuldbinda sig til að mynda *alls staðar* ólögleg hliðarsamtök, sem geta á úrslitastund aðstoðað flokkinn við að gera skyldu sína gagnvart byltingunni.“ Á frummálinu, þýsku, hljóðar þetta svo: „Sie sind verpflichtet, *überall* einen parallelen illegalen Organisationsapparat zu schaffen, der im entscheidenden Moment der Partei helfen soll, ihre Pflicht gegenüber der Revolution zu erfüllen.“ (Leturbr. hér í bæði skiptin.) Moskvuskilyrðin eru m. a. prentuð í Günther Nollau, *Die Komintern. Vom Internationalismus zur Diktatur Stalins*, Schriftenreihe der Bundeszentrale für politische Bildung, Heft 63 (Bonn: 1964), 315. bls. o. áfr. Á e. eru þau í Jane Degras (ritstj.), *The Communist International 1919–1943: Documents*, I. b. (Oxford: Oxford University Press, 1956), sjá sérstaklega 169. bls. Hér er beinlínis kveðið á um baráttusamtök, sem starfa skuli „alls staðar“. Bersýnilega átti þetta inntökuskilyrði því ekki aðeins við í þeim löndum, þar sem kommúnístaflökkar voru ólöglegir. Síðasta setningin í þriðja inntökuskilyrðinu er hins vegar

um þau lönd. Nú ber leiðbeinandi vitanlega ekki alla ábyrgð á ritgerð nemanda síns. En þar eð nemandinn var að saka einn samkennara Ragnheiðar í sagnfræði um sögufölsun, hefði hún mátt hafa sérstakan vara á. Hitt er annað mál, að í kafla um „Twenty-One Conditions“ í e. gerð Wikipediu (sótt 4. október 2018) er þýðingin á þessu inntökuskilyrði röng. Þar er sleppt orðinu „ólögleg“ á undan hliðarsamtök.

birtist langhundur ... 45. bls. Geir Sigurðsson, Af villtri sagnfræði villta svansins, *Saga*, 45. árg. 1. hefti (2007), 181.–194. bls. Skömmu eftir að Geir birti ritgerðina, var hann ráðinn forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, sem kínverska einræðisstjórnin kostar við Háskóla Íslands. Gegndi hann þeirri stöðu í fjögur ár.

Neitaði *Saga* líka að birta ... 46. bls. Hannes H. Gissurarson, *Saga* sem *Saga* vill ekki segja, *Þjóðmál*, 10. árg. 3. hefti (2014), 28.–31. bls. Ritstjóri *Sögu* var Sigrún Pálsdóttir.

athugasemd við árásina ... 46. bls. Hún var birt í Hannes H. Gissurarson, Villt sagnfræði og spillt: nokkrar athugasemdir við ritdóm Geirs Sigurðssonar í tímaritinu *Sögu* um ævisögu Maós, *Þjóðmál*, 10. árg. 3. hefti (2014), 32.–44. bls.

áfram veginn í þoku ... 46. bls. Milan Kundera, Vegir í þoku, *Bjartur og frú Emília*, 4. árg. 10. hefti (1993), 102.–127. bls.

Ræða Tómasar Guðmundssonar

Shostakovítsj ... 50. bls. Dmítríj Dmítríjevítsj S. (1906–1975) öðlaðist snemma fræð fyrir tónverk sín. En Stalín kunnir ekki að meta suma söngleiki hans, þótt þeir hlytu lofsamlega dóma og yrðu vinsælir. Var Shostakovítsj sakaður um „formalísmá“, en honum tókst að komast hjá handtöku, og eftir lát Stalíns naut hann sín betur. Í endurminningum hans, sem Solomon Volkov færði í letur, *Testimony* (New York: Harper & Row, 1979), kemur fram djúprætt andúð á ráðstjórnarfyrirkomulaginu. Shostakovítsj upplýsir þar t. d., að „Kasakaskáldið“ Dzhabúl, sem Halldór Kiljan Laxness hitti í Tbilísi í Georgíu 1937, hreifst af og þýddi eftir kvæði, hafi ekki ort neitt, heldur verið roskinn farandsöngvari, sem leikið hafi þjóðlög á dombro og ekki kunnað stakt orð í rússnesku. Kvæðin í nafni hans hafi verið sett saman á flokksskrifstofum kommúnista. Meðal þeirra vinstri manna, sem létu blekkjast af sögunni um Dzhabúl, voru Guðmundur Böðvarsson og Thor Vilhjálmsson.

Prokofjev ... 50. bls. Sergej Sergejevítsj P. (1891–1953) fluttist frá Rússlandi eftir byltingu bolsévíka, en sneri heim 1936. Eftir stríð sætti hann ritskoðun. Var bannað að flytja ýmis verk hans, sem þóttu ekki nógu „realísk“. Hann dó sama dag og Stalín. Kona hans var send í þrælkunarbúðir 1948 og látin laus eftir dauða Stalíns.

Jón Þórarinsson ... 50. bls. Hann (1917–2012) var starfsmaður Ríkisútvarpsins frá 1938. Hann stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og í Yale-háskóla 1944–1946 undir handleiðslu Pauls Hindemiths, var fulltrúi á tónlistardeild Ríkisútvarpsins 1947–1956, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1956–1968 og dagskrárstjóri Lista- og skemmtideildar Sjónvarpsins 1968–1979. Jafnframt var Jón afkastamikill tónskáld og tónlistarkennari og annaðist um skeið tónlistarþátt í Ríkisútvarpinu.

grein úr *Pravda* ... 50. bls. Rússneskir listmálarar og Parísarskólinn, ágríp af ræðu, *Pravda* 11.

ágúst 1947. Höfundurinn var Aleksandr Míkhaílovítsj Gerasímov (1881–1963), en hann var kunnur listmálari, sem gerði myndir í anda sósíalrealismans, þar á meðal af Lenín og Stalín. Hann var um skeið forseti Bandalags ráðstjórnarlistamanna og beitti sér þá gegn „formalisma“ og „heimsborgaralist“. Hann fékk Stalín-verðlaunin 1941, 1943, 1946 og 1949.

Picasso ... 51. bls. Pablo Ruiz P. (1881–1973) var spænskur listmálari, sem bjó lengst af í Frakklandi. Málaði hann fyrst náttúrulegar myndir, en síðan óhlutbundnar (abstrakt). Hann varð snemma frægur og gat þess vegna lifað alþjóðlegu munúðarlífi, þótt kommúnisti væri. Kvæntist hann tvisvar og átti fjögur börn með þremur konum, en hélt líka frillur. Eitt kunnasta verk Picassos er veggmyndin Guernica. Strax eftir loftárás á bæinn Guernica 26. apríl 1937 tóku þjóðsögur að birtast í frásögnum erlendra fréttaritara, hliðhollra lýðveldishernum: Þar hefðu fallið vel á annað þúsund manns; bærinn hefði ekki verið hernaðarlegt skotmark, svo að um hryðjuverk hefði verið að ræða; þýsk flugsveit hefði gert árásina til að æfa sig fyrir heimsstyrjöld. Sannleikurinn var sá, að um 150 manns féllu í árásinni; Guernica var hernaðarlegt skotmark, vegna þess að þar voru mikilvæg brú yfir á og ýmis hernaðarmannvirki, m. a. vopnaverksmiðjur; og þýska flugsveitin gerði árásina að undirlagi spænskra þjóðernis-sinna, sem reyndu síðar að gera lítið úr sínum hlut. Picasso hafði hafið gerð veggmyndar sinnar (sem var framlag lýðveldisstjórnarinnar á heimssýningu í París), áður en loftárásin var gerð, en ákváð að kalla hana eftir bænum og hafði með því mikil áhrif. Sjá m. a. John S. Corum, *The Persistent Myths of Guernica*, *Military History Quarterly*, 22. árg. 4. hefti (2010), 16.–23. bls., og Stanley Payne, *The Spanish Civil War* (2012), 211.–212. bls.

Matisse ... 51. bls. Henri M. (1869–1954) var franskur listmálari. Þeir Picasso voru í senn keppinautar og samherjar og frumkvöðlar nútímalistar.

Þankabrot í Moskvu ... 51. bls. Halldór Kiljan Laxness, Þankabrot í Moskvu, *Tímarit Máls og menningar*, 10. árg. 3. hefti (1949), 226. og 228 bls. Laxness vitnaði í greininni í samtöl sín við Gerasímov, en hann samdi einmitt greinina í *Pravda*, sem Tómas vitnaði í, og hefur Tómas eflaust vitað af þeim tengslum.

Gunnar Huseby ... 52. bls. Hann (1923–1995) varð Evrópumeistari í kúluvarpi á Evrópumeistaramóti í Osló 1946 og varði þann titil í Brüssel fjórum árum síðar. Hann var stórvaxinn rumur.

Ályktun miðstjórnar ... 52. bls. Hún er m. a. birt í *The Soviet Union: A Documentary History*, ritstj. Edward Acton and Tom Stableford, 2. b. (Exeter: University of Exeter Press, 2007), 330.–331. bls. Sbr. líka Arnór Hannibalsson, Þættir um list í Sovét, *Birtingur*, 8. árg. 3.–4. tbl. (1962), 29.–60. bls.

Zostsjenkos ... 52. bls. Míkhaíl Míkhaílovítsj Zostsjenko (1894–1958) var gamanskáld, en eftir að hann hafði óvænt verið fordæmdur opinberlega 1946, var ekkert gefið út eftir hann, fyrr en Stalín var allur 1953, og bjó hann við sára fátækt til æviloka. Eftir hann hafa m. a. komið út á íslensku smásögurnar „Tómas tortryggni“ í *Dvöl* 1943, „Spegill konu minnar“ í sama tímariti 1944 og „Húsnæðisvandráði“ í *Nýju Helgafelli* 1957.

Akhmatovu ... 52. bls. Anna Andrejevna Gorenko Akhmatova (1889–1966) var rússnesk skáldkona frá Úkraínu, og hafa mörg ljóð hennar verið þýdd á íslensku. Eru sum þeirra um

kúgunina undir stjórn kommúnista. Maður Önnu var skotinn 1921 og sonur þeirra þrisvar handtekinn og sat lengi í fangelsi fyrir sakir, sem aldrei voru upplýstar.

Sadofjev ... 53. bls. Ílja Ívanóvitsj S. (1889–1965) var rússneskt skáld.

Komíssarovu ... 53. bls. María Ívanovna K. (1904–1994) var rússnesk skáldkona.

Sajanov ... 53. Vissaríon Míkhaílovitsj S. (1903–1959) var ritstjóri tímaritsins *Lenínsgarðs* 1942–1944 og *Stjörnu* (*Zvezda*) 1945–1946.

Líkharev ... 53. Borís Míkhaílovitsj L. (1906–1962) var skáld og ritstjóri tímaritsins *Lenínsgarðs*, en hætt var að gefa það út 1946.

Lysenko-málsins ... 53. bls. Rússneski búfræðingurinn Trofím D. Lysenko (1898–1976) hélt því fram, að áunnir eiginleikar tegunda gætu erfst. Hann taldi, að plöntutegundir gætu starfað saman í stað þess að keppa um knöpp gæði. Stundaði hann rannsóknir á því, hvernig nytjaplöntur gætu gefið meira af sér, en þær rannsóknir báru takmarkaðan árangur. Stalín valdbauð hins vegar kenningar hans og sendi andstæðinga hans í röðum rússneskra líffræðinga í þræklunarbúðir, þar sem þeir vesluðust upp og dóu. Íslenskir kommúnistar vörðu Lysenko dyggilega: Óskar B. Bjarnason, Líffræðikenningar í Ráðstjórnarríkjunum, *Tímarit Máls og menningar*, 11. árg. 1.–2. hefti (1950); Halldór Kiljan Laxness, Inngangsorð, *MÍR*, 1. árg. 1. tbl. (1950), 3.–5. bls.

forustugrein í Pravda ... 54. bls. Sbr. Menntamenn í hreinsunareldi sovétstjórnarinnar, *Alþýðublaðið* 5. febrúar 1949.

Voznesenskíj ... 54. bls. Aleksandr Aleksejevitsj Voznesenskíj, Hugmyndafræðileg og stjórnmálagleg menntun í ráðstjórnarskólum, *Pravda* 17. nóvember 1948. Höfundurinn (1898–1950) var rektor Ríkisháskólans í Lenínsgarði 1941–1948 og kennslumálaráðherra Rússneska ráðstjórnarlýðveldisins 1948–1949. Þá var hann handtekinn, pyndaður og tekinn af lífi í einni af hreinsunum Stalíns. Honum var veitt uppreist æru 1954. Hann var bróðir Níkolajs A. Voznesenskíjs, yfirmanns efnahagsáætlana í Ráðstjórnarríkjunum, sem einnig var tekinn af lífi.

stærstu uppgötvanir mannkynssögunnar ... 54. bls. Í blaði Æskulýðsfylkingarinnar, *Landnemanum*, birtist 1950 grein í þýð. Eysteins Tryggvasonar um það, að ýmislegt kynni að vera til í þessum málf lutningi Rússa. Alf Bie Christiansen, Heyr á endemi! *Landneminn*, 4. árg. 2.–3. tbl. (1950), 5.–7. og 15. bls.

Ræða Gunnars Gunnarssonar

Rauðhetta litla ... 57. bls. Eins og Gunnar bendir á síðar í ræðunni, mætti Rauðhetta í ævintýri Grimmsbræðra úlfi, en ekki birni. Venjan er að tala um „rússneska björninn“.

Austur-Þýskalandi ... 58. bls. Kosningar í Austur-Þýskalandi, *Þjóðviljinn* 19. október 1954.

Austurríki ... 58. bls. Kommúnistar tapa, *Morgunblaðið* 22. október 1954. Um var að ræða byggðakosningar á nokkrum stöðum. *Morgunblaðið* bar saman þessar tvennar kosningar í leiðara, Hinn rétti þjóðarvilji, 26. október 1954.

Silone ... 58. bls. Ítalski rithöfundurinn og stjórnmálamaðurinn Ignazio Silone (1900–1978) hét réttu nafni Secondino Tranquili. Hann var einn af stofnendum kommúnistaflokks Ítalíu 1921, en sneri síðar baki við kommúnisma og gerðist einn af forystumönnum ítalskra sósíalista. Hann dvaldist í útleið 1927–1944, aðallega í Sviss. Frægasta skáldsaga hans, *Fontamara*, birtist (1944–1946) sem framhaldssaga í *Vinnunni* í þýð. Karls Ísfelds, en hefur ekki komið hér út á bók. Silone var einn af sex höfundum bókarinnar *Guðsins sem brást*, sem var um kommúnismann og er endurútgefin í þessari ritröð. Eftir útkomu bókarinnar birtu íslenskir sósíalistar þýdda grein, þar sem lítið var gert úr Silone: Palmiro Togliatti, Ljósmynd af liðhlaupa, *Réttur*, 34. árg. 4. hefti (1950), 290.–299. bls. Skáldsaga Silones, *Leyndarmál Lúkasar*, kom út í þýð. Jóns Óskars (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1961). Í Sviss átti Silone um skeið vingott við ungan stalinísta, Elinor Lipper, sem er annar höfundur bókarinnar *Konur í þrelakistum Stalíns* í þessari ritröð (2015). Því hefur verið haldið fram, að Silone hafi starfað með leynilögreglu fasista á Ítalíu, af því að hann var kunningi lögregluforingja eins á Ítalíu og bað bróður sínum griða, en sá haði verið handtekinn og pyndaður. Fátt bendir þó til þess, sjá David Pryce-Jones, The exemplar: Ignazio Silone, *The New Criterion*, 37. árg. 4. hefti (2001), 28.–32. bls.

Koestler ... 58. bls. Sjá aftanmálsgr. um Koestler við 15. bls. Gunnar vísar bersýnilega til fyrrnefndrar bókar, *Guðsins sem brást*, eftir Silone, Koestler og fjóra aðra menntamenn.

Kínverjar ... 59. bls. Eftir að kínverskir kommúnistar höfðu sigrað í borgarastríðinu við þjóðernissinna 1949, lögðu þeir undir sig Tibet 1950. Frá undirokun Tíbetis segir stuttlega í *Svartbók kommúnismans* (2009), 540.–544. bls. Sbr. einnig *Friðarhöfðingi: sjálfsævisaga Dalai Lama* (Reykjavík: Fjölvi, 1990).

skiptingu Póllands ... 59. bls. Grannríki Póllands, Prússland, Austurríki og Rússaveldi, skiptu því þrisvar á milli sín á átjándu öld, 1772, 1793 og 1795, uns það hætti að vera til sem sjálfstætt ríki. Stalín og Hitler skiptu því síðan milli sín í griðasáttmálanum 1939: Hitler hernam vesturhlutann og Stalín austurhlutann. Eftir stríð skilaði Stalín ekki sínum hluta, en Pólland fékk þess í stað yfirráð yfir austurhluta Þýskalands, og voru Þýskumælandi íbúar þess svæðis flestir umsvifalaust reknir til þess, sem eftir var af Þýskalandi, aðallega til Vestur-Þýskalands (Þýska sambandslýðveldisis). Voru þetta einhverjir mestu fólksflutningar sögunnar, líklega um 7–8 milljónir manna.

bandalag það ... 59. bls. Gunnar á við Atlantshafsbandalagið.

loftbrúarinnar ... 59. bls. Eftir stríð hernámu Bandaríkjamenn, Bretar, Frakkar og rússneska ráðstjórnin hver sinn hluta Þýskalands, en Berlín, sem lá öll innan hernámssvæðis ráðstjórnarinnar, skiptist líka á milli ríkjanna fjögurra. Stalín stöðvaði alla flutninga milli hernámssvæða Bandaríkjamanna, Breta og Frakka í Vestur-Þýskalandi og Vestur-Berlínar 24. júní 1948. Þá gripu Vesturveldin til þess ráðs að flytja nauðsynjar lofleiðis. Þetta tókst vonum fram, og 12. maí 1949 gafst Stalín upp og leyfði á ný flutninga um vegi og fljót milli Vestur-Þýskalands og Vestur-Berlínar.

vopn ... 59. bls. Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprenjum á tvær borgir í Japan 1945, Hiroshima 6. ágúst og Nagasaki 9. ágúst. Hundruð þúsunda féllu, flestir óbreyttir borgarar. Flýttu kjarnorkuárásirnar tvær fyrir uppgjöf Japana í stríðinu. Eflaust héldu kjarnorkusprenjur Bandaríkjanna Stalín í skefjum fyrstu árin eftir stríð, en strax og hann vissi af þeim, hóf hann

smíði eigin kjarnorkuvopna, og stjórnáði Lavrentíj Bería þeirri aðgerð. Ráðstjórnin sprengdi fyrstu kjarnorkusprengju sína í tilraunaskyni 29. ágúst 1949. Við smíði kjarnorkuvopna naut hún njósnara í röðum vísindamanna í Bandaríkjunum og Bretlandi, þ. á m. Harrys Golds (1910–1972) og Klaus Fuchs (1911–1988).

hopandi herdeildir þeirra ... 59. bls. Fyrsta árið, eftir að Hitler rauf gríðasáttmálann við Stalín og réðst inn í Ráðstjórnarríkin, frá sumri 1941 til hausts 1942, lagði hann undir sig risastór landflæmi í Rússlandi, Úkraínu og Kákasus. Eins og Níkíta Khrústsjov lýsti í *Leyniræðunni um Stalín* í þessari ritröð (2016) var Stalín alls vanbúinn innrásinni.

vopnum og varningi ... 59. bls. Eftir innrás Hitlers í Ráðstjórnarríkin veittu Bandaríkjamenn stjórn Stalíns mjög mikla aðstoð með svokölluðum láns- og leigusamningum, flugvélar, skriðdreka, flutningabíla, lestarvagna, matvæli og margt fleira. Réð þessi aðstoð eflaust úrslitum um það, eins og Níkíta Khrústsjov viðurkenndi í endurminningum sínum, að ráðstjórnin fékk snúið vörn í sókn og að lokum sigrast á innrásarhernum. Nikita Khrushchev, *Memoirs of Nikita Khrushchev: Commissar, 1918-1945*, 1. b. (University Park PA: Pennsylvania State University Press, 2004), 638.–639. bls. Vopn og varningur var meðal annars flutt yfir Norður-Atlantshaf í skipalestum, sem komu iðulega við á Íslandi, en það var undir hvernd Bandaríkjanna frá 1941. Magnús Þór Hafsteinsson, *Dauðinn í Dumbshafi: Saga Íshafsskipalestanna sögð* (Reykjavík: Víkingur, 2011) og *Návígi á norðurslóðum: Íshafsskipalestirnar og ófriðurinn 1942-1945* (Reykjavík: Hólar, 2012). Víktor Kravtsjenko vikur að láns- og leigusamningunum í bókinni *Ég kaus frelsið* í þessari ritröð (2017).

meinfærgu vitfirringsofboði ... 59. bls. Á Jalta-ráðstefnunni 4.–11. febrúar 1945 sömdu Josif Stalín, einræðisherra Ráðstjórnarríkjanna, Winston S. Churchill, forsætisráðherra Breta, og Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti um framtíðarskipan mála í heiminum eftir fyrirsjáanlegan ósigur Þjóðverja og Japana í styrjöldinni. Gekkt Roosevelt lengra til móts við Stalín en Churchill taldi skynsamlegt. Því hefur löngum verið haldið fram, að í Jalta hafi Evrópu verið skipt í áhrifasvæði Vesturveldanna annars vegar og Ráðstjórnarríkjanna hins vegar. T. d. segir í kennslubók þeirri fyrir framhaldsskólanema, *Nýjum tímum*, sem vikið er að hér í formála, 263. bls.: „Í Jalta viðurkenndu vesturveldin í reynd að Eystrasaltslöndin og austurhluti Póllands yrðu áfram hluti Sovétríkjanna og Austur-Evrópa á sövésku áhrifasvæði. Á sama hátt gekk Stalín út frá því sem gefnu að vesturhluti álfunnar, þar sem Bretar og Bandaríkjamenn tækju við uppgjöf Þjóðverja, yrði þeirra áhrifasvæði.“ En gera verður greinarmun á ólíkum skilningi kommúnista og vestrænna lýðræðisinnna á hugtakinu „áhrifasvæði“. Stalín sveik fyrirheit sitt um fjálsar kosningar í þeim löndum, sem Rauði herinn hertók, og þau voru ýmist neydd inn í Ráðstjórnarsambandið eða urðu leppríki. Í Vestur-Evrópu fóru hins vegar fram fjálsar kosningar, og lýðræðisstjórnir tóku þar við völdum. Bandaríkjamenn virtu það m. a. s., þegar Íslendingar höfnuðu haustið 1945 beiðni þeirra um herstöðvar til langs tíma. Einnig þarf að gera greinarmun á þoli og lofi. Vesturveldin þöndu Stalín að leggja undir sig Austur-Evrópu, vegna þess að þau töldu sér um megn að koma í veg fyrir það nema hefja stríð, en þau leyfðu honum það ekki. Því síður lögðu þau blessun sína yfir hernámið. Höfundar kennslubókarinnar horfa einnig fram hjá því, að Bandaríkin og Bretland viðurkenndu aldrei í orði, *de jure*, hernám Eystrasaltsríkjanna og Bandaríkin jafnvel ekki heldur í verki, *de facto*, því að sendiskrifstofum ríkjanna í Bandaríkjunum var ekki lokað.

lendur við Eystrasalt ... 60. bls. Eystrasaltslöndin þrjú, Eistland, Lettland og Litáen, sbr. aftanmálsgreinar um Eystrasaltslönd við 9. bls. og um Ants Oras við 30. bls.

standa Norðurlöndin framarlega ... 60. bls. Því er stundum haldið fram, að velgengni Norðurlanda sé að þakka jafnaðarstefnu. En leiða má rök að því, að velgengnin sé ekki *vegna* þeirrar stefnu, heldur *þrátt fyrir* hana. Hana megi þakka opnu hagkerfi, öfluglu réttarríki og víðtæku trausti og samheldni í krafti samleitni. Norðurlönd búi að sterkri frjálsræðishefð. T. d. hafi sænskumælandi Finni, Anders Chydenius (1729–1803), sett fram kenningu um samhæfingu án valdboðs við frjálsa samkeppni á markaði á undan Adam Smith. Hannes H. Gissurarson, *The Nordic Models* (Brüssel: New Direction, 2016).

Sturlu ... 60. bls. Sturla Þórðarson (1214–1284) var bóndi á Staðarhóli í Dölum og sagnritari. Hann var lögsögumaður 1251–1253 og lögmaður fyrir hönd Noregskonungs 1272–1276, en lögmaður norðan lands og vestan 1276–1282. Hann samdi *Íslendinga sögu* í *Sturlungu*, og kemur hann þar sjálfur talsvert við sögu, og ævisögur tveggja Noregskonunga, Hákonar gamla Hákonarsonar og Magnúsar lagabætis Hákonarsonar. Ólíkt föðurbróður sínum, Snorra Sturlusyni, virðist hann hafa verið ötull stuðningsmaður konungsvalds.

Snorra ... 60. bls. Snorri Sturluson (1179–1241) var bóndi í Reykholti í Borgarfirði og sagnritari. Hann réð mörgum goðorðum og var lögsögumaður 1215–1218 og 1222–1231. Hann samdi *Heimskringlu*, sögu Noregskonunga frá öndverðu, *Snorra-Eddu* um skáldskaparlist og hugsanlega *Egils sögu*. Víða kemur fram í *Heimskringlu*, að Snorri var tortrygginn á konungsvald, ekki síst í ræðu, sem hann lagði í munn Einari Þveræingi, eftir að Ólafur digri Noregskonungur hafði falast eftir Grímsey á öndverðri 11. öld: „En þótt konungur sjá sé góður maður, sem eg trúi vel, að sé, þá mun það fara héðan frá sem hingað til þá er konungaskipti verður, að þeir eru ójafnir, sumir góðir en sumir illir. En ef landsmenn vilja halda frelsi sínu því er þeir hafa haft, síðan er land þetta byggðist þá mun sá til vera að ljá konungi einskis fangstaðar á, hvorki um landaeign hér né um það að gjalda héðan ákveðnar skuldir þær eru til lýðskyldu megi metast.“ Þessi ræða hefur oft verið misskilin: Hún beindist gegn erlendum konungum, er seilast vildu til áhrifa á Íslandi og frekir væru til fjár, ekki gegn samstarfi við erlendar þjóðir. Hún beindist m. ö. o. gegn Stalín og Hitler, ekki samstarfi við Bandaríkin um varnir landsins. Snorri var veginn að fyrirmælum Hákonar gamla Noregskonungs, sem taldi hann ekki nógu leiðitaman sér.

Njáls ... 61. bls. Njáll Þorgeirsson (935–1010) var bóndi á Bergþórshvoli og lögspekingur mikill, þótt hann væri ekki goði og yrði aldrei lögsögumaður. Hann var brenndur inni ásamt fjölskyldu sinni, og var samin um þá flóknu atburðarás, er til brennunnar leiddi, ein kunnasta Íslendingasagan, *Brennu-Njáls saga*.

Snorra goða ... 61. bls. Snorri Þorgímsson (963–1031) var bóndi á Helgafelli í Helgafellssveit og goði, maður hygginn og varfærinn. Hann er aðalsöguhetjan í *Eyrbyggja sögu*.

atavíska ... 61. bls. Orðið merkir úrelta eða forneskjulega, afturhvarf til fortíðar.

Hlórriða ... 61. bls. Eitt af nöfnum Þórs. Gunnar á hér bersýnilega við líkneski af Þór.

Hörgabrúðir ... 61. bls. Þorgerður Hörgabrúðir var yfirmáttúrleg vera, sem víða er getið í fornritum. Gunnar hefur orðið í flt.

Atla enum enska ... 63. bls. Clement Attlee (1883–1967) var breskur stjórnmálamaður úr Verkamannaflokknum og leiðtogi hans 1935–1955. Hann var ráðherra í stríðsráðuneyti

Churchills 1940–1945 og forsætisráðherra 1945–1951. Ólíkt Churchill þáði hann jarlstign. Þriðji jarlinn, sonarsonur hans, situr í Lávarðadeild breska þingsins fyrir Íhaldsflokkinn. Attlee átti í Kínaför í ágúst 1954 leið um Moskvu og hitti þá marga ráðamenn. Átti hann m. a. orðaskipti við Anastas Míkójan um lýðræði og frelsi, og vísar Gunnar til þeirra.

Baldurs hvíta ... 63. bls. Baldur var sonur Óðins og Friggjar, fegurstur ása og bestur. Var hann veginn með mistilteini að ráði Loka Laufeyjarsonar.

Fenrisúlfsins ... 63. bls. Fenrisúlfr er jötunn í úlfsham, sonur Loka og Angurboðu. Í Ragnarökum losnar hann úr fjötrum sínum, berst við Óðin og vegur hann.

smurðlinganna við Kremmlarmúra ... 63. bls. Eftir að Vladímír Lenín lést, var lík hans smurt og smíðað utan um það grafhýsi við Rauða torgið. Valentín González segir frá því í bókinni *El campesino: Líf og dauði í Ráðstjórnarríkjunum* í þessari ritröð (2016), að hann hafi tekið þátt í því eftir árás Hitlers á Rússland í júní 1941 að koma líki Leníns leynilega fyrir um tíma í einni hvelfingu neðanjarðarlestarinnar í Moskvu.

Snæfríði ... 63. bls. Snæfríður Svásadóttir var frilla Haralds konungs hárfagra (850–932) og af ættum Sama (sem þá voru kallaðir Finnar), en þeir voru taldir göldróttir. Hún var kvenna fegurst, og unni konungur henni með ærslum, eins og Snorri Sturluson orðar það í *Heimskringlu*, 25. k. Þegar hún dó, var konungur ekki mönnum sinnandi og lét ekki hreyfa við líkinu í þrjú ár. Þorleifur spaki sagði honum, að skipta yrði um fatnað svo tignrar konu, en þegar hún var hreyfð, sló ýldu og óþef af líkamanum. Var hún þá brennd, en konungur komst til sjálfs síns.

Fást, eftir Goethe ... 64. bls. *Fást*, þýð. Yngvi Jóhannesson (Reykjavík: Menningarsjóður, 1972). Johann Wolfgang von Goethe (1749–1832) var þýskur rithöfundur, fjölfræðingur og stjórnmálamaður og einhver frægasti andans maður Þýskalands frá öndverðu. Auk Yngva Jóhannessonar þýddi Bjarni Jónsson frá Vogu *Faust* (Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1920) og Magnús Ásgeirsson kafla úr ljóðleiknum. *Æskuverk Goethes, Raunir Werthers unga*, hefur einnig komið út á ísl. (Reykjavík: Íslenski kiljukulúbburinn, 1987). Mörg íslensk skáld hafa spreytt sig á að þýða ljóð Goethes, þ. á m. auk þeirra Yngva Jóhannessonar og Magnúsar Ásgeirssonar Steingrímur Thorsteinsson, Hannes Hafstein, Jón Helgason og Helgi Hálfðanarson. Franz Schubert (1797–1828) samdi lög við mörg þeirra.

Axlar-Birni ... 64. bls. Björn Pétursson (1555–1596) frá Öxl á Snæfellsnesi er eini „raðmörðingi“ Íslandssögunnar. Alls myrta hann 18 manns. Þegar hann kom eitt sinn að Knerrri á Snæfellsnesi á páskadag, skein sól í heiði, og sagði hann þá: „Nú eru sólarlitlir dagar, bræður.“ Hann var tekinn af lífi. Sveinn Níelsson, Sagan af Axlar-Birni og Sveini skotta, Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, 2. b. (Reykjavík: Þjóðsaga, 1954). Úlfar Þormóðsson samdi um hann skáldsöguna *Þrjár sólar svartar* (Kópavogur: höf., 1988).

Ljóstra upp um foreldra ... 64. bls. Rússneskur unglingur, Pavlík Morozov (1918–1932), kærði föður sinn til ráðstjórnarinnar fyrir fjandskap við hana. Faðirinn var handtekinn og sendur í þrælkunarbúðir og síðar tekinn af lífi. Fjölskylda Morozovs drap hann í hefndarskyni. Þau voru síðan flest tekin af lífi. Morozov var talinn hetja í Ráðstjórnarríkjunum, en sagnfræðingar hafa hin síðustu ár efast um margar hliðar sögunnar.

síðustu bók sinni ... 64. bls. Arthur Koestler, *The Invisible Writing* (London: Macmillan, 1952), 42. bls.

Bert Brecht ... 64. bls. Berthold B. (1898–1956) var þýskt leikskáld og kommúnisti, og hafa nokkur leikrit hans verið færð upp á Íslandi og mörg ljóð hans þýdd á íslensku. Þeir Brecht og Halldór Kiljan Laxness voru kunningjar, enda margt líkt með þeim. Brecht bjó í Bandaríkjunum í stríðinu og í Austur-Þýskalandi eftir það, en átti bankareikning í Sviss og lifði alþjóðlegu óhófslífi. Hann birti undir eigin nafni talsvert af verkum eftir fjórar ástkonur sínar eða vinkonur, Elisabet Hauptmann, Margarete Steffin, Ruth Berlau og Hella Wuolijoki. Fékk engin þeirra þó hlutdeild í ríflegum ritlaunum hans. Brecht hreyfði aldrei litla fingur til að verja þá samstarfsmenn sína og vini, sem ofsóttir voru í Ráðstjórnarríkjunum á dögum Stalíns. John Fuegi, *Brecht and Company* (New York: Grove Press, 1994). Þorsteinn Þorsteinsson, einn þýðenda Brechts, gagnrýnir bók Fuegis í Bertolt Brecht, *Tímarit Máls og menningar*, 59. árg. 4. hefti (1998), 26.–50. bls. Eitt sinn árið 1935 var Brecht staddur heima hjá heimspekingnum Sidney Hook (1902–1989) í New York, og bárust í tal handtökur ýmissa kommúnistaforingja í Ráðstjórnarríkjunum að undirlagi Stalíns. Þegar Hook lét í ljós efasemdir um sekt þeirra, sagði Brecht: „Je mehr unschuldig, desto mehr verdienen sie erschossen zu werden.“ Því saklausari sem þeir eru, því frekar verðskulda þeir að verða skotnir. Hook stóð upp, náði í hatt Brechts og yfirhöfn, rétti honum þegjandi og opnaði hurðina út úr íbúðinni. Eftir það töluðust þeir aldrei við. Sidney Hook, *Out of Step* (New York: Harper & Row, 1987), 493. bls.

Sökktu þér í fenið ... 64. bls. Úr leikritinu *Die Maßnahme*, V. þ. (1930). Á þ.: „Versinke in Schmutz/Umarne den Schlächter, aber/Ändere die Welt: Sie braucht es!“ Sökktu þér í fenið og faðmaðu böðulinn, en breyttu heiminum: Hann þarfnast þess. Elisabeth Hauptmann átti mikið í þessu verki.

og þó ekki sem nú ... 65. bls. Gunnar Gunnarsson bendir réttilega á, að eðlismunur var á kúguninni á keisarátímanum og undir oki kommúnista. Nýfundin gögn staðfesta það. Árin 1825–1917 voru samtals 6.360 manns dæmd til dauða í Rússaveldi af stjórn málaástæðum, og af þeim voru 3.932 tekin af lífi: 191 árin 1825–1905 og 3.741 árin 1906–1910. Þegar eftir fjóra mánuði við völd, í mars 1918, höfðu kommúnistar tekið fleiri af lífi en allt þetta tímabil. Hundruð þúsunda voru tekin af lífi fram til 1922. Nær 690 þúsund manns voru tekin af lífi í hreinsunum 1937–1938. *Svartbók kommúnismans* (2009), 7. og 21. bls.

Vyshínskíj ... 66. bls. Andrej Janúarevítsj V. (1883–1954) var lögræðingur og virkur í flokki mensévíka (hófsamari arms rússneska jafnaðarmannaflokksins) fyrir valdarán bolsévíka, en gekk þá í lið með Lenín og bolsévíkum. Hann varð 1935 ríkissaksóknari í Ráðstjórnarríkjunum og sá um að skipuleggja sýndarréttarhöld Stalíns. Hann var landstjóri í hinu hernumda Letlandi 1940, aðstoðarþjóðfulltrúi utanríkismála (aðstoðarutanríkisráðherra) 1940–1949 og utanríkisráðherra 1949–1953. Robert Conquest, sem hittir hann nokkrum sinnum, sagði, að hann hefði komið fyrir eins og „rotta í mannsmynd“. *The Great Terror* (2008), 15. bls.

fríðsamlega sambúð ... 66. bls. Í stríðslok hafði Rauði herinn verulega yfirburði á meginlandi Norðurálfunnar, enda kvöddu Bandaríkjamenn mestallan herafla sinn bráðlega heim. Eitt gat afstýrt því, að Kremlverjar legðu undir sig meginlandið, kjarnorkusprengrur Bandaríkjamanna. Kremlverjar hleyptu því af stað hreyfingu gegn kjarnorkuvopnum í Wrocław í Póllandi í ágúst 1948. Heimsfríðarráðið var síðan stofnað í París í apríl 1949. Þriðja fríðarráðstefnan

var í Stokkhólmi 1950, og ákvað hún að safna undirskriftum undir ávarp um bann við kjarnorkuvopnum. Haustið 1950 var stofnuð íslensk friðarnefnd undir forystu Kristins E. Andréssonar til að safna undirskriftum undir Stokkhólmsávarpið. Fór Halldór K. Laxness mikinn í stuðningi við ávarpið og kvað þá „drepstótt menskra siðferðishugmynda sem átti upptök sín í fasismanum“ geisa áfram í Vesturheimi. Ráðamenn sósíalistaríkjanna vildu hins vegar frið. Halldór Kiljan Laxness, Það sem allir ættu að geta skrifað undir, *Þjóðviljinn* 13. október 1950. Fulltrúar Íslands í Heimsfriðarráðinu voru Laxness, Kristinn E. Andrésson og Sigríður Eiríksdóttir. Ráðið var alla tíð hliðarfélag hinnar alþjóðlegu kommúnistahreyfingar og hætti að mestu starfsemi, eftir að Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur 1991.

Manúílskjý ... 66. bls. Dmítrjý Zakharóvítj M. (1883–1959) var úkraínskur kommúnisti, sem starfaði í Komintern 1924–1934 og var forseti sambandsins 1929–1934. Hans er m. a. getið í *Úr álögum* e. Jan Valtin og *Konum í þrælakistum Stalíns* e. Elinor Lipper og Aino Kuusinen í þessari ritröð (2015). Bandaríski kommúnistinn Joseph Z. Kornfeder (1893–1963), sem hlaut þjálfun í Lenínskólanum, snerist síðar gegn kommúnisma og hafði síðan iðulega þessi orð Manúílskjýs eftir, en þau eru m. a. prentuð í Richard L. Stokes, *The War of Peace, Human Events*, 10. árg. (12. ágúst 1953). Kornfeder vitnaði í orð Manúílskjýs eftir minni, og hafa sumir efast um þau fyrir vikið.

niðkvæðið um Leif ... 66. bls. Jóhannes úr Kötlum, Vestmenn, *Hrímbvita móðir* (Reykjavík: Heimskringla, 1937). Kvæðið er um Hjörleif Hróðmarsson, fóstbróður Ingólfs Arnarsonar, og þræla hans. Þar segir m. a.: „Vér drepum Leif. Vér drepum hann!/Vér drepum þann, sem kúgar oss!“ Sjálfur hafði Gunnar skrifað skáldsöguna *Fóstbræður* um þá Ingólf og Hjörleif, eins og um getur í formála.

Ræða Kristmanns Guðmundssonar

Platón ... 69. bls. Kommúnistar töldu Platón hafa verið brautryðjanda sameignarstefnu. Brynjólfur Bjarnason, Jafnaðarstefnan fyrir daga Marx, *Réttur*, 14. árg. 1. hefti (1929), 42.–64. bls.

ómögulegt er að hrinda í framkvæmd ... 69. bls. Sbr. kenningu Ludwigs von Mises, sem stutlega segir frá í aftanmálsg. um lyktir Kalda stríðsins við 42. bls.

illræmda leynilögregla ... 69. bls. Ráðherrar bolsévika nefndust í upphafi þjóðfulltrúar, og þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévíkar fyrst leynilögreglu, sem kölluð var Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPU, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Leynilögreglan var endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Rauði herinn rak einnig leyniþjónustu, GRÚ. Eftir að Ráðstjórnarríkin stofnuðu sendiráð á Íslandi 1944, var jafnan a. m. k. einn leyniþjónustumaður þar hverju sinni, og er vitað um nöfn sumra þeirra: Vasílj Mítrokhín, Níkolaj V. Bondarev, Ívan V. Alíþov, Lev S. Kísílov, Lev Dmítrjev, Aleksandr F. Krassílov, Valentín V. Lomakín, Borís F. Khrjatsjov, Víktor Í. Matvejev, Jevgeníj R. Voronín, Jevgeníj Í.

Gergel, Georgij N. Farafanov, Anatolij A. Sorokín, Níkolaj Stsjeklín, Ígor L. Níkíforov, Víktor Trofímov, Sergej Anístratov, Vladímír Í. Prosvírín og Víktor B. Khoríkov frá KGB og Pavel Egorov, Albert V. Smolkov, Vladímír N. Lagúnín, Júrij A. Kúznetsov og Míkhaíl Streltsov frá GRÚ. Þeir Farafanov og Streltsov voru jafnframt sendiherrar. (Strangt til tekið starfaði Egorov fyrir leyningu flötans, ekki Rauða hersins.) Njósniir ráðstjórnarmanna beindust þó frekar að bandarísku herstöðinni á Miðnesheiði en innanlandsmálum, enda var Ísland tiltölulega opið land og fátt um leyndarmál. Þess vegna voru jafnan fleiri njósnarar í sendiráðinu frá GRÚ en KGB, þótt nöfn þeirra séu alls ekki öll kunn.

hafa ekki heldur staðið í stað ... 69. bls. Vissulega var talsverður hagvöxtur í Ráðstjórnarríkjunum, frá því að viðtækur áætlunarbúskapur hófst þar 1928 og fram á síðasta friðarár landsins 1940. En sá hagvöxtur skilaði sér lítt í bættum lífskjörum almennings, heldur var hann fólginu í upphleðslu fjármagns, t. d. í hergagnaiðnaði. Þörfum valdastéttarinnar var fullnægt, ekki almennings. Framfarir voru jafnörar í Bandaríkjunum á svipuðu þróunarstigi og í Ráðstjórnarríkjunum, en án stórkostlegra mannfórna. Árið 1928 var VLF, verg landsframleiðsla, á mann í Ráðstjórnarríkjunum \$1.370 (í Geary-Khamis dölum 1990), og árið 1940 var hún komin upp í \$2.144. Á þrettán árum hafði hún aukist um \$774 á mann. Sambærilegt tímabil er 1876–1888 í Bandaríkjunum (tólf árum eftir borgarastríð). Árið 1876 var VLF á mann þar \$2.570, og árið 1888 var hún komin upp í \$3.282. Á þrettán árum hafði hún aukist um \$712 á mann, svipað og í Ráðstjórnarríkjunum. (Raunar má finna tímabil í Bandaríkjunum, þar sem vöxturinn var enn hraðari: Til dæmis var VLF á mann í Bandaríkjunum árið 1894 \$3.314, en árið 1906 \$5.079, sem var aukning um \$1.765 á þrettán árum.) Þótt stjórnarfar væri vissulega ekki fullkomið í Bandaríkjunum, voru andstæðingar stjórnvalda ekki teknir af lífi milljónum saman, sveltir til bana eða sendir í þrælkunarbúðir. Öðru nær: Tugmilljónir örsnauðra innflytjenda brutust þar til bjargálna. Niðurstaðan er síðan skýr. Árið 1990, síðasta heila árið, áður en Ráðstjórnarríkin hrundu, var VLF á mann þar \$6.890, en í Bandaríkjunum nær fjórum sinnum meiri, \$23.201. (Tölur eru allar frá The Maddison-Project, <http://www.ggdc.net/maddison/maddison-project/home.htm>, 2013 version.)

heimsbyltingu að markmiði ... 70. bls. Í *Kommúnistaávarpinu* (1848) hvöttu Karl Marx og Friedrich Engels „öreiga allra landa“ til að sameinast og gera byltingu. Eftir valdarán bolsévika í Rússlandi var Alþjóðasamband kommúnista stofnað árið 1919 með það yfirlýsta markmið að gera heimsbyltingu. Um þær mundir reyndu kommúnistar m. a. að ræna völdum í Ungverjalandi og Þýskalandi, en árangurslaust.

díalektísk efnishygga ... 70. bls. Lærifaðir Marx, þýski heimspekingurinn Georg Wilhelm Friedrich Hegel, hafði kennt, að sannleikurinn þróaðist áfram við átök hugmynda: afstöðu, andstöðu og niðurstöðu, sem fæli í sér afstöðuna og andstöðuna. Þetta varð í meðförum kommúnista að þeirri speki, að tvær andstæðar kenningar rúmuðust saman, svo að þeir gætu valið á milli þeirra eftir hentugleikum. Díalektísk efnishygga hefur verið nefnd þrætubókarlist eða þrattarhygga á íslensku.

Aðferðin var alls staðar ... bls. Nánar er vikið að valdaráni kommúnista í ýmsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu í aftanmálsg. við 9. bls.

„Friðardúfan“ ... 71. bls. Spænski listmálarinn Pablo Picasso (sjá aftanmálsg. um hann við 55. bls.) teiknaði friðardúfu, sem var tákn friðarþings í París 1949 og síðan notuð sem tákn

fríðarhreyfingar þeirrar, sem kommúnistar stjórnðu frá Moskvu og hafði það markmið að afvopna Vesturveldin.

talsvert „jafnari“ en aðrir ... 72. bls. Kristmann vísar hér til niðurstöðunnar, eftir að svínin höfðu tekið völd í Dyrabæ Orwells: Öll dýr voru jöfn, en sum voru jafnari en önnur.

varpa frá sér persónuleika sínum ... 72. bls. Kristmann vísar hér til framsögu Þórbergs Þórðarsonar á fundi Stúdentafélagsins 1950, þar sem hann andmælti Tómasi Guðmundssyni og kvað menn ekki verða frjálsa, fyrr en þeir hefðu losnað út úr persónuleika sínum og sameinast heildinni.

undirskrifta gegn her í landi ... 74. bls. Gunnar M. Magnúss, rithöfundur og kennari, var aðalforspraki „Þjóðareiningar gegn her í landi“ 1953, en sú hreyfing efndi til undirskriftasöfnunar haustið 1954. Rituðu ýmsir Íslendingar undir áskorun um að taka þátt í henni, þ. á m. stalinistar eins og Halldór Kiljan Laxness og Gísli Ásmundsson og verkalyðsleiðtogararnir Hannes Stephensen og Björn Bjarnason, en einnig „nytsamir sakleysingar“ eins og Aðalbjörg Sigurðardóttir, Friðrik Á. Brekkan, Helgi Sæmundsson og Sigríður Eiríksdóttir. Ávarp til Íslendinga, *Þjóðviljinn* 11. september 1954; Liðskönnun Rússa á Íslandi, *Morgunblaðið* 14. september 1954. Í skjölum í Moskvu kemur fram, að Gunnar skipulagði þessa hreyfingu að undirlagi Sósíalistasflokksins. Einar Olgeirsson gaf skýrslu um hreyfinguna til sendiráðs Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík í apríl 1953. Hér e. Jóni Ólafssyni, *Kæru félagar* (1999), 211. bls. RGANI 5 50 159, 39; 5 50 159, 44. Undirskriftasöfnunin virðist þó hafa runnið út í sandinn. Öðru máli gegndi um undirskriftasöfnun undir kjörorðinu „Varið land“, sem efnt var til 1974, en þá skrifaði röskur helmingur atkvæðisbærra manna á landinu undir áskorun til stjórnvalda um að hætta við að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin. Má segja, að sú söfnun hafi verið rothögg fyrir andstæðinga varnarsamstarfsins, enda kröfðust vinstri menn þess ekki eftir það, þegar vinstri stjórnir voru myndaðar, að sett væru í stjórnarsáttmála ákvæði um brottför bandaríska varnarliðsins, eins og gert hafði verið 1956 og 1971.

Ræða Guðmundar G. Hagalíns

Þór var eigi þar. ... 77. bls. Þetta er upphaf Lokasennu í *Snorra-Eddu*.

Haf þú gætur ... 77. bls. Db 13, 3. Hér er notuð nýrri þýðing en Hagalín vitnaði í.

heila bók ... 78. bls. Hagalín á við *Gróður og sandfok* (1943), sem vikið er að í formála.

forystumenn tveggja lýðræðisflokka ... 78. bls. Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur gengu í stjórn með Sósíalistasflokknunum 1944, Nýsköpunarstjórnina, undir forsæti Ólafs Thors.

Andréssona ... 78. bls. Þótt Kristinn E. Andrésson væri forstjóri Máls og menningar, var starfsmaður félagsins, yngri bróðir hans, Einar (1904–1975), burðarás þess og annálaður sölumaður. Ef Kristinn var heilinn í félaginu, þá var Einar hjartað, sagði Jóhannes úr Kötlum. Einar var eins og Kristinn sanntnúaður stalinísti.

Íslenskir málvísindamenn sanna, að íslenska ... 79. bls. Þetta er ekki eins fráleitt og það virðist við fyrstu sýn. Í öndverðri stjórnartíð kommúnista í Rúmeníu var reynt að endurskilgreina

rúmensku sem slavneskt mál, þótt hún væri að sjálfsögðu rómanskt mál. Sbr. Sár vonbrigði fyrir sósíalista að kynna stéttaskiptingunni í Rúmeníu, *Morgunblaðið* 10. janúar 1970 (viðtal við Bárð Halldórsson, sem stundað hafði nám í Rúmeníu). Í Tékkóslóvakíu var reynt að halda því fram, að tékkneska og slóvakíska væru eitt og sama málið, og í Júgóslavíu, að króatíska og serbneska væru eitt og sama málið.

Gerpla ... 79. bls. Halldór Kiljan Laxness, *Gerpla* (Reykjavík: Helgafell, 1952). Í þeirri bók skopast Laxness óspart að Íslendingasögum.

geipifjöldmenn vopnuð lögregla ... 79. bls. T. d. var Stasi, *Ministerium für Staatssicherheit*, leynilögregla kommúnista í Austur-Þýskalandi, miklu fjölmennari jafnt tölulega og tiltölulega en Gestapo, *Geheime Staatspolizei*, hin illræmda leynilögregla nasista. Talið er, að um 20 þúsund manns hafi starfað fyrir Gestapo (en auk þess sinntu svartstakkar Himmlers svipuðum verkefnum). Sbr. um starfshætti Gestapo Jan Valtin, *Úr álögum*, í þessari ritröð. En árið 1989 störfuðu fyrir Stasi 91 þúsund manns í fullu starfi og 173 þúsund uppljóstrarar og flugmenn í Austur-Þýskalandi og 1.500 njósnarar í Vestur-Þýskalandi. Jens Gieseke, *The History of the Stasi. East Germany's Secret Police 1945-1990* (New York: Berghahn Books, 2014). Í Stasi var einn lögreglumaður á hverja 166 Austur-Þjóðverja, en í Gestapo var hlutfallið 1:2.000. Þýska skáldkonan Helga Novak, sem gift var Íslendingum, fyrst Eysteini Þorvaldssyni og síðan Þór Vigfússyni, og bjó um skeið á Íslandi, hafði það verkefni um skeið að fylgjast með Íslendingum í Austur-Þýskalandi. Þýsk skáldkona segist hafa unnið fyrir Stasi, *Morgunblaðið* 7. nóvember 1991. Sbr. um starfshætti Stasi, Anna Funder, *Stasiland* (Reykjavík: Ugly, 2012).

skrautbúin mjög ... 80. bls. Víktor Kravtsjenko segir frá því í *Ég kaus frelsið* í þessari ritröð, 481.–482. bls., hvernig skrautlegir einkennisbúningar voru aftur teknir upp á Stalínstímanum.

einstakir afkastamenn ... 80. bls. Ungur rússneskur kolanámumaður, Aleksej Grígorevítsj Stakhanov (1906–1977), losaði að kvöldi 30. ágúst 1933 miklu meira af kolum í Donetz-námunum en venjulegt var og var gerður að fyrirmynd annarra verkamanna. Hann komst síðan til nokkurra metorða í Ráðstjórnarríkjunum og varð einn af yfirmönnum námugraftar. Þær blekkingar, sem lágu að baki tímabundinna ofurafkasta eins og Stakhanov sýndi, eru greindar í tveimur bókum í þessari ritröð, Víktor Kravtsjenko, *Ég kaus frelsið*, 13. k., og Arthur Koestler, *Ráðstjórnarríkin: Godsagnir og veruleiki*, 2. k., VII. hluti. Í þriðju bókinni í þessari ritröð, *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum*, nefnir Ants Oras Stakhanov-verkamenn „afkastajötna“.

keyptir útsendarar vestrænna auðvaldsríkja ... 80. bls. Eins og segir í aftanmálsg. um sýndarréttarhöld við 9. bls. var dr. Rudolf Margolius dæmdur til dauða í Tékkóslóvakíu fyrir það m. a. að hafa keypt fisk af Íslendingum.

kommúnistaflokkurinn hér á landi ... 82. bls. Sósíalistaflokkurinn hlaut í þingkosningunum 1953 16% atkvæða, eins og Hagalín segir, en hafði þó fengið 19,5% í kosningunum 1949. Í næsta kosningum sáu leiðtogar flokksins þann kost vænstan að bjóða ekki fram sérstaklega, heldur mynda kosningabandalag með Hannibal Valdimarssyni og fylgismönnum hans. Hannibal (1903–1991) hafði verið kjörinn formaður Alþýðuflokksins 1952, en þótt standa sig illa, og var hann felldur úr formennsku 1954 og gekk þá til liðs við sósíalista, var kjörinn forseti Alþýðusambands Íslands með stuðningi þeirra 1954 og formaður Alþýðubandalagsins 1956. Hann sleit samstarfi við sósíalista 1967, þegar þeir vildu ekki tryggja syni hans, Jóni

Baldvin, þingsæti, og stofnaði Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sem starfaði í nokkur ár. Hannibal var ráðherra á vegum Alþýðubandalagsins 1956–1958 og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1971–1973.

öskruðu í ólæknandi brjálsemi ... 82. bls. Eins og fram kemur í aftanmálsgr. við 26. bls. eru þessi orð í *Sólku Völku*, síðari hluta (1932), 9. k.

Og vér vitum ... 82. bls. Halldór Kiljan Laxness, *Kapólsk viðhorf: svar gegn árásum* (Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1925), 21. bls.

Búlgaín ... 82. bls. Níkolaj Aleksandrovič B. (1895–1975) var varaforsetisráðherra 1947–1953, varnarmálaráðherra 1953–1955 og forsetisráðherra 1955–1958. Þá var hann lækkaður í tign og gerður formaður þjóðhagsráðsins í Stavropol, en settur á eftirlaun 1960.

háttsettra menntamanna og lærifeðra ... 83. bls. Hagalín á aðallega við Sigurð Nordal, sem tók sæti í stjórn Máls og menningar og einnig í félagsráði þess.

tímariti, sem í fyrstu ... 83. bls. *Tímarit Máls og menningar* kom fyrst út 1938, en varð að eiginlegu bókmenntatímariti 1940. Ritstjórar þess voru Kristinn E. Andrésson 1940–1970, Jakob Benediktsson 1946–1975, Sigfús Daðason 1960–1976, Þorleifur Hauksson 1977–1982, Silja Aðalsteinsdóttir 1982–1987 og aftur 2004–2008, Vésteinn Ólason 1983–1985, Guðmundur Andri Thorsson 1987–1989 og aftur frá 2009, Árni Sigurjónsson 1990–1993, Friðrik Rafnsson 1993–2000, Ingibjörg Haraldsdóttir 1993–2000 og Brynhildur Þórarinsdóttir 2001–2003. *Tímaritið* gaf m. a. út sérhefti gegn aðild að Atlantshafsbandalaginu 1949 og til heiðurs Karli Marx á 100. ártíð hans 1983. Það birti einnig margar greinar um „friðarhreyfingu“ þá, sem Kremlverjar hleyptu af stokkum 1948. Þegar eitt fremsta skáld Rússa, Borís Pasternak (1890–1960), neyddist haustið 1958 til að hafna Nóbelsverðlaunum í bókmenntum fyrir skáldsöguna *Sívago lækni*, sem fékkst ekki gefin út í Ráðstjórnarríkjunum og var þá smyglað úr landi og gefin út á Ítalíu, tók tímaritið afstöðu með Kremlverjum gegn Pasternak. Það birti 1958 m. a. bréf frá ritnefndinni, sem hafði hafnað útgáfu sögunnar í Rússlandi, og grein um Pasternak e. franskan kommúnista, Georges Mounin, sem reyndi að gera lítið úr hinu rússneska skáldi. *Tímaritið* birti einnig 1959 grein e. Sigfús Daðason um, að *Sívago læknir* væri misheppnað listaverk.

yfirskin mikillar þjóðrækni ... 83. bls. Sbr. aftanmálsgr. um fyrirmæli Kominterns í þjóðernismálum 1932 og 1941 við 38. bls. Íslenskir kommúnistar sýndu t. d. þjóðfrelsisbaráttu smáþjóðanna við Eyrstrasalt engan áhuga.

mikils ritsafns ... 83. bls. Mál og menning boðaði 1939 ritsafnið Arf Íslendinga undir ritstjórn Sigurðar Nordals. Átti það að vera í fimm bindum: 1. Náttúra Íslands; 2.–3. Íslenskar bókmenntir og listir; 4.–5. Íslensk menning. Skyldi Nordal semja síðustu tvö bindin. Valtýr Stefánsson, ritstjóri *Morgunblaðsins*, gagnrýndi þá hugmynd, að kommúnistar kæmu nálægt því að skilgreina arf Íslendinga í forystugrein 20. júlí 1939, og svaraði Sigurður Nordal honum hvatskeytlega, Arfur Íslendinga, *Morgunblaðið* 30. september 1939. Valtýr svaraði honum í Reykjavíkurbréfi 1. október og kvað illa farið, að Nordal aðstoðaði kommúnista við útbreiðslustarfsemi þeirra. Hið fyrra þeirra tveggja binda, sem Nordal hafði tekið að sér að skrifa, kom út 1942, *Íslensk menning*, 1. b. (Reykjavík: Mál og menning), og var því vel tekið, en ekki varð úr útgáfu fleiri verka í ritsafninu. Því hefur líklega ekki síst ráðið, að

Nordal gerðist smám saman fráhverfur kommúnistum, þótt hann vildi ekki snúa við þeim baki opinberlega. Þetta má orða svo, að hann hafi hætt við að gefa út Arf Íslendinga, af því að honum hafi ekki listit á þá erfingja, sem gáfu sig fram.

nýtt tímarit, sem gefið var út af mikilli rausn ... 84. bls. *Helgafell* hóf göngu sína 1942 undir ritstjórn Tómasar Guðmundssonar og Magnúsar Ásgeirssonar, en Magnús var kommúnisti eða a. m. k. nálægt því. Ragnar Jónsson í Smára kostaði útgáfuna.

hjá Ríkisútvarpinu ... 84. bls. Árið 1946 voru t. d. fréttamenn Ríkisútvarpsins fjórir, Hendrik Siemsen Ottósson, Björn Franzson, Stefán Jónsson og Axel Thorsteinsson. Hendrik og Björn voru stalinistar, Stefán vinstri maður (síðar þingmaður Alþýðubandalagsins), en Axel hlutlaus. Fréttastjóri var Jón Magnússon, sem var hliðhollur kommúnistum og gestur í boðsferðum austur fyrir járnkjald, en hann var kvæntur stalinistanum Ragnheiði Möller, systur Ólafs Friðrikssonar Möllers. Helgarviðtalið, *Þjóðviljinn* 22. apríl 1979 (viðtal við Stefán Jónsson).

traustasta og óbifanlegasta náttúrukommúnista ... 84. bls. Brynjólfur Bjarnason var menntamálaráðherra 1944–1947.

„nytsamir sakleysingar“ ... 84. bls. Á serbnesku heitir þetta „korisne budale“. Bogdan Raditsa, Yugoslavias Tragic Lesson to the World, *Reader's Digest*, 25. árg. (október 1946), 138.–150. bls. Sem fyrr segir kallaði Hagalín bók Ottos Larsens, *Jeg var sovjetspion*, „Nytsaman sakleysingja“.

einni af menntastofnunum okkar ágætu ... 84. bls. Austurbæjarskóli tók til starfa 1930, og kenndu þar margir vinstri sinnar, þ. á m. þrír af „Rauðu pennunum“, þeir Gunnar M. Magnúss (1898–1988), Sigurður Helgason (1905–1973) og Stefán Jónsson barnabókahöfundur (1905–1966). Sigurður Thorlacius (1900–1945) var skólastjóri frá 1930 til dánardags, en þótt hann væri talinn framsóknarmaður, skipaður af Jónasi Jónssyni frá Hriflu (og þá tekinn fram fyrir miklu reyndari menn), var hann hliðhollur kommúnistum og sat frá upphafi í stjórn Máls og menningar. Stalinistinn Arnfinnur Jónsson (1896–1973) var síðan skólastjóri Austurbæjarskóla 1945–1965, skipaður af Brynjólfi Bjarnasyni, en Arnfinnur sat í miðstjórn kommúnistaflokksins og síðar Sósíalistaflokksins.

bók eftir sig um íslenskar ... 84. bls. Bókaútgáfa sambands sænskra samvinnufélaga hafði 1939 beðið Kristín E. Andrésón að skrifa rit um íslenskar nútímabókmenntir, en hann lauk henni ekki fyrr en 1948. Hún kom út á íslensku það ár, *Íslenskar nútímabókmenntir* (Reykjavík: Mál og menning, 1948), og sænsku 1955, *Det moderna Islands litteratur* (Stockholm: Kooperativa förbundets bokförlag, 1955).

Ekki hafa spár mínar ... 85. bls. *Grettis saga*, 37. k.

Menningartengsl Íslands og ... 85. bls. Félagið var stofnað 12. mars 1950, en skammstöfunin á nafni þess, MÍR, merkir friður á rússnesku. Halldór Kiljan Laxness varð forseti og Þórbergur Þórðarson varaforseti. Félagið hóf útgáfu tímarits þá um haustið. Næstu árin sendu Kremilverjar marga fræga listamenn til Íslands. Þeir kostuðu ekki aðeins þær ferðir, heldur líka mestalla starfsemi MÍR. Ráðnir voru tveir starfsmenn og húsnæði leigt af félagi, sem Kristinn E. Andrésón rak. Í fábreytninni og gjaldeyrishöftum á Íslandi voru boðsferðir MÍR til Rússlands eftirsóttar. Fóru fjölmennar sendinefndir þangað austur einu sinni eða tvisvar á

ári á sjötta áratug, oftast til að taka þátt í hátíðarhöldum 1. maí eða 7. nóvember í Moskvu. Margar boðsferðir voru einnig farnar til Rússlands og annarra sósíalístaríkja frá Íslandi á vegum Heimsfriðarráðsins, Heimsmóts æskunnar og annarra aðila. Ein boðsferðin mistókst þó hrappallega: Steinn Steinnar fór til Ráðstjórnarríkjanna sumarið 1956, og leist honum illa á, eins og hann sagði í blaðaviðtölum á Íslandi um haustið. Orti hann líka kvæði gegn kommúnisma, sem birtust í *Nýju Helgafelli* 1957. Að beiðni *Birtings* skrifaði einn boðsgesturinn, Agnar Þórðarson, grein um ferðina, en tímaritið vildi síðan ekki birta hana. Stalínistinn Jón Múli Árnason útvarpsþulur gekk að þeim Agnari og Steini í Austurstræti og spurði: „Því voruð þið að kjafta frá?“ Agnar Þórðarson, *Kallað í Kremlarmúr: Ferð um Sovétríkin sumarið 1956 með Steini Steinari og fleirum* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1978), 183. og 198. bls. Sbr. einnig Rósu Magnúsdóttur, Menningarstríð í uppsiglingu: stofnun og upphafsár vinátufélaga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á Íslandi, *Ný saga*, 12. árg. (2000), 29.–40. bls.

Því guðsríki byggðu þeir blásnaudu ... 86. bls. Guðmundur Friðjónsson, Davíð Guðmundsson prófastur, *Norðurland*, 5. árg. 19. tbl. (20. janúar 1906). Davíð prófastur var afi Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.

Ræða Sigurðar Einarssonar

Ræða Sigurðar Einarssonar í Holti var bersýnilega afrituð beint og birt óbreytt og sennilega ófyrlesin í *Morgunblaðinu*. Hér hafa ýmsar endurtekningar verið felldar út.

Sordavala ... 89. bls. Sigurður notar sænska heitið á bænum. Finnsla heitið er Sortavala, og er bærinn í Karelíu-lýðveldinu, sem er sjálfstjórnarsvæði í Rússlandi. Hann var 1721–1812 hluti af Rússlandi, 1812–1940 af Finnlandi og síðan aftur af Rússlandi.

undirlægjuháttur ... 90. bls. Skjöl í Moskvu sýna, að íslenskir kommúnistar höfðu samráð við Alþjóðasamband kommúnista í Moskvu um, hvenær þeir ættu að ganga úr Alþýðuflokknum og stofna eigin flokk. Unsere Vorschläge, 7. september 1930. RGASPI 495 31 112, 24–26; Entwurf zu einem Aktionsprogramm für den Kommunistenverband auf Island, 13. september 1930. RGASPI 495 31 21, 27–55.

sigað á mig ... 91. bls. Sjá m. a. Sigur sósíalísmans og málaferlin í Moskva, *Þjóðviljinn* 2. febrúar 1937; Sigurður Einarsson, *Þjóðviljinn* 4. febrúar 1937; Kristinn E. Andrésón, Geta sósíalístar svikið? *Þjóðviljinn* 7. febrúar 1937.

Um gullintypptar Kremlarhallir ... 92. bls. Jóhannes úr Kötlum, Dagskipan Stalíns, *Tímarit Máls og menningar*, 4. árg. 2. hefti (1943), 119.–124. bls.

fimmta herdeild ... 93. bls. Emilio Mola (1887–1937) var einn af foringjunum í liði þjóðernissinna í spænska borgarastríðinu. Hann sat í október 1936 árangurslaust um Madrid, og þá mælti hann þau fleygu orð, að til viðbótar þeim fjórum herdeildum, sem hann hefði á að skipa, væri „fimmta herdeildin“ inni í borginni sjálfri. Lýðveldissinnar tóku hann á orðinu og drápu nokkur þúsund manns í Madrid án dóms og laga. Orðasambandið er þó eldra.

Kírov ... 94. bls. Sergej Míronovítsj K. (1886–1934) var aðalritari kommúnístaflokksins í Lenínsgarði frá 1926, en myrtur 1. desember 1934, og var það talið kveikjan að hinum miklu hreinsunum Stalíns. Í *Leyniræðunni um Stalín* í þessari ritröð gefur Khrústsjov í skyn, 37. bls.,

eins og Áki Jakobsson bendir á í inngangi, að Stalín hafi ráðið Kírov bana. Um það hafa þó ekki fundist haldbær gögn.

Túkhatsjevskíj ... 94. bls. Míkhaíl Nikolajevítsj T. (1893–1937) var rússneskur herforingi af aðalsættum. Hann barðist í fyrri heimsstyrjöld, og þegar hann var um skeið stríðsfangi Þjóðverja, deildi hann fangaklefa með franska hermanninum Charles de Gaulle, síðar forseta Frakklands. Eftir byltingu bolsévika gekk Túkhatsjevskíj í lið með þeim og stjórnaði hersveitum Rússa í stríðinu við Pólland 1920–1921. Þótt Stalín tortrygðði hann, enda óttaðist harðstjórnin ætíð valdarán hersins, var hann gerður marskalkur 1935 og skipaður yfirmaður Volgu-hersvæðisins 1937, en þeirri stöðu gegndi hann stutt, því að hann var handtekinn á laun í maí 1937. Hann sætti pyndingum og undirritaði játningu, og er skjalið með henni þakið blóðblettum. Hann var dæmdur til dauða og tekinn af lífi í júní 1937 ásamt nokkrum öðrum yfirmönnum í Rauða hernum. Talið er, að þessar hreinsanir Stalíns í Rauða hernum hafi mjög torvelað varnir Rússlands, þegar Hitler réðst inn í landið sumarið 1941. Kona Túkhatsjevskíjs var einnig tekin af lífi og þrjár systur hans og ung dóttir sendar í Gúlagið. Honum var veitt uppreist æru 1957.

Radek ... 94. bls. Karl R. (1885–1939) hét upphaflega Karol Sobelsohn og var af gyðingættum. Hann var frá borginni Lemberg í Galísíu, sem þá var hluti Habsborgaraveldisins, en nefndist síðar Lwów í Póllandi og nú Lvív í Úkraínu. Radek var aðalritari Alþjóðasambands kommúnista 1920, en tveir Íslendingar sóttu þing sambandsins það ár, Brynjólfur Bjarnason og Hendrik Siemsen Ottósson. Radek stjórnaði síðar einum af leyniskólum Alþjóðasambandsins, en var rekinn fyrir trotskisma úr kommúnistaflokki Ráðstjórnarríkjanna 1927. Hann gekk til liðs við Stalín 1929, fordæmði fyrri félagi og sagði til eins þeirra fyrir leynileg bréfaskipti við Trotskíj. Radek var þá tekinn aftur inn í kommúnistaflokkinn, og á rithöfunduningu í Moskvu 1934, sem Þórbergur Þórðarson sótti, réðst hann harkalega á Marcel Proust og James Joyce. Hann var leiddur fyrir rétt 1937 og dæmdur í 10 ára þrælunarvinnu, en var tekinn af lífi í maí 1939, eins og Sigurður Einarsson gat sér réttilega til um. Dómurinn yfir honum var ógiltur 1988.

Búkharín ... 94. bls. Níkolaj Ívanovítsj B. (1888–1938) var samstarfsmaður Leníns og Trotskíjs og ritstjóri blaðs kommúnista, *Pravda*. Hann var aðalritari Alþjóðasambands kommúnista, Kominterns, 1926–1929. Hann var handtekinn í febrúar 1937, eftir að Zínovjev og Kamenev höfðu verið teknir af lífi. Eftir langar og strangar yfirheyrslur samþykkti hann að játa á sig hinar fátánlegustu sakir í von um, að ung kona sín og nýfæddur sonur fengju gríð. Í fangelsinu skrifaði hann Stalín mörg bænabréf og samdi bækur um marxisma, og fannst þetta allt í skjalasafni Stalíns, en var ekki birt fyrir en eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna. Hírðist kona Búkharíns, Anna Larína (1914–1996), í fangabúðum og útleð í tvo áratugi, en sonurinn var sendur á munaðarleysingjahæli, og hittust mæðginin ekki aftur fyrir en 1956. Búkharín er fyrirmynd Rúbashovs í fyrrnefndri skáldsögu Arthurs Koestlers, *Myrkur um miðjan dag*.

hafði Lenín sagt ... 94. bls. Í „Erfðaskrá“ sinni, sem birt er sem viðauki við *Leyniræðu Stalíns* í þessari ritröð, sagði Lenín, 78. bls.: „Búkharín er ekki aðeins afar mætur og mikilhæfur fræðimaður innan flokksins. Hann er einnig með réttu talinn eftirlæti alls flokksins.“

Rykov ... 94. bls. Aleksej Ívanovítsj R. (1881–1938) var af rússneskum bændættum og gerðist ungur byltingarmaður í anda Leníns. Hann var formaður þjóðfulltrúaráðs Ráðstjórnarríkjanna (forsætisráðherra) 1924–1930. Hann sat í stjórnmalanefnd kommúnistaflokksins 1922–1930,

en var þá vikið þaðan og var gerður þjóðfulltrúi póst- og símamála, en missti þá stöðu 1936. Hann var handtekinn 1937, leiddur fyrir rétt 1938, dæmdur til dauða og tekinn af lífi. Dómurinn yfir honum var ógiltur 1988.

Jagoda ... 94. bls. Genríkh Grígorevítsj J. (1891–1938) var af gyðingaættum í Rússlandi og hét upphaflega Jenok Íjegúda. Hann gekk í Tsjekuna strax eftir stofnun hennar og var yfirmaður NKVD 1934–1936. Hann var rekinn fyrir linkind og var síðan einn af sakborningunum með Búkharín í Moskvuréttarhöldunum í mars 1938, sem Halldór Kiljan Laxness fylgdist með. Jagoda er eini sakborninganna, sem ekki hefur fengið uppreist æru. Hann geymdi kúlurnar, sem höfðu flast út á að fara í gegnum heila Zínovjevs og Kamenevs við aftökurnar, sérmerktar á skrifstofu sinni.

Maksím Gorkíj ... 94. bls. Aleksej Maksímóvítsj Peshkov (1868–1936) gekk oftast undir nafninu Maksím Gorkíj. Hann gerðist ungur kommúnisti og var handgenginn Lenín og Stalín. Eftir hann hafa komið út á ísl. *Móðirin*, þýð. Halldór Stefánsson (Reykjavík: Mál og menning, 1938–1939), *Barnaska mín*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1947), *Hjá vandalausum*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1950), *Háskólar mínir*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Reykholt, 1951) og *Kynlegir kvistir*, þýð. Kjartan Ólafsson (Reykjavík: Mál og menning, 1975), auk nokkurra smásagna og leikrita.

Gerska æfintýrinu ... 95. bls. Halldór Kiljan Laxness, *Gerska æfintýrið* (1938), 101. bls.

Trotskíj ... 96.. bls. Hann (1879–1940) hét upphaflega Lev Dávidóvítsj Bronshtein og var af gyðingaættum. Hann stjórnaði Rauða hernum í borgarastríðinu rússneska 1918–1923 og gekk þá næstur Lenín að völdum í bolsévíkaflokknum. Meðal annars barði hann í mars 1921 niður uppreisn sjóliða og verkamanna í Kronstadt af mikilli grimmd. Zínovjev og Kamenev gerðu bandalag við Stalín um að hrekja hann úr forystu flokksins að Lenín látnum. Hann var sviptur öllum trúnaðarstörfum 1927 og sendur í útlegð 1929. Eftir dvöl í Tyrklandi, Frakklandi og Noregi fékk hann 1936 hæli í Mexíkó, en þar réð flugumaður Stalíns hann af dögum. Á íslensku hefur komið út e. Trotskíj *Ævi mín* (Reykjavík: Steindórsprent, 1936).

Jezhov ... 96. bls. Níkolaj Ívanóvítsj J. (1895–1940) var yfirmaður NKVD 1936–1938, í miðjum hreinsunum Stalíns. Það tímabil er kallað á rússnesku *jezhovstjína*, og hefur Anna Akhmatova ort um það átakanlegt ljóð, sem Geir Kristjánsson íslenskaði. Jezhov var smávaxinn og kallaður „blóðugi dvergurinn“, en Stalín kallaði hann brómberíð sitt (*jezhevika* á rússnesku). Hann var taugabílaður ofdrykkjumaður. Handtaka hans, réttarhöld yfir honum og aftaka var allt leyningt, því að hann vissi of mikið, og hann hvarf af myndum, sem birtust opinberlega í Ráðstjórnarráðgjafunum. Dzhabúl „Kazakhskáld“, sem Halldór Kiljan Laxness hreifst af, orti honum lof.

Bería ... 96. bls. Lavrentíj Pavlóvítsj B. (1899–1953) var af þjóðflokki Mingrela í Kákasus, gekk ungur í leyningregluna og átti þátt í að berjja niður uppreisnir í Georgíu og víðar í Kákasus. Hann varð aðalritari kommúnistaflokks Georgíu 1931 og Kákasuslandanna allra 1932. Þegar Halldór Kiljan Laxness heimsótti Tbilísi í árslok 1937, sat hann veislu, sem Bería hélt rithöfundum. Skömmu síðar var Bería kallaður til Moskvu og skipaður yfirmaður leyningreglunnar, sem nú hét NKVD. Bería fékk samþykki Stalíns við því, að um 25 þúsund pólskir frammámenn, sem handteknir höfðu verið eftir innrás Rauða hersins í Pólland í september 1939, voru myrtir í Katyn-skógi og víðar vorið 1940. Hafði Bería einnig yfirumsjón

með þrælkunarúbdum ráðstjórnarinnar og stjórnaði umfangsmiklum nauðungarflutningum fólks til Síberíu frá Eystrasaltsríkjunum og öðrum hernumdum svæðum. Neytti hann aðstöðu sinnar til margvíslegra kynferðisbrota. Flugumenn hans óku um götur Moskvu, kiptu ungum stúlkum upp í bíla sína og færðu honum nauðugar viljugar. Aðrar stúlkur gíntti hann til næturgamans með lofordum með að sleppa vandamönnum þeirra úr fangelsi, en hann sveik jafnan þau loforð, enda voru þeir flestir löngu látnir, eins og hann vissi vel. Hélt það ekki aftur af honum, að hann var smitaður af sýfilis, sárásótt. Fimm Íslendingar skipuðu sendinefnd, sem hlustaði á Bería í Bolshoj-leikhúsinu í Moskvu 6. nóvember 1952. „Bería hélt aðalræðuna, föngulegur maður og gáfulegur. Minnti mikið á gáfaðan bónda, sem ég þekki í Þingeyjarsýslu. Hann talaði mjög snjallt af mikilli mælsku,“ skrifaði einn þeirra, Áskell Snorrason tónskáld, *Í landi lífsgleðinnar* (1952), 23. bls. Á fundi í forsætisnefnd kommúnistaflokksins (sem hafði tekið við af stjórnmalanefndinni 1952) 26. júní 1953 réðst Khrústsjov á Bería, kallaði hann hentistefnumann og erindreka Breta. Árásin kom Bería á óvart, og spurði hann: „Hvað er á seyði, Níkíta?“ Molotov og fleiri deildu líka á Bería, og Khrústsjov bar fram tillögu um, að honum yrði vikið úr stöðum sínum. Áður en tillagan var borin undir atkvæði, ýtti Malenkov í fátí á hnapp á fundarborðinu á undan áætlun. Þá þustu inn Georgíj Zhúkov marskalkur og nokkrir foringjar úr hernum með honum og handsömuðu Bería. Þegar Bería ætlaði að teygja sig eftir tösku, sem hann hafði verið með, greip Khrústsjov um handlegg hans og hélt honum niðri. Hann grunaði, að Bería væri að seilast í byssu. Svo reyndist þó ekki vera. Einn úr handtökuliðinu var Leoníd Brezhnev, sem seinna steypiti Khrústsjov af stóli. Líð úr leyniþjónustunni (sem Bería stjórnaði) gætti Kremlkastala, svo að Zhúkov og menn hans laumuðust með Bería út um kvöldið í baksæti bifreiðar og héldu í bækistöðvar flughersins í Moskvu, þar sem hann var geymdur í neðanjarðarskýli. Ekki var skýrt opinberlega frá handtöku hans, en næstu daga voru helstu trúnaðarmenn hans handteknir og sumir skotnir strax. Bería var í desember leiddur fyrir leynilegan rétt og dæmdur til dauða fyrir að hafa árum saman lagt á ráðin um að taka aftur upp kapítalisma í Ráðstjórnarríkjunum. Þegar dómurinn var lesinn upp yfir Bería, fór hann á hnén og grátbað um miskunn. Hann var tekinn af lífi ásamt nokkrum samstarfsmönnum sínum 23. desember 1953. Khrústsjov segir m. a. frá handtöku Bería í endurminningum sínum, *Khruschev Remembers* (1971).

Ordzhoníkídze ... 96. bls. Sergo Konstanínóvítsj O. (1886–1937) var vinur Stalíns frá Georgíu og barðist af hörku í borgarastriðinu. Ordzhoníkídze og Bería stjórnðu saman fjöldaafstökum eftir uppreisn í Georgíu 1924. Þar voru 12 þúsund manns tekin af lífi, sjá *Svartbók kommúnismans* (2009), 142. bls. „Við gengum of langt, en við réðum ekki við okkur,“ sagði hann á fundi miðstjórnarinnar. Ordzhoníkídze var þjóðfulltrúi þungaiðnaðar 1932–1937, en stytta sér aldur vegna vonbrigða með þróunina í Ráðstjórnarríkjunum og ósamkomulags við Stalín. Víktor Kravtsjenko ber honum fremur vel söguna í *Ég kaus frelsið í þessari ritröð*.

Voznesenskij ... 96. bls. Níkolaj Aleksevítsj V. (1903–1950) var yfirmaður efnahagsáætlana Ráðstjórnarríkjanna í seinni heimsstyrjöld. Stalín lét taka hann af lífi í hreinsun eftir stríð. Honum var veitt uppreist æru 1954. Hann var bróðir Aleksandrs Voznesenskíjs, kennslumálaráðherra rússneska ráðstjórnarlýðveldisins, sem einnig var tekinn af lífi, en hans gat Tómas Guðmundsson í ræðu sinni.

Malenkov ... 96. bls. Georgíj Maksímílanóvítsj M. (1902–1988) var samstarfsmaður Stalíns og varð forsætisráðherra við lát hans 1953. Hann var neyddur til að víkja 1955. Eftir að honum mistókst 1957 að steypa Khrústsjov af stóli, var hann rekinn úr forsætisnefnd

kommúnistaflokksins og 1961 úr flokknum. Hann var gerður að rafveitustjóra í Kazakhstan og varð trúhneigður með árunum.

Kosíor ... 96. bls. Stanislav Víkentevítsj K. (1889–1939), sem var af pólskum ættum, var aðalritari kommúnistaflokks Úkraínu 1928–1938 og talinn hafa borið mikla ábyrgð á hungursneyðinni þar 1932–1933.

Katyn-morðin ... 96. bls. Leyniþjónusta ráðstjórnarinnar, NKVD, hafði þegar eftir innrás Stalíns í austurhluta Póllands í september 1939 handtekið fjölda pólskra liðsforingja og annarra frammámanna, sem hún náði þar til. Stjórnmalanefnd kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna ákvað í mars 1940 að taka þessa fanga af lífi, og fóru fjöldamorðin fram í Katyn-skógi í Vestur-Rússlandi og fangelsum í Kalínín og Kharkov í apríl og maí það ár. Voru þá alls 14.587 manns teknir af lífi. *Svartbók kommúnismans* (2009), 367. bls. Eftir að Hitler hafði ráðist inn í Rússland, fundu þýskir hermenn fjöldagrafir margra fórnarlambanna í Katyn. Þýska útvarpið skýrði frá þessum fundi, en þá kenndu Kremilverjar nasistum um. Þegar útlagastjórn Póllands í Lundúnum óskaði í apríl 1943 eftir óháðri rannsókn alþjóðlega Rauða krossins á málinu, sleit Stalín stjórnmalasambandi við hana. Bandarísk þingnefnd rannsakaði málið 1952 og komst að þeirri niðurstöðu, að Rússar hefðu framið fjöldamorðin. Rússar sannir að sök, *Morgunblaðið* 9. júlí 1952. Árið 1990 viðurkenndu rússnesk yfirvöld loks sök Kremilverja. Í fréttalutningi í stríðinu og eftir það af Katyn-morðunum fylgdi *Þjóðviljinn* línu Kremilverja. Árið 1948 deildi blaðið t. d. á *Morgunblaðið* fyrir að endurbirta áróður þýskra nasista. „Þeir stunduðu sem kunnugt er þá iðja að kenna andstæðingunum um glæpi sína, og er Katyn-málið þar illræmdast. Skyldi Morgunblaðið ekki taka það upp næst? Þeir menn, sem slíkan mállutning stunda, eru hvort tveggja í senn, heimskingjar og ómennni. Auðstéttin íslenska kann vissulega að velja sér hæfa starfsmenn.“ Morgunblaðið setur nýtt met í ógeðslegum ruddaskap, *Þjóðviljinn* 4. maí 1948. Árið 1982 hafði blaðið enn ekki viðurkennt hið sanna og sagði þá í frétt: „Í lok árs 1939 voru þúsundir pólskra liðsforingja aflífaðir í Katyn. Óljóst er, hvort þeir féllu fyrir þýskum eða sovéskum kúlum.“ Árangur „litill en góður“, *Þjóðviljinn* 10. ágúst 1982.

Fischer ... 96. bls. Louis Fischer, *The Life and Death of Stalin* (New York: Harper, 1952). Þótt bókin væri skrifuð fyrir lát Stalíns, eins og Sigurður Einarsson bendir á, vísaði bókartitillinn til þess, að í henni var rætt um hugsanlega arftaka hans. Bandaríski blaðamaðurinn Louis Fischer (1896–1970) var ungur sannfærður kommúnisti og fréttaritari bandaríska blaða í Ráðstjórnarríkjunum. Var þá stundum vitnað til hans í málögnum íslenskra kommúnista. Hann snerist frá kommúnisma og skrifaði margar fréttaskýringar eftir síðari heimsstyrjöld andsnúnar Stalín. Hann er einn af höfundum ritsins *Guðsins sem brást* í þessari ritröð. Churchill segir frá þessum orðaskiptum, en þau urðu í kvöldverði, sem Stalín hélt 29. nóvember 1943, í *The Second World War*, 5. b., *Closing the Ring* (London: Cassell, 1952), 329.–330. bls.

Stalín er sá, sem til þessa dags ... 98. bls. Kristinn E. Andrésson, Minningarorð um Stalín, *Þjóðviljinn* 12. mars 1953. Þessi orð voru flutt á minningarfundum um Stalín í Austurbæjarbóí 10. mars 1953. Þar töluðu m. a. Sverrir Kristjánsson og Þórbergur Þórðarson, en Þorsteinn Ó. Stephensen leikari las úr ritum Stalíns. Jón Múli Árnason var kynnir.

Hin brúna augu hans eru ... 99. bls. Þórbergur Þórðarson, Leiðtogi sem aldrei sveik, *25 ára ráðstjórn* (Reykjavík: Fræðslunefnd Sósíalístaflökksins, 1942). Þórbergur hefur þetta

e. Joseph Davies, sem var um skeið sendiherra Bandaríkjanna í Moskvu og lét blekkjast af Stalín. Sverrir Kristjánsson hafði birt útdrátt úr bók e. Davies, Amerískur sendiherra lýsir Ráðstjórnarríkjunum, *Tímarit Máls og menningar*, 5. árg. 1. hefti (1942), 59.–67. bls.

Börn myndu vilja sitja á knjám ... 99. bls. S. r. Enn eru þessi orð höfð e. Joseph Davies.

Fjendur sósíalísmans hafa lagt furðulega ... 100. bls. S. r. Frá brjósti Þórbergs sjálfs.

Um allan heim syrgir alþýðan ... 100. bls. Sverrir Kristjánsson, Jósep Stalín, MÍR, 4. árg. 1. hefti (1953).

Í sjálfu sér kemur okkur Rússland ... 101. bls. Kristinn E. Andrésson, Vort heimslíf er tafl fyrir glöggegygan gest, *Þjóðviljinn* 14. mars 1956. Hann bætti við: „Aðstæður þar eru gerólfkar og hér, vandamálin, sem þeir eiga við að etja, allt önnur.“

Í gær játningin ... 101. bls. Fundir um öll Sovétríkin ræða skýrslu Krústjoffs um Stalín, *Þjóðviljinn* 25. mars 1956.

Frá hugsjónum til hermdarverka ... 101. bls. Gunnar Benediktsson, *Frá hugsjónum til hermdarverka* (Reykjavík: útg. höf., 1937).

nú skal ég spá ... 102. bls. Sigurður varð sannspár, en skeikaði tveimur árum. Á þingi kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna 1961, fjórum árum eftir að Sigurður hélt ræðu sína, var hert á árásum á Stalín, og smurt lík hans var fjarlægt úr grafhýsinu við Rauða torgið, þar sem lík Leníns var geymt, og grafið við Kremlarmúr. Hins vegar varð nokkurt afturhvarf, þegar Khrústsjov var steipt af stóli 1964.

„svikari í blökkinni“ ... 102. bls. Halldór Kiljan Laxness kallaði Búkharín og félag hans á sakamannabekk í Moskvu 1938 „blökk hægrimanna og trotskista“. *Gerska afintýrið* (1938), 62. bls.

beina viðskiptum í þessar áttir ... 103. bls. Þór Whitehead, Austurviðskipti Íslendinga, *Frelsið*, 3. árg. 3. hefti (1982), 198.–211. bls. Nýfundin skjöl staðfesta meginkenningu Þórs, að Kremlverjar létu stjórn málaástæður ráða mestu um fiskkaup af Íslendingum.

nú sjálfstæð þjóðríki ... 103. bls. Þau voru Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Tékkóslóvakía, Austur-Þýskaland, Ungverjaland, Rúmenía og Búlgaría. Júgóslavía og Albanía voru ekki eins háð ráðstjórninni.

Ræða Davíðs Stefánssonar

Ræða Davíðs er lítillaga stytt.

samkrull úr sextíu búðum ... 105. bls. Tilvísunin er í kvæði um menntamenn eftir Stephan G. Stephansson: „Eitt samkrull frá sextíu búðum/af silki og borðum, með slaufur og glys,/og innan öllum þeim dúðum/er örlitill mannskjarni, smár eins og fis.“ *Andvökur*, I. b., 31. bls.

Tómas Sæmundsson ... 105. bls. Hann (1807–1841) var einn Fjölnismanna og prestur

á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Hann ferðaðist um Norðurálfuna 1832–1834 og alla leið til Grikklands og Litlu-Asíu og skrifaði um það *Ferðabók*, sem kom út löngu seinna (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1947). Hann var þjóðernissinni, sem vildi þó læra af erlendum þjóðum.

spækjur ... 106. bls. Þetta sjaldgæfa orð merkir tréstengur.

Beltað bláfjöllum ... 106. bls. Jónas Hallgrímsson, Kveðja til Uppsala fundarins 1843. Pr. í *Beretning om Studentertoget til Uppsala i Juni Maaned 1843* (København: 1844). Norrænir stúdentar héldu fund í Uppsölum 1843 til að efla bræðræpel með Norðurlandþjóðum og síðan nokkrum sinnum eftir það í norrænum háskólaborgum. Var það framtak angi af Norðurlandahugsjóninni (skandínavisma), sem Gunnar Gunnarsson beitti sér síðar fyrir.

púka, sem nærðust ... 107. bls. Alkunn saga af púka í fjósi Sæmundar fróða, sem nærðist á blóti frá fjósamanni hans, er í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Ekki má rugla henni saman við aðra sögu um púka á kirkjubita, sem líka er í þjóðsögum Jóns Árnasonar.

ysta hjara veraldar ... 110. bls. Breski fuglafræðingurinn Julian Huxley (1887–1975), forstöðumaður UNESCO, Vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands 27. júní 1949, en lét eftir Íslandsförina orð falla um, að Ísland væri á mörkum hins byggilega heims, í tímaritinu *Leader*, og vakti það mikla athygli á Íslandi. Úr daglega lífinu, *Morgunblaðið* 14. september 1949.

Gustav Vasa ... 110. bls. Hann (1496–1560) hét Gustav Eriksson og var kenndur við Vasa. Á meðan hann var að berjast fyrir sænsku krúnunni, hafðist hann árin 1520–1521 við í Dölunum, sæ. Dalarna, við misjafnar undirtektir bænda. Hann var konungur Svíþjóðar frá 1523 til dánardags sem Gustav I.

Nafnaskrá

- Agnar Þórðarson 40
Akhmatova, Anna 52, 53
Arnór Hannibalsson 41
Arvidson, Stellan 15–18
Attlee, Clement 63
Auður Ketilsdóttir (djúpuðga) 33
Árni Bergmann 40, 42
Árni Grétar Finnsson 31
Árni Pálsson 32
Árni Þórarinsson 45
Ásgrímur Jónsson 10
Áslaug Einarsdóttir 21
Áslaug Kristín Sigurðardóttir 30
Baldvin Tryggvason 41
Benedikt Gíslason frá Hofteigi 16
Bería, Lavrentíj P. 96
Bertha María Jensen 11
Bieliackinas, Teodoras 25
Birgir Ísleifur Gunnarsson 31
Bjarni Benediktsson forsætisráðherra 36, 40
Bjarni Benediktsson frá Hofteigi 14, 16
Björgólfur Guðmundsson 43, 45
Björn Franzson 30
Björn Pétursson (Axlar-Björn) 64
Brecht, Berthold 64
Brynjólfur Bjarnason kommúnistaleiðtogi 25, 78, 84, 99
Brynjólfur Bjarnason framkvæmdastjóri 21
Búkharín, Níkolaj Í. 94–96
Búlganín, Níkolaj A. 82, 102
Castro, Fidel 43
Chang, Jung 46
Churchill, Winston S. 96, 97
Davíð Stefánsson frá Fagraskógi 9, 14, 18, 20, 26, 27, **31–33**, 34, 35, 40, 44
Dímítrov, Georgí 43
Dostojevskíj, Fjodor M. 35
Eggert Þorbjarnarson 30, 31, 101
Egill Skallagrímsson 35
Egill Thorarensen 20
Einar Andrésson 9
Einar Arnórsson 21, 29
Einar Olgeirsson 14, 32, 33, 37, 43, 78
Engels, Friedrich 39, 43
Erla Sólveig Benjamínsdóttir 43
Erlendur Guðmundsson í Unuhúsi 23, 44
Eyjólfur Konráð Jónsson 40
Fischer, Louis 96
Franz Gíslason 42
Freud, Sigmund 21
Friðleifur I. Friðriksson 31
Friðrik Olgeirsson 33
Geir Hallgrímsson 13
Gelsted, Otto 15
Göbbels, Joseph 16, 17
Goethe, Johann Wolfgang von 64
Gorkíj, Maksím 94
Grettir Ásmundarson 85
Grímur Gunnarsson 15
Grímur Þórisson (háleyski) 35
Guðbjörg Guðjónsdóttir 21
Guðmundur Böðvarsson 12, 44
Guðmundur Friðjónsson á Sandi 26, 28, 86
Guðmundur G. Hagalín 9, 19, 21, **23–28**, 33, 34, 39, 40, 44, 45, 76
Guðmundur Tómasson 11
Guðný Jónsdóttir 29
Guðríður Þorbjarnardóttir 35
Guðrún Ósvífursdóttir 35
Gunnar Benediktsson 30, 41, 101, 102

Gunnar Gunnarsson **14–19**, 20, 21, 22, 26, 34, 35, 40, 41, 44
 Gunnar Gunnarsson yngri 15
 Gunnar Huseby 51
 Gunnar Karlsson 43, 44
 Gunnar Stefánsson 33
 Gunnvör Braga 30
 Gústav Sviakonungur Vasa 110
 Gylfi Þ. Gíslason 13
 Haalund, Harriet 21
 Halldór Guðmundsson 15
 Halldór K. Laxness 8, 11, 12, 15, 17–23, 25–27, 29, 35, 37, 40–42, 44, 45, 51, 79, 82, 95, 96, 102
 Halldór Stefánsson 26
 Hallgrímur Pétursson 35
 Halliday, Jon 46
 Hannes Sigfússon 21, 22
 Haraldur hárfagri Noregskonungur 63
 Haraldur Böðvarsson 24
 Haraldur Guðmundsson 27, 28
 Haraldur Jóhannsson 27
 Hannes Hafstein 36, 103
 Hasselbalch, Steen 21
 Hayek, Friedrich von 17
 Heidenstam, Werner von 16
 Heimir Pálsson 40
 Helgi Felixson 22
 Helgi Helgason 24
 Hitler, Adolf 8, 9, 11, 12, 16, 17, 26, 34, 50
 Hjalti Jónsson (Eldeyjar-Hjalti) 24, 45
 Hjördís Braga 30
 Hjörleifur Hróðmarsson 15, 66
 Hólmfríður Hulda Maríasdóttir 21
 Hrafn Hagalín 24
 Hrefna Kristmannsdóttir 21
 Ingibjörg Einarsdóttir 21
 Ingibjörg Guðmundsdóttir 21
 Ingilín Kristmannsdóttir 21
 Ingólfur Arnarson 15, 35, 66
 Jagoda, Genríkh G. 94, 96
 Jesús Kristur 22
 Jezhov, Níkolaj Í. 96
 Johnson, Hewlett 40
 Jóhanna Egilsdóttir 10
 Jóhannes Jóhannesson 7
 Jóhannes Jósefsson 11
 Jóhannes úr Kötlum (Jónasson) 8, 13, 14, 31, 33, 34, 41, 44, 92, 96, 99
 Jón Arason 15
 Jón Helgason 18, 19
 Jón Auðunn Jónsson 24
 Jón Ólafsson 42, 43
 Jón Óskar 40
 Jón Sigurðsson 7, 36, 81, 83
 Jón Sveinsson [Nonni] 20
 Jón Yngvi Jóhannesson 15
 Jón Þorláksson 10
 Jónas Árnason 40
 Jónas Hallgrímsson 35, 106
 Jónas Jónsson frá Hriflu 26
 Jørgensen, Franzisca Antonie 15
 Kaðlín Kristmannsdóttir 21
 Kamenev, Lev B. 30, 94
 Khrústsjov, Níkíta 30, 31, 94, 96–102
 Kírov, Sergej M. 94, 98
 Koestler, Arthur 15, 27, 58, 64
 Komísserova, María Í. 53
 Kosíor, Stanislav V. 96
 Kristinn E. Andrússon 8, 9, 11, 22, 26, 30, 30, 32–34, 37, 40–42, 45, 76, 78, 83–85, 98–101
 Kristín Jónsdóttir 24
 Kristján IX. Danakonungur 7, 8, 36
 Kristján X. Danakonungur 36
 Kristmann Guðmundsson **19–22**, 23, 26, 27, 34, 38, 40, 44, 45, 76
 Lange, Ruth 15
 Larsen, Otto 27
 Lenín, Vladímír Ú. 44, 51, 63, 66, 69, 94
 Líkharev, Boris M. 53
 Magnús Jónsson prófessor 25

- Magnús Jónsson frá Mel 27
Magnús Kjartansson 13, 16
Manúílskj, Dmítríj Z. 66
María Marta Ásmundsdóttir 30
Marx, Karl 21, 35, 39, 43, 69
Matisse, Henri 51
Matthías Johannessen 10, 42, 45
Maó Zedong 41, 42, 44, 45, 46
McCarthy, Joseph 44
Míkójan, Anastas Í. 30, 43, 62, 96, 102
Mörður Árnason 42
Ninja Kristmannsdóttir 21
Njáll Þorgeirsson 61
Nygren, Anders 28
Olbracht, Ivan 45
Oras, Ants 30
Ordzhoníkídze, Sergo K. 96
Orwell, George 13, 27
Ólafur Friðriksson Möller 21
Ólafur Jóhann Sigurðsson 21
Ólafur Thors 24, 33, 36, 37, 45
Óttar Guðmundsson 22
Páll Ísólffson 33, 40
Páll Jónsson (Staðarhóls-Páll) 35
Picasso, Pablo 51, 71
Platón 69
Prokofjev, Sergej S. 50
Radek, Karl 94
Ragnar Jónsson í Smára 15, 16, 18, 20, 40, 43
Randí Kristmannsdóttir 21
Roosevelt, Franklin D. 96, 97
Rostbøll, Erik 10
Russell, Sam 101
Rykov, Aleksej Í. 94
Sadofjev, Ílja Í. 53
Sajanov, Víssaríon M. 53
Shostakovítsj, Dmítríj D. 50
Sigfús Daðason 41
Sigríður Hagalín 24
Sigurbjörn Sveinsson 23
Sigurður Eggerz 7
Sigurður Einarsson í Holti 9, 11, **28–31**, 34, 39, 44, 101, 102
Sigurður Nordal 10, 18, 24, 32, 33, 40, 83
Sigurður Pálsson í Hraungerði 27
Sigurður Ragnarsson 43, 44
Sigurður Örn Sigurðarson 30
Sigurjón Magnússon 22
Silone, Ignazio 58
Snorri Sturluson 35, 60, 63, 77
Snorri Þorgrímsson (Snorri goði) 61
Snæfríður Svásadóttir 63
Solzhenítsyn, Aleksandr, 44
Stalín, Josif V. 8, 12, 17, 25, 26, 30, 31, 34, 41–44, 54, 63, 66, 69, 86, 91–94, 96–100, 102, 103
Stefán Stefánsson frá Fagraskógi 33
Stefán Baldvin Stefánsson 33
Stefán Jóhann Stefánsson 10
Steinar J. Lúðvíksson 20
Steinn Hermann Sigurðsson 30
Steinunn Briem 21
Steinþór Guðmundsson 21
Stemmler, Robert A. 20
Stephan G. Stephansson 105
Sturla Þórðarson 60
Svanhildur Steinþórsdóttir 21
Svava Aðalsteinsdóttir 21
Sverrir Kristjánsson 11, 41, 100
Sæmundur Sæmundsson 24
Thor Vilhjálmsson 15, 22
Thorolf Smith 16
Tító, Josip Broz 84
Tómas Guðmundsson **9–14**, **23**, 26, 27, 29, 34, 40, 44, 45
Tómas Sæmundsson 105, 106
Tómas Tómasson 11
Trotskíj, Lev D. 96
Túkhatsjevskíj, Míkhaíl N. 94
Unnur Aradóttir 24
Úlfur Gunnarsson 15, 17
Valtín, Jan [Richard Krebs] 14, 39

Vildís Kristmannsdóttir 21
Vilmundur Jónsson 24
Voznesenskíj, Aleksandr A. 54
Voznesenskíj, Níkolaj A. 96
Yre, Lea 21
Zínovjev, Grígoríj J. 30, 94
Zostsjenko, Míkhail M. 52, 53
Þorleifur spaki Hörða-Kárason 63
Þorvaldur Garðar Kristjánsson 27

Þorvaldur Þórarinnsson 13
Þór Hagalín 24
Þóra Vigfúsdóttir 32
Þórarinn Eldjárn 42
Þórbergur Þórðarson 8, 13, 26, 27, 41, 42,
44, 45, 47, 82, 98–100
Ævar Kvaran 41
Örn Ólafsson 22
Øverland, Arnulf 12, 27

ÞEIR HÖFNUÐU SOVÉT-ÍSLANDI!


Þótt ótrúlegt megi virðast, börðust sumir kunnustu menntamenn Íslendinga á tuttugustu öld fyrir kommúnisma, Sovét-Íslandi. Var þó vitað um fjöldaftökur í kommúnistaríkjunum, hungursneyðir, þrælkunarbúðir, fjöldabrottlutninga, átthagafjötra og ritskoðun. Í krafti trúarofsa síns og rausnarlegra fjárframlaga frá Moskvu höfðu kommúnistar víðtæk áhrif í íslensku menningarlífi. Ýmsir frjálshyndir menntamenn andmæltu þó þjónum hins austræna jötuns. Í tilefni 100 ára fullveldis Íslands 1. desember 2018 eru endurprentaðar hér ræður sex íslenskra rithöfunda til varnar vestrænni menningu 1950 – 1958.



Tómas Guðmundsson varaði við andlegri kúgun. Davíð Stefánsson taldi einræðisandann enn lífa.



Guðmundur G. Hagalín ljýsti Sovét-Íslandi, eins og það yrði. Gunnar Gunnarsson kvað kommúnista ógna vestrænni menningu.




Kristmann Guðmundsson greindi áróðursbrögð kommúnista. Séra Sigurður Einarsson í Holti rifjaði upp Stalínsdýrkun á Íslandi.

„Við höfum gerst vitni að nýrri tegund þrælkunar, andlegu þrælahaldi.“

— Tómas Guðmundsson

ISBN 978-9935-469-89-2



9 789935 469892 >



Almenna bókafélagið
www.rnh.is
www.bokafelagid.is